
AÐALSKRÁNING FORNMINJA Í SKORRADAL: FRAMDALUR



KRISTBORG ÞÓRSDÓTTIR
(ritstjóri)

Höfundar efnis: Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Kristborg Þórsdóttir, Kristjana
Vilhjálmisdóttir og Sólveig Guðmundsdóttir Beck

Reykjavík 2017
FS651-16011

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES



Forsíðumyndin er tekin úr skóginum í Vatnshorni yfir að Háafelli.

©Fornleifastofnun Íslands 2017

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: fsi@instarch.is

Heimasíða: www.fornleif.is

Efnisyfirlit

SAMANTEKT	5
1. INNGANGUR	6
2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF	9
3. SKRÁNINGARAÐFERÐIR	11
4. FORNLEIFASKRÁ	13
BO-136 Hvammur	13
BO-137 Dagverðarnes	20
BO-138 Stálpastaðir	28
BO-139 Háafell.....	40
BO-140 Fitjar.....	55
BO-141 Bakkakot.....	83
BO-142 Sarpur.....	94
BO-143 Efstibær.....	118
BO-144 Vatnshorn.....	150
BO-146 Svangi/Hagi	183
BO-651 Fl. á fleiri en einni jörð.....	199
5. SAMANTEKT OG NIÐURSTÖÐUR	210
Byggðasaga framdalsins	210
Minjaflokkar	214
Bæjarhólar og bæjarstæði	214
Kirkjur og legstaðir	215
Útihús og túngarðar	216
Kvíar og stekkir	217
Beitarhús og sel.....	219
Minjar um eldsneytisöflun.....	220
Samgönguminjar	221
Laugar og heitar uppsprettur.....	222
6. VERNDUN OG KYNNING MINJA	224
HEIMILDIR	228
VIÐAUKI I – HNIÐASKRÁ Í LANDSHNIÐAKERFI (ISN93)	234
VIÐAUKI II: MINJAKORT	239


Samantekt

Sumarið 2016 og vorið 2017 fór fram fornleifaskráning í framdali Skorradals. Skráningin er fyrri áfangi af tveimur í aðalskráningu fornminja í Skorradalshreppi í Borgarfjarðarsýslu. Þegar verkefnið hófst hafði Fornleifastofnun skráð fornleifar á nokkrum stöðum í hreppnum og birtast upplýsingar um minjar sem áður höfðu verið skráðar í framdalnum einnig í skýrslunni sem hér fer á eftir. Í þessum áfanga var 231 minjastaður skráður en í skýrslunni birtast upplýsingar um 370 fornleifar.

1. Inngangur

Snemma árs 2016 gerðu Skorradalshreppur og Fornleifastofnun Íslands ses með sér samning um aðalskráningu allra fornminja í hreppnum. Þá hafði Fornleifastofnun þegar unnið aðalskráningu fornminja á tveimur jörðum í hreppnum, Dagverðarnesi (2003)¹ og Litlu-Drageyri (2014),² auk þess sem ítarleg skráning var gerð í heimatúnum sex jarða í framdalnum árið 2010.³ Aðalskráningin byggir á svæðisskráningu sem unnin var af Fornleifastofnun Íslands árið 1996.⁴

Í fyrri áfanga aðalskráningar í Skorradalshreppi sem fram fór sumarið 2016 og vorið 2017 var lokið við að skrá fornleifar á þeim jörðum þar sem heimatúnin höfðu þegar verið skráð (Háafell, Sarpur, Efstibær, Bakkakot, Vatnshorn og Svangi/Hagi) og eins voru skráðar fornleifar á öðrum jörðum sem eru í framdalnum og heyrðu til Fitjasókn (Hvammur,



Kort sem sýnir skráningarsvæðið í Skorradal. Kortagrunnur Gísli Pálsson.

Stálpastaðir og Fitjar). Grafardalur tilheyrði áður Skorradalshreppi en hefur verið hluti af Hvalfjarðarstrandarhreppi frá 1955 (nú Hvalfjarðarsveit) og voru fornleifar skráðar á jörðinni árið 2003.⁵ Það verður því ekki fjallað um Grafardal í þessari skýrslu.

¹ Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2003.

² Birna Lárusdóttir, 2014.

³ Elín Ósk Hreiðarsdóttir (ritstjóri), 2010.

⁴ Orri Vésteinsson, 1996.

⁵ Birna Lárusdóttir o.fl., 2003.

Skorradalshreppur er mjög skýrt afmarkarkaður landfræðilega en Skorradalur er syðstur Borgarfjarðardala, norðan Skarðsheiðar. Dalurinn er um það bil 28 km á lengd og í honum er Skorradalsvatn, 16 km á lengd. Lítið sem ekkert undirlendi er í Skorradal fyrir utan svæðin neðst og efst í dalnum, við enda vatnsins. Talsverður náttúrulegur birkiskógur er enn í dalnum en áður fyrr var hann allur viði vaxinn. Skógræktin á eða hefur umsjón með mörgum jörðum í Skorradal sem flestar eru í framdalnum og hefur ræktað skóg á þeim frá því á 6. áratug 20. aldar. Skógræktarbúskapur hefur einnig verið stundaður á Fitjum frá 1988. Sumarhúsabyggð er víða í Skorradal og hefðbundinn landbúnaður er ekki lengur stundaður nema á fáum jörðum í neðri hluta dalsins. Jarðirnar í framdalnum, sem eru til umfjöllunar í þessari skýrslu fóru margar í eyði um og upp úr miðri síðustu öld. Enn er búið á Fitjum og í Hvammi er Skógræktin með starfsstöð. Í Dagverðarnesi er fólk farið að hafa heilsársbúsetu í frístundahúsum á jörðinni en ekki er föst búseta á gamla bæjarstæðinu.

Í þessari skýrslu koma fram upplýsingar um allar skráðar fornleifar í framdalnum auk fornleifa sem ná yfir fleiri en eina jörð á svæðinu. Alls eru það 370 fornleifar og af þeim var 231 minjastaður skráður sumarið 2016 og snemma vors 2017. Fornleifaskráningin sem unnin var 2003 og 2010 birtist í þessari skýrslu með lítilsháttar breytingum en hún var ekki endurskoðuð að neinu marki. Áður en vettvangsskráning hófst voru skráðar upplýsingar um 184 fornleifar í framdalnum upp úr heimildum (svæðisskráðar) og var því 100% aukning í fjölda minja á milli svæðisskráningarstigs og aðalskráningarstigs. Aukningin er mun meiri en gengur og gerist en algengt er að minjafjöldi aukist um 20-30% við vettvangsskráningu og skýrist þetta af ýmsu. Jarðirnar í framdalnum fara margar í eyði um og upp úr miðri 20. öld. Þar var því ekki víðtæk túnasléttun og jarðrækt með stórvirkum vélum. Átti það stóran þátt í því að mörgum minjum var forðað frá eyðileggingu. Fornleifaskráning í heimatúnum sem fram fór 2010 var mjög ítarleg og túnin nánast gengin eins og um deiliskráningu væri að ræða.⁶ Heimildamenn áttu einnig stóran þátt í því að miklu var bætt við af fornleifum, bæði þegar heimatúnin voru skráð 2010 og þegar aðalskráningin var gerð. Drög að fornleifaskránni voru send heimildamönnum til yfirlestrar og bærust ýmsar gagnlegar ábendingar og leiðréttingar. Eru þeim hér með færðar kærar þakkir fyrir veitta aðstoð. Vettvangsvinnu unnu Kristborg Þórsdóttir og Kristjana Vilhjálmsdóttir, fornleifafræðingar. Kristborg ritaði skýrslu þessa og uppsetning og kortagerð var í höndum Lilju Laufeyjar Davíðsdóttur.

Vorið 2017 voru allar sýnilegar fornminjar á stórum hluta framdalsins mældar upp með nákvæmum hætti. Sú vinna var liður í undirbúningi fyrir tillögu um verndarsvæði í byggð í

⁶ Við deiliskráningu eru afmörkuð svæði gengin skipulega í leit að áður óþekktum minjum.

Skorradal⁷. Innan þess eru jarðirnar Stálpastaðir, Háafell, Fitjar, Sarpur, Efstibær, Bakkakot, Vatnshorn og Hagi/Svangi. Uppmælingarnar eru sýndar á minjakortum aftast í skýrslu.

Uppbygging skýrslunnar er með hefðbundnum hætti. Á eftir köflum um sögu fornleifaskráningar og aðferðir kemur fornleifaskrá með teikningum og ljósmyndum. Þar er fjallað um allar þær fornleifar sem skráðar hafa verið í framdál Skorradals. Í kjölfarið fylgir kafli þar sem helstu niðurstöður eru dregnar saman. Aftast í skýrslunni er heimildaskrá, hnitaskrá í landshnitakerfi (ISN93) og minjakort sem sýnir staðsetningu minjanna.

⁷ Kristborg Þórsdóttir, 2017.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölpætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum

samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Skráningaráðferðir

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: SP-084:001). Fornleifaskrá hvernar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hvernar jarðar.



Númer jarðar í Jarðatali Johnsens: **SF:175:009** (Sýslutákn)

Númer fornleifar á tiltekinni jörð: **Sveinshlaða** (Sérheiti)

Tegund: **tóft** (Tegund)

Hlurverk: **hlaða** (Hlurverk)

Hnattstaða í landshnitakerfi ISN93: **E: 528751 N: 352323**



Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlinu Skaftártúnguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skaftártúngueg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs.

Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgrafin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlöðuna er annað hólf eða annað mannvirki og er það torfhláðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfín virðast vera samtengd en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfíð norðvestan við hana. Nokkur hólfmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1920

Hætta sem stæðjar að fornleif

Heimild sem vísað er í,
nánari færsla í heimildaskrá

Dæmi um skráningu á dæmigerðum minjastað

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er oftast ekki meira en 3 metrar að meðaltali.

Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra frávik.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4. Fornleifaskrá

BO-136 Hvammur



Minjar í heimatúni Hvamms BO-136. Mörk túna eins og þau voru samkvæmt túnakorti frá árinu 1918 eru sýnd með svartri línu, leiðir með brotalínu og lækir með blárrí línu.

20 hdr. 1707. Hvammur átti engjaítak, Hvammsengi, í landi Innri-Skeljabrekku í Andakílshrepp og taldist það 4 hdr af jarðarverðinu. Jarðarinnar er getið í Harðar sögu og Hólmverja. ÍF XIII. Jarðarinnar er getið í handriti frá 1599. JS 143 4to, 218-220. Árið 1958 fékk Skógræktin landið á leigu til skógræktar en jörðin var seld um aldamótin 2000. Síðan hefur Hvammi verið skipt upp milli margra eigenda.

1918: 36.826 m² = 11 1/2 dgs. 1/2 þýft. Garðar 709 m². "Hvammsland er sunnan í Skorradalshálsi, sem hér er víðast mjög brattur og með klettum í brúnum. Neðan hlíðarróta er aflíðandi brekka, alllöng, en undirlendi ekki annað að kalla. Austast í landinu gengur allhá bunga fram frá hálsinum. Er bærinn í hvammi sem myndast af hálsinum og bungunni ... Í Hvammsland hefur verið sáð lúpínu, sem sáir sér um hlíðina allt upp í kletta. Í undirhlíðum skiptist á vall- og votlendi með runnum á víð og dreif. ... Silungsveiði er í Skorradalsvatni." BB II, 232

BO-136:001 Hvammur bæjarhóll bústaður

A: 379432 N: 450062

Á gamla bæjarstæði Hvamms er allmikil útihúsaklasi. Hann samanstendur af þremur samsíða bröggum sem snúa norðaustur-suðvestur og að baki þeim er einn langur braggi þvert á stefnu hinna. Lítil braggi er svo norðvestan við langa braggann. Braggasamstæðan er suðaustan við



Bæjarstæði Hvamms BO-136:001, horft til austurs

mitt bæjarstæði eins og það er sýnt á túnakorti frá 1918. Lækurinn sem sýndur er norðvestan við bæinn á túnakortinu sést enn að hluta í brekkunni þar en hann er ekki meira en lækjarsitra.

Gríðarmikið rask hefur orðið á bæjarstæðinu vegna bygginga og niðurrifs og sjást nú engin merki um bæjarhól en hann var í aflíðandi halla til suðvesturs. Einnig hefur orðið rask í tengslum við starfsemi Skógræktarinnar. Framan við útihúsastæðuna hefur miklu af jarðefnum verið ýtt saman, líklega til að stækka planið þar og þar með svæðið sem hægt er að athafna sig á.

Ekki er ljóst hversu gömul þessi framkvæmd er en virðist mun yngri en útihúsin. Planið nær 10 m lengra til suðvesturs en stétt framan við fjós ofan á haughúsinu sem er suðaustast í samstæðunni.

Hættumat: stórhætta, vegna rasks

Heimildir: Túnakort 1918

BO-136:002 heimild um útihús

A: 379446 N: 450038

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús um 30 m SSA við bæ 001. Það var líklega fast norðvestan við starfsmannahús Skógræktarinnar sem byggt var í áföngum 1966-1977, á milli þess og fjósbragga á bæjarstæðinu. Áður en starfsmannahúsið var byggt á þessum stað var þar gamla íbúðarhúsið á bænum sem reist var árið 1925 af Bjarna Jónssyni sem flutti að Hvammi árið 1918 ásamt fjölskyldu sinni. Sjá má myndir af þessu húsi á vef Fitjasóknar sem heitir Framdalur.

Útihúsið var í aflíðandi brekku til suðvesturs í heimatúninu. Mikið rask hefur orðið á þessu svæði vegna byggingaframkvæmda og sléttunar. Engin ummerki um útihúsið sjást vegna bygginga.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918; <http://framdalur.is/#hvammur>

BO-136:003 heimild um útihús

A: 379375 N: 450086

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var stórt útihús, líklega fjárhús, um 60 m austan við bæ 001 og 80 m vestan við útihús 004. Útihúsið var í norðurhorni túnsins þar sem hjalli er í brattri brekku í túninu.

Hrossum er gefið þar sem útihúsið var og er það svæði allt í heyrusli og taði. Brekkan sunnan við og túnið neðan við bæinn (braggasamstæðu) er nýtt til beitar fyrir hross. Utan túns til norðurs, norðausturs og norðvesturs er mikill skógur.

Engin ummerki sjást um úthúsið í túninu og má ætla að það hafi horfið við túnasléttun.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

BO-136:004 heimild um útihús

A: 379300 N: 450061

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús í vesturjaðri túnsins, um 130 m suðvestan við bæ 001 og 80 m austan við útihús 003. Útihúsið var neðarlega í túninu, á lágri hæð.

Túnið er sléttað. Mjór og stuttur skurður hefur verið grafinn í hæðina sem útihúsið var á og liggur hann til SSV. Víðitré vaxa í honum neðarlega. Túnið hefur verið fært út til vesturs eftir 1918 þegar túnakortið var gert. Vestan við útfærsluna er mikil skógrækt. Engin ummerki um útihúsið sjást lengur á yfirborði og hefur það líklega horfið vegna túnasléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

BO-136:005 Hof heimild um

A: 379388 N: 449950

"[N]iðri á túninu er hringmynduð tóft, sem kölluð er Hof," segir í örnefnaskrá. Ágúst Árnason, heimildamaður, vissi ekki hvar þessi tóft var og hafði aldrei séð nein merki um hana í túninu. Öll tún í kringum bæinn í Hvammi eru sléttuð og hvergi sjást ummerki um hringmynduðu tóftina Hof. Ekki reyndist unnt að staðsetja hana nákvæmlega.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hvammur, 1

BO-136:006 Stekkatún heimild um stekk

A: 378571 N: 450899

"Upp af Ennum er Stekkatún, slétt flöt [...] Í Stekkatúninu eru grónar tættur. Stekkurinn [007] er aftur á móti rétt fyrir vestan túnið," segir í viðbótum og athugasemdum við örnefnaskrá. Stekkatún er um 1,2 km norðvestur af bæ 001, rétt við vestasta afleggjarann að sumarbústöðum í Hvammslandi. Í örnefnaskrá er eftirfarandi lýsing sem líklega á við um Stekkatún frekar en Stekk 007: "Fyrir utan Víðimýri heitir Mómýri [011]. Upp af henni er flöt, sem heitir Runnaflöt. Upp undir brekku, utan við Runnaflöt og Mómýri, er stór skógur sem heitir Mýraskógur, nær niður að vatni og upp undir brekkur, en þar heitir Græniteigur. Hér upp af er hvilft, sem kölluð er Skál. Þegar hér kemur út á hæðina fyrir utan, er kallað Stekkur, en tætturarnar þar eru svo miklar, að það getur varla verið eftir stekk." Ekki sést til fornleifa.

Stekkatún er slétt grasflöt ofan við sumarbústað í aflíðandi brekku. Manngerður hryggur er milli flatarinnar og vegar inn í sumarbústaðahverfið. Umhverfis er skóglendi, bæði plantað og náttúrulegt: greni og birki. Líklega hafa minjarnar í Stekkatúni horfið vegna sléttunar eða annarra framkvæmda í tengslum við sumarhúsabyggðina á svæðinu. Lýsingin í örnefnaskrá á tóftunum í Stekk bendir til þess að þarna hafi ef til vill verið fjárhús.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Ö-Hvammur viðb. og aths., 1; Ö-Hvammur, 2

BO-136:007 Stekkur tóft fjárhús

A: 379008 N: 450418

"Upp af Ennum er Stekkatún, slétt flöt [...] Í Stekkatúninu eru grónar tættur [006]. Stekkurinn er aftur á móti rétt fyrir vestan túnið. Melarnir eru milli hans og túnsins. Á Stekknum eru líka tættur," segir í viðbótum og athugasemdum við örnefnaskrá. Fjárhústóft er þar sem heitir Stekkur og má gera ráð fyrir því að hún sé á sama stað og stekkjartóft var áður. Fjárhústóftin er um 550 m norðvestan við bæ 001 og 650 m suðaustan við Stekkatún 006. Hún var fyrst skráð snemma árs 2007 þegar deiliskipulagsreitur vegna sumarhúsabyggðar var tekinn út. Þá fékk tóftin númerið 011 en við aðalskráningu kom í ljós að hún er í raun á Stekknum og því færð undir það númer. Fjárhústóftin er á smápýfðum grasbala í aflíðandi halla og er lækjargil fast austan við balann. Hún er nú (2016) á milli tveggja sumarhúsalóða og liggur vegur um svæðið fáum metrum suðvestan við hana.



Fjárhústóft BO-136:007 þar sem heitir Stekkur, horft í suðvestur

Tóftin er um 16x12 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Mesta hæð veggja er um 1 m og er hún mikið til hlaupin í þúfur en virðist ekki mjög gömul, líklega frá 19.-20. öld. Tóftin skiptist í 4 misstór hólf. Stærsta hólfid (fjárhús I) er suðaustast í tóftinni. Það er um 11x3 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki er hlaðinn veggur á suðvesturgafli þess og má ætla að þar hafi verið timbur- eða bárujárnsþil með dyrum. Hvorki sjást ummerki um garða eða jötur í hólfinu. Hólf II er norðvestan við hólf I og er það um 2x4 m að innanmáli. Ógreinilegur veggur er á suðvesturhlíð þess. Norðaustan við hólf II er hólf III sem er 2x2 m að innanmáli og er op á því í vesturhorni. Norðaustan við það er svo hólf IV sem er um 5x1,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Ógreinilegur veggur er á norðvesturhlíð þess. Engin dyraop eru greinileg á milli hólfanna. Tóftin virðist að mestu torfhláðin en í hólf II sjást grjóthleðslur í suðausturvegg.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Ö-Hvammur viðb. og aths., 1

BO-136:008 frásögn kálgarður

A: 379528 N: 450129

Samkvæmt Ágústi Árnasyni, heimildarmanni, var kálgarður hjá steini ofan við íbúðarhús skógarvarðar sem nú stendur í Hvammshlíð. Garðurinn var um 90 m NA af bæ 001. Nokkrir stórir steinar eru aðeins ofar í brekkunni. Kálgarðurinn var í grasi grónni brekku. Plantað hefur verið trjám um alla hlíðina: greni, furu, ösp. Stórgrýti er á dreif um brekkuna. Þar eru einnig örfáar rifs- og jarðaberjaplöntur.

Ekki sést til fornleifa á yfirborði. Líklega hefur kálgarðurinn horfið vegna framkvæmda við íbúðarhúsið eða rasks í tengslum við skógrækt. Mögulegt er að rifs í hlíðinni hafi borist úr garðinum í Hvammshlíð fyrir neðan en þar er mikið um rifsberjarunna. Vestar og neðar í hlíðinni, vestan við íbúðarhús eru nokkrar rabbarbaraplöntur og breiða af hvönn sem líklega eru einnig hluti af seinni tíma garðrækt í Hvammshlíð.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

BO-136:009 Varða heimild samgöngubót

"Fyrir ofan Stekk [007] og austan við Ennið er helluhlaðin varða, nefnd Varða. Efrigatan [651:015] lá rétt hjá henni," segir í viðbótum og athugasemdum við örnefnaskrá. Ekki fengust

nánari upplýsingar um staðsetningu vörðunnar og er hún að líkindum horfin í skóg eða undir veg. Ekki reyndist unnt að staðstetja hana með innan við 50 m skekkju. Ætla má að hún hafi varðað Efrigötu og því verið samgöngubót.

Heimildir: Ö-Hvammur viðb. og aths., 1

BO-136:010 *Skorradalsormur* Þjóðsaga skrímsli A: 379183 N: 449947

Í Íslensku vættatali eftir Árna Björnsson segir um Skorradalsorm: "Um miðja 15. öld gaf auðugur bóndi í Hvammi í Skorradal Ingibjörgu dóttur sinni gullhring. Hún geymdi hann í tréski og lagði brekkusnigil á til að gullið skyldi vaxa. Óx hann ákaflega svo leggja varð í kistu og loks varð að fleygja kistunni með gulli og ormi í Skorradalsvatn. Þar varð hann að ófreskju og sáust ýmsir hlutar hennar af landi. Nálægt 1600 sá maður á leið suður yfir Bröttubrekku í tunglsljósi að ormurinn teygði kryppuna svo hátt að loft var að sjá í milli fjallanna. Þorðu menn lítt til silungsveiða er svo var komið. Séra Hallgrími Péturssyni í Saurbæ tókst loks að binda orminn niður á báðum endum og í miðjunni en þó hefur hann nokkrum sinnum látið sjá sig á undan illveðrum." Fleiri sagnir er að finna um orminn í Þjóðsagnasafni Jóns Árnasonar (IV.bindi) og Þjóðsögum og munnmælum eftir Jón Þorkelsson.

Heimildir: ÍV, 128

BO-136:011 *Mómýri* örnefni mógrafir A: 378337 N: 450737

"Utar er svo, utan við Djúpalæk, Víðimýri út með vatninu. [...] Fyrir utan Víðimýri heitir Mómýri," segir í örnefnalýsingu. Mómýri er um 1,3 km norðvestan við bæ 001, vestan við sumarbústaðahverfi. Nafnið bendir til þess að þar hafi verið mótekja. Mýrin er á fremur flatlendu svæði nálægt Skorradalsvatni. Birkiskógur vex í deiglendri og sumpart blautri mýrinni.

Engar mógrafir sjást í Mómýri en mikill birkiskógur takmarkar útsýnið yfir svæðið. Hér og hvar eru lítil svæði þar sem birkigróður er lítill og lágur og kunna að hafa verið mógrafir þar. Á þeim svæðum er allblautt og kann trjáleysið fremur að stafa af því, þ.e. að það hafi verið of blautur jarðvegur þar til þess að trjágróður þrífist vel.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

BO-136:012 *Digruvörðuhryggur* örnefni landamerki A: 380168 N: 450068

"Þá er það hálsinn austan frá. Það er hæð, sem heitir Digruvörðuhryggur," segir í örnefnalýsingu. Digruvörðuhryggur er á merkjum milli Dagverðarness BO-137 og Hvamms, um 750 m austan við bæ 001.

Uppi á Skorradalshálsi er holtamói. Í honum eru bæði grasi gróin svæði og holmói inn á milli. Talsvert stórt svæði var gengið á merkjum milli Hvamms og Dagverðarness án þess að varða fyndist sem Digruvörðuhryggur gæti hafa dregið nafn sitt af. Ekki er útilokað að ekki hafi verið farið nógu hátt upp til norðurs. Ef þarna hefur verið varða er afar sennilegt að hún hafi gegnt hlutverki landamerkjavörðu og eru dæmi í Skorradal um landamerkjavörður þar sem örnefnið Digruvörðuhryggur er (sjá 142:017 og 140:039).

Heimildir: Ö-Hvammur, 2

BO-136:013 Bæjarlækur lind vatnsból

A: 379482 N: 450007



Bæjarlækur BO-136:013, horft til suðurs

"Úr Bæjargilsbotnum renna tveir lækir, Bæjarlækur og Eystrilækur [...] Bæjargilið er það sama og nefnt var ætíð Bæjarlækur. Í þann læk var sótt vatn í bæinn," segir í viðbótum við örnefnaskrá. Lækurinn er um 75 m suðaustur af bæ 001. Troðin slóð liggur yfir lækinn og hefur planki verið lagður yfir hann.

Lækurinn er í aflíðandi brekku. Beggja vegna lækjarins hefur verið plantað trjám, öspum og greni. Einnig er breiða af rifsberjarunnum austan við læk. Lítil brekka er niður að læknum frá bænum. Aðgengi að vatni er gott af jafnsléttu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hvammur viðb. og aths., 1-2

BO-136:014 heimild um kálgarð

A: 379419 N: 450054

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var kálgarður fast suðvestan við bæinn í Hvammi 001. Mögulega var hann á bæjarhólnum sjálfum en hann kann einnig að hafa verið suðvestan undir honum, í aflíðandi halla mót suðvestri. Engin ummerki sjást um kálgarðinn lengur.

Mjög mikið rask hefur orðið á bæjarhól Hvamms vegna bygginga og niðurrifs og framkvæmda í tengslum við starfsemi Skógræktarinnar. Framan við útihúsin sem eru á bæjarhólnum er búið að hlaða upp stall til að stækka plan sem þar er. Ætla má að kálgaðurinn hafi verið undir þessum stalli.

Hættumat: stórhætta, vegna rasks

Heimildir: Túnakort 1918

BO-136:015 heimild um kálgarð

A: 379448 N: 450019

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var kálgarður fast sunnan við útihús 002 og um 40 m suðaustan við bæ 001. Ætla má að kálgaðurinn hafi verið rétt suðvestan við starfsmannabústað Skógræktarinnar sem byggt var í áföngum 1966-1977.

Kálgaðurinn var þar sem nú er sléttá tún í aflíðandi halla til suðvesturs. Það er nýtt til hrossabeitar. Engin ummerki sjást um kálgarðinn á yfirborði og hvarf hann sennilega við túnasléttun.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

BO-136:016 heimild um fjárhús

A: 379521 N: 450091

Samkvæmt Ágústi Árnasyni, heimildarmanni, var fjárhústóft þar sem nú er íbúðarhúsið í Hvammshlíð. Húsið var byggt fyrir skógarvörð árið 1979. Tóftin fór að hluta til undir húsið og að hluta til undir pallinn framan við það. Fjárhúsin voru um 70 m vestur af bæ 001. Þar sem

tóftin var er íbúðarhús með sólpalli suðvestan við og bílastæði norðvestan við húsið. Hlaðnir stallar eru í brekku ofan og neðan við íbúðarhúsið. Skógrækt er allt í kring: greni, fura, ösp. Ekki sést til fornleifa á yfirborði vegna byggingarframkvæmda.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-136:017 heimild um leið

A: 379348 N: 450083

Gata er merkt inn á túnakort frá 1918 sem liggur VNV-ASA, þvert yfir túnið, sunnan við kálgarð 014 og bæ 001 en á milli útihúss 002 og kálgarðs 015. Hún var að öllum líkindum hluti af Efrigötu 651:015 en er skráð sérstaklega af túnakorti eins aðrar götur og vegir á túnakortum jarða í Skorradal.

Leiðin lá um sléttað tún, í halla til suðvesturs. Engin ummerki um götuna sjást í túninu vegna sléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

BO-136:018 frásögn hænsnakofi

A: 379386 N: 450129

Ágúst Árnason, heimildarmaður, mundi eftir hænsnakofa úr torfi og grjóti með þili að framan og hurð á þilinu. Var hann þar sem nú (2016) er stórtimburplan Skógræktar ríkisins, um 85 m norðvestur af bæ 001. Ekki sést til fornleifa.

Þar sem hænsnakofinn var er nú (2016) malarplan með stórum timburstöflum. Skógrækt er allt í kring: greni, fura, birki, ösp.

Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði og hefur kofanum verið rutt út þegar malarplanið var gert.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-137 Dagverðarnes



Minjar í heimatúni Dagverðarness BO-137. Mörk túna eins og þau voru samkvæmt túnakorti frá árinu 1918 eru merkt með svartri línu. Lækir á túnakorti eru sýndir með blárrí línu og leiðir með svartri brotalínu.

16 hdr. 1707. Einnig Dögurðarnes. Digranes er þó talið upphaflegri mynd á nafni bæjarins - HÞ í Árb 1923, 36. Fitjakirkja átti 6 hundruð í jörðinni skv. máldaga frá 1397. Máld DI IV, 119. Jarðarinnar er getið í handriti frá 1599. Þá nefnt Digranes. JS 143 4to, 218-220. Sögn í dalnum er að Þorgils Hölluson og félagar hafi snætt dagverðinn, áður en þeir réðust til atlögu við Helga Harðbeinsson í selinu á Sarpi BO-142, á nesi þessu en önnur sögn segir að þeir hafi snætt dagverðinn undir Sátu í landi Sarps og kemur það betur heim og saman við frásögnina af ferðum Þorgils og föruneysi í Laxdælu - Árb. 1884-85, 92 nmgr. 2. Gunnarseyri/Gunnarshús 014 var tómtúsi 1890-1912.

1918: 32.170 m² = 10 dagsl. þýft 2/3. Gardar 686 m². "... fram í vatnið, gengur frá hálsinum há, breið og brött bunga, ávöl að framan sem myndar nes fram í vatnið. ...bærinn stendur hátt í hlíðinni á hjalla, sem myndast á bungunni, og verður þar dálítið vik inn í hálsinn. Nesið er skógivaxið, svo og hlíðarnar sín hvoru megin við bæinn. Annars skiptast á holt og vallendisbrekkur. Raftskógur var hér enn í byrjun 18. aldar. Hér var gott berjaland. Hið efra á hálsinum skiptast á mýrarsund og móabörð með holtum á milli. Klettabrún er hér engin, en hálsinn aflíðandi. Með vatninu eru á stöku stað eyrar ... Slingsveiði er í Skorradalsvatni."

BO-137:001 Dagverðarnes bæjarhóll bústaður

A: 380770 N: 449713

Gamli bærinn á Dagverðarnesi stóð nálega þar sem nú (2003) er stór skemma austan við íbúðarhúsið á Dagverðarnesi. Hann var rifinn 1937 og nýtt, steinsteypt hús (með kjallara) byggt 10-20 m vestar. Það hús stóð fram yfir 2000 en þá var það jafnað við jörðu. Íbúðarhúsið á Dagverðarnesi, það sem enn stendur, var byggt 1970. Það er nokkru vestan við gamla bæinn

(001), vestan við bæjarlæk.

Bæjarhóll er greinilegur en þó hefur honum verið ýtt til að hluta. Hann hefur því töluvert verið skemmdur. Neðan við bæjarhóllinn er vegslóði á núverandi íbúðarhúsi á Dagverðarnesi. Bæjarhóllinn er 35-40 m (austur-vestur) en 20-25 m (norður-suður). Hann fjarar út í brekkuna ofan við. Bæjarhóllinn er mest 2-3 m á hæð. Á bæjarhólnum er útihúsbygging.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

BO-137:002 heimild um útihús

A: 380764 N: 449710

Lítill kofi var fast neðan (sunnan) við austasta hluta gamla bæjarins sem merktur er inn á túnakort frá 1918. Þessi kofi var horfinn fyrir 1930. Kálgarður var hins vegar sambyggður kofanum austan hans og hann sást lengi vel.

Kofinn var í brekkunni hjá bænum, ofan við heimreiðina sem nú liggur að íbúðarhúsinu. Öll ummerki um kofann og kálgarðinn hafa nú verið afmáð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

BO-137:003 heimild um hesthús

A: 380754 N: 449711

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1918 um 20 m neðan við gamla bæinn (001). Á þessum stað var hesthús. Sigríður Skarphéðinsdóttir man vel eftir heytóft á þessum stað sem líklega hefur verið sambyggð hesthúsinu.

Sléttað tún fast neðan við heimreið að íbúðarhúsinu á Dagverðareyri. Tyrft var yfir heyið en sléttað var úr hesthústóftinni á undan heytóftinni. Engin ummerki sjást nú á yfirborði á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

BO-137:004 heimild um fjós

A: 380751 N: 449708

Fast neðan við þar sem hesthúsið 003 stóð og tæpum 30 m neðan við gamla bæinn 001 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1918. Sigríður Skarphéðinsdóttir man eftir fjósi úr torfi og grjóti á þessum stað. Í sléttuðu túni neðan heimreiðar. Húsið var hlaðið úr torfi og grjóti en úr því var sléttað á 4. áratug 20. aldar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

BO-137:005 *Lambhús* heimild um lambhús


A: 380699 N: 449767

Rúmlega 50 m norðvestan við gamla bæinn (001), beint ofan við núverandi íbúðarhús á Dagverðarnesi, var lambhús. Húsið er merkt inn á túnakort frá 1918. Sléttuð, aflíðandi tún inni í skógræktarreit. Trjám hefur verið plantað í jaðar reitsins.

Sigríður Skarphéðinsdóttir man eftir stórri tóft af fjárhúsum á þessum stað. Þau voru komin úr notkun um 1930. Þau voru kölluð Lambhús.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918



Fornistekkur BO-137:006, horft til suðvesturs

"Gamlistekkur er vestan við Stekkjartungu um hana miðja ... ætíð nefndur Fornistekkur. Hann er niður af Skolladal, við lækinn þar. Þar er rúst nokkuð greinileg," segir í viðbótum við örnefnaskrá. Gengið var meðfram Skolladalslæk eftir allri vestanverðri Stekkjartungu. Ekki fannst greinileg rúst á lækjarbakkanum. Örfáum metrum austan lækjarins hefst geysipétt skógrækt. Skógurinn er svo þéttur að erfitt reyndist að ganga um svæðið. Um 40 m austan við Skollalæk fundust þó óljós merki mannvistar sem líklega er stekkurinn. Tóftin er nálega á mótis við skurð sem liggur austur-vestur vestan Skollalækjar. Stekkurinn er einnig til mótis við stóran stein sem er við lækinn, á austurbakkanum. Hann er 1,1-1,2 km suðaustan við bæ 001.

Er í rjóðri í mjög þéttri skógrækt. Umhverfis eru birki- og greniskógur. Lítið af trjám er innan tóftar en þéttur skógur á meintum veggjum og utan þeirra. Tóftin sjálf er vaxin mosa, grasi og lyngi og að auki vaxa á veggjum hennar nokkrar birkiplöntur.

Stekkurinn er mjög skemmdur og illgreinanlegur. Um er að ræða e.k. tóft sem virðist hafa verið byggð upp við lága hæð sem er norðaustar. Tóftin virðist að hluta hafa verið niðurgráfin. Veggir eru hrundir og ógreinilegir en hún er þó á að giska 8 X 5 m og frá suðurenda virðist garðlag að auki ganga í um 7 m til suðurs áður en það fjarar út. Svo virðist sem tóftin hafi verið tvískipt. Ekki er hægt að greina vesturvegg hennar. Engar grjóthleðslur eru greinanlegar.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Dagverðarnes viðbætur, 1

BO-137:007 Torfholt örnefni rista

A: 381539 N: 449061

"Heldur utar en Gamlistekkur [006] og Torfholt er Yrirstekkur [008]...", segir í örnefnaskrá. Torfholt er um 1 km suðaustan við bæ 001. Þjóðvegur liggur nálega í gegnum holtið þótt það sé aðallega ofan þjóðvegur.

Holtið hefur að einhverju leyti verið tekið í malarnám. Ofar eru móar, neðar þjóðvegur og sléttuð tún. Líklega hefur torf verið skorið neðan við holtið.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Dagverðarnes AG, 1



Ytristekkur BO-137:008, horft til SSA

"Heldur utar en Gamlistekkur [006] og Torfholt [007] er Ytristekkur, og utan við hann er lækur, sem heitir Kaldilækur. Hann er austast úr Höfðanum sem fyrr getur. Við Kaldalæk eru rústir," segir í örnefnaskrá. Fast austan við Kaldalæk eru stekkjartóftir. Þær eru um 200 m ofan við þjóðveg, 40 m neðan við fjallgirðingu en um 900 m suðaustan við bæ 001. Vestan Kaldalækjar hafa verið gróðursettar aspir rétt ofan við þar sem stekkurinn er austan lækjar. Stekkurinn er í lyngivaxinni brekku.

Stekkurinn er vaxinn grasi og er siginn. Hann er mjög lítill (5 X 3,5-4 m) og virðist skiptast í tvö hólf en vestan hans er sambyggt ferningslaga gerði (8,5 X 6 m). Op eru milli hólfanna stekkjans og að auki á norður- og suðurhlíð hans og op eru einnig á norður- og suðurhlíð gerðisins. Engar grjóthleðslur eru greinilegar. Veggir eru signir en ekki miklir um sig.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Dagverðarnes AG, 1

BO-137:009 frásögn leið

A: 381069 N: 449457

Gamla leiðin frá Dagverðarnesi til Stálpastaða lá frá tröðunum 012 heim að Dagverðarnesbænum en síðan niður með Stöðulgili og svo ofan núverandi þjóðvegur um Strákaholt. Á þessum slóðum lá gatan á svipuðum stað og þjóðvegur gerir nú til austurs, um Torfholt 007 og áfram til Stálpastaða. Ummerki um leiðina eru nú horfin enda svæðið að mestu komið undir þjóðveg og að hluta horfið í tún.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Dagverðarnes AG, 1

BO-137:010 Húsamýri heimild um fjárhús

A: 380693 N: 449560

"Vestur eða útsuður frá fjárhúsunum er Húsamýri." segir í örnefnaskrá. Fjárhús úr torfi og grjóti voru um 160 m beint neðan við (SSV) bæ 001. Þau voru fast (um 10 m) neðan við núverandi þjóðveg en fast vestan við vegarslóða sem er í beinu framhaldi af heimreið Dagverðarness (að sumarbústaðabyggð). Grasi gróin slétta, í órækt.

Faðir Sigríðar Skarphéðinsdóttur og eiginmaður hennar rifu gömlu fjárhúsin og steypu ný um miðbik 20. aldar. Nú hafa yngri húsin einnig verið rifin. Bæði Húsamýri og Húsaholt eru kennd við fjárhúsin.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Dagverðarnes AG, 3

BO-137:011 *Stöðulgil* örnefni kvíar

A: 380832 N: 449760

"Þegar komið er yfir Stöðulgilið er fast neðan túns Húsaholt." segir í örnefnalýsingu. Þar segir ennfremur: "Útan við Slakkann, sem fyrr er nefndur, út að Bæjargili, er Stöðull, og upp af Stöðlinum eru Kúalágar, en milli þeirra og Stöðulsins er Kúalágarköst. Kastið er snarbratt og Kúalágirnar löng brekka. Svo er Stöðulgilið fast meðfram túninu alla leið fram í vatn og hefur það myndað eyri, sem heitir Stöðuleyri." Stöðullinn var túnið kallað vestan við Stöðulgilið norðaustan við bæ 001. Þær kvíar sem voru á þessu svæði voru horfnar fyrir 1930.

Líklega hafa kvíarnar verið efst á Stöðlinum, þar sem nú er lágur hóll, nokkuð grýttur í norðausturhorni túns. Hæðin er 20-30 m neðan við girðingu og 5 m vestan við læk.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Dagverðarnes AG, 2

BO-137:012 frásögn traðir

A: 380812 N: 449720

Traðir voru niðurgrafnar frá bænum 001 og að Stöðulgili neðan við Stöðulinn 011. Nú eru sléttuð tún á þessum slóðum og engin merki traðanna greinileg.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

BO-137:013 *Brunntunga* frásögn brunnur

A: 380770 N: 449680

Í túninu var Brunntunga, niður og austur af bænum. Þar var brunnur. Brunnurinn var 40-50 m neðan (sunnan) við gamla bæinn 001, nálæga þar sem heimreiðin er nú. Reyndar er lítt áberandi dæld í túni á svipuðum stað, rétt vestan heimreiðar. Líklega hefur brunnurinn verið þar. Þar eru nú sléttuð tún.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

BO-137:014 *Gunnarshús* heimild um bústað

A: 381893 N: 448922

Vestan við Gunnarseyri er Stekkjarbunga. "Neðst í henni, efst á eyrinni, eru Gunnarshús. Þar eru tættur eftir býli, sem hér var um tíma," segir í örnefnaskrá. Þar segir ennfremur: "Inn með vatninu, sem mætast lönd Dagverðarnes og Stálpastaða, er eyri fram í vatnið, sem heitir Gunnarseyri og upp af henni gil sem heitir Gunnarsgil og er á merkjum. Vestan við þetta gil, upp af Gunnarseyrinni, er skógartunga sem heitir Stekkjartunga [sjá 006], neðst í henni, efst á eyrinni eru Gunnarshús." Einnig nefnt Gunnarseyri eða Gunnarshóll. Tómhús þetta var austur undir Stálpastaðamerkjum á Gunnarseyri. "Lifði fólkið á garðrækt og veiðiskap. Hést byggðin 1890-1912." segir í Byggðum Borgarfjarðar. Gunnarshús voru 1,3-1,4 km suðaustan við bæ 001, alveg austur við merki Stálpastaða. Þar sáust lengi merki gerðis og dælda en nú hefur verið sléttuð yfir öll ummerki býlisins og var það líklega gert þegar núverandi þjóðvegur var lagður. Rústirnar voru norðaustast í því túni sem nú er fast neðan við þjóðveg, við merki. Þær eru að hluta undir þjóðvegi, að hluta undir túni. Sléttuð tún neðan þjóðvegar.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Dagverðarnes AG, 1 og BB II, 243.

BO-137:015 frásögn kálgarður

A: 380742 N: 449690

Fast neðan við 004 var hlaðinn kálgarður. Hann var um 35 m neðan við bæ 001. Á þessum stað eru nú sléttuð tún.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

BO-137:016 garðlag túngarður

A: 380653 N: 449762



Túngarðsbútur BO-137:016, horft til SSV

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Hlaðinn túngarður var umhverfis hluta túnanna í Dagverðarnesi þegar komið var fram um 1930. Þá voru Lambhústún 005 afmörkuð með túngarði en svo nefndist norðvestasti hluti túnanna. Enn má greina stuttan hluta túngarðs. Hann sést um 50 m vestan við bæjarlækinn, um 130 m beint VNV við íbúðarhús.

Vestar eru lyngivaxnir móar en austar baklóð íbúðarhúss og trjáreitir. Greinilegt er að eitthvað hefur verið rutt úr túngarðipartinum sem enn sést. Hann er þó nokkuð stæðilegur um 10-15 m á lengd en 2-3 m á breidd. Túngarðurinn er hlaðinn úr grjóti.

BO-137:017 Stórarvarða varða

A: 380526 N: 449704



Stórarvarða BO-137:017, horft til suðausturs

vörðunni. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin. Efrigata 651:015 lá um þessar slóðir og er líklegt að hún hafi verið hlaðin sem vegvísir við götuna.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Stórarvarða er um 70 m ofan við þjóðveg en um 60 m vestan við bæjarlæk. Hún er um 240 m VSV við bæ 001.

Varðan stendur á lágu holti. Umhverfis er mosa- og lyngivaxið.

Varðan hefur verið hlaðin á stóran stein eða klett. Hún stóð á þessum stað um miðja. 3. áratug 20. aldar þegar Sigríður Skarphéðinsdóttir flutti að Dagverðarnesi en hrundi í kringum 2000. Enn stendur neðri hluti hennar þó sæmilega uppi og er 0,4 m á hæð. Þvermál vörðunnar er 1,5 m. Neðan við vörðuna er nokkur steinadreif, hugsanlega er hluti hennar komin úr

BO-137:018 frásögn mógrafir

A: 381355 N: 449005

Einu mógrafirnar í Dagverðarnesi voru um 900 m suðaustan við bæ 001. Þær voru um 200 m neðan við þjóðveg, nálægt sumarbústaðnum Brekkukoti. Þar sem grafirnar voru er nú

sumarbústaðalóð.

Grafirnar voru lélegar en betra móttak var ekki á Dagverðarnesi. Fyllt hefur verið í mógrafirnar og sléttað yfir vegna sumarbústaðabygginga í nágrenni þeirra.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

BO-137:019 *Snorrastaðir* örnefni bústaður

A: 381397 N: 449109

"Bæjarmegin við Kaldalæk er þýfður hóll, sem nefndur er Snorrastaðir, gæti verið gamalt tún, eru í miðri tungunni milli Kaldalækjar og Strákholtsgils," segir í örnefnaskrá. Sigríður Skarphéðinsdóttir segir að nokkur ruglingur hafi verið um staðsetningu Snorrastaða. Þegar hún var barn var almennt talið að Snorrastaðir væru þar sem Ytri-Stekkur (008) er. Móðir hennar hafði svo uppi á gömlum, brottfluttum ábúanda og komst þannig að því að Snorrastaðir væru þúfnablettur fast neðan við þjóðveg (30-40 m) en 800-900 m suðaustan við bæ 001.

Er í tún sem er í órækt. Snorrastaðir eru sá hluti túnsins sem hæst ber. Nú er sléttað tún á þessum stað. Engar heimildir greina frá búsetu á Snorrastöðum, nafnið eitt gefur það til kynna.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Dagverðarnes AG, 2

BO-137:020 *Kotamýri* örnefni bústaður

A: 380356 N: 449631

Sigríður Skarphéðinsdóttir man eftir örnefninu Kotamýri. Svo voru mýrarnar nefndar sem eru 400-500 m VSV við bæ 001. Mýrarnar voru fast neðan við vegarslóða sem liggur ofan við sumarbústaðahverfi númer 1-2 og 5-6 sem nú skipulagt. Sigríður vissi ekki við hvaða kot mýrarnar voru kenndar og hafði aldrei heyrt minnst á kot á þessum slóðum.

Mýri. Umhverfis eru holt og dældir. Töluverð skógrækt er á þessum slóðum.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

BO-137:021 *Mörvambarrif* álagablettur

A: 380416 N: 448707

"Gunnarseyri hefur heyrzt, að héti Gunnarssonaeyri. Þjóðsaga er til, að kona hafi búið á eyrinni eitt sinn. Synir hennar tveir, sem menn gizka á, að hafi verið Gunnarssynir, stunduðu veiði í vatninu. Eitt sinn fórust þeir báðir, er þeir reru til fiskjar. En konunni varð svo mikið um það, að hún lét slátra uxu og fór með vömbina úr honum út á vatn. Þar heitir síðan Mörvambarrif. Hún mælti svo um, að silungur skyldi ekki veiðast í vatninu, nema við þetta Mörvambarrif. Ekki er vitað hvar Mörvambarrif er. Þó er talið að hryggur sé eftir vatninu, u.þ.b. frá Klifinu og fram fyrir túnið á Stóru-Drageyri," segir í viðbótum og athugasemdum við örnefnaskrá. Mörvambarrif er í Skorradalvatni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Dagverðarnes viðb. og aths., 1

BO-137:022 heimild um bænhús

Bænhús var á Dagverðarnesi og er þess getið í Prestatali og prófasta á Íslandi. Ekki er nú vitað hvar bænhúsið var og ekki man Sigríður Skarphéðinsdóttir eftir því að menn hafi komið niður á bein eða annað sem gæti gefið vísbendingu um bænhúsið. Líklega hefur það verið í námunda við bæjarhól.

Bæjarhóll er greinilegur en þó hefur honum verið ýtt til að hluta. Hann hefur því töluvert verið skemmdur. Neðan við bæjarhóllinn er vegslóði á núverandi íbúðarhúsi á Dagverðarnesi.

Heimildir: PP, 124



Varða BO-137:023, horft til ASA

bókstafi til aðgreiningar. Grjót í öllum vörðum er lítillaga skófum vaxið. Lýsing hefst syðst. Varða A er tæpir 0,8 m á hæð og 1,10 m í þvermál. Í henni sjást 9-10 umför. Varðan er að miklu leyti hlaðin úr hellugrjóti en upp við norður hlið hennar hefur verið hrúgað ólögulegra grjóti. Varðan er aðeins gróin í botn. Um 3 m frá vörðu A er varða B. Hún er um 1,3 m á hæð og 1,1 m í þvermál. Í henni eru 18-20 umför. Varðan er hlaðin úr hellugrjóti og gæti verið nýlega hlaðin upp. Um 1 m frá vörðu B er grjóthrúga, vörðubrot C. Það er 10-15 cm á hæð og 0,7 m í þvermál.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Þrjár vörður standa á klettabrún ofan (NNA) við bæ 001, um 420 m frá bæ. Frá bænum séð ber tvær vörður greinilega við himinn. Hlutverk varðanna er ekki þekkt.

Vörðurnar standa á 1,5-1,6 m háum klett ofarlega í Skorradalshálsi. Hálsinn er grýttur með mosa- og lyngbreiðum á dreif. Töluverður bratti er niður af vörðunum en aflíðandi hlið ofan við þær.

Vörðurnar þrjár standa í röð, NNV-SSA, á um 7 m löngu svæði. Þær fá

BO-138 Stálpastaðir



Minjar í heimatúni Stálpastaða BO-138. Mörk túna eins og þau voru samkvæmt túnakorti frá árinu 1918 eru sýnd með svartri línu, leiðir með brotalínu og uppmældar minjar eru sýndar með hvítri línu.

8 hdr. 1707. Búskap var hætt 1946 og hefur verið ríkiseign í umsjá Skógræktar ríkisins (nú Skógræktarinnar) frá 1951. Jarðarinnar er getið í handriti frá 1599. JS 143 4to, 218-220. 1918: 27.961 m² = 8 2/3 dagsl. 2/3 þýft. Gardar 1054 m². "Land Stálpastaða er í suðurhlíð Skorradalsháls. Undirlendi er hér ekkert teljandi og erfitt um slægjur og útgræðslu túns. ... Hér hefur löngum verið vænn skógur, 1707 var hér skógur til kolagjörðar og eldiviðar nægur og enn tekinn raftviður til húsabóta. ... Tún var tæpir 4 ha, en nú hefur verið plantað í það trjám."

BO-138:001 Stálpastaðir bæjarhóll bústaður

A: 382737 N: 448894

"Bærinn var í dálitlum hjalla neðarlega í hlíðinni, vestarlega í landi jarðarinnar. Hús eru nær horfin. Enn stendur þó fjóshlaða, sem innréttuð var sem svefnskáli skógræktarmanna," segir í Byggðum Borgarfjarðar II. Bærinn var um 50 m ofan við Skorradalsveg en eldri vegur liggur rétt framan við bæinn, sjá 023.

Umhverfis bæinn er tún sem komið er í órækt, í litlum halla. Umhverfis túnið og að hluta innan þess hefur verið plantað trjám: reyniviði, öspum og greni.


Bæjarhóllinn er um 37,5 m á lengd og 18 m á breidd. Lengd bæjarhúsaraðar sem sést á hólnum er í heild um 30,5 m en mesta breidd um 12 m og snýr röðin norðvestur-suðaustur. Gamall vegur liggur framan við bæ og þar fyrir neðan er hlaðinn kantur sem markar líklega bæjarhól að suðvestanverðu. Neðan við kantinn er kálgarður 019. Bæjarhúsin hafa að mestu verið byggð úr torfi og grjóti en nokkur hluti þeirra eru steiptur. Hlaðnar leifar bæjarhúsanna eru að mestu grasi grónar. Frá norðvestri eru leifar bæjarhúsa: I. Hólf I er um 2 m á lengd og 2,5 m á breidd



Bæjarhóll Stálpastaða BO-138:001, horft í norðaustur

að innanmáli, með inngang á suðvesturhlið. Veggir eru víðast um 2 m breiðir, en um 3 m á norðvesturhlið. Hæð veggja að utanverðu er allt að 2 m en 0,5-1,2 m að innan, lægst á suðausturhlið en hæst á norðvesturhlið. Grjóthleðslur sjást að innanverðu. Inni í hólfinu er einnig lítilsháttar bárujárnsbrak. II. Hólf II, um 4 m á breidd og 7,5-9 m á lengd, er sambyggt hólfi I og grafið inn í hól að norðaustan- og austanverðu. Suðurhluti suðausturveggjar er um 1,5 m breiður. Hólfið er opið að suðvestanverðu og hefur þar

líklega verið þil. Í norðurhorni er rof í veggnum eða hugsanlegur inngangur. III. Upp við suðurhluta suðaustur veggjar hólf II er niðurgrafinn kjallari, um 3 m á breidd og 4,5 m á lengd, 0,5-1 m djúpur. Suðausturhlið er steipt en kjallarinn er að öðru leyti grjóthlaðinn. IV. Um 3,5 m suðaustur af kjallaranum er steipt fjóshlaða með bárujárnsþaki, byggð inn í hólinn að norðaustanverðu.



Bæjartóftin á Stálpastöðum BO-138:001

Hlaðan er um 4,5 m á breidd og 7 m á lengd að utanmáli, um 5 m á hæð. Dyr og tveir gluggar eru á

suðvesturhlið en einn gluggi er á suðausturhlið. Hlaðan er innréttuð í þrjú rými, anddyri og tvö svefnherbergi þar sem leifar eru af kojum. V. Við austurhorn norðausturhliðar hlöðunnar er sambyggt steipt súrheysgryfja. Gryfjan nær upp að þakbrún og er alls um 4 m djúp en er 1,6-1,8 m há að utanverðu. VI. Upp við hlöðuna að suðaustanverðu er um 3 m breitt og 7 m langt hólf, opið að suðvestanverðu. suðausturveggur hólfins er um 3 m breiður og 1,5 m hár en hólfið kemur inn í hólinn að norðvestanverðu. Vatnslitamynd eftir Gunnlaug Stefán Gíslason af bænum eins og hann leit út á 20. öld sýnir bárujárnsklædd hús sambyggt hlöðunni og bæði NV og NA við hana.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Túnakort 1918, BB II, 239; <http://framdalur.is/#stalpastadir>



Tóft BO-138:002, horft til ASA

grisja skóginn. Einnig eru brotnir trjástofnar við SSV-enda tóftarinnar. Gríðarhátt tré er í NNA-enda tóftarinnar.


Tóftin er einföld og virðist torfhlaðin. Líklega er einnig grjót í hleðslum þó að það sjáist ekki. Gróðurinn á tóftinni er eins og í skógarbotninum, mosi og á honum mikið af barnálum, smáum greinum og könglum. Tóftin er 7x4 m að stærð og snýr NNA-SSV. Op er á henni í SSV-enda. Veggir eru signir, 1,5 m á breidd og 0,4 m á hæð utanmáls.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Túnakort 1918

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús um 50 m norðaustan við bæ 001, í túnjaðri. Tóft þess sést enn en hún er illa farin vegna skógræktar og vaxa tré í veggjum hennar og allt í kringum hana.

Tóftin er í gömlum barrskógi í aflíðandi halla til suðurs. Sagaðar greinar og trjábólir liggja eins og hráviði í kringum hana en verið er að



Tóftin

BO-138:003 heimild um fjárhús

A: 382848 N: 448817

"Húsatún var niður undan fjárhúsunum," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti frá 1918 var stórt útihús með sambyggðum kálgarði um 130 m ANA við bæ 001 og 130 m norðaustan við útihús 002. Þar voru fjárhúsin sem nefnd eru í örnefnaskrá en að sögn Ágústis Árnasonar, heimildamanns, voru þau rifin þegar Skorradalsvegur (508) var lagður inn dalinn.

Mikil skógrækt er í hlíðinni þar sem fjárhúsin voru, barrskógur neðan við veg og víðir og ösp ofan við veg en þar fyrir ofan eru nær eingöngu barrtré. Engin ummerki sjást lengur um fjárhúsin vegna niðurrifs og skógræktar.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Stálpastaðir, 1; Túnakort 1918

BO-138:004 Stálpastaðarétt heimild um rétt

A: 384302 N: 448009

"Á [Markeyri] eru leifar gamallar skilaréttar, Stálpastaðaréttar, sem reyndar er nefnd Markeyrarrétt í landamerkjabréfi Háafells. Þessi rétt var lögð niður 1886 þegar Oddsstaðarétt var tekin í notkun," segir í örnefnaskrá. "Forn skilarétt, Stálpastaðarétt, var á lítilli eyri við vatnið á austurmerkjum Stálpastaða, Markeyri, en hennar sjást nú engin merki vegna vegagerðar," segir í Byggðum Borgarfjarðar. Í Sýslu- og sóknalýsingum segir: "Stálpastaðarétt

er í Skoradal, sókt af þeim er búa beggja vegna við háls þann sem er á milli Syðrareykjadals og Skoradals. Hún er haldin þriðjudaginn í 22ri viku sumars." Stálpastaðarétt var um 1,8 km suðaustur af bæ 001, við merki Stálpastaða og Háafells (BO-139).

Skorradalsvegur liggur neðarlega í hlíðinni. Fyrir ofan veginn er birkikjarr og plöntuð grenitré. Fyrir neðan er lítil eyri, grasi og lúpínuvaxin. Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði þar sem réttin hefur farið undir veg.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Stálpastaðir, 1; BB II, 239; SSMB, 271

BO-138:005 *Gamlistekkur* tóft stekkur

A: 383948 N: 448507




Gamlistekkur BO-138:005, horft til suðurs (vinstri), horft til norðurs (hægri)

"Beint upp af Svartakletti er Gamlistekkur, og utan við hann og Svartaklett er Súgill," segir í örnefnaskrá. Stekkurinn er um 1,3 km austur af bæ 001, rétt við efri veg Skógræktarinnar sem liggur með hlíðinni. Gönguleið liggur gegnum stekkin og er leiðarstíka rétt við hann. Umhverfis stekkin er þéttur hár greniskógur og mosagróður. Malarvegur sem Skógræktin hefur gert til að komast um skóginn er rétt neðan við tóftina.

Stekkurinn er úr torfi og grjóti, 9 m á lengd og 7 m á breidd. Breidd veggja er víðast um 1 m og eru þeir hæstir 0,5-0,6 m. Stekkurinn virðist að hluta til grafinn inn í brekkuna að norðanverðu. Veggir eru mosa og grasi vaxnir, en sést í grjóthleðslur að innanverðu á nokkrum stöðum. Gras vex inni í tóftinni. Greinanleg eru tvö hólfi. Nyrðra hólfið I er um 5 m á lengd og 2 m á breidd, með inngang í suðvesturhorni. Vegna gönguleiðar sem liggur gegnum stekkin er rof á suðurhlíð hólfsins. Skorið hefur verið af syðra rýminu II þegar vegur Skógræktarinnar var ruddur en þar sem leifir af því er það 3-4 m á lengd og 1 m á breidd.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Stálpastaðir, 1



Gamlistekkur BO-138:005

BO-138:006 *Litlistekkur* tóft stekkur

"Beint upp af Svartakletti er Gamlistekkur [005], og utan við hann og Svartaklett er Súgil. Austan við gilið, hærra en Gamlistekkur, er leiti í hlíðinni, sem nefnt er Litlistekkur. Þar er tóft á leitinu," segir í örnefnaskrá. Ekki tókst að staðsetja Litlastekk en hann er í þéttum barrskógi á milli Gamlastekkjara 005 og Súgils. Ágúst Árnason, heimildamaður, kannaðist hvorki við örnefnið né tóftir á svæðinu.

Heimildir: Ö-Stálpastaðir, 1

BO-138:007 *Koleyri* örnefni kolagröf A: 383206 N: 448630

"Koleyri er skammt framan við túnið. Þar mun hafa verið kolagerð til forna en ekki sjást merki um það," segir í örnefnaskrá. Koleyri er um 500 m suðaustan við bæ 001. Uppbyggður vegur fram dalinn, Skorradalsvegur (508), er norðan við hana.

Eyrin er gróin og á henni vex lúpína, birki og fura. Í gegnum hana miðja hefur verið grafið ræsi undir vegi og vatn leitt úr því áfram í rennu út í Skorradalsvatn. Engin ummerki um kolagrafir eða önnur mannvirki sem tengst gætu kolagerð sjást á eyrinni.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Stálpastaðir, 1

BO-138:008 *Stöðull* heimild um kvíar A: 382927 N: 448822

"Þar ofar [en Koleyri 007], austan undir túninu eru Kvíar [024] og heldur hærra Stöðull," segir í örnefnaskrá. Í annarri örnefnaskrá segir: "Húsatún var niður undan fjárhúsunum [003]. [...] Húsalækur (Stöðulgil) er utan við Húsatúnið." Á örnefnakorti sem Sigurgeir Skúlason gerði af jörðum í Skorradal er merkt örnefnið Stöðull austan undir túninu og austan við Stöðulgil og má ætla að kvíarnar hafi verið á þeim stað. Stöðul-örnefnið er merkt á kortið um 200 m ASA við bæ 001, norðan við Skorradalsveg (508).

Stöðullinn var í brekku austan við malarveg sem liggur í sveig af Skorradalsvegi og heim að Stálpastöðum til vesturs. Í brekkunni vex mikið af lúpínu og allt í kring er mikil skógrækt og gróður en einnig rask vegna vegagerðar. Ekki sjást ummerki um kvíatóft á þessu svæði eða ummerki sem vísað geta á nákvæma staðsetningu kvía/stöðuls. Ekki er ljóst hvort minjarnar hafi horfið vegna vegaframkvæmda eða annars rasks eða hvort þær sjáist ekki lengur vegna trjáræktar og gróðurs.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Stálpastaðir, 1; Ö-Stálpastaðir KÁ, 1; Örnefnakort SS

BO-138:009 *Selslakki* örnefni sel A: 383871 N: 448879

"Austan við Súgil, upp af Stekknum [Gamlastekk 005?], er slakki í brúnina, sem heitir Selslakki," segir í örnefnaskrá. Örnefnið Selslakki bendir til þess að í slakkanum eða í nágrenni hans hafi verið sel. Austan við Súgil er allbrött brekka sem er vaxin þéttum barrskógi en ofan við hann tekur við náttúrulegur birkiskógur innan um lúpínu og barrtré. Allstórt svæði var gengið upp frá Gamlastekk 005 og að Súgili en engar seljatóftir fundust eða aðrar vísbendingar um sel. Líklegasti staðurinn er svæði þar sem barrskógurinn teygir sig lengst til norðurs upp hlíðina, 1,1 km austan við bæ 001. Þar virðist vera slakki en skógurinn er svo þéttur að ekki er hægt að leita að tóftum innan hans.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Stálpastaðir, 2

BO-138:010 garðlag túngarður

A: 382787 N: 448897



Meintur túngarður BO-138:010, horft til vesturs

Mjög ógreinilegt garðlag er í skóginum ofan og austan við heimatún Stálpastaða. Það er 10 m suðaustan við suðausturenda túngarðs 017. Mögulega tengdust þessir tveir garðar og hefur sá garður sem hér er skráður þá einnig gegnt hlutverki túngarðs.

Garðurinn er í þéttum barrskógi á milli tveggja lækja, ofan við vegarslóða sem lá að bænum. Hægt er að rekja garðinn á um 25 m löngum kafla þar sem hann liggur austur-vestur. Hann er víða 1-1,5 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð en hæstur er hann nærri vesturenda þar sem hann er 0,8 m á hæð. Garðurinn er illa farinn vegna trjáræktar.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

BO-138:011 *Brunnflöt* heimild um brunn

A: 382726 N: 448906

"Brunnflöt var nefnd slétt flöt fyrir ofan veginn. Hana sléttaði Árni Kristjánsson, var hún kennd við gamlan brunn, sem þar var," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Brunnurinn var að líkindum um 20 m norðvestan við bæ 001 í gamla heimatúninu fast austan við stóran asparlund. Gert er ráð fyrir að í örnefnaskrá sé átt við gamla veginn sem lá heim að bænum, en ekki Skorradalsveg (508) sem liggur nokkuð sunnar. Austan við asparlundinn er nýlega grafinn skurður sem endar við uppsprettu í aflíðandi brekku. Sennilegt er að brunnur hafi verið þar. Vatn rennur úr uppsprettunni og skurðinum í læk til SSV. Austan við meintan brunn vaxa vatnaliljur og annar votlendisgróður.

Ágúst Árnason, heimildamaður, taldi einnig að brunnurinn væri þar sem uppsprettan er. Þar sjást engin ummerki um brunn á yfirborði og má ætla að fyllt hafi verið upp í hann.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Stálpastaðir, aths. og viðb., 1

BO-138:012 *Valagerði* örnefni

A: 382807 N: 448951

Í Örnefnastofnun er varðveittur lauslegur uppdráttur af Stálpastaðalandi með númerum sem vísa á örnefni skv. meðfylgjandi skrá, gerður af Helga Benónýssyni. Þar er merkt Valagerði skammt fyrir ofan bæinn og virðist utan túns en engar skýringar eru gefnar á nafni þessu. "Þar upp af [Harðhaus], var svo Litlatún og Valagerði fyrir ofan túngarðinn [017]," segir í örnefnaskrá. Sennilega var Valagerði rétt ofan við heimatúnið, um 30 m NNA við útihús 002 og 80-90 m norðaustan við bæ 001. Á túnakort frá 1918 er teiknaður lítill túblettur NNA við heimatúnið. Þar kann Valagerði eða Litlatún að hafa verið. Ekki er vitað hvort hlaðinn garður var í kringum Valagerði.

Valagerði er í aflíðandi halla til suðurs í miklum barrskógi. Hann er mjög þéttur en verið er að grisja skógin (2016) og mikið af greinum og trjábólum eru á dreif um skógarbotninn. Engin ummerki um hlaðið gerði er á þessu svæði.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Örnefnauppdráttur HB; Ö-Stálpastaðir, 1; Túnakort 1918



Svartiklettur BO-138:013, horft austurs

Kletturinn er flatur að ofan og gengur um 10 m út til suðurs frá veginum. Hann er 3-4 m á hæð að sunnanverðu. Minnismarki um gjöf Stálpastaðafólksins til Skógræktarinnar er á klettinum fast við veginn.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Stálpastaðir, 1; Ö-Stálpastaðir svör, 1

"Svartiklettur er klettur nokkru utar [en Krónumelur] og liggur vegurinn yfir hann. Hann er þverhniptur að vestan og er frekar grár og svartur. Þar var talið búa huldufólk," segir í örnefnaskrá. "Svartiklettur er í skógarbrekku og hverfur efri endi hans inn í brekkuna. Að suðvestan er hann þverhniptur, líklega 2-4 m á hæð," segir í svörum við spurningum. Svartiklettur er um 700 m austan við Koleyri 007 og 1,2 km suðaustan við bæ 001. Hæð er á veginum þar sem hann liggur yfir klettinn. Birkitré vaxa uppi á klettinum en asparskógur er neðan við hann, niður að Skorradalsvatni.

BO-138:014 heimild um ristur

A: 382676 N: 448943

"Torfrista var mjög takmörkuð og léleg. Ég man eftir að torf var rist í mýrarbletti utan og ofan við bæinn," segir í svörum við spurningum um örnefni. Ágúst Árnason, heimildamaður, greindi frá því að mýrlent hefði verið ofan og vestan við túnið þar sem líklegt er að torfristan hafi verið. Það svæði er um 80 m norðvestan við bæ 001, rétt utan og ofan við mörk gamla heimatúnsins þar sem mikill asparlundur vex upp.

Torftistusvæðið er komið í mikinn barrskóg sem hefur þurrkað svæðið upp. Það er í mjög aflíðandi halla til suðurs. Engin ummerki um torfistu sjást vegna trjáræktar.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Stálpastaðir svör, 2

BO-138:015 renna áveita

A: 382726 N: 448862

"[M]ig [Kristján Árnason] minnir að faðir minn [Árni Kristjánsson f. 1894 d. 1966] notaði það [torfið] ofan á lokræsi, þ.e.a.s. hnallungs grjóti var látið í skurði í túninu og torfið ofan á grjótið en síðan mokað mold yfir," segir í svörum við spurningum um örnefni. Lokræsin sem rætt er um voru í túninu neðan við bæ 001 og ofan við veginn um Skorradal (508). Ógreinileg ummerki um lokræsi sjást á tveimur stöðum en ekki er vitað hversu mörg þau voru. Þetta eru ungar minjar, eða frá því eftir 1930. Þær eru því ekki fornleifar í laganna skilningi en eru skráðar engu að síður því þær eru til vitnis um gamlar aðferðir við framræslu túna. Lokræsin eru í sléttuðu túni sem hallar til suðurs og komið er í órækt.

Ummerki um lokræsin sjást á svæði sem er um 20x14 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Renna A er vestast á svæðinu. Hún liggur norður-suður og er í nokkrum litlum hlykkjum



Lokræsi í áveitu BO-130:015. Á vinstri mynd er renna A, horft í suður og á hægri mynd er renna B, horft í suður

niður að brún í túninu ofan við veginn. Hún er 0,2 m á dýpt og 0,3-0,4 m á breidd. Renna B er mun ógreinilegri, austast á svæðinu. Þar er meira þýfi og kerfill vex í túninu. Rennan er 0,1-0,2 m á dýpt og 0,2-0,3 m á breidd. Vestan við rennu A er yngri, vélgrafinn framræsluskurður.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Stálpastaðir svör, 2

BO-138:016 heimild

"Tóftir (niður við vatnið)," segir í örnefnaskrá eftir ókunnan höfund. Engar upplýsingar fengust um hvar þetta örnefni eða af hverju það dregur nafn sitt. Ekki reyndist því unnt að staðsetja það með innan við 50 m skekkju.

Heimildir: Ö-Stálpastaðir höf. óþ., 1

BO-138:017 garðlag túngarður

A: 382747 N: 448921



Túngarður BO-138:017, horft til vesturs

"Þar upp af [Harðhaus] var svo Litlatún og Valagerði [012] fyrir ofan túngarðinn," segir í örnefnaskrá. Túngarður sést á milli tveggja lækjargilja í túnjarði norðan við bæ 001, 30 m norðan við bæinn og 20 m norðan við brunn 011. Garðurinn er á því svæði sem barrskógur Skógræktarinnar nær yfir en skógurinn er í jaðri heimatúnsins norðan við bæinn og í hlíðinni ofan við hann.

Garðurinn er að líkindum að mestu torfhlaðinn. Hann er um 1 m á hæð (innri brún) en ytri brún er lægri því garðurinn er hlaðinn þvert á aflíðandi halla til suðvesturs. Hann

er víðast 1-1,5 m á breidd en allt að 2 m á breidd. Garðurinn sést á um 48 m löngum kafla þar sem hann liggur norðvestur-suðaustur. Um 8 m norðvestan við norðvesturenda garðsins er annar garður sem ætla má að hafi tengst túngarðinum þó að það sjáist ekki lengur. Þessi garður

liggur upp í brekkuna meðfram læk til norðausturs á 8,5 m löngum kafla. Hann er 1-1,5 m á breidd og 0,6 m á hæð. Ekki er útilokað að þessi garðbútur hafi tilheyrt Valagerði 012.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Stálpastaðir, 1

BO-138:018 *Sneiðargil* heimild um leið

A: 382485 N: 449061

"Brekkur hallandi þar fjær utan [Rauðsgil] heita Sneiðarbrekkur, sem ná út að Sneiðargili, sem hér kemur skáhallt niður hálsinn. Upp með því var farið, þegar hey var sótt upp á hálsinn," segir í örnefnaskrá. Sneiðargil er um 300 m VNV við bæ 001.

Gilið er í allbrattri brekku þar sem er mikill barrskógur. Skógræktin hefur gert bílfæra slóða um skóginn og á kafla meðfram austanverðu gilinu. Engin ummerki um leið sjást og óvíst hvar áfangastaðurinn var, þ.e. slægjurnar.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Stálpastaðir, 2

BO-138:019 kantur kálgarður

A: 382730 N: 448878



Kálgarður BO-138:019, horft til norðvesturs

Kálgarður er fast sunnan við gamla veginn (sjá 023) framan við bæ 001. Hann er sýndur á túnakorti frá 1918. Dálítill halli er ofan og neðan við garðinn. Neðan við garðinn er tún sem komið er í órækt en lækur rennur vestan við. Kerfill hefur dreift sér um garðinn og túnið fyrir neðan.

Kálgarðurinn er á sléttum stalli og snýr austur-vestur. Hann er um 20-30 m á lengd, lengstur á norðurhlið, og 13-15 m á breidd. Efri brún garðsins markast af um 1,5 m háum grjóthlöðnum kanti en neðri brún af um 1,5-1,7 m háum kanti, einnig grjóthlöðnum. Ekki sést þó í grjót í neðri kantinum. Mörk

skammhliða garðsins eru óljósari. Eftir norðurhlið garðsins standa reynitré, en rannfang og riftsberjarunnar eru í vesturenda. Kerfill vex í stórum hluta garðsins.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar



Tóft BO-138:020, horft til norðurs


Tóft er um 130 m austur af bæ 001, um 30 m ofan við veg (sjá 023) sem liggur framhjá bænum á Stálpastöðum og sést tóftin frá veginum. Ágúst Árnason, heimildarmaður, nefndi hrútakofa á Stálpastöðum og er mögulegt að tóftin sem hér er skráð sé sá kofi. Tóftin er í brekku. Allt umhverfis eru stórvaxin grenitré og mosagróður.

Tóftin er um 5 m á lengd og 3,25 m á breidd að utanmáli. Hún snýr norður-suður og er opin til suðurs. Breidd veggja er 1-1,5 m og er hæð þeirra 0,5-1,4 m, lægst á vesturhlið. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti. Hún er mosavaxin en hleðslur sjást vel að innanverðu, einkum í norðurenda. Inni í tóftinni eru leifar af járn og þakpappa. Í og við tóftina vaxa margar greniplöntur, frá um 10 cm upp í um 1,2 m á hæð.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar



Ferköntuð grjóthleðsla er í barrskógi norðan við bæinn á Stálpastöðum, um 40 m norðaustan við útihús 002 og um 90 m norðaustan við bæ 001. Hún var fyrst skráð af Magnúsi A. Sigurðssyni árið



Hleðsla BO-138:021, horft til norðurs

2001. Hleðslan er í þéttum barrskógi í aflíðandi halla til suðurs. Í skógarbotninum er mikið af greinum og trjábolum sem sagaðir hafa verið niður við grisjun.

Hleðslan er 1x1,2 m að stærð og snýr norður-

suður. Hún er hæst 0,3 m í suðurenda og í henni sjást 3 umför. Hleðslan er mosavaxin eins og skógarbotninn. Stórt tré er fast við norðausturhorn hennar. Hlutverk hleðslunnar er ekki þekkt og óvíst er að hún sé mjög gömul. Ekki er ljóst hvort hleðslan er stallur eða lítil tóft. Ekki sést grjót í miðju hennar að ofan en ekki mótur heldur fyrir innanmáli hólfis í henni.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar


Heimildir: MAS 10/2001, 11

BO-138:022 þúst útihús

A: 382828 N: 448974

Allstór þúst, illgreinanleg, er í skóginum um 40 m norðaustan við hleðslu 021 og 120 m norðaustan við bæ 001. Hún var fyrst skráð af Magnúsi A. Sigurðssyni árið 2001. Líklegt verður að teljast að í þústinni séu leifar af útihúsi. Þústin er í þéttum barrskógi í aflíðandi halla til suðurs. Í skógarbotninum er mikið af greinum og trjábólum sem sagaðir hafa verið niður við grísjun.

Þústin er um 7x5 m að stærð og snýr austur-vestur. Austast er hún flatur stallur en virðist mjókka nærri suðurenda þar sem hún verður mjög óskýr. Í þeim enda hefur líklega verið op. Þar er lítil dokka eða lægð ofan í þústina. Hvergi sést í grjót nema í vesturenda ef vel



Þúst BO-138:022, horft til norðurs

er að gáð. Mesta hæð er á suður-langhlið þar sem hún er um 1 m. Búið er að saga niður trén sem uxu á þústinni en rætur hafa aflagað hana mikið og afsagaðar greinar hylja hana að hluta. Hún er enn í stórhættu vegna trjáræktar.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: MAS 10/2001, 11

BO-138:023 heimild um leið

A: 382742 N: 448883

Samkvæmt túnakorti frá 1918 lá gata í gegnum túnið á Stálpastöðum, á milli bæjar 001 og kálgarðs 019. Þar liggur nú (2016) gamall vegur á sama stað en engin ummerki um götuna sjást lengur. Gatan var að öllum líkindum á leið 651:001 en er skráð sérstaklega af túnakorti eins og á öðrum jörðum í Skorradal. Skorradalsvegur (508) er 45 m sunnar en gamli vegurinn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1918


"Þar ofar [en Koleyri 007], austan undir túninu eru Kvíar og heldur hærra Stöðull [008]," segir í örnefnaskrá. Ekki er ljóst hvar Kvíar voru nákvæmlega og er ekki ólíklegt að það svæði sé komið undir Skorradalsveg (508). Ætla má að þær hafi verið um 180 m suðaustan við bæ 001, þar sem hallar til austurs frá Húsatúni, sjá 003.

Gríðarlegar breytingar hafa orðið á landi Stálpastaðar vegna skógræktar. Á svæðinu þar sem Kvíar voru er bæði skógrækt og mikið af lúpínu, auk þess sem talsvert rask hefur hlotist af vegagerð. Engin ummerki um kvíar fundust austan við Húsatún og virðast þær horfnar vegna vegagerðar og/eða trjáræktar.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Stálpastaðir, 1

BO-139 Háafell



Minjar í heimatúni Háafells BO-139. Túngarðar eru sýndir með hvítri línu og mörk túna eins og þau voru samkvæmt túnakorti frá árinu 1918 eru sýnd með svartri línu.

12 hdr. 1707. Skálholtsstólsjörð. Jarðarinnar er getið í handriti frá 1599. JS 143 4to, 218-220. Ábúð lauk 1968 og er landið nýtt frá Snartarstöðum í Lundarreykjadal, mest til beitar. "Jörðin fór úr ábúð 1968 þegar eigendur fluttu að Snartarstöðum í Lundarreykjadal. Þeir nýta nú jörðina til beitar. Engin áform er um frístundabyggð." Samantekt Huldu Guðmundsdóttir vegna Húsakönnunar (óútgefið).



Heimatún Háafells, horft til suðvesturs

1918: 37.492 m² = 11 2/3 dagsl. 1/5 þýft. Garðar 867 m². "Undirlendi er nær ekkert. Hlíðin er há og víða skógi vaxin, en rjóður með vallendis- og móagróðri inn á milli. Höfðu rjóður í skóginum verið brotin til túnræktar áður en búskap lauk. ... Silungsveiði var stunduð í Skorradalsvatni." BB II, 229. Jörðin er nú nýtt til sauðfjárbeitar. Vestarlega á jörðinni er 1 ha barrskógur.

BO-139:001 *Háafell* bæjarhóll bústaður

A: 386061 N: 446676

Gamli bærinn á Háafelli stóð á svipuðum slóðum og bárujárnsklætt íbúðarhús úr timbri, byggt 1930, gerir nú (2010). Samkvæmt Guðrúnu Hannesdóttur, heimildamanni, var gamli bærinn á nákvæmlega sama stað og yngra íbúðarhús en samkvæmt túnakorti frá 1918 var gamli bærinn þá nokkuð langur austur-vestur og náði töluvert lengra til vesturs en núverandi íbúðarhús gerir. Bærinn var 25-30 m ofan (NNA) við veginn inn Skorradal en rúmum 40 m ofan (NNA) við Skorradalsvatn. Háafell fór í eyði árið 1968.



Íbúðarhúsið á bæjarhól Háafells BO-139:001, horft til norðvesturs

Fast sunnan við bæ er brött brekka sem nær allt niður að

Skorradalsvatni en milli þess og bæjar er þjóðvegurinn inn Skorradal. Hann lá áður um hlaðið, en var færður 1966. Á þessum stað er nokkuð stór hóll sem er án efa að hluta náttúrulegur en að hluta uppsöfnuð mannvistarlæg. Á bæjarhólnum stendur sem fyrr segir bárujárnsklætt timburhús sem er á steinsteyptum grunni. Erfitt er að ákvarða stærð bæjarhólsins. Að norðan (ofanverðu) rennur hann saman við brekkuna en hverfur í brattann fram af bænum til suðurs. Að vestan má segja að bæjarhóllinn nái að lækjarsprænu sem þar rennur niður hlíðina en að austan sjást mörk bæjarhóls sæmilega. Að samanlögðu má segja að bæjarhóllinn nái yfir svæði sem er um 50 m á lengd ef stærsta viðmið er notað en annars um 35 m. Breidd hólsins er um 25 m að lágmarki og má jafnvel halda því fram að hann hafi náð enn lengra til suðurs eða allt að Skorradalsvatni. Á bæjarhólnum stendur íbúðarhúsið sem byggt var um 1930 og er það að hluta til byggt inn í hólinn. Það er með kjallara sem er niðurgrafinn inn í hólinn til norðurs. Tré hafa verið gróðursett í hólinn að sunnanverðu milli húss og þjóðvegar og einnig norðvestast á hólnum. Flöt eða bílastæði er vestan við núverandi íbúðarhús þar sem samkvæmt túnakorti mætti ætla að bærinn hefði verið og þar sem fjós 010 stóð norðvestast. Svolítil steinaröð er í heimreiðinni að Háafelli. Hún er um 3,5 m á lengd og samanstendur af 5-6 steinum í röð og er líklega eingöngu um að ræða hleðslu undir gamla veginn sem lá um hlaðið, sjá 020.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

BO-139:002 *Lambhúslækur* þúst lambhús

A: 386173 N: 446697

Miðmorgunsbrekka "nær alveg að Lambhúslæk, en hann rennur ... austan við túnið og er á köflum nefndur Lambhúsgil, þó lítil sé sú gilmyndun," segir í örnefnaskrá. Lambhúslækur var einnig nefndur Eystrilækur. Þegar Guðrún Hannesdóttir, heimildamaður, flutti á bæinn var húsið horfið en rústir þess sáust og gekk hóllinn þá oftast undir nafninu Fjárhúshóll eða



Púst lambhúsanna BO-139:002 rís upp úr umhverfinu, horft til norðurs

um 25 X 12 m stór og snýr norður-suður. Efst á hólum eru óljós ummerki, mögulega eftir hús eða hól. Dældin snýr austur-vestur en suðaustar (neðar og innar) er önnur afar óljós dæld sem einnig gæti verið leifar af hólfi og snýr þvert á það fyrrnefnda. Þessi ummerki eru hins vegar óskýr til að hægt sé að fullyrða um að þau séu eiginlegar mannvistarleifar enda mikið af öðrum dældum og þúfum í hólum. Svæðið var skráð síðla hausts en mögulegt er að snemma á vori megi sjá betri ummerki hússins.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1918 og Ö-Háafell, 1

BO-139:003 tóft fjárhús

A: 386128 N: 446812


Inn á túnakort frá 1918 eru merkt útihús í túnauka sem gerður hefur verið við gamla túnið við norðvesturhorn þess. Húsin voru 120-130 m norðan við bæ 001, fast ofan við túngarðinn 004 sem enn sést.

Tóftirnar eru í grasi gróinn brekku sem hallar til suðurs. Grasvöxtur innan þessa túns er lægri og minna ræktarlegur en í aðaltúninu.

Túnaukinn hefur markast af túngarði aðaltúnsins að sunnan (sjá 004), af lækjum að bæði austan og vestan og af varnargarði að norðan (sjá 015). Á þessum stað voru fjárhús og hlaða en þau



Fjárhús BO-139:003, horft til suðurs



Fjárhúsenni. Um það segir í örnefnaskrá: "Austast í túninu, meðfram grjótgardinum, heitir Sauðagerði [013]. Þá er nafnlaus spilda, en efst í túninu eru tvær bungur, sem heita Fjárhúsenni." Húsið sem þessi örnefni taka nafn af er merkt inn á túnakort frá 1918 var það rúmum 100 m ANA við bæ 001. Þar er fagurgrænn og ræktarlegur hóll í túninu.

Í grösugu túni sem nú er í órækt. Túninu hallar til suðurs, að Skorradalsvatni og yfirborð hólins hallar einnig til suðurs. Lítil ummerki eru nú eftir um hús. Hóllinn þar sem þau stóðu er þó greinilegur og rústalegur. Hann er

voru rifin 1955 samkvæmt Guðrúnu Hannesdóttur heimildamanni. Leifar hússins sjást þó enn greinilega. Af ljósmynd sem tekin hefur verið upp í hlöðina, líklega í kringum 1950 má sjá að húsin hafa verið með tveimur burstum að framan og hefur sú vestari verið stærri en sú eystri með dyrum allra austast. Að baki hefur svo verið hlaða sem legið hefur þvert á fjárhúsin. Leifarnar sem sjást á þessum slóðum koma vel heim og saman við þetta. Rústin er um 18 X 16 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Engin merki sjást um suðurvegg (suðvestur-) eða vegg á milli fjárhúsanna tveggja enda hafa þeir verið úr timbri og líklega fjárlægðir þegar húsið var rífið. Innan fjárhúsanna eru þrjár garðar og hafa vestustu tveir verið í stærra hólfinu en sá austasti verið í því austara. Virðast því hafa verið sex krær í húsunum og hafa þær sem næst voru veggjum verið um 1,5 m á breidd en hinar nálægt 1,25 m. Steypt kindabað er í austasta garðanum allra syðst og ofan í það eru tröppur. Steypt plata yfir garðanum er nokkuð heilleg alla leið að hlöðu. Grjót hefur að talsverðu leyti hrunið úr veggjum en veggir eru almennt fremur grónir og mest 1,5 m háir í fjárhúsunum. Samanlagt innanmál fjárhúsanna er 10 X 9,5 m. Norðan við fjárhúsin er hlaðan. Hún stendur mun hærra en fjárhúsin og er um 0,8 m upphlaðinn stallur á milli. Hlaðan er byggð inn í brekkuna og er nú í raun aðeins upphlaðinn stallur inn í brekkuna og eru 2-3 m frá brekkutoppi og niður á hlöðugólf. Veggir hlöðunnar hafa líklega verið grjóthlaðnir en þeir eru nú að miklu leyti hrundir og yfir þá gróið. Í austurenda hlöðu er lítill stallur sem stendur um 0,8 m hærra en hlöðugólfið. Hann er 1,5-2 m á breidd en 4-5 m á kannt. Toppur þessa veggjar er um 3-4 m ofar en gólfbotn fjárhúsanna. Innanmál hlöðu er gróflega áætlað um 10 X 4-5 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1918

BO-139:004 garðlag túngarður

A: 386166 N: 446601

"Túnið á Háafelli var girt grjótgarði frá tíð Guðmundar Þorvaldssonar ..." segir í örnefnaskrá. Túngarðurinn er merktur inn á túnakort frá 1918 og sést enn að stórum hluta og markar hann af norðurhlið túna ásamt norðurhluta austur- og vesturhliðar. Túngarðurinn girðir af tún í talsverðum halla til suðurs að Skorradalsvatni.

Túngarðurinn markar af svæði sem er um 180 x 90 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Líklega hefur suðurhliðin aldrei verið girt af heldur Skorradalsvatn markað af þá hlið. Mögulegt er þó að suðurhliðin hafi einfaldlega horfið enda er suðurhluti austur- og vesturhliðar horfnir í umrót. Garðurinn hefur verið hlaðinn úr grjóti en er nú mikið gróinn. Austurhlið túngarðs er fyrst greinileg að sunnan, tæpum 30 m ofan (NNV) við þjóðveg nánast til móts við bæjarhúsin. Austurhlið garðsins er fremur heilleg en hleðslurnar eru mjög signar og grónar og eru á köflum aðeins 0,1 m á hæð. Greinilegt er að girðing hefur verið sett ofan á garðinn í seinni tíð. Austurhliðin er stæðilegust efst (NNV-ast) og er allt að 1,8 m á breidd þar en sem fyrr aðeins 0,1-0,2 m á hæð. Við norðausturhorn



Túngarður 139:004, horft til suðurs

garðsins hverfur hann og austasti hluti norðurhliðar er nú nær alveg horfinn. Garðurinn verður greinilegri eftir því sem vestar dregur og er orðinn vel merkjanlegur um 70 m vestan við hornið. Þaðan liggur garðurinn þó aðeins í um 6 m til vesturs áður hann hverfur aftur (í 5 m) og hefur líklega verið op/hlið á honum þar. Vestar heldur garðurinn áfram og liggur h.u.b. óslitið alveg að norðvesturhorni. Um 25 m austan við hornið er hins vegar sambyggð tóft ofan við túngarð (sjá 013). Vesturhlið túngarðsins er fremur skýr og liggur í um 65 m til suðurs en verður svo óskýr þó óljósar leifar megi rekja í um 25 m til viðbótar áður en hann fjarar endanlega út. Norðurhlið túngarðsins er þeirra skýrust og suðurbrún hennar sú hlið sem mest sker sig frá landinu. Þar er garðurinn mest 1,5-2 m á hæð en víðast 0,2-1 m. Breidd garðsins er víða um 1,5 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1918

BO-139:005 Sel þúst sel

A: 385205 N: 447926



Græna grasið í sinunni gefur til kynna að mannvistarleifar séu undir sverði þar sem heitir Sel BO-139:005. Á myndinni sést neðra svæðið (B), horft til suðvesturs

"Þá förum við út fyrir Stekkjargilið [sjá 007], hér er allmikið skógivaxið svæði, en með litlum nöfnum fyrir en kemur út að gili, sem heitir Selgil [...]. Utan við Selgilið er skógurinn nefndur Sauðhúshlíðar [016], upp af þeim eru skóglausir móar, sem nefnast Sel," segir í örnefnaskrá. "Mitt álit er að Háafell hafi upphaflega verið byggt á sama hátt og nágrannajarðirnar, ofan við skóginn, upphaflega sem sel frá einhverri stórfjörðinni í Lundarreykjardal s.s. Lundi eða Hóli. Sel þettað hefir getað verið staðsett undir hæðsta hólnum eða fellinu, sem í hlíðinni var. Grasi

gróðu upp undir brúnir. Neðan við selið, í skóginum, eru nefnd fjárhúshólar, bendir það til að býli hafi síðar verið staðsett þar. Bærinn hefir síðar verið færður, niður að vatninu og austar. Þar sem nú er Háafell [001]," segir í bréfi Helga Benónýssonar til Örnefnastofnunar. Ekki eru augljósar seljarústir þar sem heitir Sel en þar eru vísbendingar um að mannvistarleifar séu undir sverði. Sel er 1,5 km norðvestan við bæ 001 og 360 m norðvestan við Fjárhúshóla/Sauðhúshlíðar 016. Ekki er útilokað að á einhverjum tíma hafi verið heilsársbúseta í Seli, eins og Helgi Benónýsson leiðir líkum að en ekki er hægt að fá fullvissu um það án frekari fornleifarannsóknna.

Selið var að líkindum þar sem er skóglaus blettur á milli gilja í halla til suðurs, neðan við brattar, skóglausar brekkur.

"Sel: Gamlar húsarústir og smá túnleifir [svo] frá fortíð," segir í lista yfir örnefni á uppdrætti eftir Helga Benónýsson sem fylgir bréfi frá 1979. Í svörum við spurningum er haft eftir honum að þarna séu nú (1979) "miklar rústir, eins og þar hefði verið borg." Á tveimur stöðum er mikið stórþýfi vaxið kraftmiklu og grænu grasi snemma vors 2016. Það bendir til þess að þar séu mannvirki og uppsöfnuð mannvistarlög undir sverði en ekkert tóftalag sést í þýfinu. Í heild er svæðið 50x20 m að stærð og snýr NNV-SSA. Allt svæðið er stórþýft eins og fyrr segir og er það einnig sundurskorið af smálækjum. Neðra/syðra svæðið (B) er mun grænna

en það sem ofar er. Það er 20x12 m að stærð, snýr VSV-ANA. Lækir renna í skorningum ofan við og beggja vegna við það. Efra/nyrðra svæðið (A) er 28x13 m að stærð og snýr NNV-SSA.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Háafell, 3; Ö-Háafell, viðb. (Bréf Helga Benónýssonar frá 1979), 1; Ö-Háafell, svör við spurningum, 1

BO-139:006 *Laug* mannvirki

A: 384652 N: 447801



Laug BO-139:006, horft í norðvestur

"[U]pp af [Laugareyri] er Laug, þar sést enn votta fyrir rústum af kofa [027] þeim, sem Guðmundur Þorvaldsson [bóndi á Háafelli á 19. öld] notaði við gigtarlækningar sínar," segir í örnefnaskrá. Laugin er í vegkanti, um 1,8 km norðvestur af bæ 001. Gulri vegastiku hefur verið stungið niður ofan við lagina.

Vegurinn eftir dalnum liggur neðarlega í hlíðinni. Hlíðin fyrir ofan er skógi vaxin, að mestu náttúrulegt birkikjarr en einnig stöku grenitré.

Laugin er ferhyrnd, um 2 m á hverja hlíð. Hún er grjóthlaðin en hleðslur samfallnar og laugin nú að mestu full af

grjóti, að hluta til vegna vegagerðar. Sjá má í vatn undir grjótinu. Um 30 cm breiður stallur er á suðausturhlíð og eru um 30 cm upp á bakkann en 30-40 cm niður á botn laugarinnar. Birki vex allt umhverfis og alveg við brún laugarinnar. Einnig er eitt grenitré við lagina.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Háafell, 3

BO-139:007 *Gamlistekkur* örnefni stekkur

A: 385275 N: 447452

"Þar sem [Stekkjargil] rennur í vatnið heitir Stekkjareyri [...] Stekkjargilið kemur upp í tvennu lagi og sameinast neðan við miðja hlíð og heitir tungan sem þarna myndast Stekkjartunga. [...] Gamlistekkur er skóglaus blettur niður við vatn í Bótinni, út við Stekkjargilið," segir í örnefnaskrá. Gamlistekkur er um 1,1 km norðvestur af bæ 001, beint ofan við Skorradalsveg (508), rétt suðaustur við grenireit. Ekki sést til fornleifa.

Sléttáð tún er þar sem heitir Gamlistekkur, komið í órækt, í aflíðandi halla. Vegur fyrir neðan en birkiskógur fyrir ofan og austan. Greniskógur til vesturs. Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði vegna túnasléttunar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Háafell, 1-2

BO-139:008 *Brunnhóll* brunnur brunnur

A: 386057 N: 446767



"Þessi laut [Prettur] er upp af bænum, þar vestur af er svo Brunnhóll og niður af honum heitir Fjósatunga sem er upp af Fjósalág sem fyrr er talin," segir í örnefnaskrá. Brunnurinn sem Brunnhóll var kenndur við var um 80 m ofan og innan (norðar) við bæ 001, innantúns. Þessi brunnur var hlaðinn að innan en var ekki djúpur að sögn Guðrúnar Hannesdóttur, heimildamanns. Þetta er brunnurinn fyrir bæinn og síðar var lögð úr honum vatnsleiðsla inn í íbúðarhúsið.

Á þessum stað er lágur og grösugur hóll í túninu. Í hann er dæld og þar seytlar fram vatn. Við brúnina sér í grjótdreif (eða hleðslu) og í dældinni er stállok og steinar ofan á. Dældin er um 1,5 m í þvermál og frá yfirborði og ofan á lok eru um 0,2 m.

Hættumat: engin hætta

Brunnur BO-139:008, horft til vesturs

BO-139:009 *Miðgerði* örnefni útihús

A: 386172 N: 446627

"Þá er vestar Miðgerði og Fjósalág vestar og vestast er hóll sem heitir Túnhóll," segir í örnefnaskrá. Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar kemur fram að engar garðleifar sjáist í kringum Miðgerði. Gerðið var í austurtúninu, stutt ofan (norðvestan) við Harðhaus sem er lítt gróin hæð neðst og innst (suðaustast) í túninu. Nákvæm staðsetning örnefnisins Miðgerði er óþekkt.

Miðgerði var líklega þar sem lágur hóll, á kafi í gróðri er í túninu. Engar minjar sjást á þessum slóðum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Háafell, 2

BO-139:010 *Fjósalág* örnefni fjós

A: 386058 N: 446685

"Þá er vestar Miðgerði [009] og Fjósalág vestar og vestast er hóll sem heitir Túnhóll," segir í örnefnaskrá. Gamla fjósið var stakstað bygging rétt vestan við bæ 001 þegar Guðrún Hannesdóttir, heimildamaður man fyrst eftir. Um 1950 var nýtt fjós byggt á sama stað og hið eldra en það var síðar rifið og engin ummerki sjást nú um fjós á þessum slóðum.

Á þessum slóðum er nú malarplan, e.k. stallur í brekkunni vestan við íbúðarhúsið í Háafelli. Umhverfis stallinn að vestan og norðan er trjágróður. Samkvæmt Guðrúnu Hannesdóttur, heimildamanni var fjósið fast vestan við bæ og aðeins svolítið sund á milli. Mögulegt er hins vegar að fjósið hafi áður verið hluti af samstaðu torfbæjarins (áður en tímurbúsið var byggt 1930) og staðið vestast í henni. Nýtt fjós var byggt á nákvæmlega sama stað og hið eldra en hefur nú verið rifið.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Háafell, 2

BO-139:011 frásögn skemma

A: 386075 N: 446673

Samkvæmt Guðrúnu Hannesdóttur, heimildamanni, var skemma stutt frá gamla bænum 001 og

var hún stakstæð. Búið var í skemmumni á meðan nýja íbúðarhúsið var í byggingu. Skemman var austan við bæ og hefur aðeins gangvegur verið á milli. Engin merki hennar sjást lengur. Svæðið þar sem skemman stóð er grasi vaxið og í halla til suðurs, austan íbúðarhúss.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

BO-139:012 *Sauðagerði* örnefni fjárhús

A: 386178 N: 446662

"Austast í túninu, meðfram grjótagarðinum [012], heitir Sauðagerði," segir í örnefnaskrá. Ekki er lengur vitað nákvæmlega hvar Sauðagerði var og engin ummerki sjást um það lengur í túninu. Gerðið hefur verið austast í túninu, við túngarð og líklega neðan við Fjárhúshól 002. Á þessum slóðum er grasivaxinn hóll eða hæð í túninu og verður það að teljast sá staður sem líklegastur er. Hóllinn er rúmum 100 m norðaustan við bæ 001. Grasi vaxið tún í órækt. Túni hallar til suðurs, að Skorradalsvatni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Háafell, 2

BO-139:013 tóft útihús

A: 386133 N: 446791




Útihústóft BO-139:013, horft til suðurs


Lítill, tvískipt tóft er efst (norðvestast) í túninu á Háafelli, fast ofan við (norðvestan við) túngarð 004. Tóftin er um 120 m NNA við bæ 001.

Tóftin er utan gamla aðaltúnsins og í raun innan s.k. Aukatúns sem var bætt við gamla túnið ofan við norðausturhorn þess. Tóftin er 3 m innan og neðan við tóft 003. Túngarðurinn er fast sunnan við tóftina en við hana er hann mun lægri en annars staðar að norðanverðu og því ekki hægt að

tala um að túngarðurinn myndi suðurhlið tóftar. Tóftin er um 8 X 4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún skiptist í tvö hólf. Það norðvestara, A, er 2,5-3 X 2 m að innanmáli en það suðaustara, B, er 1,8 X 1,5 m að innanmáli. Op er á hólf A, austast á suðvesturvegg. Bárujárn er inni í hólf A sem stendur hærra en hólf B og mögulegt er að það hafi verið undir þaki en ekki hólf B. Tóftin er að mestu hlaðin úr grjóti en er nú mjög gróin. Tóftin er grafin inn í hlíðina og ytri brún veggja er þar aðeins 0,1-0,2 m á hæð. Veggjahæð frá innri brún veggja og niður í gólf, er 1,5 m þar sem mest er. Ekki er ljóst hvaða tilgangi tóftin þjónaði en hún hefur líklega verið útihús af einhverju tagi.

Hættumat: engin hætta





Ummerki eftir hesthús BO-139:014, horft til suðvesturs

"... fyrir utan [túnið], við vatnið [er] eyri, sem heitir Hesthúseyri. Upp af henni er kallað Bjarnarkofi, þar er nú hesthús," segir í örnefnaskrá. Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar segir: "Nafnið Bjarnarkofi er gamalt og ekkert vitað um Björn þann, sem þar á að hafa búið. Seinna var þarna hesthús," segir í svörum við spurningum um örnefni. Rúmum 100 m norðvestan við íbúðarhúsið í Háafelli eru leifar tveggja steinsteyptra útihúsa, fast utan (norðvestan) við læk. Stærri húsin eru ofar en um 30 m neðar (SSV) er steinsteyptur grunnur af minni húsum, fast neðan (sunnan) við gamla veginn sem legið hefur inn í túnin á Háafelli. Þetta steinsteypta hús var samkvæmt Guðrúnu Hannesdóttur, geymsla. Á þessum slóðum, 3-4 m vestan við steypugrunninn af geymslunni eru mannvistarleifar úr torfi og grjóti sem eru síðustu merkjanlegu leifarnar af eldri minjum.

Í grasi gróinni brekku sem hallar til suðurs, að Skorradalsvatni og er nú á kafi í grasi. Líklega hefur þetta svæðið verið orðið að túni áður en búskap í Háafelli lauk en það er ekki gróið kjarngóðu grasi. Ummerkin sem sjást eru líklega af hesthústóftinni. Suðurhlíð meintrar tóftar er hins vegar það eina sem sést eftir. Hún er um 8 m löng og er hleðslan tæplega 1 m á hæð og 1-1,2 m á breidd. Hleðslan er mosavaxin og alveg gróin að sunnanverðu en að norðan er hún ógróin en þar er mikið grjóthrun. Um 2 m austan við austurenda hleðslunnar er 1 m langur veggstúfur eða þúfnaröð sem er talsvert lægri en sjálf vegghleðslan. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þetta mannvirki gegndi en mögulegt er að það hafi verið hlaða eða heystæði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Háafell, 2; Ö-Háafell, svör við spurningum, 1

BO-139:015 garðlag varnargarður

A: 386120 N: 446843



Ofan við túnauka sem gerður var við gamla túnið norðvestast er garðlag. Garðlagið liggur á milli tveggja lækja en stutt ofan við aukatúnið, þó ekki alveg á mörkum túnskikans heldur ofar. Það er líklega byggt í tengslum við túnið, mögulega sem varnargarður eða túngarður.

Í grasi gróinn brekku sem hallar til suðurs. Grasvöxtur í aukatúninu er lægri og minna ræktarlegur en í aðaltúninu og ofan þess taka við grösugir móar.

Garðurinn liggur skáhallt langleiðina á milli lækjanna eða VNV-ASA. Hann er samtals um 65 m langur og er grjóthlaðinn. Hann er mjög mis stæðilegur og er á köflum hlaðinn úr stórum grjóthnullungum en annars staðar úr smásteinum. Garðurinn er víðast algróinn og 1,5-2 m á breidd en mest 0,5 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

Varnargarður BO-139:015, horft til ANA

BO-139:016 Sauðhúshlíð örnefni beitarhús

A: 384885 N: 447706



Sauðhúshlíð BO-139:016, vesturhluti, horft til norðausturs (vinstri) og austurhluti (hægri), horft til suðvesturs

Út fyrir Stekkjargilið [sjá 007] er skógi vaxið svæði "en með litlum nöfnum fyrr en kemur út að gili, sem heitir Selgil [...] Utan við Selgilið er skógurinn nefndur Sauðhúshlíðar, upp af þeim eru skóglausir móar, sem nefnast Sel [005]," segir í örnefnaskrá. "Neðan við selið, í skóginum, eru nefnd fjárhúshólar, bendir það til að býli hafi síðar verið sett þar," segir í bréfi Helga Benónýssonar til Örnefnastofnunar. Af lýsingu að dæma eru Sauðhúshlíðar og Fjárhúshólar á sama stað. Fjárhúshólar eru um 1,6 km norðvestur af bæ 001, um 250 m austur af Laug (006). Ekki sést til fornleifa.

Tvö rjóður neðarlega í birkivaxinni hlíð, í aflíðandi halla. Um 5-10 m skógarbelti og lækur skilur rjóðrin að. Ekki er greinileg áberandi hólmyndun. Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði. Eystra rjóðrið er sléttara og í tveimur stöllum en það vestra er stórþýft.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Háafell, 3; Bréf Helga Benónýssonar frá 1979, 1.

BO-139:017 *Stekkjareyri* örnefni stekkur

A: 386530 N: 446188

"Ef við byrjum nú inn á merkjum móti Fitjum, þá er þar nafnalítið svæði sem heitir Þrætutunga. Í henni er stór, klofinn steinn sem heitir Grásteinn. Þessi steinn er á merkjum, hann er sem fyrr segir klofinn og má sjá þess merki að hafi verið borað í hann [gert á seinni hluta 20. aldar]. Steinninn er rétt ofan við veginn, nokkuð innan við lítið gil grænt sem heitir Stekkjargil. Þar sem það rennur í vatnið heitir Stekkjareyri en vatnið er Skorradalsvatn," segir í örnefnalýsingu. Stekkjareyri er merkt inn á örnefnakort Sigurgeirs Skúlasonar nærri merkjum á milli Háafells og Fitja BO-140. Hún er um 660 m suðaustan við bæ 001.

Stekkjareyri er ávöl en sléttlend, grjót stendur upp úr sverði hér og hvar. Á tveimur stöðum ganga eins og rennur eða breið vik upp í eyrina frá Skorradalsvatni til ASA. Helst kemur til greina að þau séu í tengslum við eldri vegagerð á þessum slóðum en núverandi vegur er fast ofan við eyrina í brekkurótum. Engin ummerki um stekk sjást á eyrinni og er líklegt að hann hafi horfið vegna vegagerðar en það er ekki vitað fyrir víst.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Háafell, 1; Örnefnakort SS

BO-139:018 heimild um kálgarð

A: 386061 N: 446665

Stór kálgarður er merktur inn á túnakort frá 1918 fast sunnan við bæ 001 og er aðeins gata 023 sýnd á milli. Engin ummerki sjást lengur um kálgarðinn en þar sem hann var er nú grasi gróin brekka, í halla til suðurs, að Skorradalsvatni.

Í brekkuna hefur verið gróðursett mikið af fjölbreytilegum trjágróðri, birki, reynitré, aspir og runnar. Engin ummerki sjást lengur á yfirborði um kálgarðinn.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Túnakort 1918

BO-139:019 heimild um kálgarð

A: 385925 N: 446725

Kálgarður er merktur inn á túnakort frá 1918 um 130 m suðvestan við bæ 001 í stakstæðum túnskika. Samkvæmt túnakortinu má ætla að túnskikinn hafi verið þar sem þjóðvegurinn liggur nú og að hann hafi náð að Skorradalsvatni. Kálgarðurinn hefur samkvæmt þessu verið alveg við vatnið og er staðsetning hans einkennileg nema að vatnið hafi eitthvað brotið af land á þessum slóðum á síðustu árum. Einnig er mögulegt að stakstæði túnskikinn sé ekki mældur nákvæmlega inn á túnakortið og hafi því raunverulega verið ofan við veg þar sem er grasi gróin brekka sem hallar til suðurs. Um þetta verður nú vart skorið.

Ofan við þjóðveg er grasi gróin brekka í halla til suðurs en neðan hans er grasi gróinn blettur að Skorradalsvatni. Engin ummerki kálgarðs er að finna lengur á þessum slóðum.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1918



Traðir BO-139:020. Á hægri mynd sést hleðsla í veginum vestan við bæ.

"Í gegnum túnið liggja gamlar traðir frá tíð Guðmundar Þorvaldssonar [bjó á Háafelli 1850-1866]," segir í örnefnaskrá. Traðirnar eru merktar inn á túnakort frá 1918 og hafa legið þvert í gegnum túnið VNV-ASA fram hjá gamla bænum 001 um hlaðið en 20-40 m ofar (norðaustar) en núverandi þjóðvegur um Skorradal.

Til vesturs endar vegurinn í malarnámi, nálega þar sem hann hefur sameinast núverandi þjóðvegi. Að austan verður vegurinn óljósari utan túns en má þó greina hann þangað til hann sameinast núverandi vegi.

Vegurinn hefur líklega legið á svipuðum slóðum lengi, jafnvel langt eftir 20. öld. Hann sést enn sem gróinn stallur í hlíðinni. Heimreið Háafells liggur að hluta á sama stað og sést t.d. vel sem gróinn stallur beint framan (sunnan) við íbúðarhúsið í Háafelli. Suðurbrún vegarins er víða greinilegri en norðurbrúnin. Suðurbrúnin er víða 0,2 m há og norðan hennar er slétta sem fjarar svo inn í brekkurætur ofar (norðvestar) og því er erfitt að átta sig á breidd vegarins þó gróflega megi á köflum áætla hann um 2 m á breidd. Um 70 m vestan við bæ er 20 m kafli í veginum þar sem grjóthleðslan í veginum sést greinilega að sunnanverðu. Samtals má rekja veginn á þessum slóðum á 450-500 m kafla.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Túnakort 1918



Varða BO-139:021, horft til suðvesturs

Fremur ungleg varða er uppi á Skorradalshálsi um 300 m norðan við vörðu 024 og 2,2 km norðvestan við bæ 001. Varðan er á grjóthól efst í sunnaverðum hlíðum hálsins. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin. Mikið eggjagrjót er í kringum vörðuna. Dálítill mosi vex á svæðinu en annars er það gróðurlítið.

Varðan er 0,5x0,6 m að grunnfleti og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er um 0,6 m á hæð og í henni sjást 4 umför hleðslu. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin. Frá henni sér á vörðu 024 til suðurs.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Háafell, 1

BO-139:022 heimild um leið

A: 386672 N: 446971

"Upp af Bólabrekkum uppi á Efribrún er holt sem heitir Þorkatla, það eru stórir steinar og vörðubrot [026] á þessu holti. [...] Gata lá niður Þorkötlu og niður Köstin," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Lárusi Lárussyni var ekki almennt farið yfir í Lundarreykjadal eftir þessari leið, heldur væri um að ræða fjárgötur, sem farnar hefðu verið þegar smalað var. Ekki sést til leiðarinnar en svæðið er um 675 m norðaustur af bæ (001).

Grýtt holt og litlar mosabreiður, efst á holtinu er víða stórgrýti. Brekkur neðan við holtið eru lynggrónar. Engin skýr leið sést niður Þorkötlu og Köstin. Kindagötur liggja hinsvegar víða um hlíðina.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Háafell, 1

BO-139:023 *Prettur* heimild um brunn

A: 386111 N: 446723

"Þar vestar er laut sem heitir Prettur, þar var grafinn brunnur sem miklar vonir voru við tengdar en hann þraut. Þessi laut er upp af bænum,..." segir í örnefnaskrá. Prettur er lág vestur af Fjánhúsenni og rúmum 50 m NNA við bæ 001.

Umhverfis er tún í órækt, í halla til suðurs, að Skorradalsvatni. Á þessum slóðum er dæld í túninu og víða eru hálfgerð jarðföll í yfirborðið. Samkvæmt Guðrínu Hannesdóttur, heimildamanni, varð vart við vatn á þessum slóðum í vatnavöxtum og töldu menn því að mögulega væri að finna gott brunnstæði en raunin varð sú að þarna fékkst aldrei gott brunnvatn. Engin eiginleg mannvirki fundust á þessum slóðum.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Háafell, 2

BO-139:024 varða óþekkt




Varða BO-139:024, horft til vestur

köntuðum. Þessi hleðsla líkist helst pípuhatti. Varðan og hleðslan eru líklega ungar minjar en aldur þeirra er ekki þekktur og ekki er vitað í hvaða tilgangi þær voru hlaðnar.

Hættumat: engin hætta

BO-139:025 varða landamerki

A: 358822 N: 448801



Varða BO-139:025A til vinstri, horft til vesturs og meint varða BO-139:025B til hægri, horft til norðvesturs

Fornleg hrunin varða er nokkru norðan við ógreinilega götu á leiðinni Krosshólagötur 651:016, um 2,2 km norðvestan við bæ 001. Mögulega eru tvær aðrar vörður norðvestan við hana. Ætla má að þessar meintu vörður séu á Krosshólum sem Krosshólagötur draga nafn sitt af. Þær eru nærri merkjum á milli Háafells og Hóls BO-189 í Lundarreykjadal og kunna því að vera gamlar landamerkjavörður en einnig hafa þær varðað leiðina yfir Skorradalsháls milli Skorradals og Lundarreykjadals.

Vörðurnar eru uppi á Skorradalshálsi, á litlum melhólum sem eru ógrónir að mestu leyti en þó er mosagróður hér og hvar á svæðinu. Greinilegasta varðan (A) er hrunin eins og fyrr segir. Hún er um 1,5 m í þvermál og 0,3 m á hæð. Óljóst er hægt að greina 3 umför í henni. Mosi er allt í kringum vörðuna og er hún gróin og grjót í henni skófum vaxið. Mögulega er önnur varða (B) 115 m norðvestan við vörðu A. Þar er gróin grjótþúst á litlum melhól norðaustan við litla tjörn. Ekki er útilokað að um náttúrumyndun sé að ræða. Þústin er 2x1,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Laust grjót er í henni. Um 115 m norðvestan við þúst B er klöpp sem stendur upp úr melhól og þar ofan á er stór hundapúfa. Mögulega er varða (C) undir hundapúfunni en ekki sést í grjót í henni fyrir gróðri. Varða A, þúst B og hundapúfa C mynda beina röð og liggur leiðin Krosshólagötur fast suðaustan við þúst B sem er í miðri röðinni.



Meint varða BO-139:025C með hundapúfu, horft til vesturs

Hættumat: engin hætta

BO-139:026 heimild

A: 386794 N: 447008

"Upp af Bólabrekkum uppi á Efribrún er holt sem heitir Þorkatla, það eru stórir steinar og vörðubrot á þessu holti," segir í örnefnaskrá. Lárus Lárusson, heimildarmaður, mundi eftir vörðubroti á Þorkötlu, en holtið er um 790 m norðaustur af bæ 001. Ekki sést til fornleifa. Þorkatla er grýtt holt og á því eru litlar mosabreiður. Klettur er ofarlega í holtinu og stórgrýti víða.

Ekki sést til fornleifa. Líklegt er að varðan sé hrunin og að vörðubrot, ef einhver eru, falli alveg að umhverfi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Háafell, 1

BO-139:027 heimild um

A: 384654 N: 447803

"Aðeins innan við Lundartungugilið var eyri sem hét Laugareyri ; upp af henni er Laug [006], þar sér enn votta fyrir rústum af kofa þeim er Guðmundur Þorvaldsson notaði við gigtarlækningar sínar," segir í örnefnaskrá. Laugin sem skráð er undir númeri 006 er í vegkanti, um 1,8 km norðvestur af bæ 001. Gulri vegastiku hefur verið stungið ofan við laugina. Ekki sést hins vegar til kofans sem notaður var við gigtarlækningar.


Vegurinn eftir dalnum liggur neðarlega í hlíðinni. Hlíðin fyrir ofan er skógi vaxin, að mestu náttúrulegt birkikjarr en einnig stöku grenitré.

Önnur merki fornleifa en Laugin (006) sjálf sjást ekki á yfirborði. Lárus Lárusson, heimildarmaður, taldi að þarna hefði verið tjaldað og því sæjust ekki merki um kofa.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Háafell, 3; BB II; 249.

BO-140 Fitjar



Minjar í heimatúni Fitja BO-140. Mörk túna eins og þau voru samkvæmt túnakorti frá árinu 1918 eru sýnd með svartri línu, leiðir með brotalínu og lækir með blárri línu. Uppmældar minjar eru sýndar með hvíttri línu.

30 hdr. 1707. Bakkakot BO-141 hjáleiga b. á 17. öld. Sögð 1/4 af óskiptu landi en 1894 var hún seld undan Fitjum. Fitjakot/Tungukot 024, hjáleiga í byggð á seinni hl. 17. aldar. Annað Fitjakot 033 (á öðrum stað) í byggð 1852-55 og húsmennska með grasnyt 1884-1917 og þá oftast kallað Narfakot. Fitjar eru norðan við Fitjaá en jörðinni tilheyrir einnig land sunnan við ána upp á Botnsheiði. Það svæði er á milli Bakkakots og lands sem tilheyrir Efstabæ BO-143.



Bæjarstæðið á Fitjum BO-140, horft til norðausturs

Fitjar áttu skógarítak í Vatnshornshlíð. Fastri búsetu lauk 1981 en skógarbúskapur hófst 1988. 1918: 63.243 m² = 19 1/2 dagsl. 1/4 þýft. Gardar 917 m². "Þóttu þar góðar engjar, vallendisbakkar með ánni, en mýri milli þeirra og grunda í hlíðarrótum. Fitjahlíð, en svo nefnist hlíðin framan Háafells fram að Fitjum, er skógivaxin ... Ofan bæjar og fram að Sarpi ... er hlíðin skóglaus, og skiptast þar á melholt og vallendisgróður, en á hálsinum, sem víðast er gróinn ... Silungsveiði er í Skorradalsá." BB II; 226

BO-140:001 *Fitjar* bæjarhóll bústaður

A: 389873 N: 443277



Bæjarhóll Fitja BO-140:001, horft til SSV

Gamli bærinn á Fitjum var um 30 m norðvestan við Fitjakirkju 002 sem enn stendur og um 20 m norðan við núverandi íbúðarhús sem byggt var árið 1939. Gamli bílvegurinn lá um hlaðið að bænum á milli bæjarhóls og núverandi íbúðarhúss, að kirkjunni og áfram í átt að Sarpi BO-142 til austurs. Á túnakorti frá 1918 eru sýnd fjögur hús á bæjarhólnum sem öll eru skráð með honum. Austast var hlóðaeldhús, þar vestan við var bærinn, þá fjárhúshlaða. Aftan/norðan við hlóðaeldhúsið var fjósið. Það var notað til 1968. Á málverki af bænum frá 1941 er hesthús vestan við fjárhúshlöðuna.

Að sögn Huldu Guðmundsdóttur, heimildamanns, var timbur úr gamla bænum notað í nýja íbúðarhúsið. Fjósið var rífið árið 1968 þegar nýtt fjós var byggt suðaustan við kirkjuna. Hlóðeldhúsið var rífið mun fyrr en fjárhúshlaðan stóð til ca 1975. Smiðja var á Smiðjuhól í norðvesturenda bæjarhólsins og er hún einnig skráð með honum: "Smiðjubali var þar austan við Prett [læk] en vestan við hann var Smiðjuhóll, þar sem hesthús og hlaða [fjárhúshlaða] standa nú," segir í örnefnalýsingu.

Bærinn var á bæjarhól sem enn er vel greinilegur. Búið er að slétta hólinn en þýft og ósléttað er í norðvesturenda hans, á Smiðjuhóli. Þar vex trjágróður. Á suðausturenda bæjarhólsins er skilti um pílágrímaleiðina milli Skálholts og Bæjar BO-174 í Bæjarsveit, í fyrrum Andakílshreppi. Á miðjum hólnum er minnismerki um Guðmund Ólafsson 1825-1889.

Bæjarhóllinn á Fitjum er 60x30 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er mest um 2 m á hæð. Súrheysgryfja var í Smiðjuhóli og sést hún enn. Hún er hinsvegar að fyllast af gróðurúrgangi. Á þeim hluta bæjarhólsins sést örla á hleðslugrjóti í sverði, líklega leifar af hesthúsi og fjárhúshlöðu, yngstu húsunum sem þarna stóðu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918; Ö-Fitjar, 6

BO-140:002 hús kirkja

A: 389888 N: 443245

Kirkjan á Fitjum, sem byggð var 1897, stendur enn og var gerð upp á árunum 1990-1993. Hún er ein af fáum bændakirkjum á landinu. Kirkjan var byggð af bræðrunum Kristófer Júlíusi og Stefáni Guðmundssonum á Fitjum og hefur ætíð verið í eigu og umsjá sömu ættar sem fluttist á jörðina árið 1867.

FITJAR Í SKORRADAL (B) -Nikulási (LUNDSANNEXÍA)

c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 10.

[1358]: ä þridiung j heimalanndi

Þannat liggia vij bæir ad tijunndum oc lysitollum

Þar skal vera heimilisprestur; Máld DI III 124

[1367]: a þridiung j heima lande. .xxc. ix kyr

Alltt annat suo sem Vilchinsbok jnnehelldur; Hítardalsbók DI III 222

1397: a þridiung j heimalanndi .xxc.

Þangad liggia vnder vij bæer ad tiundum oc lysitollumm.

Þar skal vera heimilisprestur.

Jtem lagdi Jon til Bænhvs af Sarpi kv oc .vj. ær. skal þar lukast af vj aurar j offur.

kirkian a .vjc. j Digranesi.

Jtem gaf Sumarlidi Einarsson ij asaudar kugildi; Máld DI IV 119

1575: á Sarp og Gilstreymi, þriðjung í heimalandi eð 20 hndruð samkvæmt einni gerð máld.

Máld DI XV 625

1667: Getið til að skipt hafi verið á 6 hdr í Digranesi og Gilstreymi - Vísitasía

1825: Gilstreymi selt

16.11.1907: Lundar- og Fitjasóknir lagðar til Hestþinga; (PP, 123) [lög]

- Núv. Kirkja byggð 1896-97 og vígð 1898. Hún er úr timbri, járnklædd á hlöðnum grunni, turnlaus, en krossmark á vesturgafli, 5 x 3,5 m á stærð. Er hún mjög tekin að feyskjast. - Fitjakaleikur er á Þjms. - BB II, 219.



Kirkja BO-140:002, horft til SSV

Kirkjugarðurinn er á sama hæðarhrygg og bæjarhóllinn og heldur hryggurinn áfram til ASA. Tvö barrtré frá 1958 eru í norðvesturhorni garðsins og tré eru í norðurhluta hans. Einnig er röð birki- og reynitryja meðfram garðinum á suður og austurhlíð. Kirkjugarðurinn er nokkuð mosavaxinn.

Kirkjan er 6,3x4,4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur, eins og bæjarhóllinn. Var stefnu hennar hnikað til samræmis við mænisstefnu bæjarhúsa þegar hún var gerð upp, en áður sneri hún austur-vestur. Kirkjan er timburkirkja án turns og forkirkju og var lengi bárujárnsklædd en var klædd með timbri

þegar hún var gerð upp. Þegar kirkjan var byggð 1897 var efni úr eldri kirkju notað í austurgaflinn. Í kirkjunni eru ýmsir góðir gripir, m.a. tvær kirkjuklukkur, önnur frá fyrri hluta 19. aldar en hin líklega frá síðmiðöldum. Á Þjóðminjasafni eru hökull (Þjms. 2584), kaleikur (Þjms. 6859) og tilheyrandi patína. Nánari umfjöllun um sögu kirkjunnar á Fitjum er að finna í Kirkjum Íslands, bindi 13. Umhverfis kirkjuna er kirkjugarður sem er um 22x22 m að stærð. Hann er girtur af með timburgirðingu sem reist var 1993 og sáluhliðið er frá sama tíma. Kirkjugarðurinn hefur ekki verið sléttaður. Í honum sjást mörg ómerkt leiði (sjálfsagt 2/3 af öllum leiðum í garðinum). Þau leiði sem eru merkt eru frá 20. öld, þau elstu frá því um 1900. Elsta skráða leiðið í garðinum er leiði Björns Jakobssonar sem var frá Húsafelli en bjó á Fitjum 1837-1844 og var gull- og silfursmiður. Hann lést árið 1844 og er gamall áletraður flatur steinn úr Bæjargilinu á Húsafelli á leiði hans. Engin sýnileg leiði eru aftan við kirkjuna á 4 m breiðu svæði sem nær til suðausturs að garðsenda. Garðurinn var stækkaður um eina röð til suðausturs árið 1994 og eru engin leiði þar enn (2016). Í kirkjugarðinum er skilti þar sem merkt eru inn öll þekkt leiði, skrifuð upp eftir Stefáni Stefánssyni (f. 1913, d. 1996) en hann þekkti yfir 50 leg.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: DI XII, 10; DI III, 124; DI III, 222; DI IV, 119; DI XV, 625; PP, 123; BB II, 219; Kirkjur Íslands 13, 59-88

BO-140:003 heimild um kálgarð

A: 389846 N: 443254

Um 5 m vestur af kirkjugarði 002 er kálgarður merktur inn á túnakort frá 1918. Garðurinn var fast suðvestan við bæjarhól 001. Þar sem garðurinn var er nú íbúðarhús og sléttuð grasflöt með limgerði í kring. Ekki sést til kálgarðsins á yfirborði vegna byggingaframkvæmda og sléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

BO-140:004 heimild um kálgarð

A: 389875 N: 443210

Um 10 m suðaustur af kirkjugarði 002 er kálgarður merktur inn á túnakort frá 1918. Garðurinn var á sama eða svipuðum stað og fjós og hlaða sem voru byggð 1968 en hafa verið innréttuð sem gestahús. Kálgarðurinn var um 70 m suðaustan við bæ 001.

Steinsteypt gestahús (áður fjós og hlaða) er þar sem kálgarðurinn var. Grafið hefur verið frá húsinu að norðanverðu, á milli þess og kirkjugarðs. Suðaustan við húsið hafa gámar verið grafnir inn í hólhrygg sem er norðan og norðaustan við gestahúsið. Engin ummerki sjást um kálgarðinn vegna bygginga. Í örnefnalýsingu er heimild um fornt fjós við Fjósaberg 010 litlu austar. Ætla má að mikil gróska hafi verið þar sem fjósið var áður og líklegt að það hafi ráðið því að kálgarðurinn var hafður á þessum stað.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1918

BO-140:005 *Djúpiskurður* náma mógrafir

A: 390279 N: 442866



Mógrafir BO-140:005, horft í suðvestur

"Djúpiskurður (að líkindum gamlar mógrafir)," segir í örefnaskrá HB. "Í þessu svæði er mikið, stórt jarðfall utan við Kotagilið [sjá 024], sem heitir Djúpiskurður," segir í annarri örnefnalýsingu. Djúpiskurður liggur í hlykkjum frá hlíðum Skorradalsháls og niður að Fitjaá til suðurs. Neðarlega/sunnarlega í honum sjást ummerki um mótekju. Mógrafirnar eru um 120 m norðaustan við kvíar 018 og 580 m suðaustan við bæ 001.

Gömul sléttuð tún eru sitthvoru megin við skurðinn og mógrafirnar. Þau eru komin í órækt og orðin þýfð. Í þeim er mikill asparskógur og stafar mógröfunum

hætta af skógrækt. Mógrafasvæðið er um 60x35 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Það er gróið og þurrt og eru sjálfsáð birkitré farin að vaxa í þeim. Lækur rennur um skurðinn og í gegnum grafasvæðið. Ekki eru mjög skýr ummerki um móskurðinn. Mesta hæð úr gröfunum og upp á bakkann er 1,5 m. Mögulega voru fleiri mótekjusvæði í skurðinum og þá helst ofarlega í honum þar sem nú (2016) er mikill furulundur.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Fitjar HB, 6; Ö-Fitjar, 3

BO-140:006 *Lambhúsgil* heimild um lambhús A: 390012 N: 443279

"Eystra-Lambhúsgil rennur fyrir austan túnið, en Vestra-Lambhúsgil í gegnum það. [...] Ofan við brúnina, upp af Lambhúsgili, uppi á hálsi, heita Lambhúsbotnar, og fremst í þeim við brún er Lambhúsbotnaklettur," segir í örnefnaskrá. Útihús, um 140 m norðaustur af bæ 001, er merkt inn á túnakort frá 1918. Útihúsið sem sýnt er á túnakortinu var á milli Lambhúsgilja og hefur að öllum líkindum gegnt hlutverki lambhúss eins og örnefnin gefa til kynna. Leifar af húsinu sjást ekki.

Þar sem lambhúsið var er sléttað tún, Hjálmatún, sem komið er í órækt en er beitt. Túnið er í talsverðum halla til suðurs. Mikið er um mishæðir í túninu og hólmyndun er þar sem húsið var. Engin ummerki um húsið sjást á yfirborði vegna túnasléttunar en litlu austar við áætlaða staðsetningu er lægð í túninu sem bent gæti til mannvirkja tengdum útihúsinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918; Ö-Fitjar, 5, 7

BO-140:007 *Fjánhúsvöllur* heimild um fjárhús A: 389852 N: 443414

"Út með hlíðinni heitir Grjóthlíð, og Fjánhúsvöllur náði inn að Prett. Trumba var efsta stykkið í Fjánhúsvelli," segir í örnefnaskrá. Útihús, um 150 m norðvestur af bæ 001, er merkt inn á túnakort frá 1918. Útihúsið sem sýnt er á túnakortinu var á Fjánhúsvelli og hefur því að öllum líkindum verið fjárhús. Það stóð í norðvesturhorni túns á Trumbu, afgerandi háum hól. Leifar af húsinu sjást ekki.

Fjánhúsvöllur er sléttað tún, komið í órækt. Fyrir ofan (norðan) túnið er brött brekka með plöntuðum og náttúrulegum trjám (greni og birki), auk lúpínu. Engin ummerki sjást um húsið á yfirborði, líklega vegna sléttunar. Uppi á hólnum er flati þar sem húsið var. Grunn og mjó renna liggur fram á brún hólsins en ekki er ljóst hvernig eða hvort hún tengist fjárhúsunum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918; Ö-Fitjar, 6

BO-140:008 *Smalagerði* örnefni A: 389908 N: 443114

"Smalagerði er neðst og austast [í túninu] fyrir austan lækinn, en neðst í Smalagerði er Kvíatóft [009]," segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað til þess að í Smalagerði hafi verið hlaðið gerði. Smalagerði er heiti á sléttuðu túni 1 ha sem komið er í órækt. Engar fornleifar sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Fitjar, 6

BO-140:009 *Kvíatóft* heimild um kvíar A: 389897 N: 443102

"Smalagerði [008] er neðst og austast [í túninu] fyrir austan lækinn, en neðst í Smalagerði er Kvíatóft, sést þar enn fyrir rúst," segir í örnefnalýsingu. Kvíarnar sjást ekki lengur en Hulda Guðmundsdóttir, heimildamaður, taldi líklegt að kvíarnar hefðu getað verið neðan við túnið, á milli kants í jaðri túns og Skorradalsvegur (508) sem liggur áfram að Sarpi BO-142. Það svæði er um 170 m sunnan við bæ 001. Þar sjást engin ummerki um kvíar.

Tún ofan við meinta staðsetningu kvíanna er sléttað og hefur grenitrjám verið plantað í brúnina ofan við veginn, utan við túngirðinguna. Á milli trjánna og vegarins vex lúpína. Ekki er ljóst hvers vegna kvíatóftin sést ekki lengur en sennilega hefur hún horfið vegna vegagerðar eða túnasléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Fitjar, 5



Fjósaberg BO-140:010, horft til norðurs. Á hægri myndinni sjást grjót- og torfhleðslur í rofi aftan við gestahús (áður fjós og hlaða)

"Þá er að fara yfir lækinn [Sporð]. Þar er neðst Stróksflöt. Kletturinn sem þar er, hét áður Strókur þó nú sé hann oft nefndur Fjósaberg, af því að þar var fjós fyrir eina tíð," segir í örnefnalýsingu. Þegar verið var að byggja nýja fjósið árið 1968 var jarðvegi rutt úr grunni þess og hann settur fyrir framan Fjósabergið. Hulda Guðmundsdóttir, heimildamaður, man eftir að huldukona hafi birst föðurbróður hennar í draumi þar sem hún kvartaði yfir þessu og togaði sængina af honum. Jarðvegurinn var fluttur frá berginu og ekki hefur spurst til huldukonunnar síðan. Fjósaberg er 30 m suðaustan við kálgarð 004 og 90 m sunnan við bæ 001.

Bergið er klöpp syðst í hólhrygg sem er í framhaldi af bæjarhól 001 og kirkju 002. Hóllinn er grasi vaxinn og víðiskjólbelti á honum ofantil. Sléttuð flöt er framan við klöppina til suðvesturs. Engin ummerki eru um fjós í námunda við bergið en líkum má leiða að því að fjósið hafi verið á hólnum eða þar sem kálgarður 004 var síðar. Í rofsári aftan við fjós og hlöðu sem byggð voru 1968 (og síðar breytt í gestahús) sést í torf og hleðslugrjót sem líklegt er að sé úr gömlu fjósi eða öðrum fornum byggingum. Sárið er ógróið austast. Það er 4-5 m á dýpt og sjást hleðslur í því frá yfirborði og 2-3 m niður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Fitjar, 6

BO-140:011 heimild um heygarð

A: 389907 N: 443220

"Austan við kirkjuna [002] er heygarður," segir í örnefnalýsingu. Heygarðurinn var á hólrana sem er í framhaldi af bæjarhól 001 og kirkjugarði 002 og liggur í sveig frá vestri til suðausturs.

Hóllinn er lítillaga kúptur og á honum er grasgefið. Þar er einnig nokkur sina. Í suðausturjaðri þess svæðis sem ætla má að heygarður hafi verið á er limgerði með víðitrjám. Þaðan lækkar hóllinn og endar í Fjósabergi 010. Um 5 m norðan við limgerðið er grunn lægð þar sem gróður er frábrugðinn því sem annars er á hólnum. Þar vex skriðsóley. Engin mannvirki sjást á hólnum. Hafi þau verið til staðar er ef til vill búið að slétta yfir þau eða þau gætu verið horfin undir jarðvegsuppsöfnun.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Fitjar, 6

BO-140:012 Skothús heimild um skotbyrgi

A: 388272 N: 444662

"Rétt utan við [Hvítablettsgil] er kofarúst, sem heitir Skothús, þar var verið við fuglaveiðar hér áður fyrir," segir í örnefnaskrá. Skothúsið var á eyri um 2,1 km norðvestur af bæ 001. Á eyrinni hafa verið reist átta bátaskýli hlið við hlið. Ekki sést til fornleifa.

Eyrin er grasi og lúpínuvaxin með smágrýttri fjöru. Kjarr vex ofan við. Bátaskýli standa

á eyrinni. Engar fornminjar sjást á yfirborði. Mögulegt er að skothúsið hafi farið undir vatn þegar yfirborð Skorradalsvatns hækkaði vegna Andakílsárviðrunar, sem gerð var á árunum 1945-1947. Vestan við bátaskýlin er vatnsbakkinn manngerður, hlaðinn með aðfluttu stórgrýti og er mögulegt að skothúsið hafi horfið við þær framkvæmdir, hafi það verið vestan megin á eyrinni.

ættumat: hætta, vegna rasks


Heimildir: Ö-Fitjar, 6

BO-140:013 *Fitjasel* tóft sel

A: 389563 N: 441279



Fitjasel BO-140:013, horft til suðvesturs



Í örnefnaskrá Bakkakots segir: "Þá er það Slakki, það er lægð, sem nær alla leið að Laugarhól [sjá 025] til austurs. Í Slakkanum er neðst gamalt sel, sem nefnt er Fitjasel." Fitjasel er fast suðaustan við Laugarhól og vestan við laug 025 en 2 km sunnan við bæ 001. Leið 021 upp eftir Löngugötugili liggur að selinu úr norðaustri og heldur áfram til suðvesturs.

Laugarhóll er grýttur og mosagróinn ofan við selið til norðvesturs en neðan við selið til suðausturs er gróið mýrarsund og er selið á mörkum mýrlendisins. Ein seltóft er sýnileg í Fitjasei. Hún er sigin og mjög gengin í þúfur, vaxin grasi og mosa. Tóftin er 14x7 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Eitt hólf er nokkuð greinilegt í norðausturhluta tóftarinnar. Það er um 4x1,5 m að innanmáli, mjókkar í norðausturenda. Op er á því í suðurhorni og mögulega var annað op í norðausturenda. Ekki sést innanmál í suðvesturhlutanum og er hann allur samansiginn og þýfður. Mesta hæð veggja er 0,5 m. Hvergi sést í grjóti í veggjum en ætla má að bæði grjót og torf hafi verið notað í veggjahleðslur. Framan við selið til suðausturs er þýft og ekki útilokað að þar séu fleiri mannvirki undir sverði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Bakkakot, 3



Vatnsból BO-140:014, horft til NNA

Kúm var vatnað úr lind, um 50 m austur af bæ 001. Um 10 m suður af lindinni er grjótbíngur eftir hreinsun af túni, sumt frá tíð Guðmundar Ólafssonar um 1860 og víðitré þar hjá. Lindin er í Hjálmatúni í brekkurótunum. Túnið er komið í órækt en er beitt af hrossum. Aðgengi að lindinni er gott af jafnsléttu, frá lindinni rennur lækur til suðurs, framhjá grjótbíng.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-140:015 Gerði örnefni

A: 389812 N: 443422

"Út með hlíðinni heitir Grjóthlíð og Fjánhúsvöllur [007] náði inn að Prett [læk], Trumba var efsta stykkið í Fjánhúsvelli og vestan við það heitir Gerði," segir í örnefnalýsingu. Trumba er hóll og er Gerði vestan undir hólnum. Ekki er vitað til þess að þar hafi verið hlaðið gerði. Gerði er í túni um 40 m vestan við fjárhús 007 og 160 m norðvestan við bæ 001.

Gerði er heiti á svæði ofan við stall í sléttuðu túni við vesturmörk gamla heimatúnsins. Túnið er komið í órækt og er lítið beitt. Utan túns til vesturs er lundur með grenitrjám. Engin mannaverk (garðhleðslur) sjást í Gerði og alveg óvíst að það hafi verið girt af með garði. Náttúrleg afmörkun á svæðinu er af brekku til norðausturs, stalli til suðvesturs og háum hól, Trumbu, til norðvesturs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Fitjar, 6

BO-140:016 Selhóll örnefni sel

A: 388113 N: 444945

"Þá er eins og 100 m frá vatninu hóll nokkuð utar, sem heitir Selhóll og heldur utan við hann heitir Selgil," segir í örnefnalýsingu. Selhóll stóð upp úr skóginum og var líklega um 2,4 km norðvestan við bæ 001. Á þessu svæði er talsverð sumarbústaðabyggð og skógurinn hefur þéttst þannig að hóllinn sést ekki lengur upp úr honum.

Leitað var að Selhól og ummerkjum um sel eftir leiðbeiningum Huldu Guðmundsdóttur, heimildamanns. Ekki fannst afgerandi hóll og engar tóftir en líklegur staður er þar sem nýlegur (2016) sumarbústaður er rétt vestan við efsta og vestasta sumarbústaðinn á svæðinu. Þarna er allbrött brekka í hlíðum Skorradalsháls og ekki mikið um líklega staði fyrir sel auk þess sem þéttur birkiskógur er á öllu þessu svæði og byrgir sýn við leit.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Fitjar, 6

BO-140:017 Brunabót heimild um kolagröf

A: 388121 N: 444965

"Skógurinn kringum Selhól [016] frá Selgili inn að Hvítatablettsgili heitir Brunabót. Hafði kviknað í honum við kolagjörð," segir í örnefnaskrá. Brunabót er um 2,4 km norðvestur af bæ 001.

Skógi vaxin hlíð, að mestu náttúrulegur birkiskógur, en greni, furu og öspum hefur verið plantað inn á milli. Sumarbústaðabyggð er í neðri hluta hlíðarinnar.

Allstórt svæði umhverfis Selhól var gengið en engin ummerki um kolagrafir fundust á því.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Ö-Fitjar, 7

BO-140:018 *Kvíafoss* örnefni kvíar A: 390172 N: 442822

"Neðsti fossinn á [Fitja]-lánni heitir Kvíafoss," segir í örnefnalýsingu. Í svari Helga Benónýssonar við spurningu um Kvíafoss segir: "Kvíar voru á flöt við ána." Dálítill flöt er niður við Fitjaá um 20 m ofan við Kvíafoss þar sem kívar kunna að hafa verið m.v. lýsingu en þar sjást engin mannvirki. Flötin er 315 m vestan við Fitjakot/Tungukot 024 og 540 m suðaustan við bæ 001. Í Bakkakoti voru kvíar 141:004 á flöt niður við ána á milli Kvíafoss og Kjúkufoss og mögulega dregur fossinn nafn sitt af þeim kvíum.

Vegurinn inn dalinn liggur meðfram ánni að norðanverðu, fast norðan við flötina þar sem ætla má að kvíarnar hafi verið. Gras og ljónslöpp vaxa á svæðinu og talsvert mikil sina. Lúpína vex víða á árbakkanum en aðallega niður við eyrarnar. Sem fyrr segir er ekkert sýnilegt mannvirki á þessum stað en allstórt svæði var gengið ofan og neðan við fossinn og í kringum hól sem er norðan við hann, á árbakkanum. Hulda Guðmundsdóttir, heimildamaður, kannast ekki við neinar tóftir á þessum slóðum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Fitjar, 2; Ö-Fitjar-Kirkjulandið (svör og uppdráttur), 2

BO-140:019 *Kiðhúsballi* örnefni geitakofi A: 388005 N: 445267

"Þegar komið er rétt út fyrir Selgilið er balli sem heitir Kiðhúsballi. Þar upp af í miðjum hlíðum er klettur, sem heitir Kiðhúsaklettur. Við balann vestanverðan rennur gil [svo] sem aldrei þrýtur og heitir Kiðhúsbalagil, og eyri fram af giliinu heitir Kiðhúseyri. Trúlega hefir verið þarna geitahús. Kiðhúskletturinn er smástallur í miðjum hlíðum," segir í örnefnalýsingu. Kiðhúsballi er kominn á kaf í birki. Hann og Kiðhúsklettur er 2,7 km norðvestan við bæ 001.

Kletturinn er í brattri hlíð í skógi á milli Selgils (sjá 016) og Kiðhúsbalagils.

Engin ummerki sjást um geitakofa enda mikill og þéttur skógur á þessu svæði. Ofan við klettinn, sem er stórt jarðlægt bjarg, er stórt birkitré sem hefur brotnað og slútir yfir hlíðina ofan við klettinn. Þar fyrir ofan er lítið svæði þar sem skógurinn er aðeins gisnari en allt í kring. Ef til vill er það vísbending um að þarna hafi verið mannvirki og meiri beit en annarsstaðar í næsta nágrenni.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Fitjar, 6-7

BO-140:020 *Vegggil* hleðsla samgöngubót A: 387845 N: 445057

Í Vegggil (sem svo er nefnt frá Háafelli) féll um 1915 smáskriða "niður smálækjarskorning og svipti burt götunni [651:001] og gróf djúpan skurð niður, þar hlóð Stefán [Guðmundsson á Fitjum] vegg í það og lét svo gilið bera að því sand og mól, þangað til gatan var aftur orðin eins og hún var áður fyrr. Svo er enn spölur að Djúpagili. En utan við það eru flatir fyrir ofan gömlu götuna sem heita Einiberjaflatir," segir í örnefnalýsingu. Hleðslan er fast sunnan við Skorradalsveg (508), um 265 m suðvestan við



Hleðsla BO-140:020, horft til suðausturs

Kiðhúsklett 019 og 2,7 km suðvestan við bæ 001, á móts við vandlega hlaðinn kant ofan við lítið steyp t bílastæðisplan í sumarhúsabyggð í Fitjahlíð. Lítil lækur rennur niður hliðina og í ræsi undir veginn litlu norðvestan við hleðsluna.

Í Fitjahlíð er talsverð sumarhúsabyggð og mikill skógur, bæði náttúrulegur birkiskógur og trjágróður inni á sumarhúsalóðunum sem hefur verið plantað. Mörg lítil lækjargil eru í hliðinni. Veggurinn er um 18 m á lengd og 1-1,5 m á breidd. Hann er mosavaxinn en virðist torf- og grjótleiðinn. Birkiskógur er neðan við hann og farinn að vaxa á honum einnig. Veggurinn er alveg við veginn. Hann liggur norðvestur-suðaustur. Neðri hlið veggjarins er um 1 m á hæð en sú efri er 0,5 m á hæð. Hluti veggjarins virðist horfinn þar sem lækurinn rennur norðvestan við hann.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Fitjar, 7

BO-140:021 *Löngugötugil* gata leið



Varðan Hinrik BO-140:021A við leið upp með Löngugötugili, horft til norðausturs

A: 390048 N: 441915

"... austanverðu upp af Löngugötugili er vel hlaðin varða, sem heitir Hinrik og er nú orðin mosavaxin," segir í örnefnaskrá Bakkakots. Löngugötugil er á merkjum milli Bakkakots og Fitja og upp með því lá leið upp á Botnsheiði þar sem hún sameinaðist leið 651:004. Sú leið liggur upp með Fálkagili og Vegahrygg eða Vegaási og sameinast Síldarmannagötu 651:003 við Tvívörður 141:012. Leiðin liggur á milli Laugarhóls (sjá 025) og Fitjasels 013 og hefur

henni verið fylgt á leið í selið. Leiðin var stikuð, nýjar vörður hlaðnar við hana og fallnar vörður hlaðnar upp skömmu eftir aldamótin 2000. Vel sýnileg gata er á leiðinni og ein varða var skráð austan við Löngugötugil sem ætla má að sé sú varða sem nefnd er Hinrik í örnefnalýsingu Bakkakots. Varðan er 800 m norðaustan við Fitjasel og 990 m suðaustan við bæ í Bakkakoti 141:001.

Leiðin liggur um holt og mela og mýlendi þar inn á milli. Varðan Hinrik er á gróðurlitlum klapparhrygg. Leiðin er um 2,7 km á lengd frá Fitjaá að leið 651:004 og liggur norðaustur-suðvestur. Henni var aðeins fylgt á stuttum kafla norðaustan við og suðvestan við Fitjasel. Varðan Hinrik er norðaustarlega á leiðinni og hefur verið endurhlaðin. Hún er um 1 m í þvermál og 0,5 m á hæð. Í henni sjást 3 umför og er grjótið í henni skófum vaxið. Þar sem leiðinni var fylgt sést víðast aðeins ein ógróin gata sem virðist nokkuð fjölfarin en þó ekkert í líkingu við Síldarmannagötu 651:003.

Hættumat: engin hætta



Gata á leið BO-140:021B, horft til suðvesturs

Heimildir: Ö-Bakkakot, 3

BO-140:022 heimild um traðir

A: 389859 N: 443269

"Fyrir neðan og vestan Strók [í túninu] heita Dyravellir, eru beint niður undan húsinu sem nú er, voru í gamla daga neðan við tröðina heim," segir í örnefnalýsingu. Traðirnar voru vestan við kirkju 001 og á milli bæjarhóls og núverandi íbúðarhúss þar sem áður var kálgarður 003.

Malarvegur heim að Fitjum og Fitjakirkju er þar sem traðir voru áður. Röð af háum öspum er beggja vegna við veginn. Engin ummerki sjást lengur um traðirnar vegna vegagerðar og annars rask við niðurrif og húsbyggingar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Fitjar, 6

BO-140:023 *Stekkjarnes* heimild um stekk

A: 388944 N: 443444

"Útan við buginn tekur við Stekkjarnes, sem er austan við Mjóanesið í Vatnshorni ... Bakkinn á nesinu heitir Stekkjarbakki," segir í örnefnalýsingu. Í svari Helga Benónýssonar við spurningu um Stekkjarbakka segir: "Stekkjarkakka; þar eru smárústir eftir stekk." Stekkjarbakki er 250 m suðvestan við Atpytt 046 og 940 m vestan við bæ 001.

Hann er flatlendur, smábýfður bakki með grónum vatnsfarvegum hér og hvar. Gróður einkennist af sinu og mosa. Stekkjarbakki var allur genginn í leit að stekkjartóft en án árangurs. Ekki er útilokað að stekkurinn hafði brotnað í ána en það er mjög virkt landbrot á bökkum Fitjaár.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Fitjar, 3; Ö-Fitjar-Kirkjulandið (svör og uppdráttur), 2

BO-140:024 *Fitjakot* bæjarstæði býli

A: 390484 N: 442775

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1707 segir: "Fitjakot, kallað öðru nafni Tungukot. Forn eyðihjáleiga í heimalandi. Bygð fyrir innan 50 ára. Varaði bygðin til þess nú fyrir 10 eða 12 árum." Um þetta býli segir í örnefnalýsingu: "Á merkjum móti Sarpi [BO-142] er gil, sem heitir Sátugil og næsta gil þar fyrir utan heitir Kotagil. Inn við Sátugil er eyðibýli, sem nefnt var Tunga, var það byggt um 1660 og fór í eyði um 1695. Og af þessu eyðibýli er það dregið, að landsvæðið héðan frá Sátugili og út á móts við Kvíafoss er kallað einu nafni Kot og fjallið upp af því Kotafjall." Fitjakot eða Tunga/Tungukot var um 800 m suðaustan við bæ 001.

Bæjarstæðið er á fremur flatlendri tungu sunnan undir Skorradalshálsi eða Kotafjalli. Í fjallshlíðinni er allmikil skógrækt og beggja vegna við tunguna sem býlið var á. Eins er þéttur furuskógur fast norðan við bæjarstæðið í holtamóa. Bæjarstæðið er efst í umræddri tungu og er hún á milli tveggja lækjardraga, það vestara mun dýpra. Svæðið var sléttað árið 1970 og komu þá upp hleðslur. Það er aftur orðið þýft. Engin ummerki um býlið sjást á yfirborði og engin hólmyndun er í tungunni sem gefur nákvæma staðsetningu og umfang minjanna til kynna.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: JÁM IV, 166; Ö-Fitjar, 3

BO-140:025 *Laugarhóll* laug sundlaug


A: 389572 N: 441282



Laug BO-140:025 við Laugarhól, horft til austurs

"Suðvestur af Hádegishnúkum suður á heiðinni um 300 m frá þeim er hóll sem heitir Laugarhóll. Þar er laug, sem hefir verið hlaðin upp, greinilega vottaði þar fyrir gamalli hleðslu en svo hlóð Björn, bróðir Guðmundar Ólafssonar, frá Sarpi hana upp aftur [líklega snemma á 20. öld] og gerði þar sundpoll, " segir í örnefnaskrá. Laugin sést enn fast norðaustan við seltóft 013 og suðaustan við götu á leið 021.

Laugin er í mýrarsundi við Laugarhól. Sléttlent og grasgefið er í sundinu. Í því eru litlar tjarnir eða pollar og lækir. Laugin er hringlaga, um 2 m í þvermál. Rúmlega 1 m breitt op er á henni til austurs og rennur vatn úr henni um það í læk eftir sundinu. Grænt slý er á yfirborði vatnsins en innst, vestast, sjást loftbólur þar sem volgt vatnið streymir upp. Laugin er á að giska 0,5 m á dýpt. Ekki sjást grjóthleðslur en greinileg mannaverk eru á lauginni. Ekki er ólíklegt að selinu hafi verið valinn staður þarna vegna



volgrunnar og hefur það verið til mikilla bóta við selstörfin að geta þvegið öll flát upp úr volgu vatni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Fitjar, 1

BO-140:026 *Skothúsklettur* heimild um skotbyrgi

A: 390908 N: 441937

"Upp af Börðunum [innan við Fálkagil] og graslundinum við ána er smáklettabelti nafnlaust, nema innst á því heitir Skothúsklettur, þar var kofi." Nokkuð afgerandi smáklettabelti liggur skáhallt frá Fálkagili til norðausturs, neðan við Mómýri 042. Það var allt gengið en engin ummerki fundust um skothús. Neðan við neðsta klettinn er sylla en engin ummerki um byggingaleifar; grjót, torf eða timbur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Fitjar, 2

BO-140:027 *Sarpasel* tóft sel

A: 391161 N: 441720

"Innan við Fálkagil ... er gil, sem heitir Selgil ... Austanvert við Selgilið, í miðri hlíð er hóll sem heitir Selhóll, þar eru rústir eftir Sarpasel," segir í örnefnalýsingu. Sarpasel er 780 m suðaustan við bæinn í Sarpi 142:001 og 2 km suðaustan við bæinn á Fitjum 001. Selið er sunnan við Selhól og austan við Selgilið. Vel gróið er í kringum selið en litlu sunnan




Sarpasel BO-140:027, horft til suðvesturs

við það er lítilsháttar rof vegna vatnsaga. Selhóllinn er grasi gróinn að sunnanverðu en mosavaxinn að norðanverðu. Upp úr honum stendur einn steinn en engin varða er sýnileg sem vísar á selið. Frá selinu til norðausturs er gróið mýrarsund.

Tóftin er torf- og grjóthlaðin og skiptist í fimm hólf. Hún er 14x16 m að stærð og snýr austur-vestur. Nyrst í tóftinni er hólf I sem er um 3x1,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er úr því til suðausturs. Hólf II er austan við hólf I en það snýr norðaustur-suðvestur. Hólfið er mjög samansigið en er 3 m á lengd og innan við 0,5 m á breidd að innanmáli. Op er á því í suðvesturenda. Sunnan við hólf I er hólf III. Op er inn í það úr austri og er það 2x1,5 m að innanmáli, snýr norður-suður. Úr því er op til vesturs inn í hólf IV sem er um 2x2 m að innanmáli. Óljóst er úr því til norðurs, út úr tóftinni. Sunnan við hólf IV er hólf V sem er lægra en aðrir hlutar tóftarinnar. Það er um 1x1 m að innanmáli og er op inn í það úr suðaustri. Stórþýft er á svæðinu suðaustan við tóftina en þar sjást ekki skýrar útlínur fleiri mannvirkja. Tóftin er gengin í þúfur. Hún er gróin og vaxin mosa og grasi. Mesta hæð veggja í tóftinni er 0,6 m. Ekki sjást grjóthleðslur vegna gróðurs.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Fitjar, 2



Seltóftin í Sarpaseli BO-140:027

BO-140:028 *Sjónarhóll* þúst eyktamark

A: 390326 N: 441349



Grjótpúst BO-140:028 uppi á Sjónarhóli, horft til VNV

Í Fitjaannál frá 1695 segir: "... Einninn fannst lítið sverð, ryðgað mjög, í einum hól á Litlu Botnsheiði, sem menn meintu fornmennt átt hafa; sá hóll heitir Sjónarhóll, og er á honum hádegi frá Fitjum í Skorradal." Á Sjónarhóli er grjótpúst, ef til vill hrunin varða sem hefur gegnt hlutverki eyktamarks, eða smalabyrgi. Hóllinn er litlu austan við Fálkagil, 250 m norðaustan við Stapa 036 og 2 km suðvestan við Fitjabæ 001. Hann sést

vel frá bæ. Engar frekri upplýsingar hafa fundist um sverðið og því ekki ljóst frá hvaða tíma það var. Hafi það verið frá víkingaöld gæti það verið vísbending um kuml úr heiðnum sið. Grjótpústin ber það hins vegar ekki með sér að vera mjög forn. Hún kann þó að hafa verið hlaðin upp úr mun eldra mannvirki.

Sjónarhóll er mosagróinn grjóthryggur. Mýrlent er beggja vegna við hann og talsvert jarðvegsrof vegna vatnsaga. Grjótpústin á Sjónarhól er um 3x2 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er 0,5 m á hæð í suðurenda þar sem hún er hæst en lækkar til norðurs. Þústin er gróin í suðurenda og eru allar hleðslur hrundar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Annálar II, 315



Smalakofi BO-140:029, horft til norðurs

Í viðbótum og athugasemdum við örnefnaskrá Fitja segir að heimildamenn, Guðmundur og Stefán Stefánssynir, kannist ekki við yfirsetukofa í Digruvörðuhrygg 039 en þeir kannist hins vegar við tvo yfirsetukofa annarsstaðar, "annan austan til í svonefndum Smáholtum, hinn vestan til í þeim [sjá 037]." Í örnefnalýsingu segir: "Vestur af flóanum [Nóngilsflóa] eru nokkur lítil holt, sem heita Smáholt og ná langleiðina vestur að Nípu [040]." Tóft af smalakofa er um 1 km austan við smalakofa 037 sem er vestan til í Smáholtunum.

Tóftin er á grýttu, mosavöxnu holti uppi á heiði. Tóft smalakofans er hlaðin ofan á klett þar sem skarð er inn í hann. Á klettinum er líka lítil varða sem skráð er með tóftinni. Tóftin er um 0,5x2 m að innanmáli en 3x1,5 m að utanmáli og snýr norður-suður. Veggir hennar eru víðast 0,5 m á breidd. Greinilegt op er í suðausturhorni. Mesta hæð veggja utanmáls er 0,5 m og sjást mest 7 umför í hleðslum en í veggjum er hellugrjót. Varðan á klettinum er um 0,5x0,5 m að stærð og 0,2 m á hæð. Í henni eru 3 umför hleðslu. Önnur varða eða grjóthruga er 2 m suðvestan við tóftina og er hún 0,5-0,6 m í þvermál og 0,3 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Fitjar aths. og viðb., 1

BO-140:030 frásögn

A: 389834 N: 443210

Hulda Guðmundsdóttir, heimildamaður, greindi frá því að alltaf hefði verið farið með sorp út fyrir tún og því hent niður af bakka í suðvesturjaðri gamla heimatúnsins. Ruslahaugurinn er 70 m vestan við bæ 001 þar sem rafmagnskassi er á milli limgerðis og aspartjáa.

Neðan við ruslahauginn er önnur lægri brún í túni og svo mýrlendi þar fyrir neðan. Um það renna lænur. Allt er þetta svæði grasi gróíð. Engin ummerki sjást um hólmyndun á yfirborði þar sem sorpinu var hent og ekki má heldur greina mismun í gróðri á þessum stað frá umhverfinu. Ekki er vitað hversu lengi sorpi var hent á þessum stað en þarna kann að leynast eldri öskuhaugur undir.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-140:031 tóft heygarður

A: 388578 N: 443757


"Bakkinn utan við Harðabakka, beint á móti Vatnshorni, heitir Torfbakki [032], á honum er gömul rúst, líklega ekið þar saman heyi," segir í örnefnaskrá. Tóftin er um 1,4 km vestur af bæ 001, um 10 m austan við torfristuvæði 032.

Tóftin er á smáþýfðum, flatlendum engjum. Hálfþurrar tjarnir eru vestan og norðan við tóftina. Tóftin er torfhlaðin, snýr vestur-austur, og er mjög gengin í þúfur. Hún er um 13 m á

lengd og 10 m á breidd að utanmáli. Veggir eru víðast 3 m á breidd en 4 m á N-hlið. Tóftin er 0,6-0,7 m á hæð þar sem hún er hæst en lægri, 0,4-0,6 m í austurenda. Ekkert op er sýnilegt en norðurveggur mjókkar um 1 m í norðausturhorni. Gróður í tóftinni er að mestu sá sami og umhverfis en í henni ber þó meira á mosa.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Fitjar, 4



Tóft BO-140:031, horft til suðausturs

BO-140:032 *Torfbakki* náma rista

A: 388550 N: 443743



Torfristusvæði BO-140:032, horft til VNV

"Bakkinn utan við Harðabakka, beint á móti Vatnshorni, heitir Torfbakki, á honum er gömul rúst [031], líklega ekið þar saman heyi," segir í örnefnalýsingu. Torfristusvæði eru á Torfbakka fast vestan við heytóft 031 og 1,4 km vestan við bæ 001.

Torfbakki er flatlendur, smáþýfður engjabakki við Fitjaá. Tvö slétt svæði eru á Torfbakka þar sem ætla má að torf hafi verið rist. Torfristusvæði kunna að hafa verið víðar á bakkanum en ekki eru skýr ummerki annarsstaðar. Ummerki um torfristuna sjást á svæði sem er um 40x20 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur.

Svæðin tvö eru bæði sléttlend og flatlend, 0,1-0,2 m á dýpt, algróin. Enginn munur sést á gróðri innan þeirra og utan. Þýfi er farið að myndast á syðra svæðinu.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-Fitjar, 4

BO-140:033 *Fitjakot/Narfakot* bæjarstæði býli

A: 389346 N: 443877


"Ofan við Stekkjarmelinn er Stekkur. Hann var svo nefndur Fitjakot eftir að Narfi Bjarnason bjó þar og dó um 1917," segir í örnefnalýsingu. Í Byggðum Borgarfjarðar segir: "Annað Fitjakot [sjá einnig 024] var í byggð 1852-1855 og 1884-1917. Þá oftast kallað Narfakot og kennt við Narfa Bjarnason, sem lengst bjó þar. Fitjakot hið yngra stóð í Fitjahlíð, skammt frá innri enda Skorradalsvatns, um 1/2 km fyrir vestan Fitjabæ [001]. Síðari byggð í Fitjakoti var húsmennska

með grasnyt." Býlistóftin er um 370 m norðaustan við Atpytt 046 og 800 m norðvestan við bæ 001. Sandnáma er á Stekkjarmel SSV við býlið. Skorradalsvegur (508) liggur yfir melinn á milli býlisins og námunnar.



Tún Stekkjar/Fitjakots er suðvestan undir bröttum hlíðum Skorradalsháls sem eru víðast birki vaxnar. Fast suðaustan við túnið er lúpínubreiða og svo tekur barrskógur við til suðausturs. Graslendi er til norðvesturs en í því er farið að vaxa birki. Túnið er neðst í tungu á milli tveggja lækjargilja. Því hallar til suðvesturs og er jaðar þess við stall í hallanum. Í túninu er mosi og sina.

Minjar um býlið eru á svæði sem er 60x46 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Innan þess eru tvær tóftir, ummerki um kálgarð og vísbending um mannvirki sem hefur verið ýtt út. Ekki sjást minjar um stekk á svæðinu en ætla má að hann hafi verið þar sem bærinn reis síðar meir. Minjarnar fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu sem hefst á bæjarstæðinu norðaustast á svæðinu. Ekki er sýnileg mikil uppsöfnun mannvistarlaga á bæjarstæðinu en þó einhver. Á því er bæjartóft A. Hún er um 16x18 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Í henni eru 7 hólfi og greinilega fleiri en eitt byggingarstig. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti en ekki sést fjöldi umfara í hleðslum. Í norðurhorni tóftarinnar er mjög sigið og ógreinilegt hólf II sem er 3x2 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki sést op á því. Sunnan við það er hólf I sem er 1x3 m að innanmáli og snýr eins og hólf II. Það er sýnilega frá yngsta notkunarskeiði tóftarinnar. Op er á því í vesturhorni. Suðaustan við hólf I er hólf III. Það er mjög samansigið,



Fitjakot BO-140:033A, horft til vesturs. Á teikningu má sjá númer á hólfum sem vísað er til í lýsingu

er 3x0,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Op er á því í suðvesturenda. Suðvestan við hól III er hól IV og er það 6x2 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur. Op er á því í suðausturenda. Hól I virðist byggt ofan í hluta af hólum III og IV. Hól V og VI eru leifar af fjárhúsum frá yngsta notkunarkeiði tóftarinnar. Þau eru suðvestan við hól IV. Hólfin eru samsíða og snúa norðaustur-suðvestur. Hvort um sig er 5x1 m að innanmáli og er op á þeim í suðvesturenda. Norðausturendi þeirra er grafinn inn í aflíðandi halla. Að lokum er svo stórt hól VII í vesturhorni tóftarinnar, suðvestan við hól I og norðvestan við hól V og VI. Það snýr norðaustur-suðvestur, er 7 m á lengd og 3-4 m á breidd, breiðast í suðvesturenda. Breitt og langt op er á því í vesturhorni. Eins og fram hefur komið eru hól I, V og VI frá yngsta notkunarkeiði tóftarinnar. Í þeim er mesta hleðsluhæð um 1 m. Grjóthleðslur eru í veggjum í þessum hólum og gróður í þeim sker sig úr öðrum gróðri í tóftinni. Í þeim vex fergini og stór en annars er öll tóftin vaxin grasi og sinu. Tóftin er gengin í þúfur, sérstaklega þeir hlutar sem ekki virðast tilheyrja yngsta byggingarstigi.



Tóft BO-140:033E á vinstri mynd, horft til suðausturs. Tóft BO-140:033B í forgrunni á hægri mynd, horft til SSA. Fjar eru ummerki um mögulegar minjar þar sem jarðvegi hefur verið ýtt til, sjá BO-140:033C

Framan/suðvestan við bæjartóftina er sléttað svæði sem er 40x18 m að stærð þar sem líklegt er að hafi verið kálgarður D. Að sögn Huldu Guðmundsdóttur, heimildamanns, var þarna gerður kartöflugarður um 1970 sem nýttur var í nokkur ár en ætla má að eldri kálgarður hafi verið þar fyrir þann tíma. Innri brún hans sést vel en ekki virðist hafa verið hlaðið gerði í

kringum hann. Þó er sigin og óljós garðhleðsla frá suðurhorni til suðausturs á 18 m löngum kafla. Hún er 1,5 m á breidd og 0,3 m á hæð utanmáls. Einnig er óljós og sigin garðhleðsla 5 m suðvestan við vesturhorn bæjartóftarinnar. Hún er 9 m á lengd og 1,5 m á breidd, liggur norðvestur-suðaustur. Innan kálgarðs og 10 m suðvestan við bæjartóft A er lítil og ógreinileg tóft E. Hún er torfhláðin og einföld, er 4x3,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er vaxin mosa og grasi og farin að ganga í þúfur. Óljóst op er á norðurhlið hennar. Mesta hæð veggja er um 0,2 m. Líklegt er að tóftin sé af kartöflukofa. Um 30 m suðvestan við bæjartóftina er flatlent svæði en neðan við það er grænn þýfður kragi C. Þar vex kjarnmikið gras á svæði sem er 40-50x30 m að stærð. Mögulega hefur verið útihús á þessum stað sem hefur verið ýtt út. Óljós tóft B er um 30 m suðvestan við tóft A. Tóftin er í túnjaðri frammi á allhárri brún, á milli tveggja skarða sem ganga inn í bakkann. Tóftin er um 5,5x4 m að stærð, einföld og torfhláðin. Hún snýr ASA-VNV. Ógreinilegur veggur er í VNV-enda. Veggir eru 0,2-0,3 m á hæð. Hlutverk tóftarinnar er óljóst, gæti verið heystæði eða lítið útihús. Stórþýft er norðvestan við tóftina og þar kunna fleiri mannvirki að leynast undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Fitjar, 4; BB II, 243

BO-140:034 varða óþekkt

A: 389993 N: 443869



Varða BO-140:034, horft til suðurs

Stæðileg og vandlega hlaðin varða er ofarlega í hlíðum Skorradalsháls, um 270 m norðaustan við gildru 047 og 600 m norðan við bæ 001. Í hlíðunum eru grýttar brekkur en þær eru grónar mosa og lyngi á köflum. Þétt birkikjarr er neðar í hlíðunum.

Varðan er hlaðin á stórt bjarg sem er sprungið í tvennt eftir endilöngu og er fremur flatt að ofan. Það er 1,2 m á hæð. Varðan sjálf er hringlaga og heldur breidd sinni upp á topp. Hún er tæpur 1 m í þvermál og 0,7 m á hæð. Hún er hlaðin úr grjóthellum sem eru allt í kring og má greina 15-16 umför. Varðan stendur vel og ekkert virðist hafa hrunið úr henni. Grjótið

í henni er skófum vaxið. Fáum metrum ofan við vörðuna er búið að safna hleðslugrjóti saman í hrúgu. Varðan virðist vera komin nokkuð til ára sinna en aldur hennar er ekki þekktur. Ekki er vitað í hvaða tilgangi hún var hlaðin en mögulega er hún við óþekkta leið sem legið hefur á milli Skorradals og Lundarreykjadal. Mjög bratt er upp frá Fitjum að vörðunni.

Hættumat: engin hætta



Mógrafir BO-140:035, horft til norðurs


"Utan við Vestri-Stekkjars kemur smágil, sem nefnist Mógil. ... Rennur það í boga neðan við Mógrafarmýri ... [sem] nær heim undir tún [í Sarpi]. Tekinn var upp mór í henni [sjá 142:009]. Hann þótti sæmilegur en ekki voru grafirnar djúpar. Betri mór var sunnan við ána og voru þar miklu dýpri grafir. Það land tilheyrir nú Fitjum. Alltaf var tekinn mór á báðum stöðunum," segir í örnefnaskrá Sarps. Mógrafirnar eru um 360 m sunnan við Sarp 142:001 og 1,6 km suðaustan við

bæ á Fitjum 001.

Mógrafirnar eru í þýfðu deiglendi neðan við klettastalla. Ummerki um mótekju eru á að minnsta kosti fjórum stöðum á svæði sem er 310x30 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Grafirnar eru að mestu grónar og eru dýpstar 1-1,5 m.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Sarpur, 4




Hrunin varða BO-140:036 á Stapa, horft til norðurs

"Suðaustur af honum [Nípuflóa] er varða á melhól, sem heitir Stapi. Stapinn er suður af Sjónarhól [sjá 028] á eystri barmi Fálkagils," segir í örnefnalýsingu. Stapi er flatur allstór hól um 360 m norðaustan við vörðubrot 040 á Nípu og 260 m suðvestan við þúst 028 á Sjónarhóli. Á honum miðjum er lítil klöpp eða stórt bjarg. Það er gróið að ofan en í gróðrinum má sjá laust grjót svo líklegt er að þar hafi staðið varða.

Hóllinn sem bjargið er á er flatur melhóll sem er víðast þakinn þykkum mosa. Varðan á Stapa er hrunin og hulin gróðri. Ekki er ljóst hvaða hlutverki varðan gegndi. Frá henni sést heim á tún á Fitjum en bærinn sést ekki.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Fitjar, 2



Smalakofi BO-140:037, horft til austurs

"Vestur af flóanum [Nóngilsflóa] eru nokkur lítil holt, sem heita Smáholt og ná langleiðina vestur að Nípu [040]," segir í örnefnalýsingu. Í viðbótum og athugasemdum við örnefnaskrá Fitja segir að heimildamenn, Guðmundur og Stefán Stefánssynir, kannist ekki við yfirsetukofa í Digruvörðuhrygg 039 en þeir kannist hins vegar við tvo yfirsetukofa annarsstaðar, "annan austan til [sjá 029] í svonefndum Smáholtum, hinn vestan til í þeim." Tóft vestari smalakofans er á milli línuveggar sem fylgir Sultartangalínu 1 og rafmagnsgirðingar í heiðinni, um 1 km vestan við smalakofa 029 og 3,1 km sunnan við bæ 001.

Tóftin er á lágum mosavöxnum hól í gróinni heiði en stórgrýti er á smáholtunum. Tóftin er grjóthlaðin og einföld. Hún er um 2x3 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á henni í vesturhorni. Norðvesturveggur er ekki hornréttur heldur sveigir hann frá austurhorni til suðurs. Hleðslur eru signar og úr lagi gengnar. Grjót er skófum- og mosavaxið. Mesta hleðsluhæð er 0,3 m og mest sjást 4 umför.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Fitjar, 2; Ö-Fitjar, aths. og viðb., 1



Varða BO-140:038, horft til suðausturs

Varða er vestast á lágum hóli sem er lítt afgerandi í landslaginu. Lág brún er fram af honum til norðurs og austurs. Varðan er 450 m suðvestan við vörðu 045 á Laugarhóli (sjá 025) og Fitjaseli 013. Ekki er ljóst hvaða hlutverki hún gegndi en kann að vera á merkjum milli Bakkakots og Fitja eða varðað leið 021.

Hóllinn er mosavaxinn og flatur. Nokkuð jafnlent er á svæðinu í kringum hólinn en aflíðandi halli til

norðurs. Varðan er hrunin. Hún var hlaðin á jarðfastan stein og sjást nú aðeins tvö umför í henni eða því sem eftir stendur af henni. Grjót úr vörðunni hefur hrunið til norðausturs og er hrunið gróid og mosavaxið og steinar í því og vörðubrotinu skófum vaxnir. Hafi varðan náð yfir allan jarðfasta steininn hefur hún verið um 1 m í þvermál. Þústin sem sést á þessum stað er 1,5x1 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur.

Hættumat: engin hætta

BO-140:039 *Digruvörðuhryggur* varða landamerki

A: 389689 N: 438764



Vörður BO-140:039 á Digravörðuhrygg, horft til suðurs

Varða A er 1,4 m á hæð og í henni sjást um 20 umför. Hleðslan í syðri vörðunni (B) er jafnari og vandaðri. Hún er um 0,8 m á kant og 1,5 m á hæð. Hún er líka ferköntuð og mjókkar lítilliga upp á við. Á korti í mælikvarðanum 1:100 000 sem mælt var 1908 en gefið út 1933 sést að vörðurnar voru á hreppamörkum milli Skorradalshrepps og Hvalfjarðarstrandarhrepps og því landamerkjavörður eins og Tvívörður 141:012. Við þær er merkt örnefnið Tvívörður á kortinu rétt eins og við hinar Tvívörðurnar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: LMÍ Kort 36 1:100 000

Tvær mjög stórar og stæðilegar vörður eru á Digruvörðuhrygg á Botnsheiði um 130 m suðvestan við vörðubrot 043 og um 2,7 km VSV við Tvívörður 141:012.

Hryggurinn er mosavaxinn en grýttur. Holt og mýrar eru í heiðinni í kringum hann. Vá milli varðanna eru 10 m. Nyrðri varðan (A) er 0,6x0,8 m að grunnfleti og er hún nokkuð ferköntuð, snýr norðvestur-suðaustur. Báðar vörðurnar eru hlaðnar úr hellugrjóti.

BO-140:040 *Nípa* þúst óþekkt

A: 389970 N: 440848



Þúst BO-140:040 á Nípu, horft til norðausturs

og lyngi. Þústin nær fram á norðvesturbrún klapparinnar þar sem bratt er fram af henni. Á þeirri hlið sést óljós grjóthleðsla og víðar í þústinni er laust grjót sem hrunið hefur úr hleðslunni. Þústin er um 2x2 m að stærð. Hún er flöt að ofan en hallar lítilliga til suðausturs. Hún er 0,1-0,3 m á hæð, hæst norðvestast.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Fitjar, 2

"Suðsuðaustur af honum [Sjónarhóli 028] er varða sem heitir Nípa, og stórt svæði upp af henni heitir Nípuflói," segir í örnefnalýsingu. Við austurbakka Fálkagils er stakstæð klöpp í þýfðum móa. Á henni er gróin grjótpúst sem ætla má að sé varðan Nípa. Hún er um 360 m suðvestan við Stapa 036 og 620 m suðvestan við Sjónarhól.

Klöppin sem þústin er á er um 2 m há og sést víða að. Í kringum hana er deiglendur mói, vaxinn grasi, mosa

BO-140:041 heimild um landamerki

"1. Milli Fitja og Háafells eru merki á Grástein sem stendur ofanvert við götuna [651:001]

(nú sprunginn mjög) . Þá varða á brún upp og sjónhending þaðan í grjóthrígu útnorðan við Stórafell," segir í landamerkjaskrá frá 1922. Upplýsingum úr landamerkjaskránni var bætt inn í svæðisskráninguna eftir að vettvangsvinnu lauk 2016 og var vörðunnar á merkjum milli Háafells og Fitja ekki leitað. Ekki liggja því fyrir upplýsingar um staðsetningu eða ástand hennar.

Heimildir: Landamerkjabók I, nr. 78

BO-140:042 Mómýri náma mógrafir

A: 390518 N: 441797



Mógrafir BO-140:042 í Mómýri, horft til norðurs

"Fyrir ofan þetta klettabelti heitir næst gilinu Fálkagilsbrekka, og á ská inn af henni er mýri sem heitir Mómýri," segir í örnefnalýsingu. Mógrafir eru nærri Fálkagili þar sem foss er í gilinu, um 450 m vestan við mógrafir 035. Neðan við Fálkagilsbrekkur er þýft deiglendi fram á klettabrún. Þar norðan við er mikið rof á svæðinu vegna vatnsaga. Stórt jarðfall, sem mögulega hefur myndast að hluta eða stækkað við móskurð, er vestan

við mógrafirnar, næst Fálkagili.

Mógrafirnar eru í aflíðandi halla til norðurs og snúa austur-vestur. Ummerki um móskurð má sjá á svæði sem er um 47x17 m að stærð. Grafirnar eru dýpstar syðst og vestast þar sem þær eru allt að 1,5 m á dýpt en ekki sjást mörk svæðisins til norðurs. Mógrafirnar eru þurrar og grónar.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Fitjar, 2

BO-140:043 varða óþekkt

A: 389771 N: 438871



Vörðubrot BO-140:043 á Digravörðuhrygg, horft til suðvesturs

Tvö vörðubrot eru norðarlega á Digravörðuhrygg (sjá 039). Það nyrðra er greinlega hrúnin varða en það syðra er nýleg tilraun til vörðuhleðslu. Á milli vörðubrotanna eru 10 m. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi vörðurnar voru hlaðnar.

Digravörðuhryggur er mosavaxinn en grýttur. Holt og mýrar eru í heiðinni í kringum hann. Varða A er hlaðin á lágan jarðfastan stein og er grjótið úr henni á svæði

sem er 1,5x1 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Hrúnið hefur úr henni af steininum til norðausturs. Enn eru sýnileg 2-3 umför þar sem hún er 0,1 m á hæð en grjótið í henni er þunnt hellugrjót. Vörðubrot B samanstendur af þremur grjóthellum sem eru hver ofan á annarri á stórum steini.

Hættumat: engin hættu

BO-140:044 varða óþekkt

A: 390812 N: 439661



Varða BO-140:044, horft til suðvesturs

Varðan er um 1 m á hæð og í henni sjást 7-8 umför. Hlutverk hennar er ekki þekkt en hún kann að hafa verið samgöngubót. Ekki er þekkt leið á þessum slóðum en greinileg fjárgata er á milli vörðunnar og varða 039 á Digruvörðuhrygg.

Hættumat: engin hættu

Stór varða er ofan við línuveg og Sultartangalínu 1 um 500 m sunnan við smalakofa 029 og 1,4 km norðaustan við vörður 039 á Digruvörðuhrygg. Mosagróið grýtt smáholt í gróinni heiði.

Varðan er stór en óvíst hvort hún er gömul. Tréhæll er fast norðaustan við hana. Hún er 0,8x0,6 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Grjótið í henni er skófum vaxið. Hún kann að vera endurhlaðin en hleðslan er ekki mjög vönduð.

BO-140:045 varða samgöngubót

A: 389539 N: 441316



Varða BO-140:045, horft til norðvesturs

neðst og skófum vaxin. Lítið hefur hrunið úr henni. Varðan hefur vafalaust vísað veginn að Fitjaseli 013 og laug 025 og vísað veginn áfram að leið 651:004.

Hættumat: engin hættu

Skófum vaxin varða er á Laugarhóli, sjá 025, sem er fast vestan við leið 021 eftir Löngugötugili og 45 m suðaustan við Fitjasel 013. Varðan er á hæstu brún hólans, norðvestast á honum.

Laugarhóll er flatur að ofan og mosavaxinn. Aflíðandi halli er til suðausturs en fram af brún hans til norðvesturs er allhátt og bratt. Varðan er um 0,7 m í þvermál og 0,5 m á hæð. Í henni sjást 5-6 umför. Varðan er gróin



Atpyttur BO-140:046, horft til suðvesturs

"Í miðju Stekkjarnesi [sjá 023] er djúpur pyttur sem nefndur er Atpyttur. Þar var tekið at til litunar," segir í örnefnalýsingu. Líklega er Atpyttur þar sem djúpur pyttur er í vatnsrás á engjunum um 750 m vestan við bæ 001.

Pytturinn er á mosavöxnum, flatlendum engjum þar sem víðikjarr er farið að vaxa. Pytturinn virðist vera 4 m á lengd og 1 m á breidd þar sem hann er breiðastur um miðbikið en mjókkar til beggja enda (norðausturs og suðvesturs). Hann er um 1 m á dýpt og er fullur af vatni.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Fitjar, 3



Refagildra BO-140:047, horft til austurs

"Innan við hann [Krók] er Grænaflöt, sem er upp af Grímsforum og nær að Gildruás ...," segir í örnefnalýsingu. Á Gildruás var refagildra í tíð Stefáns Guðmundssonar (1864-1933), afa Huldu Guðmundsdóttur, heimilda-manns. Leit að gildru á Gildruási skilaði ekki árangri en gildra er ofan við Gildruás, um 370 m norðan við bæ 001. Ekki er útilokað að önnur gildra hafi verið á ásnum sjálfum þó að hún hafi ekki fundist við leit.

Gildruásinn er að miklu leyti gróinn og er búið að planta miklu af grenitrjám í hann. Ofan við ásinn, neðan við birkikjarr sem nær upp á brún Skorradalsháls er grýtt urð og brött.

Ofarlega í henni er gildra milli tveggja jarðfastra bjarga. Á milli jarðföstu bjarganna er mjótt bil. Steinn lokar þessu bili að ofan. Gjótan sem við það myndast er opin til vesturs en lokað til austurs. Hún er um 0,5 m á lengd og 0,2 m á breidd en 0,3 m á hæð. Fleira grjót er ofan á gildrunni en það er mosagróið og sést ekki glöggt hvað er náttúrulegt og hvað hlaðið. Birkirunni er fast austan við og nánast ofan á gildrunni. Umfangið á mannvirkinu er 1,5x1,5 m og er það 0,4-0,5 m á hæð.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Fitjar, 4

BO-140:048 *Fjárhússtallar* örnefni fjárhús A: 389293 N: 443942

"Útan við Kotið [Fitjakot/Narfakot 033], upp af Skriðunum ... eru skógi vaxnir klettastallar nefndir Fjárhússtallar," segir í örnefnalýsingu. Fjárhússtallar eru 70 m norðvestan við Fitjakot 033 og 880 m norðvestan við bæ 001.

Fjárhússtallar eru bergstallar ofan við grónar skriður. Neðan við þá er grasi vaxið kúpt svæði. Nokkrar birkihríslur vaxa á því, næst brekkunni. Engin ummerki um fjárhús eða önnur mannvirki sjást á þessu svæði og virðist líklegasta skýringin að stallarnir dragi nafn sitt af fjárhúsum sem tilheyrðu Kotinu eða voru byggð þar eftir að hætt var að búa þar. Hulda Guðmundsdóttir, heimildamaður, kannaðist ekki við mannvirki sem gætu tengst þessu örnefni.

Heimildir: Ö-Fitjar, 4

BO-140:049 *Stöðulgil* örnefni kvíar A: 389687 N: 443479

"Rétt utan við túnið kemur niður smágil, sem heitir Stöðulgil, og vestan við það er Gildruás [046]," segir í örnefnaskrá. Á örnefnakorti sem Sigurgeir Skúlason gerði eru merkt bæði Ytra- og Innra-Stöðulgil sem bæði sjást. Svæðið við bæði gilin var gengið en líklegasti staðurinn er á grasflöt um 270 m norðvestur af bæ 001, um 35 m ofan við veg. Ekki sést til fornleifa.

Grasflötin er neðst í hlíð; lækjarspræna rennur neðan úr hlíðinni og framhjá flötinni. Á flötinni hefur verið plantað asparttrám og ofar í hlíðinni er skóglendi, bæði greni og náttúrulegt birki. Ofan við flötina, til norðurs, er brött hlíð en til suðausturs er lág brekka. Engar fornleifar eru sjáanlegar á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Fitjar, 5; Örnefnakort SS

BO-140:050 *Norðurvarða* varða óþekkt A: 389702 N: 444113



Varða BO-140:050, horft til suðausturs

"Vestur af þeim [Kúalágum] í brún, suður af Smyrlatjarnarhæðum, [...] er Norðurvarða," segir í örnefnaskrá. Varðan er um 850 m norður af bæ 001, um 290 m norðvestur af vörðu 053, á litlum klettastalli ofarlega í hlíðum Skorradalsháls.

Varðan er í gróðurlítilli og grýttri hlíð. Hlíðin er mosavaxin á köflum með lágu kjarri en þéttara kjarri er neðar í hlíðinni. Varðan er um 0,7 m á hæð og um 0,7-0,9 m í þvermál. Í henni eru um 4 umför og eru steinar lítilla skófum vaxnir. Ekki er vitað hvaða hlutverki varðan gegndi.

Hættumat: engin hætta



Varða BO-140:05, horft til VSV

hana. Varðan er hrunin og er mikil um sig. Ekki er ólíklegt að hér hafi verið smalabyrgi sem hafi verið hlaðið upp í vörðu eftir að það hrundi og/eða féll úr notkun og gæti það skýrt nafnið. Varðan eða þústin er 2,3 m á lengd og 2 m á breidd, snýr NNV-SSA. Hún er á klöpp í hlíðinni og er bratt fram af henni til VSV. Þústin er hæst um 0,8 m. Hleðslur eru hrundar en á ANA og VSV hliðum sjást 6-7 umför. Grjótið í hleðslunni er skófum vaxið, bæði holtagrjót og hellur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Fitjar, 5



Varða BO-140:052, horft til norvesturs

"Á hábrún milli giljanna, Sátugils og Kotagils, er Miðmorgunsvarða á smáhól," segir í örnefnaskrá. Varðan er um 895 m austur af bæ 001, aðeins neðan við hæstu brún á Skorradalsháls.

Varðan er á gróðurlitlum og grýttum hálsi. Varðan er um 0,5 m á hæð og um 1 m í þvermál, hlaðin úr köntuðu holtagrjóti. Grjót í vörðunni er lítillaga skófum vaxið og er varðan gróin í botninn. Í vörðunni eru um 4 umför en hleðslan er hrunin að hluta. Frá vörðunni sést vítt um dalinn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Fitjar, 5

BO-140:053 varða óþekkt

A: 389963 N: 443986



Varða BO-140:053, horft til suðurs

Vörðubrot er um 715 m norður af bæ 001, ofarlega í hlíðum Skorradalsháls á litlum stalli. Vörðubrotið er um 115 m suður af og í sjónmáli frá vörðu 034.

Varðan er í gróðurlítilli og grýttri brekku, mosavaxinni á köflum. Kjarr vex neðar í hlíðinni. Vörðubrotið er um 0,4 m á hæð og 0,7-0,8 m í þvermál, hlaðið úr fjórum steinum ofan á litlum klettastalli. Steinarnir eru lítillega skófum vaxnir. Ekki er vitað hvaða hlutverki varðan gegndi.


Hættumat: engin hætta

BO-140:054 tóft óþekkt

A: 389436 N: 443799



Tóft BO-140:054, horft til norðurs



Grjóthlaðið gerði er í skógarjarðri nærri Fitjakoti 033. Tóftin er um 680 m norðvestur af bæ 001, um 120 m suðaustur af Fitjakoti 033, rétt innan við skógarjaðar.

Tóftin er í grasi og mosagrónu rjóðri með hlíð til NNA. Furu og grenitrjám hefur verið plantað umhverfis og að hluta til inni í tóftinni. Skógurinn er gisnari til suðurs. Tóftin er grjóthlaðin, um 9,5 m á lengd og 9 m á breidd að utanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Hleðslur eru um 1 m breiðar og um 0,6 m háar þar sem þær eru hæstar, en víðast 0,2-0,4 m. Í þeim sjást 1-3 umför. Grjótið er víðast mosa og skófum vaxið, en sums staðar horfið í gras, einkum á um 4 m kafla við austurenda norðausturhliðar. Um 3,5 m breitt op er á austurenda suðausturhliðar. Í suðurhorni tóftarinnar er afmarkað hólfið, um 2,5 m á lengd og 2 m á breidd. Hleðslur sem afmarka hólfið eru 0,2-0,3 m háar og 50 cm breiðar, ein- eða tvöföld steinlög. Fjarlægð frá bæ og lögun tóftarinnar benda til þess að mögulega sé um stekk að ræða.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar



Brunnur BO-40:055, horft til suðvesturs

"Austan við kirkjuna [002] er Heygarður [011] og upp af því stykkir heitir Brunntunga," segir í örnefnalýsingu. Brunnur er í Brunntungu og hefur alltaf verið notaður fyrir neysluvatn á Fitjum að sögn Huldu Guðmundsdóttur, heimildamanns. Hann er um 80 m austan við bæ 001, neðarlega í túninu sem hallar til suðvesturs.

Brunnurinn er í sléttuðu túni. Búið er að girða í kringum hann í vatnsverndarskyni. Víðirunni er litlu suðvestan við hann og frá honum rennur vatnslæna niður á túnið í kverk á milli brekku í túni og hólranans sem bærinn,

kirkjan og heygarðurinn eru á. Brunnurinn var niðurgrafinn en ekki hlaðinn. Búið er að setja plastbrunn ofan í hann og er vatn leitt úr honum heim á bæ í núverandi íbúðarhús.

Hættumat: engin hætta

BO-140:056 Skothúseyri heimild um skotbyrgi


A: 386866 N: 445835

"Niður undan flötunum er eyri við vatnið, sem frá Háafelli er nefnd Langeyri, en heitir Skothúseyri," segir í örnefnaskrá. "Skothúsið var á vatnsbakkanum. Á vetrum, þegar ís var á vatninu var látið æti út á ísinn fyrir refi og legið svo í skothúsinu. Lítið sést fyrir þessu mannvirki nú [1971] aðeins smáhola í bakkann," segir í viðbótum og athugasemdum við örnefnaskrá. Á uppdretti sem fylgir örnefnaskrá Helga Benónýssonar er Skothúseyri merkt á svæði niður við vatnið sem er um 4 km norðvestan við bæ 001 og 280 m suðaustan við merkin á milli Fitja og Háafells BO-139. Þar segir að Skothúseyri heiti öðru nafni Fremrieyri. Á örnefnakort sem Sigurgeir Skúlason gerði af svæðinu er Skothúseyri merkt norðvestar, nær merkjunum á milli jarðanna. Það virðist vera röng staðsetning.

Skothúseyri/Fremrieyri er flöt og gróin, 15-20 m breið. Á henni vaxa nokkrar aspir en einnig lúpína og hvönn. Brött brekka eða bakki er upp af henni til norðausturs. Engin ummerki um skothús sjást á eyrinni. Ekki er ljóst hvort því hafi verið raskað eða hvort það sé horfið í gróður.

Heimildir: Ö-Fitjar, 7; Ö-Fitjar aths. og viðb., 1; Ö-Fitjar HB, 2,7; Örnefnakort SS

BO-141 Bakkakot



Minjar í heimatúni Bakkakots BO-141. Túngarðar eru sýndir með hvítri línu, mörk túna, eins og þau voru samkvæmt túnakorti frá árinu 1918, eru sýnd með svartri línu, leiðir með brotalínu og lækir með blárri línu.



Íbúðarhúsið í Bakkakoti, byggt 1931

10 hdr. 1707. Bakkakot byggðist á seinni hluta 17. aldar í heimalandi Fitja BO-140. Þá fylgdi skógarítak í Fitjahlíð og 30 hesta engi í Fitjaengjum og beitiland var óskipt. Bakkakot var selt undan Fitjum 1894. Jörðin fór úr byggð 1964 og er nú ríkiseign sem Skógræktin nýtir.

1918: 39.084 m² = 12 dagsl. 1/5 þýft. Garðar 516 m². "Bærinn í Bakkakoti er beint á mótum Fitjum, sunnan við Fitjaá, uppi undir norðurhlíð Botnsheiðar, sem er há og brött, víða grýtt og gróðurlítill, með holtum og móum og vallendisbrekkum á

stöku stað. Undirlendi er takmarkað. Heiðin er hér jafnlend og votlend, víða með holtum og hryggjum. Skógur er nú víða að koma upp í Bakkakotslandi, einkum vestan til. Sagt hefur verið, að ekki hafi annar skógur verið vöxtulegri í Skorradal en Bakkakotsskógur á fyrri hluta 19. aldar, en hann eyddist allur á þeirri öld." BB II, 222

BO-141:001 *Bakkakot* bæjarhóll bústaður

A: 389548 N: 442778

Gamli bærinn í Bakkakoti stóð nálega í miðju túni. Íbúðarhús á jörðinni sem byggt var 1931 var byggt 35-40 m norðvestar og stendur það enn. Á gamla bæjarhólnum voru hins vegar byggð fjárhús, skemma og hlaða eftir að hætt var að nota gamla bæinn og sjást enn talsverðar leifar mannvirkja á honum, fast ofan (sunnan við bíslóða sem liggur inn túnið



Bæjarstæðið í Bakkakoti 141:001, horft til norðurs



Skemman í bæjarröðinni sem óðum fýkur á brott


á þessum slóðum). Bakkakot fór í eyði árið 1964 og er ríkiseign sem Skógrækin nýtir.

Á þessum slóðum eru mjög aflíðandi tún sem hallar á köflum til norðurs. Barrtrjám, öspum og grenitrjám hefur verið pantað víða og allt túnið hefur verið plægt upp og því skemmt mikið. Túnið er nú í órækt og er á kafi í grasi. Hafist var handa við plöntun greni- og barrtrjáa í landi Bakkakots um 1970.

Í raun má nú tala um samfelldar minjar allt frá smíðakofa sem hangir enn (haustið 2010) uppi vestast á bæjarstæðinu og í um 40 m til austurs. Þær minjar sem sjást nú á yfirborði, þ.e. yngstu leifar

smíðakofa og fjárhúss, eru of ungar til að teljast til fornleifa samkvæmt lagalegum skilningi en eru engu að síður skráðar enda byggja þær á gömlum merg og voru byggðar og notaðar með mjög hefðbundnum hætti. Rústirnar standa nokkuð hátt og mætti kalla neðsta hluta svæðisins "vísi að bæjarhól". Ef þrengsta afmörkun er notuð má segja að svæðið sé um 40 X 17 m stór og snúi norðvestur-suðaustur. Hins vegar má segja að svæðið nái nokkuð lengra til suðurs og sé þá allt að 32 m að breidd. Eiginleg uppsöfnun er greinileg að norðan þar sem svæðið er allt að 2,5 m hærra en umhverfið. Aðrar hliðar eru hins vegar aflíðandi. Allar mannvistarleifar á "bæjarhólnum" eru hér skráðar undir sama númeri en hverju mannvirki gefinn bókstafur til aðgreiningar. Allra austast á svæðinu eru fjárhús A, sem byggð voru eftir að gamli bærinn leggst af. Austasta húsinu var reyndar ekki bætt við fyrir en eftir fjárskipti. Fjárhúsin hafa verið úr blönduðu efni en hafa líklega verið rifin þegar búskapur leggst af í Bakkakoti. Nú sjást leifar af húsi sem hefur verið um 10 X 12 m stórt. Enginn veggur er að sunnan og var bárujárnsþil þar. Í fjárhúsunum eru þrjár garðar og í garðanum sem er í miðið er steipt kindabað syðst. Vestasti garðinn er byggður upp við vesturvegginn en þar vestan við er hlaða B. Veggir fjárhússins eru úr torfi og grjóti og mis stæðilegir, mest um 2 m á hæð. Hlaðan er 8-9 X 14-15

m stór en er 12 X 4 m að innanmáli. Hún snýr norðaustur-suðvestur. Enginn veggur er að sunnan og hefur verið þil þar. Veggir hlöðunnar eru úr torfi og grjóti og hún er talsvert niðurgrafin en hún var með timburþili. Hleðsluhæð veggja er mest 1,5 m. Samkvæmt G. Ágústi Eiríkssyni (f. 1935), sem ólst upp frá 1938 í Bakkakoti var hæð hlaðinna hlöðuveggja svipuð og í fjárhúsum. Hlaða var niðurgrafin um 1-1,2 m Hlaðnir veggir í hlöðu náðu mest í um 3-3,2 m á hæð. Að baki (norðan við) hlöðunnar var súrheysgryfja. Norðvestan við hlöðu og fjárhús er aflíðandi svæði, C, sem er fagurgrænt og ræktarlegt og talsvert hærra en umhverfið norðar. Greinilegur veggur sem er um 7 m langur liggur þar sunnarlega og snýr norðvestur-suðaustur. Ummerki sjást beggja vegna við hann. Sunnan við hann standa járnteinar upp úr jörðinni sem líklega eru leifar byggingar á þessum slóðum. Norðar og norðaustar er svæði D sem áður er greint frá en samkvæmt ljósmynd sem til er af húsunum þarna var heystæði norðan og norðaustan við smíðahúsið, nyrst á bæjarstæðinu. Á þeim slóðum þar sem veggurinn er nú var 5 bása fjós sem sést á sömu ljósmynd og hefur það legið í beinu framhaldi af skemmu til suðausturs. Svæðið upp af fjósinu var nefnt Fjósatunga. Leifar af hleðslu sjást einnig 3 m suðvestan við bæ en það eru líklega leifar af kálgarði sem merktur er inn á túnakort frá 1918 og er skráður undir númerinu 015. Skemman/Smíðakofinn, E, er nú hálfur fokinn á brott. Hann var bárujárnsklædd timburbygging og standa enn leifar af suður- og vesturveggjum hans. Innandyra er enn hluti af innréttingu, smíðaborð og einhver smíðatól ásamt ýmsu drasli.



Teikning sem sýnir minjar á bæjarhól Bakkakots BO-141:001


Norðvestan við hlöðu og fjárhús er aflíðandi svæði, C, sem er fagurgrænt og ræktarlegt og talsvert hærra en umhverfið norðar. Greinilegur veggur sem er um 7 m langur liggur þar sunnarlega og snýr norðvestur-suðaustur. Ummerki sjást beggja vegna við hann. Sunnan við hann standa járnteinar upp úr jörðinni sem líklega eru leifar byggingar á þessum slóðum. Norðar og norðaustar er svæði D sem áður er greint frá en samkvæmt ljósmynd sem til er af húsunum þarna var heystæði norðan og norðaustan við smíðahúsið, nyrst á bæjarstæðinu. Á þeim slóðum þar sem veggurinn er nú var 5 bása fjós sem sést á sömu ljósmynd og hefur það legið í beinu framhaldi af skemmu til suðausturs. Svæðið upp af fjósinu var nefnt Fjósatunga. Leifar af hleðslu sjást einnig 3 m suðvestan við bæ en það eru líklega leifar af kálgarði sem merktur er inn á túnakort frá 1918 og er skráður undir númerinu 015. Skemman/Smíðakofinn, E, er nú hálfur fokinn á brott. Hann var bárujárnsklædd timburbygging og standa enn leifar af suður- og vesturveggjum hans. Innandyra er enn hluti af innréttingu, smíðaborð og einhver smíðatól ásamt ýmsu drasli.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Túnakort 1918

BO-141:002 tóft útihús/kálgarður

A: 389455 N: 442737



Tóft/kálgarður BO-141:002, horft til norðausturs

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1918 tæpum 80 m suðvestan við bæ 001. Húsin hafa staðið efst (suðvestast) í túninu á stykki sem nefnt var Upptún. Óljósar leifar sjást enn á þessum stað. Á svolitlum stalli efst í túni en fast ofar (suðvestar) tekur við þéttur barrskógur. Umhverfis eru mjög aflíðandi tún sem hallar á kafla til norðurs. Barrtrjám, öspum og greintrjám hefur verið pantað víða og allt túnið hefur verið plægt upp og því skemmt mikið. Túnið er nú í órækt og er á kafi í grasi. Hafist var handa við plöntun greni- og barrtrjáa í landi Bakkakots um 1970.

Á þessum stað er greinilegur rústahóll í túninu. Ummerkin eru á svæði sem er 18 X 16 m stórt og snýr norðvestur-suðaustur. Greinilegt er að rúst á þessum stað hefur verið rutt út. Þar voru fjárhús fyrir 40-60 kindur en síðar gerður kálgarður á sama stað. Lítil greinileg ummerki má sjá en þó er greinilegur veggur norðaustur-suðvestur en hann var hlaðinn úr tóftinni til að þurfa ekki að fjarlægja grjótið. Veggurinn er grjóthlaðinn og um 16 m á lengd. Aðrir veggir eru meira og minna hrundir og á kafi í grasi. Þrátt fyrir að tóftin sé úthrunin og á kafi í gróðri má gróflega átta sig á lagi hennar. Hún virðist hafa verið L-laga og hefur suðurhliðin verið lengri en sú austari. Svöltil brekka er fram af tóftinni til NNA.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Túnakort 1918

BO-141:003 heimild um útihús

A: 389616 N: 442686

Inn á túnakort frá 1918 er merkt útihús um 80 m suðvestan við bæ 001, fast utan við túnjaðar eins og hann var þá. Á þessum slóðum er nú þéttur trjágróður og því ógjörningur að finna nákvæma staðsetningu hússins enda eru allar sýnilegar leifar nú vafalítið horfið í trjárækt.

Engar leifar fundust um húsið en annað hús fannst á svipuðum slóðum (sjá 021). Mögulegt er að húsið sem merkt er inn á túnakort sé einfaldlega 021 en merking þess er þó of suðvestarlega til að það passi vel við kortið og því skráð sérstaklega á þeirri staðsetningu sem gefin er upp á túnakortinu.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Túnakort 1918

BO-141:004 heimild um kvíar

A: 390193 N: 442756

"En ofan við Kvíafoss og neðan við Kjúkufoss voru hafðar kvíar á grasbletti þar sem ær voru mjaltaðar, en lömb voru geymd í Lambahelli [005] sem er smáskúti við ána utan í Bakkakotsmel," segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað hvar kvíarnar voru nákvæmlega á milli fossanna en líklegur staður er nær Kjúkufossi en Kvíafossi, um 100 m austan við Lambahelli 005 og 650 m austan við bæ 001.

Þar er flatlend, grasi gróin flöt undir lágri brún nærri Fitjaá. Jarðvegshryggur er vestan við flötina og myndast kverk á milli hans og brúnarinnar sem er ágætt náttúrulegt aðhald. Mikið af lúpínu vex allt í kringum flötina. Engar minjar um kvíar sjást á yfirborði og óvíst að þarna hafi verið eitthvað varanlegt mannvirki.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Bakkakot, 1



Lambahellir BO-141:005, horft til suðurs


til suðurs hjá hellinum. Hellisskútinn er lítill og mjókkar inn. Hann er 3-4 m á lengd, utast er hann 2 m á breidd og mjókkar svo í trekt inn í enda þar sem hann er 0,6 m á breidd. Þar er hann um 0,6 m á hæð en hækkar eftir því sem utar dregur. Engar hleðslur eru sýnilegar framan við skútann og ætla má að timburgrind hafi verið notuð til að loka honum. Hægt hefur verið að skorða hana í sprungu vestan við op inn í skútann.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Bakkakot, 1

"En ofan við Kvíafoss [004] og neðan við Kjúkufoss voru hafðar kvíar á grasbletti þar sem ær voru mjaltaðar, en lömb voru geymd í Lambahelli sem er smáskúti við ána utan í Bakkakotsmel," segir í örnefnaskrá. Lambahellir er 550 m austan við bæ 001, fast sunnan við Kvíafoss. Við Kvíafoss eru móbergsklettur. Austast í þeim er Lambahellir. Ef komið er að hellinum úr austri er fremur tæg gata á milli árinna og klettanna en einnig er hægt að komast að hellinum af klettum sem eru vestan við hellinn þó að það sé bratt.

Gróið er í hellisskútanum. Framan við hann er nokkuð flöt klöpp og stutt í ána. Hún sveigir inn



Bakkakotsrétt BO-141:006, horft til norðausturs

"Austan við Farveginn og túnið er grund, sem heitir Réttargrund, þar var aðrekstrarrétt," segir í örnefnaskrá. "Fyrir austan Bakkakotstún er skilarrétt Fram-Skorrdæla, Bakkakotsrétt," segir enn fremur í Byggðum Borgarfjarðar. Skilarréttin er frá því eftir fjárskiptin 1950-51 þegar nýtt fé kom frá Vestfjörðum á bæi Framdalsins. Bakkakotsrétt er um 200 m ASA við bæ 001 fast neðan (norðan) við bíslóða sem liggur inn túnið í Bakkakoti. Réttin var rétt utan (austan) við tún.

Réttin er á sléttri flöt utan við tún. Réttin var notuð fram til 2002 og var síðasta skilarétt svæðisins. Árið 2002 var girt á heiðinni og féll því réttin úr notkun. Undir það síðasta var réttin úr grjóti og timbri en áður hafði hún verið alveg grjóthlaðin. Nú er réttin aðeins svipur hjá sjón enda hefur mikið af grjótinu í henni verið fjarlægt og öllu timbri verið rutt út. Hlið liggja í bunkum innan réttarveggja og utan og mikið af timbur- og járnrusli er suðvestan réttar. Það sem eftir stendur er U-laga hleðsla, opin til norðurs. Þar sem norðurveggur hefur verið stendur enn hluti af dyrabúnaði/leifar hliðs. "Hólfinu" sem enn sést er ekki skipt upp. Hleðslurnar eru 18 X 14 m að stærð og snýr hólfið NNV-SSA. Réttin er hlaðin úr grjóti en réttin er talsvert gróin nema að innanverðu að sunnan og vestan. Vesturveggur réttarinnar nær lengra til norðurs en austurveggurinn. Veggir eru rúmlega 1 m á hæð en eru 1,5-1,8 m á breidd.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Bakkakot og BB II, 222

BO-141:007 *Selflóahryggur* örnefni sel A: 387488 N: 441413

"Vestur af Mósu er dalverpi sem heitir Hvítidalur. Þegar kemur hér upp á hálsinn [heiðina] tekur við víðáttumikill flói, sem heitir Selfló, nær hann vestur að Selflóahrygg sem skiptir flóanum í Eystri- og Vestri-Selflóa, sá vestri er í Vatnshornslandi en sá eystri í Bakkakotslandi. Þessi Selflóahryggur er stundum nefndur Merkjahryggur eða jafnvel Vegahryggur [Síldarmannagata 651:003 liggur yfir hann]," segir í örnefnaskrá. Selörnefnin sem hér eru nefnd ná yfir stórt svæði og tilheyra Bakkakoti, Grafardal og Vatnshorni. Ekki eru þekktar seltóftir á þessu svæði og engar fundust við vettvangsleit austan við Selflóahrygg sem er 2,5 km suðvestan við Bakkakot 001 og 2,3 km suðvestan við Vatnshorn 144:001. Við yfirferð loftmynda á úrvinnslustigi fannst líklegur staður fyrir sel um 2,3 km norðan við Tvívörður 012 og 2,5 km suðvestan við Bakkakot 001. Þar er grænn blettur en ekki sjást útlínur tófta. Blautar mýrar eru innan um þurr holt á þessu svæði í heiðinni.

Heimildir: Ö-Bakkakot, 2

BO-141:008 varða

A: 387125 N: 439250



Varða BO-141:008, horft til suðvestur

Nyrst á Tvívörðuhæð, sjá 012, er stór og stæðileg hringhlaðin varða sem er merkt sem landmælingavarða frá 1959. Hún er ekki orðin fornleif en ekki þótti annað fært en að skrá hana.

Tvívörðuhæð er mosavaxin og grýtt hæð í gróinni heiði. Varðan er hringhlaðin úr eggjagrjóti. Hún er um 1,3 m í þvermál og 1,7 m á hæð. Í henni sjást 10-15 umför. Varðan er skófum vaxin. Á norðanverðri vörðunni er merking frá Landmælingum Íslands.

Hættumat: engin hætta

BO-141:009 heimild um landamerki A: 387415 N: 441469

"Landamerki milli Bakkakots og Vatnshorns eru: Úr síkiskjaftinum niður við Fitjaá bein lína í Bergþórsklett, úr honum í vörðu á Vegahrygg [sjá Síldarmannagötu 651:001], sem skilur eystri og vestri Selflóa. Úr þeirri vörðu (móts við Grafardal) bein sjóhending í Stóra-Þvergisfoss [...]," segir í landamerkjaskrá frá 1922. Upplýsingum úr landamerkjaskránni var bætt inn í svæðisskráninguna eftir að vettvangsvinnu lauk 2016 og var vörðunnar á merkjum milli Bakkakots og Vatnshorns ekki leitað. Vitað er hvar Vegahryggur eða Selflóahryggur er og á

honum austast má af loftmyndum óljóst greina punkt þar sem varðan kann að vera en ekki verður úr því skorið án þess að fara á staðinn. Vegahryggur er 2,4 km norðan við Tvívörður 012.

Heimildir: Landamerkjabók I, nr. 3

BO-141:010 garðlag óþekkt

A: 389554 N: 442865



Garðlag BO-141:010, horft til SSA

Einföld hleðsla er um 65 m NNV við bæ 001 og um 30 m beint neðan við (NNA) við íbúðarhúsið í Bakkakoti sem byggt var árið 1931. Garðlagið var áður númer 022 í skýrslunni Í túninu heima FS483-10021 sem kom út 2012.

Á þessum slóðum eru mjög aflíðandi tún sem hallar á köflum til norðurs. Barrtrjám, öspum og grenitrjám hefur verið pantað víða og m.a. aðeins í garðinn. Allt túnið hefur verið plægt upp og því skemmt mikið. Túnið er nú í órækt og er á kafi í grasi. Hafist var handa við plöntun greni- og barrtrjáa í landi Bakkakots um 1970. Hleðslan um 18 m á lengd og snýr NNA-SSV. Hún er 1,5-2 m á breidd en allt að 0,5 m á hæð. Hún er á kafi í gróðri. Mögulegt er að hún tengist kartöflurækt á þessum slóðum en Sæbjörg Eiríksdóttir, heimildamaður, man eftir yngri kálgarði á þessum slóðum en taldi að ekki hafi verið hlaðið um hann.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

BO-141:011 garðlag túngarður

A: 389430 N: 442744



Túngarður BO-141:011, horft til norðurs

Í vesturjaðri túns á Bakkakoti er hryggur um 100 m vestan við bæ 001. Þessum garði var ýtt upp um 1950 til að flóð í Bakkakotsgili færi ekki yfir túnið og telst hann því ekki til fornleifa í hefðbundnum skilningi en er hafður með í fornleifaskrá þessari þar sem víðari skilgreining er notuð við skráningu á búsetuminjum á eyðijörðunum en ella. Fast vestan við hrygginn er skurður eða lækur og garðurinn er á mörkum túns eins og þau eru sýnd 1918. Garðlagið var áður númer 023 í skýrslunni Í túninu heima FS483-10021 sem kom út 2012.

Á þessum slóðum eru mjög aflíðandi tún sem hallar á köflum til norðurs. Barrtrjám, öspum og grenitrjám hefur verið pantað víða. Allt túnið hefur verið plægt upp og því skemmt mikið. Túnið er nú í órækt og er á kafi í grasi. Hafist var handa við plöntun greni- og barrtrjáa í landi Bakkakots um 1970. Hryggurinn er mosa- og grasivaxinn og hefur talsvert af trjám verið plantað í hann. Hann er rúmlega 100 m

langur, mest 0,8 m á hæð en frá 1,2 m til 2,5 m á breidd.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar



Vörður BO-141:012A og B (vinstri), horft til vesturs og 012B (hægri), horft til suðurs. Neðst í vörðu B má sjá hól sem nefnt er í lýsingu

"Á Tvívörðuhæðum eru Tvívörður," segir í örnefnaskrá. "Að austan ræður merkjum milli Bakkakots og Fitja bein lína úr suðurmynni Laugadals í Tvívörður," segir í landamerkjaskrá frá 1922. Tvívörður voru einnig á hreppamörkum milli Skorradalshrepps og Hvalfjarðarstrandarhrepps eins og sjá má á Herforingjaráðskorti 36 SV frá 1911. Vörðurnar eru við Síldarmannagötur 651:003 og hafa einnig verið vegvísir. Tvívörður eru syðst á Tvívörðuhæð, um 150 m suðvestan við mælingavörðu 008.

Tvívörðuhæð er mosavaxin og grýtt hæð í gróinni heiði. Á milli varðanna er um 12 m, þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Varða A er suðvestan við vörðu B. Hún er hringhlaðin og er um 1,2 m í þvermál. Varðan er 1,4 m á hæð og er skófum vaxin. Í vörðunni má greina um 20 umför hleðslu en hún er hlaðin úr þunnu hellugrjóti eins og varða B. Varða B er ferköntuð og er 1,2x1 m að grunnfleti, snýr austur-vestur. Hún er 1,3 m á hæð og í henni eru 16-20 umför. Neðarlega á norðurhlið er e.k. hól í vörðunni sem er 0,3 m á kant og dýpt. Ekki er ljóst hvaða tilgangi það þjónaði.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Bakkakot; Landamerkjabók I, nr. 78; Herforingjaráðskort 36 SV

BO-141:013 hús hesthús

A: 387047 N: 439115



Útihús BO-141:003, horft til austurs. Hesthúsið var fyrir 6-8 hesta, byggt eftir 1950

Útihús úr blönduðu efni standa enn undir þaki um 60 m innan og ofan (sunnan) við bæ 001. Húsið er ekki merkt inn á túnakort frá 1918 og er sjálfsagt yngra. Það er þó byggt að fornri hefð og er því talið með fornleifum þó líklega teljist það ekki til fornleifa samkvæmt lögum. Húsið var áður númer 021 í skýrslunni Í túninu heima FS483-10021 sem kom út 2012.

Á þessum slóðum eru mjög aflíðandi tún sem hallar á köflum til norðurs. Barrtrjám, öspum og grenitrjám hefur verið pantað víða og allt túnið hefur verið plægt upp og því skemmt mikið. Túnið er nú í órækt og er á kafi í grasi. Hafist var handa við plöntun greni- og barrtrjáa í landi

Bakkakots um 1970. Húsið er í suðausturhorni rjóðurs. Tré hafa verið gróðursett um 2 m frá suður- og austurhlið en aðeins lengra er í trjágróður frá öðrum hliðum hússins. Húsið er um 6 X 5,5 m að stærð og snýr VNV-ASA. Það var fyrri 6-8 hesta og var byggt í kringum miðja 20. öld. Útveggir hússins eru úr torfi og grjóti með timburgrind en timburpil sem hangir að mestu uppi er þó að vestan. Dyr eru nyrst á þilinu en líka á norðurhlið þess. Torfveggir hússins eru mest 1,5 m háir og eru á kafi í grasi. Húsið er einfalt og skiptist ekki upp í hólf. Bárújarni hefur verið staflað innan þess. Timburgrind hússins er tvöföld og hvílir þakið, sem er flatt, á henni. Hvoru tveggja er að hrúni komið og veggir hafa að talsverðu leyti hrúnið inn í tóftina.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

BO-141:014 *Fornistekkur* örnefni stekkur A: 389100 N: 442638

"Hjalli vestan við Vegagilsfoss í Vegagili [651:011] er nefndur Fornistekkur. Ekki sést þar fyrir rúst nú, en þarna gæti hafa verið stekkur frá Fitjum," segir í viðbótum og athugasemdum við örnefnaskrá. Vegagilsfoss er um 450 m suðvestan við bæ 001. Stórt svæði vestan við fossinn var gengið án þess að nokkur ummerki um stekk fyndust. Örnefnið er nokkuð hátt uppi í hlíðinni ef marka má lýsinguna og ólíklegur staður fyrir stekk. Þar er hlíðin að mestu gróin en neðar í hlíðinni er mikil skógrækt og lúpínugróður.

Heimildir: Ö-Bakkakot, aths. og viðb., 1

BO-141:015 hleðsla rétt/kálgarður A: 389545 N: 442770



Hleðsla BO-141:015, horft til VNV

Inn á túnakort frá 1918 er merktur stór kálgarður sunnan við bæ 001 og hefur einungis heimreiðin 017 verið á milli. Á þessum stað sjást hleðsluleifar fast ofan (sunnan) við rústirnar sem eru þar sem gamli bærinn stóð. Hleðslan er um 8 m löng og er stæðileg grjóthleðsla. Samkvæmt Huldu Guðmundsdóttir var hún af rétt sem var á 20. öld byggð á sama stað í tengslum við fjárhúsin sem risu á bæjarstæðinu eftir að flutt var í nýja húsið. Um 1940 var kálgarðurinn fluttur austur á túnið.

Á þessum slóðum eru mjög aflíðandi tún sem hallar á köflum til norðurs. Barrtrjám, öspum og grenitrjám hefur verið pantað víða og allt túnið hefur verið plægt upp og því skemmt mikið. Túnið er nú í órækt og er á kafi í grasi. Hafist var handa við plöntun greni- og barrtrjáa í landi Bakkakots um 1970.

Kálgarðurinn hefur verið fast sunnan við gamla bæinn. Þar er nú fremur slétt svæði suður að brekkurótum. Ofarlega (sunnarlega) á þessu svæði eru nokkur grenitré. Leifarnar

sem nú sjást eru af réttinni sem þarna stóð síðast. Hleðslan er um 8 m á löng og snýr norðvestur-suðaustur. Hún var hlaðin upp sem réttarvegur og var 1.60-1.70 m á hæð. Hleðslan er hlaðin úr stórum grjóthnullungum og er 1,2 m á breidd en 0,4 m á hæð. Sjálfur kálgarðurinn hefur líklega náð í um 18 m til suðurs ef tekið er mið af gróðurfari á þessum slóðum sem er mun ræktarlega þar en sunnar.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Túnakort 1918

BO-141:016 heimild um leið

A: 389537 N: 442735

Inn á túnakort frá 1918 er merkt gata sem legið hefur NNV-SSA um allt túnið austan við bæ 001 og hefur angi frá henni verið heimreiðin að bænum (sjá 017). Gatan hefur legið niður túnið (til NNA) en var horfin þegar Sæbjörg Eiríksdóttir, heimildamaður, man eftir sér. Samkvæmt túnakortinu lá þá lækur niður túnið fast austan götunnar en hann er nú uppþornaður og gróinn (en eystri lækurinn sem merktur er inn á túnakortið og myndaði tungu með þeim vestari sést enn).

Á þessum slóðum eru mjög aflíðandi tún sem hallar á köflum til norðurs. Barrtrjám, öspum og grenitrjám hefur verið pantað víða og allt túnið hefur verið plægt upp og því skemmt mikið. Túnið er nú í órækt og er á kafi í grasi. Hafist var handa við plöntun greni- og barrtrjáa í landi Bakkakots um 1970. Engar leifar gatnanna sjást lengur í túninu.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Túnakort 1918

BO-141:017 heimild um leið

A: 389540 N: 442761

Inn á túnakort frá 1918 er merkt heimreið frá leið 016 og til vesturs að bæ 001. Leiðin hefur legið austur-vestur fast ofan við bæ 001, milli bæjar 001 og kálgarðs 015.

Á þessum slóðum eru mjög aflíðandi tún sem hallar á köflum til norðurs. Barrtrjám, öspum og grenitrjám hefur verið pantað víða og allt túnið hefur verið plægt upp og því skemmt mikið. Túnið er nú í órækt og er á kafi í grasi. Hafist var handa við plöntun greni- og barrtrjáa í landi Bakkakots um 1970. Engin merki um traðirnar sjást lengur.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Túnakort 1918

BO-141:018 heimild

A: 389598 N: 442670

Inn á túnakort frá 1918 er merktur ferhyrnt mannvirki, mögulega útihús eða kálgarður. Ferningurinn er hins vegar hvorki merktur sem garður eða hús og mögulegt er að þarna hafi aðeins verið lítill túnskiki. Þetta er rúmlega 80 m SSA við bæ 001, fast utan við túnjaðar.

Á þessum slóðum er geysipéttur barrskógur svo að nærri ómögulegt er að brjóta sér leið í gegnum landið eða leita að fornleifum. Hafi verið eiginlegt mannvirki á þessum slóðum er það nú illgreinanlegt og mikið skemmt en engar vísbendingar fundust um það við vettvangsskráningu.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Túnakort 1918


BO-141:019 tóft hesthús

A: 389657 N: 442707

Lítill tóft er um 120 m ASA við bæ 001. Á þessum stað var hesthús samkvæmt Sæbjörgu Eiríksdóttur heimildamanni. Hesthústóftin stendur enn nokkuð vel þó þakið sé fallið inn. Húsið er á grasi vaxinni hæð í túninu þar sem talsvert þéttur skógur vex nú. Mjög þéttur barrskógur er fast austan og sunnan við tóftina. Túnnum Bakkakots hallar til norðurs.

Hesthústóftin er 6 x 5,5 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Húsið var hlaðið úr torfi og grjóti með timburgrind. Þak þess hefur nú fallið inn í tóftina og því er erfitt að greina hvernig umhorfs hefur verið innandyra. Ofan í tóftinni eru járnplötur og torf úr þaki, allt á kafi í gróðri. Tóftin hefur líklega verið einföld og op vestast á norðvesturvegg.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar



Hesthúsatóft BO-141:019, horft til ASA

BO-141:020 *Hrossabeinahæð* örnefni

A: 389548 N: 442220

"Að austanverðu við Bakkakotsgil í brún er svonefnd Hrossabeinahæð og þar hjá eru Hrossaketshólar. Heldur Guðmundur að þessi nöfn séu dregin af að þarna hafi verið soðið ket til ljósa," segir í örnefnaskrá. Í athugasemdum og viðbótum segir: "Hrossaketshólar eru klapparhólar og mosavaxin urðarhrúga niðri á jafnlendi. Eru þeir fyrir austan Bakkakotsbæinn, upp af Kvíafossi. Stefán heitinn á Fitjum taldi, að Hrossaketshólarnir beri þetta nafn, af því að hrossum hafi verið lógað þarna og kjötið urðað." Hæðin er um 560 m sunnan við bæ 001, litlu vestan við Gráhól og línuveg sem liggur eftir Breiðastalli fast austan við Bakkakotsgil. Á milli Kvíafoss (sjá 005) og Hrossabeinahæðar er skógrækt og mikil lúpínubreiða og má ætla að Hrossaketshólar séu á því svæði.

Hrossabeinahæð er grýttur og mosagróinn klapparhóll í brekku sem hallar til norðvesturs. Engin mannaverk eru sýnileg á hæðinni. Hrossaketshólar eru neðar í landinu en ekki reyndist unnt að staðsetja þá vegna mikils gróðurs; trjáræktar og lúpínu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Bakkakot, 3

BO-142 Sarpur



Minjar í heimatúni Sarps BO-142. Mörk túna, eins og þau voru samkvæmt túnakorti frá árinu 1918, eru sýnd með svartri línu, leiðir með brotalínu og lækir með blárri línu.

16 hdr. 1707. Skv. Laxdæla sögu var Sarpur sel frá Vatnshorni BO-144. ÍF V, 184-90. Fitjakirkjueign frá því fyrir 1575 (en eftir 1397). Jarðarinnar er getið í handriti frá 1599. JS 143 4to, 218-220. Búskap lauk 1970. Sarpur er nú ríkiseign sem Skógræktin nýtir.

1918: 28.622 m² = tæpar 9 dagsl. 2/3 þýft. Garðar 1028 m². "Hér hækkar dalurinn og þrengist, með ánni eru sums staðar grónar eyrar, en annars holt niður undir á, hlíðarnar eru með vallendisbölum og mýrardrögum og holtum og hryggjum á milli. Á hálsinum eru víða flóar og mýrarsund með melum og holtum á milli. Skógarkjarr hefur verið að koma upp út frá bænum síðustu 50 árin, en land var orðið með öllu skóglaut." BB II, 238



Gamla heimatún Sarps, horft til suðurs

BO-142:001 Sarpur bæjarhóll bústaður

A: 391109 N: 442450




Bæjarhóll Sarps BO-142:001, horft til ASA

"Gamli bærinn stóð miklu austar en núverandi íbúðarhús," segir í örnefnaskrá. Íbúðarhúsið sem nú stendur í Sarpi er um 1,3 km austan við Fitjar. Það er steinsteypt íbúðarhús með kjallara en hefur ekki verið í notkun frá því um 1980. Gamli bærinn var um 170 m austan við íbúðarhúsið sem byggt var 1938. Bærinn fór í eyði árið 1970.

Gamli bærinn var á grasi gróinni hæð. Nú hefur trjám verið plantað í bæjarhóllinn en þó í enn meira mæli umhverfis hann. Bæjarlækur rennur fast vestan við bæjarhóllinn, milli hans og annars minni hólsvestur. Lítil klettur er fast austan við hólinn. Svólítið af öspum er í hólnum. Túnin umhverfis eru í halla til suðurs, að Fitjaá.

Fast neðan við þar sem bærinn stóð má sjá leifar kálgarðs 021 en götur hafa verið neðan hans. Á túnakorti frá 1918 má þó sjá að götur hafa verið norðar, þ.e. milli kálgarðs og bæjar. Helst er að giska á að inngangur hafi verið í gamla bæinn að sunnanverðu. Engar tóftir sjást þar sem gamli bærinn stóð en bæjarhóll er greinilegur. Hann er um 20 X 25 m að stærð og snýr ASA-VNV. Brúnir hólsvestur eru mjög aflíðandi nema að sunnan þar sem um 1,5 m eru frá hóltoppi niður í kálgarðsbotn. Í raun mætti kannski segja að bæjarhóllinn nái yfir enn stærra svæði eða allt svæðið þar sem kálgarðurinn er. Ef sú mæling er



notuð telst hann 25 X 40 m stór og snýr NNA-SSV.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Túnakort 1918; Ö-Sarpur, 1-2; ÍF V, 191-92.

BO-142:002 tóft fjós

A: 391091 N: 442474



Fjóstóft BO-142:002, horft til VNV

"Þar niður með læk [vestan við Rauðukamba] fyrir vestan heygarðinn, var slétt og sjálfgerð flöt, sem hét Dúkur ... ofan við fjósið og heygarðinn, niður af Harðhaus, voru kallaðar Fjósaflatir," segir í örnefnaskrá. "Ofan við fjósið og heygarðinn [002], niður af Harðhaus, voru kallaðar Fjósaflatir," segir í örnefnaskrá. Í viðbótum og athugasemdum segir: "Fjósatunga var nefnd spildan frá heygarðinum og fjósinu og niður undir Kálgarðsflatir, en þær eru neðan við Kálgarðinn og beggja vegna við hann niður að Veitu," Um 8 m vestan við bæjarlæk er

tóft á hæð sem hefst til vesturs þar sem bæjarhólnum sleppir. Tóftin er merkt sem heytóft inn á túnakort frá 1918. Ekki er óhugsandi að bænhús (sjá 019) gæti hafa verið á svipuðum slóðum og þessi tóft.

Ræktarleg hæð við hliðina á bæjarhól. Gatan að bænum lá fram hjá þessari tóft og bæjarhólnum rétt sunnan við þær báðar.

Tóftin er 6 X 4 m að stærð og snýr NNA-SSV. Hún er einföld og op er á suðvesturhlið hennar miðri. Tóftin er stæðileg, 1,5 m á hæð en á kafi í grasi. Hún er talsvert niðurgrafin þannig að ytri brún veggja er aðeins 0,3 m frá yfirborði. Þak hefur hrunið inn í tóftina og því er erfitt að greina innra lag. Norður- og vesturveggir eru hæstir. Guðrún Hannesdóttir, heimildamaður, segir fjós og heygarð á þessum stað en sú litla bygging sem þarna sést nú (2010) er þá líklega fjósið en heygarðurinn norðar. Engin ummerki sjást norðan við tóftina en talsverður, ræktarlegur hóll er á þessum slóðum og ekki ólíklegt að frekari mannvistarleifar kunni að leynast undir sverði. Hóllinn sjálfur er um 30 X 25 m stór og snýr norðaustur-suðvestur.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar


Heimildir: Túnakort 1918; Ö-Sarpur, 6

BO-142:003 Fjárhúshóll þúst fjárhús

A: 390943 N: 442463



Hleðslur úr fjárhúsi BO-142:003, horft til norðvesturs



"Þar sem bærinn stendur nú, heitir Fjárhúshóll. Þar eru einnig öll útihúsin. Fjárhúsin eru austan við bæinn. Kringum þau heitir Húsátún." Fjárhúsin frá Sarpi 001 voru samkvæmt túnakorti frá 1918 um 165 m vestan við bæ 001. Þau hafa verið um 10 m austan við yngra íbúðarhús byggt 1938. Fjárhúsin hafa nú að mestu verið jöfnuð við jörðu. Samkvæmt túnakort frá 1918 stóðu húsin þá í stakstæðum túnskika ásamt kálgarði 022 og óræðri byggingu 023.

Á þessu svæði er þýft graslendi með þyrpingum af lauf- og barrtrám hér og þar. Þrjú barrtré eru suðvestan við svæðið og þrjú barrtré VNV við það. Svæðið sem fjárhúsin stóðu á er um 22 m á lengd, um 20 m á breidd og snýr NNA-SSV. Aðeins einn grjóthlaðinn L-laga veggur er uppistandandi og er hann um 2 m á breidd, um 12 m á lengd og 1-1,8 m á hæð. Lengri hlið hans er um 7 m á lengd og snýr VNV-ASA. Við VNV-enda veggjar er rétt horn og heldur veggurinn áfram um 5 m í NNA og myndar þannig L. Í veggnum eru grjóthleðslurnar til SSV og sjást 3-6 umför. Veggurinn er grasgróinn að NNA. Við VNV enda hans eru 3 stór lauftré. Ekki er ljóst hvort veggurinn er hluti af gömlu fjárhúsunum eða seinni tíma hleðsla. Þar sem gömlu fjárhúsin stóðu, vestan og suðvestan við grjótvegginn er þýft og upphleypt graslendi sem stendur 0,2-0,5 m hærra en umhverfið og ekki er ólíklegt að leifar af grunni þeirra leynist undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Túnakort 1918; Ö-Sarpur, 2

BO-142:004 hleðsla rétt

A: 391958 N: 441981



Hleðsla BO-142:004, horft til norðurs

"Móts við Miðfossinn [í Fitjá] er klettabyrgi undir fossberginu, sennilega gamalt innrekstrarbyrgi," segir í örnefnaskrá. Um byrgið segir einnig í viðbótum og athugasemdum við örnefnaskrá: "Byrgið var við ána, undir kletti. Þar eru rústir eftir. Þetta mun hafa verið smalabyrgi. Það var við Þrífossa." Miðfoss er einn Þrífossa. Byrgið er undir klettum rétt við Miðfossinn, á merkjum Sarps og Efstabæjar (BO-143), um 970 m ASA af bæ 001.

Klettarnir niðri við fossinn eru 3-5 m háir. Klöpp er undir klettunum með litlum lyng- og mosagróðri auk lúpínu. Greni- og furuskógur vex ofan við kletta

en grýtt er neðan við meðfram ánni.

Byrgið er um 5 m ofan við fossinn. Það er U-laga, um 3 m á hverja hlið og snýr norðvestur-suðaustur með opið á suðausturhlið. Byrgið er afmarkað af stórgrýti og virðist að miklu leyti náttúrulegt en hugsanlega hefur verið bætt við grjóthleðslu, einkum á norðausturhlið. Hæð byrgisins er 0,3-1,5 m. Klöpp inni í byrginu hallar til suðausturs. Óvíst er hvert hlutverk byrgisins er. Staðsetning þess er óhentug fyrir smalabyrgi þar sem útsýni frá því er takmarkað en miðað við núverandi aðstæður væri einnig líklega mjög erfitt að reka að byrginu. Ekki er útilokað að staðurinn sem hér er lýst sé ekki byrgið sem nefnt er í textanum en ekkert annað líklegt byrgi fannst við Þrífossa.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Sarpur, 1; Ö-Sarpur aths, 1

BO-142:005 *Byrgismói* heimild um rétt


A: 391791 N: 442168

"Niðri við ána, utan við Þrífossana, er smámói, sem heitir Byrgismói. Réttin [004], sem fyrr var nefnd var þar við ána," segir í örnefnaskrá. Byrgi 004 er ekki nefnt sem rétt í örnefnaskránni en réttin í Sarpi var hins vegar um 780 m vestur af Byrgismóa og því líklega að átt sé við klettabyrgið í lýsingunni. Vegur sem liggur eftir dalnum fer yfir Byrgismóa. Svæðið er um 740 m VNV af bæ 001 og 250 m NV af byrgi 004 við Þrífossa.

Byrgismói er lyngmói með lúpínubreiðum og birkikjarri. Barrtrjám hefur verið plantað í hluta móans, einkum suður og austurhluta. Stórgrýti er á stöku stað. Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði. Örnefni vísar hugsanlega til byrgis 004.

Hættumat: engin hætta**Heimildir:** Ö-Sarpur, 2**BO-142:006** *Kvíafoss* tóft kvíar

A: 391024 N: 442276



Kvíar BO-142:006, horft til ASA

"Nokkru neðar í ánni, beint niður af túninu, er stærri foss, sem heitir Kvíafoss. Við hann er réttin í Sarpi. [...] Neðan og austan við Veitu er klapparbelti, Kvíaberg. Þar undir var tóft, og var hún notuð sem kvíar, þegar Jóhann var drengur. Þar var seinna fjárhúskofi. Niður af Kvíabergi er Kvíafoss," segir í örnefnaskrá. Á örnefnauppdrætti sem Sigurgeir Skúlason gerði er Kvíaberg sýnt við ána beint upp af Kvíafossi. Einu fornleifarnar sem sjáanlegar eru á þessu svæði eru leifar af rétt sem er litlu neðan við Kvíafoss, undir klettum, um 190 m suðvestur af bæ 001.

Tóftin er á flöt við Kvíafoss. Um 6 m hár klettaveggur er til suðausturs en lægri brekka til austurs. Lúpínubreiða þekur stóran hluta flatarinnar. Nokkur greni- og furutré standa rétt norðvestan við flötina. Stórgrýtt er við árbakkann. Einn grjóthlaðinn veggur sést af réttinni, en áin hefur rofið aðra hluta hennar. Veggurinn er um 11 m langur og er hann upp við klettavegginn. Veggurinn er 0,4-0,7 m hár og 0,6-0,8 m breiður. Veggurinn liggur að mestu suðaustur-norðvestur en sveigir lítið eitt. Suðausturendi veggjarins er um 1 m frá árbakkanum. Þar er rétt horn á veggnum og gengur hann áfram um 1,5 m til vesturs en rennur þá saman við grjót á árbakkanum. Kvíatóftin sem nefnd er í örnefnaskrá er líklega sama hleðsla og réttin. Ekki sáust merki um fjárhúskofa.

Hættumat: stórhætta, vegna rofs**Heimildir:** Ö-Sarpur, 1-2; Örnefnakort SS

BO-142:007 hleðsla óþekkt

A: 390870 N: 442361



Hleðsla BO-142:007, horft til norðurs

"Við Keilufoss var velgja, þegar Jóhann [Ólafsson f. 1908] var ungur. Hún var orðin köld þegar hann fór þaðan [1935], en þarna sá fyrir gamalli hleðslu utan um lind," segir í örnefnaskrá. Jónas Hannesson, heimildarmaður, sagði hleðslu vera uppi á klettum vestan og neðan við Keilufoss sem sæist orðið illa. Gaddavírsgirðing, að mestu farin á hliðina liggur frá vegi sem liggur eftir dalnum og framhjá líklegri lind, um 255 m suðvestur af bæ 001. Hlutverk lindarinnar er ekki þekkt.

Umhverfis er þýft mýrlendi með grýttu holti og klöppum vestan við. Greni hefur verið plantað á holtinu og í kring um svæðið. Austan til á svæðinu, nærri klöppum liggja bárujárnsplötur fergðar með grjóti sem hylja um 1 x 2 m stórt svæði. Að hluta til er gróið yfir plöturnar. Erfitt er að sjá undir plöturnar en þær virðast hylja lind þó ekki sjáist hvort hleðslur séu um hana. Lækjarspræna seytlaður suður frá lindinni. Einhvers konar járn og timburbrak er um 1 m norðan við lindina. Ekki er

öruggt að um sé að ræða þá lind sem nefnd er í örnefnaskrá en engar aðrar mögulegar hleðslur fundust á svæðinu.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Sarpur, 2

BO-142:008 Stekkur þúst stekkur

A: 391555 N: 442215



Þúst þar sem ætla má að Stekkur BO-142:008 hafi verið, horft til austurs

"Utan við Stekkjargilið var mói, sem hét Stekkur, nú orðinn að túni. Þar efst voru tóftarbrot, en stekkurinn ekki notaður í minni Jóhanns [Ólafssyni f. 1908]," segir í örnefnaskrá. Kiwanis félagið byggði hús sem var efst í túninu en búið er að flytja burt. Móinn sem heitir Stekkur og er nú kominn í tún er um 250 m suðaustan við vörðu 043 og 670 m ASA við bæ 001.

Túnið er á milli tveggja gilja, Innra- og Ytra-Stekkjargils og hafa skurðir verið grafnir í það neðan til en því hallar til suðurs. Þurrast er í túninu miðju, ofarlega, og benda heimildir til þess að stekkurinn hafi verið þar. Á

því svæði var hús Kiwanis félagsins en það hefur verið flutt og eftir standa undirstöður þess. Birki og barrtré eru ofan við húsgrunninn og austan við túnið er mikill barrskógur. Þá eru aspir meðfram skurði vestan/suðvestan við grunninn.

Engin ummerki sjást um stekk í túninu vegna sléttunar en þó er skýrt afmarkaður hóll eða þúst í túninu um 50 m austan við húsgrunn Kiwanis. Þar er ekki ólíklegt að leifar af

stekknunum leynist undir sverði. Hóllinn er um 16,5x13,5 m að stærð og snýr NNA-SSV. Hann er um 1 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Sarpur, 2

BO-142:009 *Mógrafarmýri* náma mógrafir

A: 391209 N: 442316



Mógrafir BO-142:009 í Mógrafarmýri, horft til norðvesturs

160 m suðaustur af bæ 001, um 50 m fyrir ofan veg.

Mógrafirnar eru í þýfðri mýri, með lynggróðri og víðikjarri á stöku stað. Lækur rennur austan við mógrafir. Grýtt holt er til austurs en barrskógur til vesturs. Mógrafirnar afmarkast að hluta af læk til austurs. Svæðið sem þær ná yfir er um 65 m þar sem það er lengst og 55 m þar sem það er breiðast. Brúnir grafanna eru misskýrar, í suðvesturhluta sjást einkum skýrar brúnir en víða annars staðar er erfitt að ráða fyllilega í útlínur og eru hlutar mógrafanna líklega misgamlir. Bakkar grafanna eru 0,2-0,5 m háir. Grafirnar eru grónar og þurrar að hluta en mýrarpollar á stöku stað.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Sarpur, 2

BO-142:010 *Skógarvað* heimild um vað

A: 390493 N: 442597



Skógarvað BO-142:010, horft til VSV

"Ofan við það [klettahaft nefnt Kotakvörn], af Bakkakotsmelum, neðan við Mýrarfoss, er Skógarvað á ánni," segir í örnefnaskrá. Vaðið er um 630 m vestur af bæ 001. Leið 651:001 eftir norðanverðum dalnum lá að vaðinu áður en brúin yfir Fitjaá var byggð en hún er um 35 m norðvestan við vaðið.

Flöt er við ána norðanmegin en lág brekka sunnanmegin. Lúpínubreiður eru við árbakka báðu megin árinna. Áin er um 10-15 m breið á vaðinu og virðist frá árbakkanum séð um 20-30 cm djúp, ekki mjög straumhörð. Um 7,5 m breiður grasi og mosavaxinn afleggjari að vaðinu frá

gömlu götunni (651:001) sést um 20 m ofan við vaðið en nær vaðinu er leiðin horfin í lúpínu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Fitjar, 3

BO-142:011 tóft fjárhús

A: 391172 N: 442629



Fjárhústóft BO-142:011, horft til norðurs

"Fjárhúsin voru áður fyrr á svokallaðri Trumbu, móastykki, sem hæst ber ofan við Harðhaus," segir í örnefnaskrá. Rústin er á kafi í þéttum barr- og greniskógi og næstum ógjörningur að finna hana enda verið gróðursett allt í kring sem og í veggum hennar. Fjárhúsin eru um 180 m NNA við bæ 001.

Skógur hefur nú verið gróðursettur á þessum slóðum og er rústin nú orðin illgreinanleg. Húsin eru allra efst (nyrst) í gamla túninu á kafi í eltingu og skógi. Rústin er á mörkum þess að vera alveg skemmd og horfin í skóg. Hún fannst aðeins eftir mjög langa leit. Erfitt er að átta sig á lagi hennar eða stærð en hún er þó á að giska um 9 X 7 m og snýr NNA-SSV. Líklegast hefur rústin skipst í tvö áþekk hólfi og hefur annað a.m.k. alveg verið opið til suðurs. Mögulegt er að þriðja hólfið hafi verið að baki (sunnar) þá líklega heystæði eða hlaða. Þar er hins vegar of þéttur skógur til að hægt sé að greina eiginlegar rústaleifar. Rústin hefur líklega verið hlaðin úr torfi og grjóti en er nú algróin.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Sarpur

BO-142:012 *Miðmorgunsvarða* varða eyktamark

A: 391748 N: 442668



Varða BO-142:012, horft til norðausturs

sjálf er lítilfjörleg. Hún er 0,6 m í þvermál og 0,2 m á hæð. Í henni er fremur þunnt hellugrjót og sjást 3 umför. Hrunið hefur úr vörðunni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Sarpur, 4

"Niður af [Miðmorgunsbrekku] miðri er varða á steini, Miðmorgunsvarða, og var hún eyktamark frá Sarpi," segir í örnefnaskrá. "Rétt vestan og neðan við Laugamóa er Miðmorgunsbrekka," segir í örnefnalýsingu. Líklega er Miðmorgunsvarða um 190 m vestan við Laugavörðu 031. Þar er vörðubrot á stóru bjargi í holtabrekku.

Brekkan er allbrött, með grjóti, klöppum og holtagróðri (mosa, lyngi, fjalldrapa) og nokkrum birkihríslum. Varðan er á stóru bjargi sem er um 3x2 m að stærð og 1,4 m á hæð, snýr norðaustur-suðvestur. Varðan

BO-142:013 varða óþekkt

A: 391234 N: 442675




Varða BO-142:013, horft til SSV

Hættumat: engin hætta

Greinileg varða er á kletti um 80 m norðaustan við tóft 011 og 260 norðaustan við bæ 001. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.

Varðan er á klettastalli í hlíðum Skorradalsháls norðanverðum. Frá henni sést nokkuð vítt um, aðallega til suðurs og vesturs. Grýttur holtamói er á milli kletta. Varðan er hringhlaðin, um 1 m í þvermál og 0,4 m á hæð en sést vel því hún stendur hátt. Í henni sjást 4-5 umför og grjótið í henni er skófum vaxið.




Smalakofi BO-142:014, horft til vesturs

"Eftir [Vegás] er gatan [651:009] yfir að Englandi [BO-187]. Sunnarlega á þessum ás eru rústir, trúlega eftir gamalt smalabyrgi," segir í örnefnaskrá. Smalabyrgið er 35 m norðan við meinta vörðu C á leið 651:009 og 150 m sunnan við vörðu B á sömu leið. Leiðin er austan við byrgið. Það er 1,7 km norðaustan við bæ 001.

Byrgið er á mosavöxnum ás með klöppum sem standa upp úr hér og hvar. Mikið er um hellugrjót í þeim. Tóftin er einföld og grjóthlaðin. Hún er 3x2 m að stærð og snýr austur-vestur. Op er á henni í norðausturhorni. Hleðslur í veggjum eru hrundar nema á suðurhlíð en hluti tóftarinnar er hlaðinn upp við lága klöpp. Þar er mesta hleðsluhæð innanmáls 0,5 m en utanmáls er mesta hleðsluhæð 0,3 m. Mest sjást 7-8 umför í hleðslum en í þeim er skófum vaxið hellugrjót.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Sarpur, 1



Skotbyrgi BO-142:015, horft til vesturs

"Syðst á [Skothúsmel] er gamalt skotbyrgi, hlaðið úr grjóti. Vestan við Digravörðuhrygg [sjá 017] er flói, sem heitir Skothúsflói," segir í örnefnaskrá. Að sögn Jónasar Hannessonar, heimildamanns, var byrgið notað þegar verið var á tófuveiðum. Þeim var hætt fyrir hans tíð. Skotbyrgi er um 210 m suðvestan við smalabyrgi 014 og 1,5 km norðaustan við bæ 001.

Byrgið er á mosavöxnu smáholti sunnan við graslendi í lægð neðan við mela. Lækjargil grefur sig niður vestan við það. Byrgið er hlaðið úr grjóti sem tekið er úr grjóturð á staðnum og ekki vandlega hlaðið. Það er um 2,5x1,2 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Op er á því í norður-enda. Þar er jarðlægt grjót sem virðist ekki hafa verið hreyft. Í byrginu sjást 2-3 umför og mesta hæð utanmáls er 0,5 m. Grjótið er skófum vaxið en hleðslan virðist ekki gömul. Ekki er útilokað að annað mannvirki sé fast NNA við byrgið en það er mjög ógreinilegt, 4x2 m að innanmáli. Breitt op virðist vera á því til vesturs.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Sarpur, 4


BO-142:016 *Skothússteinar* tóft skotbyrgi A: 391430 N: 443216

"Vestan við Digravörðuhrygg [sjá 017] er flói, sem heitir Skothúsflói. Suður af honum er slétt klöpp með tveimur steinum, er heita Skothússteinar. Þar á Sarpa-Gísli að hafa gert sér kofa og legið fyrir tófu, og hafa fundist þar hrossabein eins og fleygt hafi verið út æti," segir í örnefnaskrá. Skothússteinar eru um 320 m austan við Bakkakotsvörðu 018 og 915 m NNA við bæ 001. Óljós ummerki um byrgi er vestan undir öðrum Skothússteininum.

Steinarnir eru í holtabrún þar sem er holmói en lyng gras og mosi inn á milli. Skothússteinar eru tvö stór björg. Suðvestara bjargið er 2,5x1,5 m að stærð og 1,2 m á hæð. Það er flatt að ofan og hliðar sléttar. Mjög óljósar leifar af byrgi eru vestan undir því þar sem hlið þess er lóðrétt. Hitt bjargið er gríðarstórt Grettistak og er 4 m norðaustar. Það er á gróðurlausri klöpp og eru engin ummerki um hleðslu við það. Greina má innanmál byrgisins sem er um 2x1 m og snýr nálega norðaustur-suðvestur. Ekki er ljóst hvar eða hvort op var á því. Stór steinn er við suðvesturhornið og sést í jarðlægt grjót þar við. Lítið annað grjót sést og eru hleðslur nánast útflattar, 0,2 m á hæð. Mögulega eru 2 umför norðan við grjót í suðvesturhorni. Heildarstærð mannvirkisins fyrir utan bjargið er 3x1,5 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Sarpur, 5



Skotbyrgi BO-142:016, horft til ANA

"Á [Digravörðuhrygg] er varða, sem heitir Digravarða," segir í örnefnaskrá. Digravarða er stór varða norðaustarlega á Digravörðuhrygg en hún er um 50 m norðan við rafmagnsgirðingu sem er langsum eftir Skorradalshálsi og virðist vera merkjagirðing á milli Sarps og Iðunnarstaða í Lundarreykjadal. Varðan er um 730 m norðaustan við Skothússteina 016 og 1,6 km norðaustan við bæ 001. Má ætla að hún hafi gegnt hlutverki landamerkjavörðu. Digravörðu-örnefni er einnig á merkjum milli Hvamms og Dagverðarness, sjá 136:012 og tvær stórar og miklar vörður eru á mörkum milli Skorradalshrepps og Hvalfjarðarstrandarhrepps á Digravörðuhrygg, sjá 140:039.



Digravarða BO-142:017, horft til suðvesturs

Digravörðuhryggur er nokkuð afgerandi stórgrýttur en mosavaxinn hryggur sem nær upp á Skorradalsháls. Varðan er hlaðin suðaustast á litla klöpp og allt í kring eru klappir sem eru sprungnar í þunnar grjóthellur. Varðan er enda hlaðin úr hellugrjóti. Hún er um 1 m í þvermál og 1 m á hæð. Í henni sjást 12-14 umför. Grjótið í henni er skófum vaxið. Varðan hallar til suðausturs og gæti hrunið í þá átt en hingað til virðist lítið grjót hafa hrunið úr henni. Einn girðingarstaur er suðvestan við vörðuna en annars eru ekki ummerki um girðingu á merkjum sem er eldri en nýleg rafmagnsgirðing.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Sarpur, 4



Bakkakotsvarða BO-142:018, horft til vesturs

"Á endanum á ... melhrygg [sem liggur að Sátugili] er varða, sem heitir Bakkakotsvarða," segir í örnefnaskrá. Stór varða er austan við Sátugil um 530 m norðaustan við Sátu 020 og 770 m norðan við bæ 001. Ekki eru heimildir um hlutverk vörðunnar.

Varðan er á mel sem er mosavaxinn á köflum. Varðan er stór og stæðileg en er hrunin að hluta. Hún er um 1,2x1,2 m að stærð, nær því að vera ferköntuð en hringlaga. Í henni sjást mest 4 umför og er hún 0,8 m á hæð. Grjótið í henni er skófum vaxið og er varðan gróin í botninn sem gefur til kynna að hún sé orðin allgömul.

Hrunið hefur úr vörðunni til vesturs. Frá henni sést yfir að Bakkakoti BO-141 og Vatnshorni BO-144.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Sarpur, 5

BO-142:019 heimild um bænhus

A: 391097 N: 442455

Í Máldaga frá 1397 segir: " Jtem lagdi Jon til Bænhvs af Sarpi kv oc .vj. ær. skal Þar lukast af vj aurar j offur [til prests á Fitjum]" [Fitja - hjómar eins og bænhusið sé nýlega stofnað]. Bænhus var í Sarpi en ekki er vitað hvar það var. Líklega hefur það verið í námunda við bæjarhól. Rétt vestan bæjarhóls er annar hóll ræktarlegur í túninu (sjá 002) og að svo stöddu verður það að teljast líklegasta staðsetning bænhusins. Það gæti þó hafa verið víðar á eða við bæjarstaðið. Nokkur skógrækt er nú á og umhverfis bæjarhól.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: DI IV, 119

BO-142:020 Sáta sögustaður

A: 390862 N: 442739



Hleðsla BO-142:020B á Sátu (vinstri mynd), horft til vesturs. Þúst BO-142:020C á Sátu (hægri mynd), horft til vesturs



Sáta 142:020A, horft til norðvesturs

Sáta er ofurlítill hnjúkur í hlíðinni fyrir neðan leitið sem ber í milli Sarps og Fitja. "Þar er mælt að [Þorgils Hölluson og félagar, persónur í Laxdælu] hafi setið neðan undir, enn smalasveinninn [njósnarmaður Helga frá selinu í Sarpi] legið uppi á hnúknum; nafnið Sáta á að vera komið af því, að þeir Þorgils sátu þar fyrir neðan. Eg [Sigurður Vigfússon] held þó, að það nafn varla geti verið komið af þessu, heldr af lögun hnúksins [...], " segir í grein í Árbók Hins íslenska fornleifafélags. Sáta er nærri merkjum á móti Fitjum

BO-140 um Sátugil, um 300 m NNV við bæ 001. Sáta er afgerandi klettur sem gengur út til suðurs í hlíðum Skorradalsháls í norðanverðum Skorradal.

Allt í kringum klettinn vex lúpína en neðan og sunnan við Sátu er barrskógur. Tvö hlaðin mannvirki eru á Sátu sem tengjast þó ekki sögustaðnum. Vestast á miðri Sátu er hleðsla á

tveimur stöðum á milli kletta og myndar hún lítið hólf. Mannvirkið er 0,8x0,7 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hólfíð er 0,4x0,4 m að innanmáli. 1-2 umför eru í hleðslunni og mesta hæð 0,3 m. Ekki er ljóst hvaða tilgangi mannvirkið þjónaði en það virðist heldur ungt að árum. Þúst C er efst á Sátu um 16 m austan við hleðslu B. Það er mögulega hrunin varða en þó er ekki mikið grjótt í henni. Grjótdreif er á svæði sem er um 1 m í þvermál. Varla sést steinn yfir steini og er hlutverk og aldur óljóst.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Árb. 1884-85, 92-93 nmgr. 2

BO-142:021 gerði kálgarður

A: 391096 N: 442434



Kálgarður BO-142:021, horft til ASA

leyti en því er norðurhlið kálgarðsins ógreinileg. Kálgarðurinn er 17 X 17 m stór. Öll vesturhlið hans er greinileg en aðeins hluti af norðurhlið. Ekki er ljóst hvort garðurinn hefur endað þar sem hann fjarar út nú eða hvort hann hefur náð lengra til austurs (mögulega verið allt að 35 m langur). Garðurinn virðist hafa verið torfhladdinn og er mest 1,5 m á hæð. Hann er nú mikið til horfinn og skemmdur.

Hættumat: hættu, vegna trjáræktar

Heimildir: Túnakort 1918

BO-142:022 heimild um kálgarð

A: 390985 N: 442439

Kálgarður er merktur inn á túnakort frá 1918 vestan við bæ 001, austast í stakstæðum túnskika. Þessi kálgarður er nú (september 2010) horfinn vegna skógræktar. Hann var þar sem nú er lítill lundur um 115 m VSV við bæ 001 og um 50 m austan við tóftarleifar fjárhúss 003.

Á þessu svæði er sléttuð og plægt graslendi sem byrjað er að hlaupa í þúfur og lundur af lauftrjám. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hættu, vegna trjáræktar

Heimildir: Túnakort 1918

BO-142:023 heimild um útihús

A: 390966 N: 442456

Lítið hús er merkt inn á túnakort frá 1918 vestan við bæ 001, austarlega í stakstæðum túnskika. Þessi tóft er nú (í september 2010) horfin en var um 135 m vestan við bæ 001 og um 15 m austan við tóftarleifar fjárhúss 003.

Á þessu svæði er sléttuð og plægt graslendi sem byrjað er að hlaupa í þúfur og lundur af lauftrjám. Ekkert sést til fornleifa. Ekki er ólíklegt að tóftin hafi horfið undir yngra fjárhús.

Hættumat: hættu, vegna trjáræktar

Heimildir: Túnakort 1918

BO-142:024 vegur leið

A: 390945 N: 442452

Gata er merkt inn á túnakort frá 1918 og virðist hafa legið austur með túninu, á milli bæjar 001 og kálgarðs 021 og þá til austurs, út úr túni og vestur í stakstæðan túnskika vestar. Gata þessi er nú (september 2010) horfin að mestu en þó sjást óljósar leifar við bæjarhólinn 001.

Á þessu svæði er grasigróið flatlendi sem er byrjað að hlaupa í þúfur og yngra íbúðarhús í Sarpi, brekka hallar 2-5° í SSV. Gatan hefur trúlega legið um svæðið þar sem íbúðarhúsið sem byggt var 1938 stendur. Umhverfinu hefur örugglega verið raskað þegar íbúðarhús er byggt og gata trúlega horfið um leið. Leifar götunnar sjást ekki á milli túnanna en óljós ummerki má sjá við bæjarhól þar sem hún hefur legið milli bæjar og kálgarðs. Ekki er þó um eiginlegar veghleðslur að ræða heldur óljósan stall.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Túnakort 1918

BO-142:025 *Veita* örnefni áveita

A: 390975 N: 442359

"Mýrin fyrir neðan túnið heitir Veita. Suðvestur af henni er Fossbarð með ánni, liggur að Keilufossi," segir í örnefnaskrá. Veitan er heiti á deiglendi milli íbúðarhússins á Sarpi og rústar 029, ofan við veginn sem liggur inn Skorradal. Engin mannvirki sjást á þessum slóðum.

Deiglendi ofan við veg en nú hefur mikið af öspum og grenitryám verið gróðursett á þessum slóðum. Guðrún Hannesardóttir taldi ekki að áveita hefði verið á þessum slóðum en nafnið bendir ótvírætt til þess. Hafi einhvern tíma verið áveita á þessum stað eru öll ummerki um hana löngu horfin.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Sarpur, 3-4

BO-142:026 *Keilufoss* álagablettur

A: 390850 N: 442343

"Litlu neðar, móts við húsið, sem nú stendur, er stærsti fossinn, Keilufoss. Um hann er sú þjóðsaga, að þar hafi ekki mátt veiða nema til eins máls í einu. Eitt sinn var brugðið út af því, og veiddist þá bara keila, en síðan aldrei neitt. Átti fossinn að hafa heitið Sarpur, þangað til Keilan veiddist þar. - Sögn þessi er prentuð í Ferðabók Þorvalds Thoroddsens," segir í örnefnaskrá. Fossinn er um 280 m suðvestur af bæ, um 185 m vestur af rétt 006 við Kvíafoss.

Fossinn er í gljúfri, um 10-15 m háu þar sem það er hæst við fossinn en lækkar eftir því sem vestar dregur. Niður að ánni er grýtt með mólendi og lúpínubreiðum. Greni hefur verið plantað ofan við fossinn og um 40-50 m neðan við ána. Einnig er meðfram ánni náttúrulegt birkikjarr.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Sarpur, 2



Varða BO-142:027, horft til suðurs

en holtagróður víða í brekkunni. Meint varða er 0,7x0,6 m að grunnfleti og snýr norður-suður. Hún er 0,3 m á hæð og í henni sjást 2 umför hleðslu. Grjót hefur hrunið úr henni. Einn stór steinn í norðurenda er sprunginn og vekur það grunsemdir um að þetta sé náttúrusmíð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Landamerkjabók I, nr. 244

"Milli Efstabæjar og Fitjakirkjulands, úr miðri Stóru Krókatjörn á Botnsheiði ræður bein stefna í Nóngilsgljúfur, úr Nóngilsgljúfri yfir þveran dal í vörðu ofarlega í norðurhlíðum úr vörðunni bein stefna í Klofasteina," segir í landamerkjaskrá frá 1887. Vörðubrot er rétt utan/vestan við gil á merkjum milli Sarps og Efstabæjar BO-143, um 200 m norðvestan við Jónsvörðu 143:027 í landi Efstabæjar. Ætla má að það sé landamerkjavarðan sem nefnd er í landamerkjaskrá hér að framan.

Varðan er á klöpp í grjótholti. Gróðursnautt er hér í kring í næsta nágrenni



Þvottalaug BO-142:028, horft til suðurs

virðist vera hlaðið meðfram honum að austan, sunnan og vestan. Í norðvesturhorni rennur vatn úr honum og þar er veggurinn rofinn. Hann er 0,1-0,2 m á dýpt, fullur af grjóti og möl. Vatnið í honum er kalt og ekki sést vatnsuppspretta.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Sarpur, 7

"Þar upp af rétt vestan við Stekkjargilið [sjá 008] er Laugamói. Þar er velgja," segir í örnefnalýsingu. Mögulega var laugin ofan í lækjarfarvegi um 35 m austan við Laugavörðu 031 og 1,1 km norðaustan við bæ 001. Jónas Hannesson, heimildamaður, taldi að laugin sem Laugamói og Laugavarða draga nafn sitt af hafi mögulega verið notuð til að þvo í henni þvotta en hitinn á vatninu var um 40°C.

Meint laug er undir lækjarbakka, ofan í lækjarfarvegi í mýlendum móa. Klappir og melar eru einnig í móanum. Grunnur, ferhyrndur pyttur er undir lækjarbakkanum austanverðum en vestan við lækinn. Pytturinn er 0,5x0,5 m að innanmáli og

Um 120 m sunnan við bæ 001 og um 35 m norðan við veg inn Skorradal er tóft sem líklega er leifar af e.k. útihúsi. Tóftin var fyrst skráð 2010 og skoðuð aftur vegna aðalskráningar 2016. Jónas Hannesson, heimildarmaður, benti skrásetjurum (2016) á að tóftin væri af svokölluðum Bogakofa en hún er vestan og neðan við mógrafir 009, ofan við veg upp af Kvíafossi, sjá 006.



Bogakofi BO-142:029, horft til suðvestur

Ingibjörg Björnsdóttir frá Háafelli hefur eftir móður sinni, Guðrúnu Hannesdóttur, að kofinn heiti í höfuðið á Húnboga Ólafssyni frá Sarpi. Hann hafi gert sér þennan kofa.

Bogakofi er á vel grónum melhól fast neðan (sunnan) við gamla heimatúnið. Skógræktarsvæði með öspum, greni og furu er um 20-30 m norðan og norðaustan við tóftina. Nokkrir birki og víðirunnar eru við hólinn.

Tóftin er um 10 x 6 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er grafin inn í melhól að hluta. Hún skiptist í tvö hólf. Það norðeystra, A, er stærra eða 5 x 5 m að innanmáli og alveg opið til norðurs. Það er niðurgrafið og grjóthlaðið og eru veggir mest um 1,2 m á hæð. Breydd veggja er um 1 m. Út frá suðausturvegg gengur lágur hryggur eftir hólnum. Suðvestara hólf, B, stendur hærra og er grónara og gæti vel verið heystæði. Það er 3,5 x 2 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Op virðist á því norðarlega á norðvesturvegg. Veggir virðast að mestu torfhlaðnir og eru 0,2-0,3 m á hæð en standa u.þ.b. jafnhátt og veggir hólf A.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

BO-142:030 gryfja vatnsból

A: 391127 N: 442461

"Fyrir vestan bæinn [001] var smábæjarlækur, uppspretta undan Harðhaus. Þar var vatnsból fjóss og bæjar," segir í örnefnaskrá. Uppsprettan er 15-20 m ofan (NNA) við bæjarhól 001.

Gamli bærinn var á grasi gróinni hæð. Nú hefur trjám verið plantað í bæjarhólinn en þó í enn meira mæli umhverfis bæjarhólinn. Bæjarlækurinn virðist hafa sprottið fram þarna en svo hefur hann runnið (eða verið veitt) til suðvesturs og rennur fast vestan við bæjarhólinn, milli hans og annars minni hóls vestar. Uppsprettan er dæld eða hola sem er 0,5 m í þvermál og 0,3 m á dýpt. Uppsprettan en nú þornuð.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Sarpur, 6



Laugavarða BO-142:031, horft til vesturs

"Þar upp af rétt vestan við Stekkjargilið [sjá 008] er Laugamói. Þar er velgja. Rétt neðan og vestan við Laugamóa var hár hóll með vörðu, sem bar við loft frá bænum. Þessi varða heitir Laugavarða," segir í örnefnaskrá. Varðan sést en er hrunin og gróin. Hún er 35 m vestan við meinta laug 028, 240 m norðaustan við vörðu 043 og 1 km norðaustan við bæ 001. Ætla má að hún hafi vísað veginn að lauginni.

Varðan er uppi á klapparhól, ekki mjög háum, en hann stendur aðeins upp úr brúninni og sést því vel. Varðan er hrunin og gróin og er lítil hundapúfa efst á henni.


Hún er um 1 m í þvermál ef hrun er talið með og 0,3 m á hæð. Ekki sést fjöldi umfara.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Sarpur, 7



Bjössakofi BO-142:032, horft til suðvesturs



Stór, tvískipt tóft er um 140 m vestan við bæ 001 og um 50 m norðaustan við leifar fjárhúss 003. Samkvæmt Guðrúnu Hannesdóttur, heimildamanni var þessi tóft kölluð Bjössakofi. Ingibjörg Björnsdóttir frá Háafelli hefur eftir móður sinni, Guðrúnu Hannesdóttur áður nefndri, að kofinn heiti í höfuðið á Birni Ólafssyni frá Sarpi, bróður Húnboga, sjá Bogakofa 029.

Á þessu svæði er grasi- og mosagróin brekka sem hallar 5-10° í suðvestur. Vestan (neðan) við tóft er lítill þyrping af lauftrjám. Ofar í brekkunni á klapparholti um 15 m frá tóftinni er sólarpanell og vindmylla. Tóftin tvískipt, um 22 X 9 m stór og snýr NNV-SSA. Hún er grasigróin og byrjuð að hlaupa í þúfur. Hleðslur eru signar, sérstaklega í norðvesturhorni tóftar, svo óljóst er hvar gengið hefur verið inn. Innanmál tóftar er nokkuð skýrt. Veggir tóftar eru 1-2 m á breidd og 0,2-1 m á hæð. Í innanverðri tóftinni norðanveðri glittir í hleðslugrjótt. Í miðju

tóftar er 4 m breið og um 0,4 m há upphækkun eða hruninn veggur sem skiptir henni í tvennt. Hólf A er sunnar, er um 6 X 5 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Hólf B er um 5 X 4 m að innanmáli og snýr VSV-ANA. Hólfín eru niðurgrafín að hluta.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

BO-142:033 þúst óþekkt

A: 390946 N: 442418



Þúst BO-142:033, horft til suðurs

Ólagleg þúst er um 160 m VSV við bæ 001 og um 50 m SSA við íbúðarhúsið í Sarpi sem byggt var árið 1938. Á þessu svæði er þýft gras- og mýrlendi og nokkur barrtré.

Þústin er mjög þýfð og vel grasgróin. Hún er um 6 X 5 m stór og snýr NNV-SSA. Engar grjóthleðslur eru greinanlegar en veggir þústarinnar eru 0,2-0,5 m á hæð og um 2 m á breidd. Innanmál þústar er 2 X 1 m en enginn inngangur er greinanlegur. Þústin er mjög ólöguleg og ekki fullvíst að um mannvirki sé að ræða.

Hættumat: engin hætta

BO-142:034 tóft útihús

A: 390918 N: 442490




Útihúsastóft BO-142:034, horft til ANA

Einföld útihústóft er um 185 m vestan við bæ 001 og um 30 m norðan við íbúðarhúsið sem byggt var í Sarpi árið 1938. Á þessu svæði er þýft graslendi í brekku sem hallar 2-10° til vesturs og norðvesturs. Fjögur barrtré standa milli tóftar og íbúðarhúss, norðvestan undir um 1,2 m háum grasgrónum bakka.

Tóftin er um 9 x 8 m stór og veggir hennar eru mest 0,5-1,8 m á hæð. Hún snýr VNV-ASA og er lægst að austanverðu en hæst í norðvesturhorni.

Grjóthleðslur (2-3 umför) eru greinilegar í grunni VNV-enda tóftar annars er hún mjög grasgróin og þýfð. Ekki er hægt að greina innri brún veggja og ekki ólíklegt að hún sé full af leifum þaksins. Austurhlið tóftar er óljós og hún hefur trúlega þar verið grafin inn í brekkuna. Gengið hefur verið inn að vestan en þar vottar ennþá fyrir samföllnum inngangi. Um 6 m SSV við tóftina er hugsanlegt veggjabrot. Það er um 5 m á lengd, um 2 m á breidd, 0,2-0,5 m á hæð og snýr VNV-ASA. Barrtré hafa verið gróðursett við vesturenda þess og fast upp við suðurhlið. Húsið hefur líklega verið e.k. útihús.

Hættumat: engin hætta





Dæld BO-142:035, horft til VSV

holunni liggur rás í 3-4 m til austurs áður en hún verður óskýr ofan í lautunni fyrir neðan þar sem er náttúruleg dæld. Ekki er ljóst hvers lags mannvirki hefur verið þarna.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar



Hleðsla BO-142:036, horft til norðvestur

0,8 m á lengd og 0,3 m á breidd. Hleðslan er 0,2 m á hæð. Grjótdreif er suðaustan- og norðaustan við hleðsluna. Alls er grjót á svæði sem er 1,2x0,6 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur.

Hættumat: engin hætta

Mannvistarleifar eru framan (vestan) í litlum kletti um 20 m norðvestan við norðvesturhorn kálgarðs 021 sem er við bæinn 001. Grasi gróinn klettur í túnjaðri. Túni hallar til suðurs og þau eru á kafi í grasi. Talsverð skógrækt er þarna allt um kring.

Á þessum stað eru einhverjar leifar en ekki víst að þær séu mjög fornar. Þó líklega að þau tengist gamla bæjarstæðinu og því líklega gert fyrir 1935. Framan í hæðinni er mjög stór steinn/klöpp. Hann er um 1,5 m á lengd og sjálfsagt svipaður á hæð en nær ofan í jörðina. Niðurundan þessum steini er hola. Ekki er vatn í henni en gaddavír og bárujárni hefur verið hent ofan í hana. Frá toppi steinsins og í holubotn eru um 1,5 m. Meðfram steininum hefur verið hlaðið/hrúgað upp kanti. Hinar meintu hleðslur eru á kafi í gróðri og lítið hægt að segja um þær nema að nyrðri hleðslan er svolítið bogadregin og tæplega 1 m á lengd en sú syðri er í raun L-laga og 1,2-1,5 m austur-vestur en tæpur 1 m norður-suður. Einhvers konar op er á umbúnaði þessum til austurs og frá

Hleðsla eða vörðubrot er á Innri-Stekkjarsí (sjá 008), um 70 m vestan við vörðu 043 og 140 m suðvestan við meinta Miðmorgunsvörðu 012. Hún er á klöpp eða klapparhól sem stendur upp úr norðanverðum hlíðum Skorradalsháls.

Holtagróður er á þessu svæði og sumsstaðar eru gróðurlaus svæði. Talsverður birkiskógur er vestan undir klöppinni sem hleðslan er á og virðist honum hafa verið plantað. Svo virðist sem hluti hleðslunnar eða vörðunnar hafi verið rifinn en norðvesturhlutinn heldur sér og þar eru gróin 3 umför í hleðslu. Hleðslan sem enn er heilleg er í boga sem sveigir til norðvesturs. Hún er



Vörður BO-142:037A og B, horft til suðurs

Þrjár vörður eru neðst á Vestari-Stekkjjarási (sjá 008). Þær virðast nokkuð ungar að árum og óvíst að þær séu nógu gamlar til að geta talist til fornleifa samkvæmt skilgreiningu laganna. Enn ein varða er litlu ofar en hún er greinilega mjög ung og ekki skráð með hinum. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi vörðurnar voru hlaðnar.



Varða BO-142:037C, horft til austurs

Á Vestari-Stekkjjarási eru klappir og melar. Þar er lítil gróður nema mosi og fáar birkiplöntur. Vörðurnar eru á svæði sem er um 17x3 að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu sem hefst norðaustast. Varða A er hlaðin úr stórgrýti og er hrunin. Hún er um 1 m í þvermál en hrúnið hefur úr henni til suðurs. Varðan er 0,5 m á hæð og í henni sjást 0,2 umför. Varða B er 8 m suðvestan við vörðu A. Hún er 0,8 m í þvermál, 0,4 m á hæð og sjást 3-4 umför í fremur óvandaðri hleðslu. Varða C er 10 m suðvestan við vörðu B. Hún er 0,6 m í þvermál, 0,3 m á hæð og í henni

sjást 3 umför. Grjótið í henni er skófum vaxið.

Hættumat: engin hættu

BO-142:038 varða óþekkt

A: 391422 N: 442424

Lítill varða er á Vestari-Stekkjjarási (sjá 008), 110 m norðaustan við vörður 037 og 500 m austan við bæ 001. Á Vestari-Stekkjjarási eru klappir og melar. Þar er lítill gróður nema mosi og fáar birkiplöntur.

Varðan er 0,5-0,6 m í þvermál, skófum vaxin. Hún er 0,3 m á hæð og í henni sjást 3 umför. Hlutverk vörðunnar er ekki þekkt en líklegt að hún hafi verið á leið 651:009 yfir Skorradalsháls að Englandi BO-187.

Hættumat: engin hætta



Varða BO-142:038, horft til suðausturs

BO-142:039 hleðsla óþekkt

A: 391947 N: 443120



Hleðsla BO-142:039, horft til vesturs

Lítill hleðsla er sunnarlega á Digruvörðuhrygg (sjá 017) um 500 m austan við Skothússteina 016 og 1,2 km norðaustan við bæ 001. Hleðslan er á gróðursnauðum og allgrýttum melhrygg.

Tveir skófum vaxnir steinar eru ofan á flötum, jarðlægum steini. Neðsti steinninn er um 0,7 m í þvermál og 0,2 m á hæð. Saman eru steinninn og hleðslan 0,3 m á hæð. Hlutverk hleðslunnar er ekki þekkt. Ekki er að sjá að hún hafi verið meiri um sig eða að grjóti hafi hrunið úr henni.

Hættumat: engin hætta

BO-142:040 varða óþekkt

A: 391803 N: 442035



Varða BO-142:040, horft til suðurs

Varða er um 810 m suðaustur af bæ 001, á mosavöxnum kletti ofan við Fitjaá, um 20 m fyrir ofan (norðan) klettabrún.

Varðan er á mosa- og lyngvaxinni klöpp. Barrskógur er um 30 m frá klöppinni bæði til vestur og austur. Gisið birkikjarr er nær vörðunni. Varðan er um 0,5 m há og um 0,5 m í þvermál. Í henni eru um 5-6 umför og er grjótið skófum vaxið. Ekki er ljóst hvaða hlutverki varðan gegndi.

Hættumat: engin hætta

BO-142:041 hleðsla óþekkt



Hleðsla BO-142:041, horft til suðurs

Hættumat: engin hættu

BO-142:042 þúst óþekkt



Þúst BO-142:042, horft til suðausturs

BO-142:043 varða óþekkt



Varða BO-142:043, horft til suðvesturs

A: 391882 N: 442851

Lítill hleðsla eða vörðubrot er ofarlega í hlíðum Skorradalsháls, 270 m sunnan við hleðslu 039, 175 m NNV við Laugavörðu 031 og 1 km norðaustan við bæ 001. Á þessu svæði eru klappir og möl, mosapekja inn á milli.

Hleðslan en ofan á klöpp og er hún 0,6x0,7 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Hún er um 0,2 m á hæð og í henni sjást 2 umför. Hrúnið hefur lítillga úr henni til suðvesturs, undan halla. Grunnt skarð er í klöppinni undir hleðslunni. Til greina kemur að þetta sé refagildra en hlutverk hleðslunnar er ekki þekkt.

A: 391427 N: 442272

Grjótpúst er um 140 m vestan við Stekk 008 og 360 m ASA við bæ 001, á milli Stekkjarlækjar og Vestari-Stekkjaraðss (sjá 008).

Þústin er í þýfðum móa þar sem gróður einkennist af mosa, lyngi og birkitrjám. Þústin er um 2 m í þvermál og 0,2 m á hæð. Ekki er útilokað að um náttúrumyndun sé að ræða en virðist frekar vera gamalt og gróið, hrúnið mannvirki.

Hættumat: engin hættu

A: 391730 N: 442561

Vörðubrot er á Innri-Stekkjaraði (sjá 008), um 70 m austan við vörðu 036 og 810 m norðaustan við bæ 001. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin. Holtagróður er á þessu svæði og sumsstaðar eru gróðurlaus svæði.

Vörðubrotið er á kletti. Það er 0,5x0,5 m að stærð og 0,2 m á hæð. Í því sjást 2 umför. Grjótið í vörðunni er skófum vaxið og gróið.

Hættumat: engin hættu




Varða BO-142:044, horft til NN

Lágrest varða er ofarlega á Vestari-Stekkjarsí (sjá 008) um 110 m norðaustan við vörðu 038 og 600 m austan við bæ 001.

Á Vestari-Stekkjarsí eru klappir og melar. Þar er lítil gróður nema mosi og fáar birkiplöntur. Varðan er 0,6 m í þvermál og 0,2-0,3 m á hæð. Í henni sjást 3 umför hleðslu. Hún stendur lágt og fellur inn í umhverfið og klöppina sem hún er á. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin. Mögulega var hún við leið 651:009 yfir Skorradalsháls að Englandi BO-187.

Hættumat: engin hættu

BO-143 Efstibær



Minjar í heimatúni Efstabæjar BO-143. Mörk túna eins og þau voru samkvæmt túnakorti frá árinu 1918 eru sýnd með svartri línu, leiðir af túnakorti eru sýndar með brotalínu og lækir með blárrí línu.

16 hdr. 1707. Jarðarinnar er getið í handriti frá 1599. JS 143 4to, 218-220. Fór í eyði 1947 og hafði þá að hálfu verið nýtt frá Sarpi BO-142 og hélst svo áfram en Háafellsbóndi keypti hinn hlutann. Eignarhald er óskipt milli Ríkiseigna/S.r. og einkaaðila.

1918: 76.088 m² = 24 dagsl. 1/5 þýft. Garðar 864 m². "Efstibær er fremsti bær í dalnum norðanverðum, sem þrengist hér allmjög og lokast að nokkru rétt fyrir framan Efstabæ af svonefndu Eiríkselfi. Undirlendi er hér takmarkað og nær allt norðan ár. eru eyrar og grundir með ánni, meðan dalsins nýtur. Hlíðin að norðan er víða gróin, eru þar móar, vallendi og mýrar með holtum, hryggjum og graflækjum, en á hálsinum melar og flóar og lág, gróin fell, Kúpa, Teigfjall og Eiríkself. ... Í Eiríksvatni er dáltil silungsveiði. Sunnan árinna eru Bollafell, Skúlafell og Botnsheiði. eru hlíðarnar grýttar, en víða grónar og gil í hlíðinni norður af Botnsheiðien á henni smá tjarnir, holtahryggir og blautir flóar." BB II, 225. Í Samantekt vegna húsakönnunar Huldu Guðmundsdóttur segir: "Jörðin var að hálfu nýtt frá Sarpi þar til Sarpur fór í eyði 1970, og að hálfu af Háafellsbónda sem keypti hinn hlutann. 1970 keypti S.r. ½




Efstabæ á móti Háafellsbónda og 2004 keyptu fjárbændur "fyrir utan heiði" hlut Háafellsbónda. Landið er því bæði nýtt til skógræktar og sauðfjárbætur. Talsverður ræktarður skógur er vaxinn upp á láglandi og lúpína víða. Tún óskert."

Bæjarröðin á Efstabæ BO-143:001, horft til norðurs. Á myndinni má sjá heimatúnin sem eru í órækt. Þau hafa verið plægð og tré gróðursett í þau.



Bæjarþyrpingin í Efstabæ um 1930. Myndin er í eigu Eiríks Blöndal



Tóftir og mannvirki á bæjarhól Efstabæjar BO-143:001

útihúsaröðinni sem er 55 X 30 m stór og snýr austur-vestur. Vesturhluti þessa svæðis, þar sem bæjarhúsin stóðu, er þó mun greinilegri en austurhlutinn. Uppsöfnun á sjálfu bæjarstæðinu (þ.e. 001) er hins vegar á svæði sem er um 20 m í þvermál (mjókkar hins vegar til vesturs - um 15 m þar). Ekki er mikil uppsöfnun greinileg, hún er víðast 0,5-1 m. Hæðin er aflíðandi. Eins og áður segir sést enn grjóthlaðinn kjallari síðasta bæjarins á jörðinni, A. Hann er 6 X 3 m að innanmáli, snýr austur-vestur, er nær alveg niðurgraffinn og mest 2,2 m á dýpt. Grjóthleðslur eru límdar með sementslími. Austurveggurinn stendur best sem og austurhluti norðurveggjar. Dyr virðast hafa verið vestast á suðurvegg en talsvert hefur hrunið þar nú og er svæðið fullt af grjóti. Engar dyr sjást á suðurveggnum á ljósmynd sem tekin var af húsinu um 1930 en óhugsandi virðist að þarna hafi einungis verið gluggi þar sem greinileg mörk virðast í grjóthleðslunni þar og grjótið sem liggur þar ofan á virðist klárlega hrún. [Viðbætur 2017: Ingibjörg Björnsdóttir frá Háafelli og Hulda Guðmundsdóttir á Fitjum telja líklegast að opið á suðurveggnum hafi myndast við það að grjót var tekið úr honum og nýtt annarsstaðar. Þær

Bæjarhúsin í Efstabæ voru allra vestast í þyrpingu húsa á miðju túni. Á túnakorti frá 1918 eru merkt fjögur stakstæð hús á bæjarstæðinu (sjá einnig 002-004). Síðasta íbúðarhúsið á jörðinni var timburhús með grjóthleðnum kjallara en talið er að það hafi verið byggt á svipuðum slóðum og eldri torfbær. Líklega er húsið þegar byggt þegar túnakort er

gert fyrir jörðina 1918. Grunnur hússins er enn greinilegur en þótt sjálf húsið hafi verið rífið.

Túnin í Efstabæ eru í aflíðandi halla, a.m.k. suðurhluti þeirra. Þau eru nú í órækt. Túnin hafa greinilega verið plægð og talsvert af trjám, sérlega barrtrjám, hefur verið plantað í þau, þó hefur mun meira verið plantað utan þeirra en innan.

Þegar Guðrún Hannesardóttir, heimildamaður man fyrst eftir sér þá voru bæjarhúsin vestast, hlóðaeldhús stóð aðeins aftar (norðaustar - sjá B) og þar austan við voru svo "Húsin á hlaðinu" 002 sem í seinni tíð voru notuð sem fjárhús, þá fjós 003, hestarétt og fjóshlaða 004. Að baki, allra austast var svo hesthús. Einhver uppsöfnun mannvistarlagar er undir allri bæjar- og



Grunnur bæjarins, horft til austurs

austurveggurinn aðeins. Ytri brún veggja stendur lítið upp úr sverði en á köflum má greina hana (þá 0,1-0,2 m á hæð). Breidd veggja hefur verið 1-1,2 m. Samkvæmt Guðrúnu Hannesardóttir var mjög kalt í íbúðarhúsinu á Efstabæ og var reynt að bæta úr því síðar með því að einangra allt með strengjatorfi. Bærinn fór í eyði 1947 og var húsið líklega rífið mjög fljótlega á eftir. Með bæjarhúsunum eru skráðar 2-3 tóftir/þústir sem eru á sjálfum bæjarhólnum. Innan við 2 m ofan (norðan) við húsagrunn íbúðarhússins er tóft, B. Tóftin er nær alveg niðurgráfin og því greinir ytri brún veggja sig lítið frá umhverfinu. Innanmál tóftarinnar er 3 X 1,5 m og hún snýr austur-vestur. Tóftin er einföld og ekki sést op á henni. Hún er 0,5 m á dýpt og veggir eru hlaðnir úr grjóti og að hluta til steiptir. Tóftin er á kafi í grasi og er mjög mosavaxin. Örlitlar bárujárnsleifar eru inni í henni. Þúst C er mjög óljós þúst/niðurgröftur. Hún er nálægt norðurjaðri bæjarhólsins og er um 7 m norðan við norðausturhorn húsgrunnsins (A). Þústin er sporöskjulaga og rúmir 2 m austur-vestur en tæpir 2 m norður-suður. Hún er 0,2-0,3 m á dýpt og er á kafi í grasi. Engar grjóthleðslur sjást í henni. Í þústinni miðri er stór þúfa. Tóft D er um 1 m austan við húsgrunninn (A) og er líklega stakstæða eldhúsið sem Guðrún Hannesardóttir getur sem stakstætt hús suðaustan við bæ. Tóftin er 5,5 X 4,5 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin er einföld og innanmál hennar er 2,5 X 2 m. Tóftin er nú á kafi í grasi en greinilegt er að veggir hennar hafa verið úr grjóti, a.m.k. að hluta en grjóthleðslur sjást í norðurvegg sem er stæðilegur eða 0,8 m á hæð. Mögulegt er að op hafi verið austast á suðurvegg en ekki sést það á ljósmynd frá 1930.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Túnakort 1918

BO-143:002 tóft fjárhús

A: 393094 N: 442146

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1918 um 2 m suðvestan við vestasta húsið í húsabyrpingu á bæjarstæðinu. Samkvæmt Guðrúnu Hannesardóttir, heimildamanni, var hjallur (á stoðum) og hjallloft á þessum stað, þegar hún man fyrst eftir sér en síðar var húsinu breytt í fjárhús og gegndi það því hlutverki þar til bærinn féll í eyði.


Túnin í Efstabæ eru í aflíðandi halla, a.m.k. suðurhluti þeirra. Þau eru nú í órækt. Túnin hafa greinilega verið plægð og talsvert af trjám, sérlega barrtrjám, hefur verið plantað í þau, þó hefur mun meira verið plantað utan þeirra en innan.

Samkvæmt Guðrúnu Hannesardóttir var hjallurinn/hjallloftið fast norðan við sjálft fjárhúsið eða þar sem heystæði/hlaða við fjárhúsið kann að hafa verið síðar. Tóftin er samtals



Fjárhúsleifar BO-143:002, horft til NNW

19 X 6-7 m stór og snýr norður-suður. Fjárhúsin eru sunnar og þau eru 11,5 X 6 að stærð. Norðan þeirra er um 8 m löng og 6 m breið hæð eða þúst sem er fagurgræn og ræktarleg (og a.m.k. 0,2 m hærra en umhverfið).



Líklega var heytóft þarna á sama stað og hjallurinn stóð áður. Mikið af timbri og bárujárni er inni í tóftinni og er þar einnig talsverður grasvöxtur þannig að erfitt er að fóta sig. Fjárhúsin eru um 10 X 3 m að innanmáli og tóftin er opin til suðurs þar sem timburþil hefur verið áður. Í fjárhúsunum er steypur garði og í norðurhlutanum eru timburleifar, líklega úr garðanum sjálfum. Engin merki sjást um að fjárhúsunum hafi verið skipt upp,

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar


Heimildir: Túnakort 1918

BO-143:003 tóft fjós

A: 393116 N: 442143



Norðurhluti fjóss BO-143:003, horft til ANA



"Stykkið fyrir ofan götuna [042], næst hlöðunni og bak við hana og fjósið, heitir Fjósatunga," segir í örnefnaskrá. Fjósið er merkt inn á túnakort frá 1918 rúmum 20 m austan við bæ 001 en fast vestan við austasta húsið í bæjarröðinni 004.

Túnin í Efstabæ eru í aflíðandi halla, a.m.k. suðurhluti þeirra. Þau eru nú í órækt. Túnin hafa greinilega verið plægð og talsvert af trjám, sérlega barrtrjám, hefur verið plantað í þau, þó hefur mun meira verið plantað utan þeirra en innan.

Tóftin er mjög nálægt tóft 004 en virðist þó stakstæð. Hún er um 8 x 4 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er á kafi í grasi. Op er aðeins norðar en á miðjum vesturvegg. Tóftin er


einföld. Veggir eru mest 0,8 m á hæð en víðar 0,4-0,5 m. Veggir eru yfirgrónir en hafa verið grjóthlaðnir. Um 1 m sunnan við op á tóftinni er L-laga hleðsla nálægt suðausturhorni, sem gæti mögulega verið bás. Tóftin stendur hærra en 004 þannig að botn hennar er nálægt toppi 003B.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Túnakort 1918 og Ö-Efstibær ÞS, 9

BO-143:004 tóft hlaða

A: 393117 N: 442151



Hlaða BO-143:004, horft til NN

Austast í bæjarþyrpingunni á Efstabæ, rúmum 30 m austan við bæ 001 var merkt útihús inn á túnakort frá 1918. Á þessum stað sjást enn leifar af tveimur sambyggðum húsum.

Túnin í Efstabæ eru í aflíðandi halla, a.m.k. suðurhluti þeirra. Þau eru nú í órækt. Túnin hafa greinilega verið plægð og talsvert af trjám, sérlega barrtrjám, hefur verið plantað í þau, þó hefur mun meira verið plantað utan þeirra en innan.

Tóftin er 20 x 13 m stór og snýr austur-vestur. Hún skiptist í fjóshlöðu A austar og meinta hestarétt B vestar. Hestaréttin er 6-6,5 m á kant að utan en 4-5 m á kant að innan. Op hefur verið á henni austarlega á suðurvegg. Austan við hana og henni sambyggt er stór tóft. Hún er 9 x 8 m stór og snýr norður-suður. Engin hleðsla er fyrir suðurvegg og var líklega þil þar nema að rutt hafi verið úr veggnum. Engin skipting sést í henni en ekki er ólíklegt að timburþil hafi áður skipt henni upp. Veggir eru hlaðnir úr grjóti og hleðslur eru mest 1,8 m háar. Tóftin er á kafi í gróðri og bárujárnsleifar eru innan hennar á víð og dreif.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Túnakort 1918


BO-143:005 tóft fjárhús

A: 393042 N: 442112

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1918 rúmum 30 m suðvestan við bæ 001 og sjást leifar þess enn. Líklega hafa einhvern tíma verið lambhús á þessum stað, a.m.k. er það líklega þetta hús sem Lambhústún dró nafn af en í örnefnaskrá segir: "Upp af Höfðanum [Álfhól] var Lambhústúnið, upp af lambhúsinu."

Túnin í Efstabæ eru í aflíðandi halla, a.m.k. suðurhluti þeirra. Þau eru nú í órækt. Túnin hafa greinilega verið plægð og talsvert af trjám, sérlega barrtrjám, hefur verið plantað í þau, þó hefur mun meira verið plantað utan þeirra en innan.

Fjánhúsleifarnar yngsta fjárhússins á þessum stað sjást enn. Tóftin er 19 x 18 m stór en þó 19 x 23 m ef fagurgræn og rústarleg hæð aftan við (norðan) er talin með. Veggir eru mjög þykkir eða allt að 4 m að þykkt og mest 1,8 m á hæð. Húsin skiptast í fjárhús og hlöðu. Fjánhúsin eru sunnar og eru um 12 x 12 m að innanmáli. Þrír garðar eru í þeim og er steipt kindabað í



Fjánhús BO-143:005, horft til norðausturs

þeim austasta (og steipt plata eftir endilöngum toppi hans). Hinir garðarnir tveir eru grjóthlaðnir. Vegghleðslur eru úr grjóti með örliðu torfi í. Bárujárnsleifum úr húsinu hefur verið staflað upp innandyra. Aftan (norðan) við sjálf fjárhúsin er hlaða sem snýr þvert á húsin. Innanmál hlöðu er 3-4 x 16 m. Hún stendur talsvert hærra og er opin til vesturs.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1918, Ö-Efstibær ÞS, 9

BO-143:006 þúst fjárhús

A: 393055 N: 442225



Þúst BO-143:006, horft til NN

"Útnorður frá bænum var nefnt Fjánhústún, þar austur af Skriðuvöllur og austar Þórðarvöllur," segir í örnefnaskrá en þar segir einnig "Fyrir neðan Brekkurnar, næst fjárhúsunum, eru Húsabrekkur...". Húsið er líklega það sama og merkt er inn á túnakort frá 1918 þó skekkja virðist í mælingum túnakortsmanna. Grasigróinn hóll eða þúst er efst í heimatúninu, rétt austan við Vesturlæk. Þústin er um 80 m NNV við bæ 001 og um 80 m norðaustan við Gunnuhól 057. Á ljósmynd frá 1945 sjást stór hús á þessum slóðum sem eru líklegast þau sömu

og merkt eru á túnakort frá 1918 ofan við melhól. Skekkja virðist hins vegar á túnakortinu þannig að það hús sem þar er merkt þar og virðist samkvæmt merkingum á korti og staðháttum vera það hús sem hér er skráð ætti samkvæmt kortamælingu að vera um 185 m frá bæ 001 en ekki 80 eins og þetta hús er. Það hús stæði þá mun utar og ofar en þetta hús og raunar utan túna (sjá 052).

Hóllinn er vel grasigróinn og ávalur en greinileg plógför eru í honum (vegna skógræktar). Hóllinn er um 20 m í þvermál og 1-3 m á hæð. Fimm barrtré hafa verið gróðursett efst á hólnum. Ekkert sést til greinilegra fornleifa á hólnum lengur (2010) en ekki er ólíklegt að einhverjar minjar leynist undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Efstibær JS, 1; Túnakort 1918

BO-143:007 *Mógrafamýri* náma mógrafir

A: 392092 N: 441701



Mógrafir BO-143:007, horft til NNV

fjalldrapa. Mógrafirnar eru grasi vaxnar og í þeim vex einnig víðir og fjalldrapi. Mógrafir eru á svæði sem er um 57x45 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Aðalsvæðið er 40x25 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Þar eru skýr merki um mósкурð efst/syðst í gröfunum en einnig í þeim austanverðum. Innan við 1 m er upp á bakka úr gröfunum. Þær eru grónar en næst austur- og suðurjöðrum er bleyta, þó að ekki standi vatn í þeim. Úr þeim rennur vatn til norðurs. Lítil stök gröf er í móanum 22 m norðaustan við aðalsvæðið. Hún er gróin en deiglent er ofan í henni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Efstibær ÞS, 1

BO-143:008 *Reiðingskofafoss* heimild um skemmu A: 392653 N: 442004

"Þar sem Skúlagil rennur í ána heitir Reiðingskofafoss og vaðið ofan við fossinn Reiðingskofavað [009]. Eru þau nöfn frá því nokkru fyrir aldamót amk, en á þeim tíma var reiðingskofi frá Efstabæ utan við Skúlagil, neðarlega og sjást þar enn rústir eftir kofann," segir í örnefnaskrá. Kofinn hefur verið um 450 m suðvestur af bæ, nærri girðingu sem fer yfir veginn (F508) sem liggur eftir dalnum. Hlið er á girðingunni, merkt "Uxahryggir". Ekki sést til fornleifa.

Svæðið frá vegi og niður að Fitjaá er að mestu hulið lúpínubreiðum en þess á milli er lyng- og mosagróið. Barrtrjám hefur verið plantað á dreif um svæðið. Ekki sést til fornleifa á yfirborði. Hugsanlega eru leifar kofans huldar lúpínu.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Efstibær ÞS, 1

BO-143:009 *Reiðingskofavað* heimild um vað

A: 392705 N: 441978



Reiðingskofavað BO-143:009, horft til SSA

"Þar sem Skúlagil rennur í ána heitir Reiðingskofafoss [sjá 008] og vaðið ofan við fossinn Reiðingskofavað," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Jónasi Hannessyni, heimildarmanni, var gott að komast yfir vaðið, hvort sem var ofan eða neðan af. Vaðið er um 415 m suðvestur af bæ 001. Ekki er vitað til þess að vaðið hafi verið á þekktri leið.

Grýttar flatir eru báðum megin árinna en aflíðandi lyng- og mosabrekkur ofar. Áin er 6-7 m breið á vaðinu, ekki mjög straumhörð þegar vettvangsvinna fór fram í júní 2016.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Efstibær ÞS, 1

BO-143:010 *Garðurinn* heimild um varnargarð

A: 393449 N: 441939



Mögulega er þessi varnargarður sem virðist gerður með stórvirkum vinnuvélum ofan á eldri varnargarði BO-143:010, horft til suðvesturs

"Rétt neðan við Torfdalsfossa er Torfdalsvað [011]. Nokkru neðar er allmikið mannvirki í ánni, fyrirhleðsla er gjörð var í tíð Sveinbjarnar Bjarnasonar [1898-1921], til þess að bægja ánni frá túnnum, vegna landbrots hennar. Var sú fyrirhleðsla nefnd Garðurinn," segir í örnefnaskrá. Garðurinn var líklega um 420 m suðaustur af bæ 001, um 70 m vestur af Torfdalsvaði. Ekki sést til fornleifa. Nýlegri varnargarður liggur meðfram nyrðri árbakka Fitjaár.

Grýttar breiðar flatir eru norðan við ána en lág rofabörð og gras- og lyngvaxnar aflíðandi brekkur sunnanmegin. Áin er um 10-15 m breið og nokkuð straumhörð þegar verið var á

vettvangi í júní 2016. Ekki sést til fornleifa. Norðanmegin við ána er um 115 m langur garður, um 1,5 m hár og 4-5 m breiður, að öllum líkindum gerður með stórvirkum vinnuvélum. Mögulegt er að eldri garðurinn hafi farið undir þennan garð.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Efstibær ÞS, 5

BO-143:011 *Torfdalsvað* heimild um vað

A: 393515 N: 441967

"Rétt neðan við Torfdalsfossa [sjá Torfdal 029] er Torfdalsvað," segir í örnefnaskrá. Vaðið er um 470 m suðaustur af bæ 001 og um 320 m vestur af Hrísgilsvaði 045, um 20 m neðan við

Torfdalsfossa. Samkvæmt Jónasi Hannessyni, heimildarmanni, var vaðið farið til að slá Brúnsmýri.



Torfadalsvað BO-143:011, horft til austurs

Fitjaá rennur í tveimur kvíslum á um 20-30 m kafla og er hólminn á milli þeirra um 10 m breiður. Aflíðandi lynggróin brekka er að ánni norðanmegin en brattara sunnanmegin. Nyrðri kvíslin er um 2-3 m breið og fremur grunn. Hægt er að stikla yfir hana á steinum. Syðri kvíslin er um 5-8 m breið og litlu dýpri en sú nyrðri. Áin er heldur straumhörd á vaðinu en vatnsmagn og straumpungi í ánni er breytilegur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Efstibær ÞS, 5

BO-143:012 *Brandsdys* heimild um legstað

A: 396475 N: 441022

"Að norðanverðu við Eiríksvatn, þar sem lönd Efstabæjar og Gilstreymis [BO-186] koma saman við vatnið, heitir Brandsdys, dálítill steinahrúga," segir í örnefnaskrá. "Milli Efstabæjar og Gilstreymis, úr áður nefndri vörðu ræður bein stefna í sunnanverða Lómatjörn, þaðan bein stefna í Brandsdys við Eiríksvatn, þá sjóhending, yfir vatnið í suðurármynni [...]," segir í landamerkjaskrá frá 1887. Brandsdys er um 3,6 km SSA af bæ, suðaustan við Eiríkswell og norðan við Eiríkswatn. Ekki sést til fornleifa.

Á þessu svæði eru mosa- og lyngbreiður, mýrlent á köflum. Aflíðandi hlíðar Eiríkswells til norðvesturs eru grýttari. Svæðið milli Eiríkswatns og hlíða Eiríkswells var gengið en engin merki um grjóthrógu, þúst eða annað sem bent gæti til nákvæmrar staðsetningar dysjarinnar fannst. Ekki er ljóst hvers vegna hún sést ekki lengur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Efstibær ÞS, 5; Landamerkjabók I, nr. 244

BO-143:013 *Selgil* heimild um sel

A: 395289 N: 441663

"... milli Teigsfjalls og Eiríkswjalls er Selslakki, og hafa þó grasbrekkurnar sunnan í honum aðallega borið það nafn á síðari tímum, en mun áður hafa heitið Selbrekkur. Þar var sel áður, eins og nafnið bendir til, og er haldið, að þar hafi verið sel ofarlega og austarlega í hallanum við Selgilið, og eru sagnir um, að þar hafi sézt rústir fyrir nokkru síðan, en nú mun gilið hafa eytt þeim," segir í örnefnaskrá. Stórt svæði austan og vestan við Selgil var gengið en engin ummerki um seljatóftir sáust á yfirborði.

Brekkurnar beggja vegna við Selgilið eru að nokkru grasi grónar og smápýfðar. Gilið grefst niður í mörgum skorningum og brýtur af grónum torfum í brekkunni. Inn á milli grónu svæðanna eru rýrari svæði, grýtt og mikið til mosagróin. Samkvæmt upplýsingum í örnefnaskrá hefur gilið eytt seljatóftunum og ekki verður komist nær því að staðsetja þær. Ekki fannst staður í gílinu þar sem ætla má að selið hafi verið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Efstibær ÞS, 5

BO-143:014 heimild um varðmannakofa

A: 395971 N: 441434

"Hvammur tveir eru neðst í Selslakkanum við Selgilið [013], niður undir Hvítserk, eystri hvammurinn er nú nefndur Mýrarhvammur. Þar er gömul rúst eftir varðmannakofa, frá því er

kláðavörður var á þessum slóðum. Vestari hvammurinn heitir Tjaldhvammur [060]," segir í



Hugsanleg ummerki eftir varðmannakofa BO-143:014 á tveimur stöðum, A) horft til norðurs (vinstri) og B) horft til suðvesturs (hægri)

örnefnaskrá. Mýrarhvammur er 70 m austur af Tjaldhvammi og lengra frá ánni. Þar fundust óveruleg ummerki um varðmannakofann.


Mýrarhvammur er ekki beinlínis hvammur, frekar eins og aflíðandi brekka. Hún er grasi gróin og þurr austast en mýrlendara og ógrónir blettir vegna vatnsaga vestar, nær Tjaldhvammi. Ekki er útilokað að örnefnið eigi frekar við mýlent svæði litlu norðar. Allstórt svæði var gengið í leit að rúst varðmannakofans en aðeins fundust ógreinileg ummerki um hann. Í Mýrarhvammi er þurr flatlendur blettur (A) þar sem ímynda má sér að eitthvert mannvirki hafi staðið en ekki sjást hlaðnir veggir. Bletturinn er 3x2 m að stærð og snýr norður-suður. Það virðist vera grafið lítillaga inn í hallann í brekkunni til austurs. Annar mögulegur staður (B) er 72 m vestar og 50 m NNA við Tjaldhvamm. Þar er þúst frekar en tóft sem er 3x3 m að stærð. Skýrust er hún á norðvesturhlið þar sem virðist vera veggur sem er 0,6 m á breidd og 0,2 m á hæð. Þetta er hins vegar allt mjög óljóst og gæti verið þúfnamyndun.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Efstibær ÞS, 5

BO-143:015 *Sæmundarhólssel* tóft sel

A: 395965 N: 440401



Sæmundarhólssel BO-143:015, horft til vesturs

"Suðvestan við Eiríkuvatn eru Sæmundarhólar rétt við ósinn. Þar var áður kallað Sæmundarhólssel," segir í örnefnaskrá. Þar mun sjást lítil rúst samkvæmt svörum við

spurningum Örnefnastofnunar. Selrústin sést enn vel. Hún er sunnan í suðvesturhluta Sæmundarhóla, um 160 m suðaustan við vörðu 023 og 3,4 km ASA við bæ 001.


Selið er sunnan í lágum grjóthrygg sem er hluti af Sæmundarhólum. Hólarnir eru allir grýttir og mosavaxnir en inn á milli eru mýrasund. Sunnan við selið er mikið flatlent mýrlendi. Ein seltóft er sjáanleg á selstæðinu. Hún er þrískipt. Tóftin er torf- og grjóthlaðin en er vel gróin svo að ekki sést í grjóthleðslur. Lögum tóftar og innanmál veggja er skýrt. Tóftin er um 10x6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Í austurhorni er hólfi I. Það er 1,5x0,5 m að innanmáli. Það snýr norðvestur-suðaustur eins og öll hólfin í tóftinni. Tvö op eru á því, annars vegar út úr því til suðvesturs og hins vegar inn í hólfi II til norðvesturs. Hólfi II er lítillaga niðurgrafið og ekki eru hlaðnir veggir á norðvestur- eða norðausturhlíðum. Það er um 1,5x2 m að innanmáli. Mögulega er op á því skáhallt niður í hólfi III til suðvesturs. Hólfi III er stærsta hólfið í tóftinni og ekki útilokað að það hafi verið tvískipt. Hólfið er 3x1 m að innanmáli. Op er á því til suðvesturs annars vegar og suðausturs hinsvegar. Í norðvesturenda tóftarinnar er ferköntuð lægð inn í vegginn sem er 1x1 m að innanmáli. Mesta hleðsluhæð er 0,7 m. Fast suðaustan við tóftina er ógróinn blettur, holmói í barði. Þar virðast ekki vera mannvirki en kraginn utan um holmóann líkist veggjum.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Efstibær ÞS, 4; Svör við spurningum Örnefnastofnunar, 1

BO-143:016 *Stekkur* gerði túngarður

A: 394240 N: 441851



Gerði BO-143:016 þar sem heitir Stekkur, horft til suðurs

"Vestan til Teigsmýrinni er Tjaldholt [017] og nokkuð þar fyrir vestan er Stekkurinn," segir í örnefnaskrá. Í svari Kristínar Sveinbjarnardóttur (f. 1900) við spurningu Örnefnastofnunar um hvort stekkurinn væri greinilegur, segir: "Já, mjög, hann var girtur og sléttað kringum hann eftir að ég man eftir mér og alltaf sleginn." Ferhyrnt gerði er þar sem heitir Stekkur, um 1,2 km ASA af bæ og um 150 m neðan (sunnan) við veg (F508). Engin ummerki um stekkjartóft sjást þar.

Stekkurinn er neðan við miðja hlíð í aflíðandi halla. Umhverfis Stekkurinn er grasi vaxið sem og fyrir neðan hann við Fitjaá, en annars hálfgróin urð með lynggróðri. Ferhyrnt gerði er á lágum hól þar sem heitir Stekkur. Gerðið er, um 18 m á lengd og 17 m á breidd. Það snýr norðvestur-suðaustur, er hlaðið úr torfi og grasi vaxið. Breidd veggja er um 1,5 m og hæð þeirra um 20-50 cm, víðast um 30 cm. Suðausturhlíð er illgreinileg. Innan girðingarinnar er smápýfi og ganga rákir norðaustur-suðvestur í norðvesturhelmingi, líklega beðasléttur. Grænna er innan gerðis á Stekk en umhverfis.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Efstibær ÞS, 5-6; Svör við spurningum Örnefnastofnunar, 1

BO-143:017 *Tjaldholt* örnefni tjaldstaði A: 394602 N: 441877
"Vestan til Teigsmýrinni er Tjaldholt og nokkuð þar fyrir vestan er Stekkurinn [016]," segir í örnefnaskrá. Þarna var tjaldað samkvæmt Kristínu Sveinbjarnardóttir í svörum við spurningum Örnefnastofnunar Íslands. Tjaldholt er um 1,5 km ASA af bæ 001, neðan við veg (F508).

Tjaldholt er í mólendri hlíð með birkikjarri. Hlíðin er grýtt á köflum en einnig eru sléttar grasflatir á stöku stað. Engin merki um fornleifar sjást á Tjaldholti.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Efstibær ÞS, 5-6; Svör við spurningum Örnefnastofnunar, 1

BO-143:018 *Hádegisvörður* varða eyktamark A: 393579 N: 441280



Varða BO-143:018A, horft til norðausturs



Varða BO-143:018B, horft til norðurs

"... á hábrúninni á Fellinu, beint suður af bænum eru Hádegisvörður ...," segir í örnefnaskrá. Þrjár vörður eru á brúninni, á stalli í Skúlafelli. Greinilegasta varðan er um 600 m sunnan við mógrafir 022. Fleiri vörður kunna að vera á brúninni lengra til vesturs en ekki var farið þangað.

Flatur, grýttur og mosavaxinn stallur í Skúlafelli. Hátt uppi, ofan við brattar, grónar brekkur. Þrjár vörður sjást á þessari brún á svæði sem er 230x18 m að stærð og snýr austur-vestur. Tvær þeirra eru hlaðnar ofan á stór björg. Vestast er varða A. Hún er skófum vaxin og nokkuð fornleg. Varðan er hlaðin á mikið bjarg sem er rúmlega 1 m á kant og 1,3 m á hæð. Varðan sjálf er 0,7x0,5 m að grunnfleti, snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 0,4 m á hæð og sjást 3 umför. Hrunið hefur úr vörðunni. Varða B er 90 m austan við vörðu A. Hún er um 0,8 m í þvermál, 0,3 m á hæð og í henni sjást 3-4 umför. Hleðslur eru úr lagi gengnar. Ekki víst að þessi varða sé mjög gömul. Efstu steinarnir eru þó skófum vaxnir. Varða C er lengra frá brúninni. Hún er 140 m austan við vörðu B og 230 m austan við vörðu A, sunnan við austurenda lítillar klettaborgar. Hún er hlaðin á stórt bjarg sem er um 2x2 m að stærð og 1,2 m á hæð.



Varða BO-143:018C, horft til NNA

Varðan er nokkuð fornleg en ekki stór. Er 0,7x0,4 m að grunnfleti, snýr NNA-SSV. Hún er 0,2 m á hæð og í henni sjást 2 umför hleðslu. Líklega hefur hrunið úr henni. Varðan er hlaðin í halla

eins og varða A.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Efstibær ÞS, 5

BO-143:019 *Eystri Hræða* varða

"Upp af Teigsmýrinni er varða uppi á hæð, sem hlaðin var til að hræða dýrbít og heitir hún Eystri Hræða," segir í örnefnaskrá. Ekki tókst að staðsetja vörðuna með innan við 50 m skekkju. Upp af Teigsmýrinni eru lynggrónar hlíðar. Skorradalsvegur (F508) liggur um hlíðina frá vestri til austurs. Hlíðin upp af Teigsmýrinni var gengin en engar vörður fundust. Varðan er líklega hrunin eða farin undir veg F508.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Efstibær ÞS, 6

BO-143:020 *Vestari Hræða* varða

"Upp af Teigsmýrinni er varða uppi á hæð, sem hlaðin var til að hræða dýrbít og heitir hún Eystri Hræða [019]. Fyrir ofan Stekkinn [016] eru Stekkjarvörður [021]. Nokkru vestar er Vestari Hræða, sem er sams konar varða og sú eystri," segir í örnefnaskrá. Jónas Hannesson, heimildarmaður, sagði mögulega vörðu vestan undir Hrísgili, neðan við veg (F508). Ekki tókst að staðsetja vörðuna með innan við 50 m skekkju.

Upp af Stekknum 016 og vestur að Hrísgili eru lynggrónar hlíðar. Skorradalsvegur (F508) liggur um hlíðina frá vestri til austurs. Hlíðin vestur af Stekknum 016 var gengin en engar vörður fundust. Varðan er líklega hrunin.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Efstibær ÞS, 6

BO-143:021 *Stekkjjarvörður* varða

"Fyrir ofan Stekkinn [016] eru Stekkjarvörður," segir í örnefnaskrá. Jónas Hannesson, heimildarmaður, sagði tvær eða þrjár hrundar vörður neðan við veg (F508). Ekki tókst að staðsetja vörðunar með innan við 50 m skekkju.

Upp af Stekknum 016 eru lynggrónar hlíðar. Skorradalsvegur (F508) liggur um hlíðina frá vestri til austurs. Hlíðin fyrir ofan Stekkinn (016) var gengin en engar vörður fundust. Vörðurnar eru líklega hrundar en einnig er mögulegt að þær hafi horfið vegna vegafframkvæmda.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Efstibær ÞS, 6

BO-143:022 *Brúnsmýri* náma mógrafir

A: 393818 N: 441816

Jónas Hannesson, heimildamaður, greindi frá því að mógrafir væru í Brúnsmýri. Sennilega voru þær í notkun fyrir tíma föður hans sem kom 1930 að Efstabæ. Á örnefnakorti Sigurgeirs Skúlasonar er Brúnsmýri sýnd sem stórt svæði norðan undir Langaási í Skúlafelli. Það svæði er fremur flatlent og smápýft vallendi. Austast er mýrlendi og þar eru óveruleg ummerki um mótekju um 810 m ASA við bæ 001 og 415 m vestan við Stekk 016.

Lækjarfarvegir skera í sundur vallendið. Mjög aflíðandi halli er til norðurs niður að Fitjaá. Helst koma tvö svæði til greina sem mótekjusvæði og eru þau þétt saman á svæði sem

er á 40x34 m að stærð. Annars vegar er allstórt svæði (A) sem er fremur grunnt og hins vegar er botn lækjarfarvegur (B) þar sem mór virðist hafa verið stunginn úr bökkum lækjarins. Nokkuð greinileg merki um mósukurð eru syðst á svæði A en víðast sjást brúnir grafanna ógreinilega. Svæðið er þurrst syðst en verður blautara eftir því sem norðar dregur. Allt svæðið er gróíð. Svæði B snýr norðvestur-suðaustur. Í því eru skýrust ummerkin um mótekju þar sem er breitt og djúpt gil. Í því rennur lækur til norðvesturs. Á u.þ.b. miðju svæðinu er haft í gili og er óvíst að mótekja hafi verið þar neðan/norðvestan við. Í suðausturenda er skurðurinn 2-3 m á dýpt, að mestu gróinn nema þar sem lækurinn brýtur af suðvesturbakkanum. Svæðið er fremur þurrst.



Mógrafir BO-143:022 í Brúnsmýri, horft til norðurs

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Örnefnaskort SS

BO-143:023 varða samgöngubót

A: 395831 N: 440490



Varða BO-143:023 í Sæmundarhólum, horft til suðausturs

Varða er í Sæmundarhólum syðst, vestan við Eiríkuvatn. Hún er um 165 m VNV við Sæmundarhólssel 015 og 3,2 km suðaustan við bæ 001. Líklega hefur hún vísað á selið.

Varðan er á mosagrónu holti. Mýrlent er í kringum holtið, einkum til suðurs. Grunnflötur vörðunnar er um 0,7x0,7 m. Hún er 0,6 m á hæð og í henni sjást 4 umför. Hún er hrunin til norðausturs og er skófum vaxin.

Hættumat: engin hætta



Tobbavarða BO-143:024A, horft til norðurs



Kúpuvarða BO-143:024B, horft til suðausturs

"Vestast á Kúpunni er Kúpuvarða, hét Þorleifsvarða, kennd við við Þorleif, afa Þorleifs í Nesi ... Norðar er Tobbavarða, eða Þorbjörn, kennd við Þorbjörn Jónsson, móðurbróður Þorbjörns Péturssonar á Draghálsi," segir í örnefnaskrá. Tvær vörður eru saman, líklega Tobbavarða og Kúpuvarða/Þorleifsvarða, á lágri flatri klöpp sem stendur upp úr flatlendinu uppi á Kúpu, um 860 m norðan við bæ 001. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi vörðurnar voru hlaðnar.

Kúpa er hátt og breitt fell norðan við Efstabæ. Efst á því er grýtt og mosavaxið. Grýtt er á klöppinni sem vörðurnar eru á en nánast samfelld mosapekja allt í kring. Um 10 m eru á milli varðanna og eru þær á svæði sem er 12x1 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tobbavarða A er stæðileg og er norðaustast á svæðinu. Hún er um 1 m í þvermál en lítillaga hefur hrunið úr henni til norðausturs. Hún er um 0,7 m á hæð og í henni sjást 11-12 umför en hún er hlaðin úr fremur þunnu hellugrjóti. Gróið er í kringum hana, lyngi og mosa. Kúpuvarða B er á kletti sem er laus frá klöppinni. Sú varða er hrugin að mestu leyti en er um 1 m þvermál, 0,4 m á hæð og í henni sjást um 5 umför. Er ekki gróið í kringum hana eins og hina.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Efstibær ÞS, 6



Vörðubrot BO-143:025, horft til norðurs

Vörðubrot er á stóru bjargi uppi á Kúpu, um 315 m norðvestan við Kúpvörðu og Tobbavörðu 024 og 1 km norðan við bæ 001. Bjargið sem vörðubrotið er á er innan um önnur stór björg sem standa upp úr mosapembu. Mýrlent er til norðurs meðfram Kúpu. Grjóthólar eru lengra til norðausturs.

Varðan samanstendur af þremur steinum uppi á flötu stóru bjargi sem er ofan á öðru flötu, jarðlægu bjargi, minnir á altari. Steinarnir radast á svæði sem er 0,6x0,6 m að stærð. Tveir þeirra standa upp á rönd. Hæstu steinarnir eru 0,3 m á hæð en bjargið sem þeir eru á er 0,6 m á hæð.

Hlutverk óþekkt en mögulega er hér um landamerkjavörðu að ræða ef hún er í Klofasteinum sbr. lýsingu á merkjum milli Efstabæjar og Fitjakirkjulands í landamerkjaskrá frá 1887: "Milli Efstabæjar og Fitjakirkjulands, úr miðri Stóru Krókatjörn á Botnsheiði ræðu bein stefna í Nóngilsgljúfur, úr Nóngilsgljúfri yfir þveran dal í vörðu ofarlega í norðurhlíðum úr vörðunni bein stefna í Klofasteina."

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Landamerkjabók I, nr. 244

BO-143:026 *Varðmaður* varða samgöngubót

A: 392511 N: 442084



Varðmaður BO-143:026, horft til NNA

"Nokkru innar [en Klöppin] er allstór varða, Varðmaður, og sést frá Efstabæ [001]. Svæðið fyrir innan og ofan Varðmann er kallað Vangi," segir í örnefnaskrá. Í svörum Kristínar Sveinbjarnardóttur við spurningum Örnefnastofnunar segir: "Varðmaður, er þar, sem fyrst sást til þeirra, sem komu austan að heim að Efstabæ, og þar sást síðast til þeirra, sem fóru. Þar stóð hann dyggilega sinn vörð, blessaður." Varðan er um 3 m ofan við veginn eftir dalnum (F508), við rafspennumastur, um 575 m VSV af bæ 001.

Varðan er í aflíðandi brekka

sem nær niður að Fitjaá og er gróin lúpínu og birkikjarri. Varðan stendur á um 1 m háum steini. Hún er um 1 m á hæð, 50 cm í þvermál og eru í henni um 14-15 umfö. Varðan er að miklu leyti hlaðin úr hellugrjóti og er grjótið lítillega skófum vaxið.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Efstibær ÞS, 7; Svör við spurningum Örnefnastofnunar, 2

BO-143:027 *Jónsvarða* varða leið

A: 392437 N: 442348



Jónsvarða BO-143:027, horft til SSA

"Nokkru innar [en Klöppin] er allstór varða, Varðmaður [026], og sést frá Efstabæ [001]. Svæðið fyrir innan og ofan Varðmann er kallað Vangi. Uppi á brúninni er Jónsvarða ... Skáinn sem slóðinn liggur upp í Vestri-Sökkur er kallaður Sneiðingur. Fyrir ofan Sneiðinginn, nær bænum, heitir Svartiklettur," segir í örnefnaskrá. Jónsvarða er um 380 m norðan við vörðu 051 niður við Fitjaá og 680 m VNV við bæ 001. Hún hefur líklega varðað leiðina sem lá um Sneiðinginn, stall í brekkunni norðan við bæinn.

Sneiðingur lá eftir klettastalli í brattri brekku undir Kúpu. Brekkan er


öll vaxin lúpínu og birkitré vaxa líka í henni hér og hvar. Gróðurlaus melur er á stallinum þar sem Jónsvarða er. Engin ummerki um götu sjást í Sneiðingnum. Varðan er nokkuð reisuleg. Hún er um 1 m í þvermál og 1,3 m á hæð. Í henni sjást 6-7 umför. Virðist nokkuð komin til ára sinna en ekki forn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Efstibær ÞS, 7

BO-143:028 tóft rétt

A: 393356 N: 442177



Rétt BO-143:028, horft til vesturs

"Fyrir ofan réttina er Réttarholtið," segir í örnefnaskrá. Réttin er enn greinileg í rjóðri í þéttum skógi um 265 m VNV við bæ 001. Þéttur barrskógur er í kringum réttina en ekki hefur verið gróðursett inn í hana. Greinilegt er að byrjað er að grisja og nýlega hafa tré sem stóðu næst tóftinni verið höggvin. Þó eru enn talsvert af trjám 1-2 m frá tóft.

Réttin er grjóthlaðin og 22 X 14 m stór. Hún er L-laga og hefur norðvesturhluti hennar verið stúkaður af með timbri. Tóftin er ennþá mjög staðileg. Op er á henni nálega á miðjum suðurvegg og einnig syðst á austurvegg. Einkennilegt gat er á vesturvegg en ekki er ljóst hvaða tilgangi það hefur þjónað. Veggir réttarinnar eru víða um 0,8 m á hæð, grjóthlaðnir.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Efstibær ÞS, 7

BO-143:029 Torfdalur gryfja rista

A: 393348 N: 441998

"Innan túns er austast Torfdalurinn. Þar var áður rist torf í mýri, sem þar var ... Nú er mýrin löngu orðin að túni og nafnið flutzt yfir á flatirnar þar," segir í örnefnaskrá. Neðst í Torfdalnum, um 300 m ASA við bæ, eru dældir. Ekki er ólíklegt að mór/torf hafi verið rist á þessum slóðum.

Grasi vaxið svæði er fremst á árbakkanum, fast sunnan við tekur við bakki niður að Fitjaá. Á þessum slóðum eru a.m.k. þrjár dældir í röð á bakkanum og eru þær um 15 m í þvermál. Í miðju dældinni er steinaröð greinileg og er hún um 5 m löng og einföld. Ekki er ólíklegt að þetta sé einungis undirstaða undir girðingu sem hefur verið þarna á bakkanum.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Efstibær ÞS, 7

BO-143:030 Hesthúshóll heimild um hesthús

A: 393233 N: 442107

Lítið útihús er merkt inn á túnakort frá 1918 og samkvæmt Guðrúnu Hannesardóttir var það hesthús. Þess er getið í örnefnaskrá: "Þar fyrir vestan og neðan [Flatirnar og Jarðfallið] eru Hesthúsflatirnar, upp af þeim Hesthúslautin, og fast við hesthúsið að austan Hesthúshóll.". Samkvæmt Guðrúnu Hannesardóttur, heimildamanni, var hesthúsið rétt neðan (sunnan) við

götu 042. Það stóð samkvæmt henni um 1950. Engar skýrar leifar fundust á þessum slóðum. Mikil skekkja virðist í mælingum á túnakortinu á Efstabæ og það sést m.a. á því að melar og tún-tungur sem þar eru sýndar og sjást enn eru nær bæ en svo að það falli saman við þá mela og tungur sem sýndar eru á túnakorti og hljóta að eiga við umrætt svæði. Undir þessu númeri er skráð staðsetning hússins samkvæmt þeirri fjarlægð frá bæ 001 sem upp er gefin túnakorti. Undir númeri 034 er hins vegar skráð möguleg staðsetning hússins sem ætla mátti af umhverfismerkingum á túnakortinu og því sem sjá má enn í dag (þ.e. að húsið sé neðan við mel en rétt vestan við tvær túntungur). Samkvæmt túnakortinu var húsið um 150 m austan við bæ 001.

Tún á kafi í órækt. Mikill og þéttur skógur er fast ofan við. Á þessu svæði er fagurgræn þúst fast ofan við götu sem liggur í gegnum túnið á Efstabæ. Á þessum stað er járnstöng upp úr sverðinum og eitthvað grjót en ekkert sannfærandi rústalag sést þó á svæðinu.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Efstibær ÞS, 8

BO-143:031 *Kvíatunga* örnefni kvíar

A: 393218 N: 442189



Kvíatunga BO-143:031, horft til norðaustur

"Þar fyrir vestan [lækinn sem er fyrir vestan hesthúsið 030] er Kvíatunga en Hesthústunga þar fyrir neðan," segir í örnefnaskrá. Á öðrum stað segir: "Þar fyrir ofan [við Jóhannsflatir] er Sléttiblettur, er áður var nefndur Kvíastæði, ..." Engar kvíar fundust á þessu svæði en kvíarnar hafa líklega verið um 140 m ANA við bæ 001 á flatlendi rétt austan við Eystrilæk.

Á þessu svæði er nokkuð slétt grasflöt sem hefur verið plægð vegna skógræktar og margar litlar þyrpingar af barrtrjám. Flötin er um 40 X 20 m á breidd og snýr norðaustur-suðvestur. Efst eða norðaustast í flötinni er stór steinn með

oddhvassan topp rétt suðvestan við stóran barrskógarreit. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Efstibær ÞS, 8

BO-143:032 *Brunnur* brunnur brunnur

A: 393096 N: 442206

"Í miðjum Þórðarvelli var Brunnurinn, og rann úr honum sytran Brunnlækurinn ...," segir í örnefnaskrá. Brunnlækurinn sést ennþá greinilega og er uppruni hans í túninu um 60 m norðan við bæ 001.

Á þessu svæði er grasigróin brekka sem hallar 5-10° í suður. Barrtré hafa verið gróðursett á bökkum Brunnlækjar. Brunnurinn sjálfur virðist vera horfinn en bárujárnsplata er yfir upptökum Brunnlækjar. Undir plötunni er aðeins lítið leirflag þar sem áður hefur verið tekið vatn. Engar hleðslur eru greinanlegar við upptök lækjarins en ekki er ólíklegt að grafið hafi verið dýpra niður eftir vatni en nú (2010) er. Lækurinn er orðinn lítið annað en örsmá lækjarspræna. Lækurinn hefur legið í SSA frá upptökum og myndað 0,5-1 m breiddan og 0,5-1,5 m djúpan farveg ofan í brekkuna.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Efstibær ÞS, 8



Álfhóll BO-143:033, horft til norðvesturs

hár, grasigróinn og ávalur. Fremst og syðst í hól eru ógrónar klettanibbur sem aðeins sjást frá malareyrinni á bökkum Fitjaár.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Efstibær ÞS, 9

"... austan við [Votumýri er] Höfðinn, sem einnig var nefndur Álfhóll," segir í örnefnaskrá. Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar um hvernig standi á nafngiftinni segir: "Ekki man ég það, en við héldum, að þar byggi huldufólk, en sáum aldrei neitt, ..." Álfhóll, eða Höfðinn, er um 110 m SSV við bæ 001 og um 130 m SSA við Gunnuhól 057.

Álfhóllinn er beint undir rafmagnslínu sem liggur inn Skorradalinn og um 10 m norðan við malarveg sem liggur inn Skorradal á malareyri meðfram Fitjaá. Hóllinn er um 40 X 30 m á stærð og snýr gróflega austur-vestur. Hann er 2-5 m



Steinaröðin þar sem heimildir eru um hesthús BO-143:034, horft til suðausturs

Lítið útihús er merkt inn á túnakort frá 1918 og samkvæmt Guðrúnu Hannesardóttur var það hesthús. Mikil skekkja er í túnakortinu á þessum slóðum og það sést m.a. á því að melar og túntungur sem þar eru sýndar og sjást enn eru nær bæ 001 en svo að það falli saman við þá mela og tungur sem sýndar eru á túnakorti og hljóta að eiga við umrætt svæði. Hér er skráð staðsetning hússins samkvæmt því sem ætla má út frá því landslagi sem merkt er inn á túnakortið og má enn sjá. Samkvæmt því var húsið neðan við mel en rétt vestan við tvær túntungur. Þessi staðsetning er tæpum 40 m VSV við

þann stað sem ætla má að húsið hafi verið samkvæmt þeirri fjarlægð upp er gefin í á túnakorti (en sú staðsetning var skráð undir númerinu 030).

Tún á kafi í órækt þar sem talsvert hefur verið gróðursett af trjám. Rétt neðan við (sunnan) við vegarslóða sem liggur í gegnum túnið er röð af stórum steinum. Hún er um 10 m löng og væri sannfærandi mannvirki ef að steinarnir væru ekki risastórir hnullungar. Þó hafa þeir greinilega verið settir þarna í einhverjum tilgangi og á stöku stað sjást minni steinar við.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

"Fyrir austan Höfðann [Álfhól] neðst, er Veitan, en austur af henni Eyrin, eða Kvíaeyrin," segir í örnefnaskrá. Veitan er mýrarfláki um 100 m sunnan við bæ 001, fast austan undir Álfhól 033.

Á þessu svæði er deig sléttlend mýri sem er þýfð og grasigróin. Mýrarflákinn er um 20 X 10 m að stærð og snýr gróflega austur-vestur. Fast sunnan við mýrina eru malareyrar Fitjaár. Í mýrinni eru 2-3 litlar <0,4 m djúpar lækjarsprænur sem tæmast í vestur í Fitjaá. Milli Álfhóls og brúna liggur einnig lítil lækjarspræna í suður niður í mýrina. Engin greinileg ummerki um áveitugarða sjást á svæðinu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Efstibær ÞS, 9

BO-143:036 *Kvíaeeyri* hleðsla kvíar

A: 393097 N: 442040



Kvíaeeyri BO-143:036, horft til VNV


"Fyrir austan Höfðann [Álfhól] neðst, er Veitan, en austur af henni Eyrin, eða Kvíaeeyrin," segir í örnefnaskrá. Kvíaeeyri er um 100 m SSA við bæ 001 og um 100 m austan við Álfhól 033.


Eyrin er sléttlent en þýft graslendi. Hún er um 40 X 20 m stór og liggur ASA-VNV fast sunnan og meðfram Brúnunum norðan við áreyrar Fitjaár. Við fyrstu sýn virðast ekki vera neinar fornleifar á Eyrinni. Þegar betur er að gáð

virðast þó vera leifar vegghleðsla í VSV enda hennar á blábrúninni fast ANA við malareyrar Fitjaár. Hleðslurnar eru mjög óljósar og vel mosa- og grasigrónar. Þær eru <0,4 m á hæð, um 1 m á breidd, rúmlega 13 m á lengd og mynda L sem liggur VNV-ASA. Að NNA er hleðslan um 10 m á lengd og liggur ASA-VNV. Að ASA beygir hún í SSV og er hún þar um 3 m á lengd. Báðir endar hverfa við brún eyrar þar sem Fitjaáin hefur rofið af henni. Hugsanlega er hér um að ræða leifar grjóthlaðins hóls sem að hluta hefur brotnað í ána. 2017: Farið var aftur á vettvang þegar minjar á jörðinni voru mældar upp. Mun greinilegri hleðsla er neðan við brún eyrarinnar, fast suðvestan við þá hleðslu sem skráð var 2010. Sjá má grjóthleðslu (sem fær bókstafinn B til aðgreiningar) utan í náttúrulegum kanti á 10 m löngum kafla og við suðausturenda hennar er óljós hleðsla eða veggur til suðvesturs á 3 m löngum kafla. Þessi hleðsla myndar því einnig L og voru báðar hleðslurnar mældar upp.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Efstibær ÞS, 9





Hleðslan í Gamlabrunni BO-143:037, horft til norðurs á ljósmynd

"Ofan við Veituna [035] er Barðið, og austan við það er Gamlibrunnurinn ..." segir í örnefnaskrá. Um 80 suðaustan við bæ 001 eru óljós mannvirki, líklega leifar Gamlabrunns.

Ummerkin eru neðarlega (sunnarlega) í aflíðandi túni, á kafi í grasi, líklega í austurenda Barðsins. Leifarnar eru mjög óljósar. Á staðnum stendur tréstaupur upp úr sverði og aðeins sunnar er bárujárnsplata yfir timbri.

Greinilegustu ummerkin eru nokkuð djúp hola með grjóthleðslu sem virðist djúp (þó hár grasvöxtur á svæðinu kundi að ýkja dýptina). Holan sjálf er 1,5 X 1 m að stærð allra nyrst. Frá henni liggja hleðslur til suðurs bæði að austan og vestan og er svæðið samtals 4 X 3 m að stærð. Um 2 m sunnan við suðurenda virðist óljóst mega sjá móta fyrir hleðslu eða vegg sem snýr austur-vestur og er um 4 m á lengd en 1,5 m á breidd. Við austurenda þessa hryggs er dæld eða hola. Öll ummerkin eru á kafi í grasi og fremur óljós en líklegast eru þetta leifar Gamlabrunns.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Efstibær ÞS, 9

BO-143:038 Húsabær heimild um

A: 396554 N: 437092

"Norðaustan til á Veggjum er Veggjadalur. Þar voru þústir nokkrar, er kallaðar voru Húsabær. Á Veggjadal á Suðurá upptök sín og fellur í Eiríkvatn," segir í örnefnaskrá. Veggir eru lágt fjall uppi á Botnsheiði, talsvert hátt yfir sjávarmáli. Þar er afar ólíklegt að verið hafi hús en þó er ekki hægt að útiloka það. Ekki var leitað að Húsabæ á vettvangi en Veggjadalur er 6 km suðaustan við bæ 001.

Heimildir: Ö-Efstibær JS, 2

BO-143:039 gripir

Í Fitjaannál frá 1695 segir: "Á Gagnheiði fjallvegi millum Skorradals og Þingvallasveitar liggur eitt lágt fjall, er Veggir er kallað. Þar fann sonur bóndans í Efstabæ fyrir nokkrum árum ketil gamlan og ryðgaðan, grafinn í jörð, en sást á eyrun." Um mjög stórt svæði er að ræða þar sem ketillinn fannst og ekki hægt að staðsetja hann nákvæmlega. Ekki er ljóst hvort þessi gripafundur hafi verið í nánd við Húsabæ 038 í Veggjadal.

Heimildir: Annálar II, 315

BO-143:040 heimild um kálgarð

A: 393083 N: 442129

"Þar [á Þórðarvelli] var gerður kálgarður austast og efst, og var flötin síðan nefnd stundum Kálgarðsflöt," segir í örnefnaskrá. Kálgarðurinn var merktur inn á túnakort frá 1918 beint sunnan við bæ 001 og hefur aðeins verið gata 042 á milli. Engar leifar kálgarðsins sjást lengur en líklega hefur suðurbrún götu 042 markað norðurbrún kálgarðs.

Túnin í Efstabæ eru í aflíðandi halla, a.m.k. suðurhluti þeirra. Þau eru nú í órækt. Túnin hafa greinilega verið plægð og talsvert af trjám, sérlega barrtrjám, hefur verið plantað í þau, þó


hefur mun meira verið plantað utan þeirra en innan. Kálgarðurinn hefur verið á aflíðandi svæði sunnan bæjarþyrpingar (001-004). Grænna og ræktarlegra er á þessum slóðum en umhverfis. Bíslóði liggur um svæðið. Upphækkun er fast norðan við kálgarðssvæðið á um 13 m kafla og má vera að þar sé að finna leifar kálgarðsins. Hann sést vel af ljósmynd sem til er af bænum frá því um 1930 og virðist hafa verið torfhlaðinn og stæðilegur.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Túnakort 1918; Ö-Efstibær ÞS, 8; ljósmynd af Efstabæ frá um 1930

BO-143:041 þúst brunnur

A: 393025 N: 442222



Dæld BO-143:041, horft til suðurs

Í austurjaðri barrskógar og um 85 m norðaustan við bæ 001 er dæld sem virðist mannaverk, í vesturbrún Vesturlækjar. Dældin er í grasigróinni brekku sem hallar 5-20° í SSV og suðaustur og virðist hún hafa verið grafin ofan í brekkuna. Fast VSV við dældina er þyrping af barrtrjám og tvö barrtré suðaustan við hana.

Dældin er um 2 m á lengd, um 1 m á breidd, 0,2-0,5 m á dýpt og snýr VNV-ASA. Einnhver konar op virðist að SSV. Engar grjóthleðslur eru greinanlegar. Ekki er víst að hér sé um mannvirki að ræða en frekari rannsóknir þyrftu að fara fram til að ganga úr skugga um það. Hugsanlega gætu ummerkin þó verið eftir brunnhús eða myllu.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

BO-143:042 vegur leið

A: 393892 N: 440447



Vegur BO-143:042, horft til vesturs

Inn á túnakort frá 1918 er merkt gata sem legið hefur eftir endilöngu túninu austur-vestur og fram hjá bæ 001 fast sunnan hans. Gamla leiðin hefur að stærstum hluta legið á svipuðum slóðum og bíslóði í gegnum túnið gerir enn. Þó lá gamli vegurinn ofar (norðar) um miðtúnið og lá áður norðan við fjárhús 005 en ekki neðar (sunnar) eins og bíslóðinn gerir í nú (2010). Engin merki gömlu götunnar sjást nema við bæjarþyrpinguna (001-004).

Túnin í Efstabæ eru í aflíðandi halla, a.m.k. suðurhluti þeirra. Þau eru nú í órækt. Túnin hafa greinilega verið plægð og talsvert af

trjám, sérlega barrtrjám, hefur verið plantað í þau, þó hefur mun meira verið plantað utan þeirra en innan. Vegurinn sést fyrst sunnan við grunn yngsta íbúðarhússins í Efstabæ 001 og liggur svo til austurs, samsíða bæjarþyrpingunni. Hann verður óskýrari eftir því sem austar dregur (strax austan við fjárhús 002) og hverfur þar sem hann hefur byrjað að sveigja frá þyrpingunni. Vegurinn er því greinilegur á um 45 m löngum kafla og er víða 2-3 m á breidd. Hann er mest um 0,3 m á hæð og hleðsla hans er gróin.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Túnakort 1918

BO-143:043 varða óþekkt

A: 393892 N: 440447



Varða BO-143:043, horft til suðausturs

Ein varða er efst uppi á Skúlafelli. Hún er um 1,7 km ASA við Skúlavörður 056 og 1,9 km suðvestan við bæ 001. Grýtt og mosavaxið er efst á Skúlafelli.

Varðan er hlaðin á klöpp sem stendur um 1 m upp úr umhverfinu. Hún er um 0,5 m í þvermál og 0,5 m á hæð. Í henni eru fáir, fremur stórir steinar, tvö umför. Hlutverk hennar er ekki þekkt. Ekkert virðist hafa hrunið úr vörðunni og er óvíst að hún sé gömul og þá að hún sé fornleif.

Hættumat: engin hætta

BO-143:044 Tjaldskurður örnefni tjaldstæði

A: 392255 N: 439076



Tjaldskurður BO-143:044 í fjarska, horft til suðurs

"Suðaustan við hann [Stararflata] er Sóleyjarhæð. Vestan við þá hæð eru skurðir, og eru þar brokslægjur. Þar var oftast tjaldað, þegar slegið var í skurðinum, og var einn skurðurinn oftast nefndur Tjaldskurður, en ekki mun það nafn gamalt," segir í örnefnaskrá. Tjaldstæðið var ekki skráð á vettvangi en staðsett af loftmynd. Það var að líkindum um 3,3 km sunnan við bæ 001 og 2,2 km suðvestan við vörðu 043 á Skúlafelli.

Sóleyjarhæð er vaxin mosa og grasi og er í heiði sem hallar til norðurs. Blautir flóar eru austan við hana en vestan við hana rennur lækur og eru grasblettir meðfram

honum sem hafa verið slegnir. Afar ólíklegt er að nokkur ummerki um tjaldstæðið sjáist á vettvangi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Efstibær ÞS, 2



Hrísgilsvað BO-143:045, horft til suðurs

breið. Óljós troðningur liggur niður brekku norðanmegin ár við vaðið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Efstibær ÞS, 4

"Á móti Sléttaletti er Hrísgilsvað, á ánni," segir í örnefnaskrá. Jónas Hannesson, heimildarmaður, sagði stóra eyri austan við Hrísgilið og vaðið líklega þar. Vaðið er um 780 m ASA af bæ 001. Ekki er vitað til þess að vaðið hafi verið á þekktri leið.

Flatir eru báðu megin Fitjaár, grýttar og lyngvaxnar. Lyng- og kjarrivaxin brekka er upp af flötinni norðanmegin en lág brún og slétt grasflöt þar ofan við sunnanmegin. Áin er nokkuð straumhörd og rennur í tveimur kvíslum á um 40 m kafla. Nyrðri kvíslin er um 5 m breið en syðri kvíslin er vatnsminni og um 2-3 m



Flóðaskurður BO-143:046, horft til norðvesturs

"Norðan við það fell [Eiríksfell] eru Flóðin, slægjuland, en blautt mjög og illt yfirferðar, mesta kviksyndið heitir Forin. Þar hefur verið gerður skurður á merkjum Gilstreymis [BO-186] og Efstabæjar og fyrirhleðsla gerð til áveitu. Var hann kallaður Flóðaskurður," segir í örnefnaskrá. Áveituminjar eru um 3,0 km vestur af bæ 001, um 50 m norðan við veg F508 sem liggur norðan við Eiríksfell.

Minjarnar eru í mjög blautri mýri með fjalldrapa og lyngi á dreif. Áveituminjar sjást á svæði sem er um 250x70 m að stærð og snýr SSV-NNA.

Annars vegar sést á svæðinu skurður en

hins vegar garður. Skurðurinn er alls um 270 m langur. Hann stefnir SSV-NNA á um 20 m kafla en tekur þá stefnu suðaustur-norðvestur. Skurðurinn er skýrastur á fyrsta kaflanum og er 0,3-1,0 m breiður. Um 20 cm eru niður á vatnsyfirborð og er vatn í skurðinum 30-50 cm djúpt. Eftir því sem norðvestar dregur verður skurðurinn óskýrari og markast sums staðar einkum af uppmokstri við syðri bakka. Skurðurinn skýrist aftur í norðvesturendann og er þar 0,8-1,0 m breiður og 10-15 cm djúpur. Um 30 m frá þeim punkti þar sem skurðurinn beygir til norðvesturs liggur hann í gegnum torfhláðinn garð. Garðurinn er alls um 100 m langur, liggur vestur-austur á um 70 m kafla en tekur þá stefnu VSV-ANA. Garðurinn er um 1 m breiður og um 20 cm hár, siginn í miðju.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Efstibær ÞS, 5

BO-143:047 gerði túngarður

A: 392801 N: 442182



Túngarður BO-143:047, horft til norðausturs

0,7 m á breidd og 0,5 m á hæð. Svo virðist sem að yngri viðbót við vegginn sé til beggja enda þar sem hann er lægri og mjórri.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Ungt gerði sem afmarkar stakstætt tún er um 280 m vestan við bæ 001. Túnið er í aflíðandi halla til suðurs, fast ofan við vegarslóða að bænum. Gras og sína vaxa innan gerðis og sjálfsáð birki og víðir. Mólendi er í kringum gerðið en ofan við það, ofar í hlíðinni er mikið um lúpínu.

Gerðið er tígullaga, um 62x75 m að stærð og snýr ANA-VSV. Veggir þess eru úr torfi og eru 0,3-0,5 m á breidd og 0,3 m á hæð þar sem þeir eru hæstir. SSA-langhlið er stæðilegust og er veggurinn þar allt að

BO-143:048 varða óþekkt

A: 394879 N: 442149



Varða BO-143:048, horft til suðvesturs

röð og 2 aðrir sunnan við. Eru þeir allir á milli tveggja jarðfastra bjarga. Mögulega er þetta náttúrumyndun. Hlutverk vörðunnar er ekki þekkt.

Hættumat: engin hætta

Fornleg og skófum vaxin varða er vestarlega í Teigfjalli um 600 m norðvestan við Selgil 013 og 1,8 km vestan við bæ 001. Stórt holtagrjót er allt í kring og að mestu mosavaxið. Frá vörðunni sést heim að bæ en varðan sést ekki frá bæ og getur því ekki hafa verið eyktamark.

Varðan er hlaðin á stórt bjarg sem er 2x1 m að stærð og 1,2 m á hæð. Varðan sjálf er 0,6x0,5 m að grunnfleti og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 0,3 m á hæð og henni sjást 2 umför hleðslu. Ekki sést að hrúnið hafi úr vörðunni. 12 m norðvestan við vörðuna er mögulega annað vörðubrot. Þar eru 3 stórir steinar hvor ofan á öðrum í

BO-143:049 varða óþekkt

A: 395818 N: 441323



Varða BO-143:049, horft til VNV

hugsanlega yngri en hinar þrjár. Grjót í öllum vörðum er skófum vaxið, mest í vörðu B en minnst í vörðu A.

Hættumat: engin hætta

BO-143:050 varða óþekkt

A: 392083 N: 442086



Varða BO-143:050, horft til vesturs

við vörðuna. Varðan er stæðileg. Hún er um 1,2 m þvermál og 1,2 m á hæð. Smáu grjóti hefur verið bætt í hana efst en neðar er allstórt grjót. Í vörðunni sjást 5-6 umför en hleðslan er óvönduð og því erfitt að greina fjölda umfara.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Jónas Hannesson, heimildarmaður, sagði frá vörðu á Eiríksfelli sem sæist frá Efstabæ og bæri við himinn. Um 2,8 km ASA af bæ eru fjórar vörður sunnarlega á toppi Eiríksfells. Hlutverk varðanna er ekki þekkt.

Vörðurnar standa á grýttum klöppum með mosa og lyngbreiðum á milli, fyrir neðan eru aflíðandi hlíðar. Á svæði sem er 50x20 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur eru fjórar vörður. Þær fá bókstafi til aðgreiningar. Lýsingin hefst á vörðu A. Hún stendur hátt á klettabrún og er um 1 m á hæð og 75 cm í þvermál, ferhyrnt að lögun. Í henni eru um 8 umför. Varða B er um 9 m suðvestur af vörðu A. Hún er einnig á klettabrún en stendur aðeins neðar. Varðan er um 1,3 m á hæð og 75 cm í þvermál, í henni eru um 7 umför. Á klöpp um 14 m suðaustur af vörðu A er vörðubrot C. Vörðubrotið eru um 30 m á hæð og 1 m í þvermál. Grjót er á dreif í kring. Fjórða varðan, D, stendur á öðrum kletti um 44 m norðaustur af vörðu A. Hún er um 35 cm á hæð og um 40 cm í þvermál. Í henni sjást um 3 umför. Varða D er

Ungleg varða er fast neðan (sunnan) við veg að Efstabæ og áfram í átt að Uxahryggjum. Hún er nærri merkjum á milli Efstabæjar og Sarps BO-142, um 430 m vestan við Varðmann 026 og 1 km vestan við bæ 001. Hlutverk vörðunnar er ekki þekkt. Hún kann að vera landamerkjavarða eða samgöngubót, bæði er hún nærri merkjum milli jarða og svo er hún við veg sem liggur á sama eða svipuðum stað og eldri leið 651:001 um svæðið.

Varðan er á klöpp í móa sem er í mikilli lúpínubreiðu. Talsverð skógrækt er í nágrenninu og er eitt birkitré fast vestan

BO-143:051 varða óþekkt

A: 392380 N: 441969



Varða BO-143:051, horft til suðausturs

Stór varða er á norðurbakka Fitjaár um 390 m norðaustan við mógrafir 007 og 730 m suðvestan við bæ 001. Hlutverk hennar er ekki þekkt.

Varðan er á klöpp sem skagar út í árfarveginn í móa sem er orðinn mjög vaxinn lúpínu litlu ofar og norðar. Þar er líka birki- og lerkiskógur. Næst vörðunni er hins vegar mikið af mosa en einnig lyng og gras. Varðan er ferköntuð og helst jafn breið upp á topp þar sem hún er flöt að ofan. Varðan er um 0,9 m á kant og 1,3 m á hæð. Í henni sjást 10-11 umför en hún er hlaðin úr hellugrjóti.

Hættumat: engin hættu

BO-143:052 heimild um útihús

A: 392934 N: 442256

Inn á túnakort frá 1918 eru merkt útihús um 185 m VNV við bæ 001. Mikil skekkja virðist í mælingum tünamælingamann í Efstabæ og fjarlægðir sem upp eru gefnar á því eru því ekki áreiðanlegar. Inn á túnakortið er merktur melur og fjárhúsið sem þar er merkt inn á að vera ofan hans, innan túns. Líklegast er að húsið sé það sem sést á ljósmynd frá 1945 eða eldra hús á sama stað (sjá fornleif 006). Sá staður er hins vegar mun nær bæ en þeir 185 m sem gefnir eru upp á túnakortinu. Sá staður sem hér er skráður er 185 m VNV við bæ 001 og tæpum 100 m VNV við þúst 041 og því í rétttri fjarlægð miðað við túnakortið. Þessi staðsetning er hins vegar talsvert utan túns og í brattri fjallshlíð. Gengið var um svæðið en engar rústir fundust og verður staðsetningin að teljast harla ólíkleg.

Fremur brött fjallshlíð, gróin trjágróðri að hluta. Engin ummerki sjást um útihús á þessum stað og er líklegast að húsið hafi aldrei staðið á þessum slóðum heldur sé eingöngu um mistök við gerð túnakortsins að ræða.

Heimildir: Túnakort 1918

BO-143:053 *Ullareyri* örnefni þvottastaður

A: 393395 N: 441920

"Neðan túns, meðfram ánni, er vestast Grænaeyri, svo Borðeyri, þar næst Ullareyri. Sú eyri mun hafa heitað Mylnueyri áður. Hesthúseyrin var niður undan hesthúsinu [030/034], en eyddist, þegar áin braut túnið þar. Eftir að varnargarðurinn [fyrirhleðsla sem gerð var í tíð Sveinbjarnar Bjarnasonar til að bægja ánni frá túninu] var gerður, sá, sem áður var nefndur, hætti áin að brjóta túnið og féll frá því, og myndaðist þá hálfgerið uppistöðulón norðan við Ullareyrina, við túnið. Það var kallað Pollurinn." segir í örnefnaskrá. Í annarri örnefnaskrá segir: "Útsuður frá bænum Lambhúsatún, þar niður af, við ána, Þvotthöfði, vestar Veita, austan Þvotthöfða Mylnueyri...". Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar segir ennfremur: "Ullin var alltaf þvegin úr kalda vatninu skammt frá eyrinni, en þurrkuð á henni." Lýsingar úr örnefnaskrá hér að ofan eru nokkuð óljósar en Ullareyrinn var líklega við Fitjaá um 390 m suðaustan við bæ 001 og um 100 m VSV við Torfadalsfoss.

Á þessu svæði er grýttur árbakki fast sunnan við um 1,5 m háan og 3-4 m breiðan malar-

og grjótnargard á norðurbakka árinna. Ekki er ljóst hvort um er að ræða varnargarð Sveinbjarnar Bjarnasonar óbreyttan eða hvort að hann hefur verið efldur með vélarmokstri í seinni tíð. Í ánni eru hér ávalar vatnsrofnar klappir og djúpur hylur fast suðaustan við klappirnar. Áin er straumhörd á þessum slóðum og 2-4 m á breidd en stígvélafer og gæti því hafa verið góður þvottastaður. Pollurinn sem talað er um í örnefnaskrá er nú (09.2010) horfinn en ekki er ólíklegt að vatn hafi getað safnast saman norðan við varnargarðinn.

Ekkert sést til fornleifa. Ef einhver mannvirki hafa verið við ána er hún löngu búin að skola þeim í burtu. Hægt hefur verið að þvo ull mörgum stöðum í ánni.

Heimildir: Ö-Efstibær ÞS, 7; Ö-Efstibær JS, 1; Svör við spurningum Örnefnastofnunar, 2

BO-143:054 varða óþekkt

A: 395940 N: 441507



Varða BO-143:054, horft til austurs

Vörðubrot er á steini, um 2,9 km ASA af bæ 001, sunnarlega á toppi Eiríksfells. Varðan er um 225 m norðaustur af vörðum 049. Hlutverk vörðunnar er ekki þekkt.

Á toppi Eiríksfells eru klettur með mosa- og lyngbreiðum í kring. Vörðubrotið er um 50 cm á hæð og 70 cm í þvermál með um 4 umförum. Grjótið í vörðunni er lítillega skófum vaxið.

Hættumat: engin hættu

BO-143:055 Torfdalsvarða varða óþekkt

A: 393412 N: 442131



Torfdalsvarða BO-143:055, horft til suðurs

"Ofan við er holt með vörðu á, Torfdalsvörðu, en stundum mun hún hafa verið kölluð öðru nafni, en sem nú er gleymt," segir í örnefnaskrá. Torfdalsvarða er enn greinileg og er á holtinu ofan við Torfdal 029. Hún er um 320 m austan við bæ 001.

Varðan stendur á mel eða holti sem gróið er lyngi og mosa. Gróðurþekjan á holtinu er þunn og víða glittir í steina og mold. Í kringum vörðuna er eyða í þéttan barrskóginn sem er allt um kring. Varðan er hringlaga og um 1 m í þvermál en 1,1 m á hæð. Steinar eru skófum vaxnir. Varðan er hlaðin úr flötu hellugrjóti.

Hættumat: hættu, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Efstibær ÞS, 7-8

"Ofarlega í miðri heiðinni eru Skúlavörður,..." segir í örnefnaskrá. Skúlavörður auk einnar hleðslu eru vestan við Miðgil og Skúlagil, um 1,4 km suðvestan við bæ 001 og 760 m SSA við Mógrafamýri 007.



Skúlavörður BO-143:056A og B, horft til ANA (vinstri) og hleðsla BO-143:056C, horft til VSV (hægri)

Minjarnar eru í brekku í heiðinni sem er í stöllum og lækkar til norðurs. Stórgrýti og klappir eru hér og þar. Á svæðinu er heiðargróður, mosi og lyng. Minjarnar eru á svæði sem er 12x2 m að stærð og snýr ANA-VSV. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Í VSV-enda er varða A á jarðföstum kletti. Hann er 0,3 m á hæð. Varðan er ferköntuð, 0,6 m á kant og 0,5 m á hæð. Í henni sjást 6-7 umför hleðslu, en hún er hlaðin úr smáu hellugrjóti. Varða B er 3 m ANA við vörðu A. Hún er líka hlaðin á klett sem er 0,5 m á hæð. Varðan er úr allstóru hellugrjóti og hefur mikið af grjóti hrunið úr henni til norðausturs eða um helmingur vörðunnar. Hún hefur verið 0,8x0,8 m að stærð og 0,3-0,4 m á hæð. Enn sjást 3 umför í hleðslunni. Jarðfall eða sprunga er í klöppina sem vörðurnar eru á, um 5 m ANA við vörðu B. Þar við ANA endann á stuttri sprungu er hleðsla C sem lokar henni. Hún er um 1 m á lengd og 0,8 m á breidd, snýr norðaustur-suðvestur. Hleðslan er hrinin, hæst um 0,3 m. Rýmið í sprungunni er 1,5x1,5 m að innanmáli. Hlutverk minjanna er ekki þekkt. Mögulega hefur verið smalakofi eða skotbyrgi í sprungunni og vörðurnar vísað á það.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Efstibær ÞS, 2

"Vestur af húsdýrum er Varpinn. Yzt á túninu, ofarlega, er grjóthóll, sem heitir Gunnuhóll," segir í örnefnaskrá. Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar segir: "Þá er það Gunnuhóll. Ég hélt alltaf, þegar ég var krakki, að einhver Gunna væri grafin þar. Eitt er víst, okkur var bannað að láta illa á hólnum, Gunna gæti reiðst því." Gunnuhóll er um 95 m vestan við bæ 001 fast vestan við Vesturlæk.

Gunnuhóll er grjóthóll eða klettastrýta sem er um 15 m í þvermál og 1-



Gunnuhóll BO-143:057, horft til ANA

4 m á hæð. Hóllinn er hærri að norðan en sunnan og eru klettarnir greinilegastir í honum sunnanverðum. Hóllinn er vel grasi- og lyngigróinn og barrtrjám hefur verið plantað bæði norðan og sunnan við hann. Hóllinn er vel sýnilegur frá bæjarhól. Ekkert sést til fornleifa.

Heimildir: Ö-Efstibær ÞS, 8; Svör við spurningum Örnefnastofnunar, 2

BO-143:058 *Teigsmýrarvað* örnefni vað

A: 394804 N: 441518



Teigsmýrarvað BO-143:058, horft til suðurs

er upp brekku sunnanmegin.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Örnefnaskort SS

Teigsmýrarvað er sýnt á örnefnakorti Sigurgeirs Skúlasonar austan við Teigsmýri, neðan við Hvítserksgljúfur. Jónas Hannesson, heimildarmaður, sagði vaðið notað á ferðum innan jarðarinnar. Vaðið er um 1,8 km suðvestur af bæ 001.

Aflíðandi brekka og lítil grasi- og lyngvaxin flöt er norðanmegin við Fitjaá. Lág en brött, grýtt brekka er sunnanmegin. Áin er um 5 m breið á vaðinu og virðist frá árbakkanum séð um 15-20 cm djúp. Hún er í meðallagi straumhörð. Óljóst markar fyrir troðningi norðanmegin niður aflíðandi brekku og niður á flötina við ána en skýr troðningur

BO-143:059 *Kúavað* heimild um vað

A: 392833 N: 442028



Kúavað BO-143:059, horft til SSA

"Rétt fyrir neðan Eiríksfoss er Kúavað," segir í örnefnaskrá. Vaðið er 20-25 m neðan við fossinn í Fitjaá, um 280 m suðvestur af bæ 001. Samkvæmt Jónasi Hannessyni, heimildarmanni, voru kýr reknar yfir vaðið á beit í Mýrum.

Grýtt eyri er norðan við Fitjaá með lúpínubreiðum í brekku ofar. Lág aflíðandi mosa- og lyngvaxin brekka sunnanmegin. Áin er um 10 m breið og heldur straumhörð, einkum nærri syðri bakkanum. Virðist frá nyrðri bakka séð um 20-40 cm djúp.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Efstibær JS, 2



Tjaldhvammur BO-143:060, horft til NNV

var eitthvað heyjað hér og líklega tjaldað í tilefni af því fyrir heyvinnufólk.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Efstibær ÞS, 5

BO-143:061 *Klapparvað* heimild um vað

A: 392973 N: 441978

"Neðar í ánni er Klapparhylur, en hann minnkaði mjög og breyttist, eftir að fyrirhleðslan var gjörð í ána. Þar spölkorn neðar er Túnfoss, við neðri hluta túnsins. Rétt ofan við fossinn er Klapparvað á ánni," segir í örnefnaskrá. Líklegasta staðsetning vaðsins er um 210 m suðvestur af bæ 001, um 50 m ofan við Túnfoss.

Grýtt flöt er norðan við Fitjaá en lyngvaxin flöt sunnan við. Ofar rennur áin á kafla í tveimur kvíslum en sameinast aftur um 15 m ofan við vaðið. Fitjaá er 4-5 m breið á vaðinu og er frá árbakkanum áætlað 30-40 cm djúp þar sem hún er dýpst. Norðan megin við ána er aflíðandi halli niður á vatnsyfirborð en sunnanmegin er um 50 cm hár bakki. Engin leið sést að vaðinu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Efstibær JS, 5

BO-143:062 *Hjónavörður* varða óþekkt

A: 394371 N: 442326



Hjónavörður BO-143:062, horft til austurs

Jónas Hannesson, heimildarmaður, sagði 5 vörður vera vestur undir Hrísgili, vestan við Teigfjall, nefndar Hjónavörður. Ein varða og fjögur vörðubrot eru í röð á klöpp, um 1,3 km austur af bæ 001. Hlutverk varðanna er óþekkt.

Vörðurnar eru á grýttu holti með mosagrónum aflíðandandi hlíðum. Víðsýnt er frá staðnum. Á svæði sem er um 6x1 m að stærð standa fimm vörður í röð, suðvestur-norðaustur. Grjót í vörðunum er skófum vaxið og að miklu leyti hellugrjót. Þær fá bókstafi til aðgreiningar. Milli varða C og D er um 1 m, annars eru um 50 cm á milli

varða. Lýsingin hefst suðvestast: Vörðubrot A er um 40 cm hátt og 50 cm í þvermál, með 4 umförum. Vörðubrot B er um 20 cm hátt og 50 cm í þvermál, með 3 umförum. Þriðja varðan, C, er sú eina sem er heilleg, um 1 m há og 1 m í þvermál, með um 10 umförum. Næsta vörðubrot, D er um 30 cm hátt og 50 cm í þvermál, með um 3 umförum. Norðaustast er vörðubrot eða grjóthrúga E, um 50 cm hátt og 1 m í þvermál, með um 3 umförum.

Hættumat: engin hætta

BO-143:063 *Miðmundarvarða* varða eyktamark

A: 394401 N: 442195



Miðmundarvarða BO-143:063, horft til norðvesturs

Varðan er 0,7 m í þvermál að grunnfleti og 1,2 m á hæð. Hún er skófum vaxin. Í henni sjást 9-10 umför. Varðan sést vel frá bæ.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Efstibær ÞS, 6; Ö-Efstibær JS, 2

"Þar fyrir ofan, upp við brún, er Finnungsbrekka, og vestast á Teigsfjallsbrúninni er Miðmundavarða," segir í örnefnaskrá. Í annarri skrá segir: "Vestast á Teigsfjallsbrún Miðmorgunsvarða." Miðmundarvarða er um 140 m sunnan við Hjónavörður 062 og 1,3 km austan við bæ 001. Varðan er á öxl sem gengur út frá Teigsfjalli.

Grasteygingar eru fyrir neðan vörðu til vesturs en ógróið er í kringum hana. Víðast eru mosagróin holt ofan við til austurs. Varðan er hlaðin ofan á stórt bjarg sem stendur upp úr öxlinni. Það er 1,5x1,5 m að stærð og 1,2 m á hæð.

BO-143:064 varða óþekkt

A: 394184 N: 442220



Varða BO-143:064, horft til ASA

Varða er um 1,1 km austur af bæ 001, vestarlega á Teigsfjalli, ofan við miðja hlíð. Hún er um 215 m suðvestur af Hjónavörðum 062, um 220 m vestur af vörðu 063 og er í sjónmáli við þær báðar. Hlutverk vörðunnar er ekki þekkt.

Varðan er í aflíðandi hlíð með mosabreiðum og lyngi, grýtt á köflum. Varðan er um 80 cm á hæð og 1 m í þvermál. Í henni eru um 9 umför. Varðan er í mosabreiðu og er grjót í henni skófum vaxið, að mestu hellugrjót.

Hættumat: engin hætta

BO-144 Vatnshorn



Minjar í heimatúni Vatnshorns BO-144. Mörk túna eins og þau voru samkvæmt túnakorti frá árinu 1918 eru sýnd með svartri línu og túngarðar eru sýndir með hvítum línunum.

20 hdr. 1707. Getið í Laxdælu og Harðar sögu. Skv. Laxdælu var í Sarpi BO-142 selstaða frá Vatnshorni og bendir það til þess að allur dalbotninn hafi áður tilheyrt Vatnshorni. Grafardalur BO-145 byggðist á selstöðu frá Vatnshorni fyrir 1700. Ásahús 003 var hjáleiga um skamma hríð á 17. öld. Jarðarinnar er getið í handriti frá 1599. Þá nefnt Digranes. JS 143 4to, 218-220. Vatnshorn er í eyði frá 1961 en var notað frá Háafelli BO-139 sem vetrarhýsing fjár og sem sumarbeutiland fram til 1968 og frá Innri-Skeljabrekku í Andakílshrepp sem sumarbeutiland fram yfir 2000. Fitjar, Efstibær, Lundur í Lundarreykjadal, Reynivellir, Meðalfell og Hvammur í Kjós og Viðeyjarklaustur áttu ítök í Vatnshornsskógi. Í aðalskipulagstillögu Skorradalshrepps er tillaga um "hverfisvernd" alls innan túngarðs í Vatnshorni.

1918: 74.569 m² = 23 dagsl. 1/10 þýft. Garðar 923 m². "... bærinn er undir brattri hlíð og grýttri, en utan bæjarins tekur við skógur í Vatnshornshlíð. Þótti þar einna fríðastur skógur í Skorradal, enda áttu margar jarðir og kirkjur þar



Vatnshorn í Skorradal. Pakkhúsið norðan við íbúðarhúsið stendur á bæjarhólnum en íbúðarhúsið var byggt í norðurjarðri hans. Horft til VNV

ítök. [...] Milli Bakkakots og Vatnshorns er dálítill skógartorfa og fer skógur nú vaxandi. Undirlendi er takmarkað, grundir og eyrar með ánni og vatninu og holt austur frá bænum." BB II, 243. Í Endurminningum Bjarnar Bjarnarsonar (1856-1951) er húsum og túnum á seinni hluta 19. aldar lýst: "Grónar og jarðorpnar tóftir voru til og frá um túnið er ég [BB] man fyrst; af þeim voru mestar: margar rústir austan bæjargilsins - gegnt bænum, og nokkrar samfelldar einnig austarlega í austurtúni við gamlan gróinn farveg austurlækjarins (þá orðinn í grónu túni). En auk þess voru nokkrar einstakar til og frá um túnin"

BO-144:001 Vatnshorn bæjarhóll bústaður

A: 388536 N: 443496

"Bærinn í Vatnshorni í Skorradal stendur sunnan Fitjaár nokkurn spöl framan við suðausturhorn vatnsins,..." segir í grein Sveins Skorra Höskuldssonar í Árbók Ferðafélagsins. Gamli bærinn í Vatnshorni stóð fast ofan við steinsteypa íbúðarhúsið sem enn stendur á jörðinni og byggt var árið 1937. Bæjarhóllinn er greinilegur en þó hvergi nærri því eins stór og mikilfenglegur eins og hóllinn sem er til móts við hann, austan við bæjarlækinn og nefndur er Smiðjuhóll 008. Nokkra upphækkun má þó greina á þessu svæði en hún er mjög mis skýr. Vatnshorn fór í eyði árið 1961. Í aðalskipulagstillögu Skorradalshrepps er lögð til hverfisfriðun innan alls gamla túnsins. Umhverfis eru grösug tún í órækt sem hallar til norðurs, að Fitjaá.



Horft til norðurs á bæjarhól Vatnshorns BO-144:001. Á honum stendur Pakkhúsið BO-144:034 sem var endurbyggt árið 2011 (myndin tekin haustið 2010) og í norðurjaðri hans er íbúðarhúsið sem byggt var árið 1937


Í ævisögu Bjarna Hermannssonar [1774-1856], skráðri af Ara Gíslasyni, segir um húsakynni í Vatnshorni að fjósið hafi staðið vestast í bæjarþyrpingunni og að innangengt hafi verið í fjósið, um gang úr eldhúsinu í bænum. Í fjósgang þennan gróf Bjarni brunn sem var mikið mannvirki, eftir því sem þá gerðist. Brunnurinn var hringlaga og hlaðinn að innan úr hellugrjóti. Efst var hann 8-10 feta víður, en í botninn álíka víður og tunna og var dýpt hans allt að 36 fetum eða um 12 metrar. Í skrásetningu Ara segir svo

frá: "Á miðjum vegg voru stórar hellur út úr hleðslunni. Frá þessum hellum voru 10-12 steinþrep allbratt upp í fjósið, um útskot í hleðslunni." Þá kemur fram í ævisögunni að síðar hafi verið sett vinda í brunninn og þá hætt að nota þrepin. Síðar var reist hús yfir brunninn og var hann í notkun allt framundir 1938, eða til þess er Höskuldur Einarsson (1906-1981) þáverandi bóndi í Vatnshorni gróf grunn að nýju fjósi og haughúsi "sunnan við bæjarhúsin gömlu" eins og Sveinn Skorri Höskuldsson (1930-2002) getur um í bók sinni Svipþing (s. 211) sem kom út 1998, "segir í Samantekt Huldu Guðmundsdóttur um Vatnshorn. Í Endurminningum Björns Bjarnarsonar (1856-1951) er bænum í hans tíð lýst: "Skemman var austast með standþil fram á hlaðið; fram undan henni var hestasteinn, er einnig var barinn á fiskur. Við vesturenda skemmu var hálf-sund, er 3 tröppur láu upp í, þá norðurveggur búrsins, þá bæjardyr með þili, þá norðurveggur eldhússins, þá fjósið með dyr fram á hlaðið, þá hesthús með dyr í vestur; inn af fjósinu var Bjarna- "brunnurinn stóri", 18 álna djúpur. Bæjardyrögöngin lágu inn í baðstofuna

nálægt miðju fyrst er ég man, hún sneri stöfnum austur og vestur; voru 2 tröppur úr göngunum upp í hana. Gögnin um 4 feta breið og um 4 fðm. löng, dyr í búr og eldhús úr þeim nálægt miðju. Baðst. var rúma löng fyrst er ég man, en þegar ég var um 7 ára bygði f.m. hana og var hún eftir það 3 rúm austurendi, 1/2 rúm inngangur og 1 1/2 vesturendi, þar gestarúm, vefstóll o.fl. Á gömlu baðst. voru: 4 r gluggi austan, 2 r. vestan á stöfnum, einnar r. á inngangi. Nýja baðst. hafði 6 r. gl austan, 2 r. á 3. rúmholfi og eins á inngangi, en 4 r. á vesturenda, 3 hinir síðasttöldu á suðurhlið. Stóð hún allmörg ár. Sunnan við baðst. jafnframt austurenda, var smiðjan (eftir að flutt var heim), þá hliðið upp í heygarðinn og sunnan við það hjallurinn. Heygarðurinn var vestur frá þesum síðastnefndu húsum, en sunnan baðst. og vestur móts við fjósið. Voru 4 heystæði í honum. Síðan kom væn hlaða. Í fjósinu voru 8 básar, 4 hvorum megininn.[...]Svaðgjarnt var oft hlaðið, meðan vegurinn lá þar um og svo gengu kýrmar um hlaðið jafnan, eftir að vesturgatan var aflögð. Voru fyrst aðeins hellur í röð með veggnum, en um 7-8 ára aldur minn [1864] var upphlaðin og steinlögð stéttin, og grjótlórað hlaðið að sáðgarði [019]; var síðan auðveldara að hreinsa það, og moksturinn notaður sem áburður í garðinn".

Aðalheiður Jónsdóttir lýsir bæjarhúsunum í Vatnshorni eins og þau voru þegar hún bjó þar rétt eftir 1930 í Jólblaði Borgfirðings: "Bærinn var torfbær, skarsúðarbaðstofa. Löngu seinna var byggt svokallað dyrahús við bæinn og þangað var eldavélin flutt á sumrin og eldað þar. Í baðstofunni voru fimm rúm og borð en engir stólar. Þarna var hlóðaeldhús og innangengt í fjósið. Eldavélin var þannig að til baka í henni varð maður að setja glóð undir plötuna, en hún var aðallega kynt með hrísi og sauðataði."

Sigríður Höskuldsdóttir sem bjó í Vatnshorni frá 1933-1961 lýsir bæjarhúsunum á eftirfarandi hátt í viðtali: "Pakkhúsið var fjærst til vinstri, þá fjóshlaða Björns Eyvindssonar. Norðan við hana var baðstofan sem var þriggja stafgólfa og þá dyrahúsið uppvið það að norðanverðu. Vestur úr dyrahúsi var hlóðaeldhús sem hékk uppi til 1954. Undir baðstofunni var kjallari, þar var eldað. Uppi í dyrahúsi, við hliðina á baðstofunni var matast - a.m.k. á sumrin. Fjósið stóð vestast í bæjarþyrpingunni og í suður frá því, í litlum ranghala var svo brunnhúsið. [í gamla fjósinu var ausið vatni úr brunni Bjarna Hermanns til að brynna kúnum.] Það var innangengt úr hlóðaeldhúsinu frammí fjós og



innangenget í brunninn úr sa-horninu á fjósinu, þar sem var hurð inn í brunnhúsið í útskoti).[...] Nýja fjósið var svo byggt árið eftir (1938) úr viðum baðstofunnar. Hlóðældhúsiðið stóð lengur og voru þar hænsni. Gamla fjósið var notað lengi fyrir hesta og hrúta." Núverandi íbúðarhús er byggt ofaní syðri hluta kartöflugarðs og segir Sigríður að það hafi verið þröngt milli nýja hússins og dyrahússins. Húsið var kallað Dyrahús vegna þess að þar var aðalútgangur.

Samkvæmt Sigríði Höskuldsdóttur var vatn lagt í gamla bæinn 1913: "Björn Eyvindsson var jarðabótamaður miðað við sína tíð og Björn sonur hans enn frekar. Trúlegt að Bjarni, yngsti sonur Björns og Solveigar hafi verið hvatamaður þess að Lambalindin, upp frá miðju austurtúninu, fyrir vestan Lambhúshólinn var virkjuð með járnþípuleiðslu inn í bæ árið 1913, þar sem hann tók við búinu um 1904." Sigríður segir að gamli bærinn hafi verið rifinn fljótlega eftir að nýja húsið reis, ekki samt fjósið og hlóðældhúsið, þau hús voru samkvæmt Sigríði ekki



Hestasteinninn sem getið er í lýsingunni er austurundir bæjarhólnum þó hann væri nærri því alveg kominn í kaf undir gróður

rifin og felld fyrr en 1954. Hún segir að brunnhúsið hafi verið fellt í brunninn [brunn Bjarna Hermannssonar] 1838 til að börnin færu sér ekki að voða. Úr honum hafði verið halað vatn til að vatna kúnum. Hún segir að talsvert hafi verið hreyft við bæjarhólnum þegar fjósinu og hlóðældhúsinu var bylt. Það var grafið í kartöflugarði sem var norður af bænum (sjá 019).

"Fyrir bæjardyrnum var klinka og fyrir öðrum dyrum snerlar og lóð svo að þær féllu að stöfum," segir í Svippingi Sveins Skorra Höskuldssonar. Á öðrum stað getur hann um hestastein og segir: "Síðar þennan dag verður

Sigríði húsfreyju litið út um baðstofugluggann austur í tröðina þar sem hestasteinninn var." Sigríður systir Sveins man líka vel eftir hestasteinum og segir í viðtali: "Hann var í tröðinni með keng í - við bæjarlækinn á móts við baðstofufastafninn í traðarvegnum." Hestasteinninn er enn greinanlegur, er austan við bæjarstæðið, á kafi í grasi við Skjólgarðinn gamla. Steinsteypta íbúðarhúsið var byggt árið 1937 og yfirmiður var Brynjólfur Guðmundson frá Miðdal (skv. Svippingi Sveins Skorra bls. 166-168), en hann var systursonur Sigríðar Jónsdóttur, húsfreyju í Vatnshorni (eiginkonu Bjarna Bjarnarsonar).

Bæjarhóllinn er 34 x 18-22 m stór og snýr norður-suður. Talsvert rask hefur átt sér stað í og við bæjarhóllinn, m.a. bygging íbúðarhússins í norðurjaðri hóls, bygging fjóss á vestanverðum hólum, og ýmsar aðrar minni framkvæmdir. Líklega hefur bygging fjóssins þó raskað miklu. Svæðið er mjög mis-hæðótt og hefur víða verið skorið niður í hólinn. Gamli bærinn, eins og hann er sýndur á túnakorti frá 1918, hefur náð yfir fremur stórt svæði frá íbúðarhúsinu sem stendur (2011) og til suðurs. Í raun má segja að steinsteypta íbúðarhúsið sem er með kjallara, standi í norðurjaðri gamla bæjarstæðisins. Að austan hefur bæjarhóllinn náð langleiðina að bæjarlæknum en austurbrún hans er þó mörkuð með hleðslu (sem jafnan var nefndur Skjólgarðurinn í máli heimafólks) nokkrum metrum frá læk. Að sunnan (ofan) fjarar bæjarhóllinn inn í brekkuna og vesturbrún hans fjarar líka út rétt vestan við þar sem vesturhlið steinsteypts fjóss hefur verið. Af ummerkjum að dæma er bæjarhóllinn mest 2-3 m á hæð en hann rís hæst milli hjalla 034 og fjóss B, á svæði A, sem L-laga og er e.k. kragi sem hæsti hluti bæjarhólsins. Greinilegt er að hæsti hluti bæjarhólsins hefur verið hlaðinn upp og sést það m.a.

af hleðslu sem er greinileg nyrst á svæðinu (er 1,5 m á breidd en 1,2 m á hæð). Vestasti hluti hjallsins 034 er grafinn inn í hólínn. Nýja fjósið var að hluta byggt úr viðum gömlu baðstofunnar (árið 1938) en einu leifar þess sem nú sjást er steinsteypt plata með holrými undir (haugshús). Hún snýr austur-vestur og er 9 x 4 m að stærð en 1,2 m á hæð. Samkvæmt Sigríði var Hlöðuhóllinn sunnan við fjósið og hlaðan var grafinn inn í hann að hluta. Súrheystóft var samkvæmt Sigríði fyrir austan fjósgaflinn. Hún segir: "Gat var á súrtóftinni inn í hlöðuna og svo var þaðan heyið borið fram í fjós. Það var bæði gefið súrhey og þurrhey. Súrtóftin (súrheystóft) var til þess að hægt væri að skafa há í hana fram undir veturnætur. Það var útilokað að nýta hana nema að súrsa hana." Nokkrar dældir sem virðast manngerðar eru á og við bæjarhólinn. Ein þeirra, D, er um 6 m norðan við hjallinn er ferningslaga dæld, manngerð. Hún snýr norður-suður og er 4 x 2 m stór að innanmáli en 0,2-0,3 m djúp. Frá henni er dálítil lægð til vesturs. Önnur dæld, E, er um 0,5 m austan við steinsteypta íbúðarhúsið. Hún er 2 x 1-1,5 m að stærð og snýr norður-suður. Sjálft íbúðarhúsið, F, er steinsteypt með kjallara og um 7 x 7 m að grunnfleti, kjallari, hæð og ris. Inngangur er í húsið á vesturhlið en undir honum, þar sem gengið hefur verið inn í kjallara má greina litla grjóthleðslu sem gæti annað hvort verið hlaðin í tengslum við kjallarann eða einfaldlega verið eldri leifar. Við bæjarlækinn er bæjarhóllinn, eins og áður segir, upphlaðinn og sjást grjóthleðslur hér og þar. Nyrst eru hleðslur 1-1,4 m á hæð en þær verða lægri eftir því sem sunnar dregur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1918; Sveinn Skorri Höskuldsson 176-77; Svipping, 10, 58; Endurminningar Björns Bjarnarsonar; Aðalheiður Jónsdóttir, Jólblað Borgfirðings 21. tbl. 13. des 1990; Viðtal HG við Sigríði Höskuldsdóttur.

BO-144:002 *Miðhús* hús fjárhús


A: 388425 N: 443505



Útihús er merkt inn á túnakort frá 1918 um 90 m vestan við bæ 001 og sjást leifar þess enn auk þess sem vestasti hluti samstæðunnar er enn undir þaki. Fast vestan við samstæðuna er svo tóft (hrútakofi) sem var stakstæð (sjá 041). Líklega eru þessi hús þau sem Björn Bjarnarson lýsir í Endurminningabókum sínum

Miðhús BO-144:002, horft til norðurs

(í handriti á Þjóðskjalasafni Íslands) á eftirfarandi hátt: "Miðhús neðar [en 005 sem eru Hesthús í Hesthústungu]. [...] Í Miðhúsum voru lengi 2 garðahús í smalamannstíð minni, og tóft að baki báðum saman,..." Björn segir að efni úr þeirri tóft sem var efst og austast í túni 007 hafi verið nýtt í Miðhús og "þau öll samfelld undir eitt jarnþak og hlaða byggð við þau." Umhverfis eru grösug tún í órækt sem hallar til norðurs, að Fitjaá.





Hesthúsið horft inn (til suðurs)

Í Svipþingi Sveins Skorra er húsum lýst en þar segir: "...starfaði Bjarni afi [Bjarnarson fæddur 1869] að því að reisa sér ný og mikil fjárhús með nýju lagi [um 1900]. Var það stór bygging undir skúrþaki og heyhlaða að baki. Hliðarveggirnir voru hlaðnir úr torfi og grjóti, en að framan var timburþil úr panel og milli hlöðu og fjárhúsa þil úr breiðum þykkum borðum. Langir timburplankar báru upp þakið eða fóru í sperrur og stoðir.". Á öðrum stað í sömu bók segir hann í lýsingu á vetrinum 1927-1928: "Þetta haust reistu verðandi tengdafaðgar [Björn Bjarnarson og Höskuldur Einarsson]

dálíttinn kofa vestan undir fjárhúsunum sem Kristgeir í Gilsstreymi hafði forðum fleytt timbrinu í. Þar gat farið vel um þrjá hesta sem menn vildu gera betur við en önnur hross." Þessi vestasti hluti var ýmist hafður fyrir hesta, lömb eða hrúta samkvæmt Sigríði Höskuldsdóttur. Þær leifar sem nú sjást eru samanlagt um 22 X 14 m að stærð og snúa húsin austur-vestur. Fjárhúsin eru austar en enginn norðurveggur er greinilegur og hefur þil verið þar áður. Í fjárhúsunum eru fjórir garðar. Sá garður sem er lengst til austurs og sá sem er lengst til vesturs eru steinsteyptir að hluta með steinsteypta plötu í toppinn og sá eystri er með steypu kindabaði nyrst. Grjóthleðslur eru undir steinsteyptu plötunum og þeir garðar sem eru í miðjunni eru alveg grjóthlaðnir. Engin skipting sést nú á fjárhúsunum og samtals eru þau nú 19 X 8-9 m að innanmáli. Að baki fjárhúsunum (sunnar) er hlaða. Hún er um 4,5 X 15 m að stærð og er 0,2 m dýpri en fjárhúsin. Vestan við fjárhúsin er lítið hús sambyggt sem er hesthúsið sem Sveinn Skorri getur í lýsingu sinni, en Sigríður segir að ýmist hafi hýst hesta, hrúta eða lömb og þjónaði líka sem smiðja. Húsið er enn undir þaki en er úr torfi, grjóti og timbri. Innandyra eru bárujárnsstaflar. Húsið er um 6-7 X 1,5 m að innanmáli og snýr -norður-suður. Timburþil er að norðanverðu en aðrir veggir eru úr torfi og grjóti. Samkvæmt Sigríði Höskuldsdóttur tóku húsin allt að 250 kindur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1918, Svipþing, 10, 35, 144, Endurminningar Björns Bjarnarsonar handrit í vörslu Sigurðar Sigurðssonar

BO-144:003 *Ásahús* heimild um býli


Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1707 segir: "Aasahus, kallað stundum Saudhús, stundum Finnshus, stundum Hiardarveller. Eyðikotgrey, byggt fyrst í heimalandi innan 30 ára. Varaði bygðin hvorki vel né lengi. Engin veit hvað hjer var skulda hæð. Ekki er hjer aftur byggjandi, nema til skaða heimajörðunni." "Sauðhúshóll er miðja vegu á milli Vatnshornsbæjar og vesturmerkja. Upp af hólnum eru rústir, trúlega Sauðahús," segir í Byggðum Borgarfjarðar. Líklegast er um sama stað og Sauðhúshól 031 að ræða, en þó er ekki alveg útilokað að Ásahús hafi verið á sama stað og beitarhús 013, ofar í hlíðinni.

Heimildir: JÁM IV, 163; BB II, 243

BO-144:004 *Ytri-Stekkjareyri* tóft stekkur

A: 387330 N: 444443

"Þau [Ytra- og Eystra-Mjótungugil] ná bæði niður að vatni en tvö næstu gil, Ytra- og Innra-Stekkjargil, ná ekki eins langt niður. Undan Stekkjargilinu gengur eyri fram í vatnið innst í



Stekkjartóft BO-144:004, horft til norðvesturs

skóginum, heitir Ytri-Stekkjareyri [...] Uppaf eyrinni eru hagabörð sem heita Stekkjabörð. Melhóll fram við vatnið milli giljanna heitir Stekkjarmelur [...] Vestan við eystra gilið er klettur sem heitir Stekkjarklettur," segir í örnefnaskrá. "Rétt innan við skóginn gengur töluverð eyri fram í vatnið og heitir Ytri-Stekkjareyri. Á henni voru gamlar stekkjarrústir [...] Fast vestan við stekkjarrústirnar fellur Ytra-Stekkjargilið, töluvert vatnsmikið, og vestan þess liggur Mjóatunga, rimi milli gilja," í segir í grein Sveins Skorra Höskuldssonar í Árbók Ferðafélagsins 1977. Stekkurinn er suðaustantil á eyrinni, um 1,5 km norðvestur af bæ.

Stekkurinn er á grasi gróinni eyri við Skorradalsvatn. Lúpínubreiða er neðst við vatnið. Smáþýft og mýrlent er austan til á eyrinni en sléttara og þurrara vestan til. Lynggrónar hlíðar eru til suðurs en birkivaxnar hlíðar til suðvesturs. Lækur rennur eftir eyrinni miðri. Stekkurinn er um 11 m langur og 8 m breiður að utanmáli, snýr norðvestur-suðaustur Hann er grasi vaxinn og örlítið grænni en gras umhverfis en mjög hlaupinn í þúfur. Veggir virðast 1,5-2 m breiðir og 20-40 cm háir. Opíð er í suðausturenda. Vatn liggur inni í stekknunum meðfram norðausturvegg og hefur það rofið norðvesturhlið. Allur norðvesturendi stekksins er heldur óskýr en mögulegt er að hólf sé afmarkað í norðvesturenda með um 1 m breiðum vegg, um 4 m á lengd og 2 m á breidd að innanmáli.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Vatnshorn, 2; Sveinn Skorri Höskuldsson, 178

BO-144:005 *Hesthústunga* örnefni hesthús

A: 388412 N: 443465

"Vestan við holtið [í túninu] er Hesthústunga, hún er upp af fjárhúsunum [002]," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt örnefnalýsingu er Hesthústunga örnefni á svæðinu milli vesturhliðar túngarðs og vesturenda Kastala, beint upp af fjárhúsum 002. "Hestakofi í neðanverðri Hesthústungu." segir í Endurminningum Björns Bjarnarsonar [1856-1951] þar sem hann lýsir útihúsum í túninu vestan við bæjarlæk. Samkvæmt Birni sléttaði faðir hans úr tóftinni. Talsverður hluti tungunnar er í bratta en það svæði sem helst kæmi til greina fyrir hesthús er svolítið undirlendi milli hæðarinnar Kastala og annarrar lágrar hæðar vestar. Á þessum stað er talsverð grjótdreif sem mögulega gæti hafa verið safnað saman við niðurrif úr byggingu. Ekki koma margir aðrir staðir til greina á svæðinu, beint upp (suður) af 002. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vatnshorn, 3, Endurminningar Björns Bjarnarsonar handrit í vörslu Sigurðar Sigurðssonar



Þúst BO-144:006, horft til VNV

Í Endurminningum Björns Bjarnarsonar (1856-1951) sem varðveittar eru á Þjóðskjalasafni er húsum og túnum í Vatnshorni á seinni hluta 19. aldar lýst: "Grónar og jarðorpnar tóftir voru til og frá um túnið er ég man fyrst; [...] nokkrar samfelldar einnig austarlega í austurtúni við gamlan gróinn farveg austurlækjarins (þá orðinn í grónu túni)" Er líklegt að Björn hafi átt við fornleifar 006 og 007. Á öðrum stað í sama riti segir hann: "Lambhús litlu vestar [en 007]; var það notað alla mína smalamannstíð, tók 50 kindur og heykumbl við" Björn segir einnig:


"...lambhúsið byggt úr Langakofa við hlöðuna [035]". "Upp af [Járnhrygg] er austasti og efsti hóllinn í túninu, sem heitir Lambhúshóll." Grasigróinn hóll 006A er efst í heimatúninu um 95 m suðaustan við bæ 001, um 70 m SSA við Smiðjuhól 008 og um 45 m NNA við túngarð 024. Lambhúsið var komið úr notkun þegar Sigríður Höskuldsdóttir fór að muna eftir sér. Samkvæmt Sigríði var engin hlaða fyrir þessi lambhús. Menn báru hey úr heytóft eða galta.

Lambhúshóll er þýfður og grasigróinn, 2-4 m á hæð, um 30 X 25 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hóllinn er nokkuð sléttur að ofan en mýri og lækir eru norðvestan og suðaustan við hann. Brekkan framan í hólnum hallar um 10° í norðaustur. Ekkert sést til fornleifa á sjálfum hólnum. Fast norðaustan undir hólnum í þýfðu graslendi er hinsvegar hugsanleg útihúsapúst 006B. Þústin er mjög óljós en er um 12 X 7 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Þústin er tvískipt og ef vel er athugað eru veggir hennar grónir litlum mosabreiðum. Gætu þær hugsanlega gefið til kynna að hleðslugrjót sé til staðar undir sverði. Veggir þústarinnar eru 1,5-2 m á breidd og standa 0,2-0,4 m upp úr þúfunum. Hólf I er um 4 X 3 m stórt og snýr norðvestur-suðaustur.

Hólf II er um 2 m norðvestan við hólf I. Hólf II er um 3 X 2 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur. Hugsanlega hefur verið innangengt úr hólf I í II en enginn aðalinngangur inn í þústina er greinilegur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vatnshorn, 3 og Endurminningar Björns Bjarnarsonar handrit í vörslu Sigurðar Sigurðssonar





Þúst BO-144:007, horft til suðausturs

um 40 m ASA við Lambhúshól 006A og um 30 m NNA við túngarð 024.

Hóllinn er vel grasi- og mosagróinn, ávalur, 1-3 m á hæð, um 25 X 20 m stór. Hóllinn snýr norðvestur-suðaustur og hefur hugsanlega verið sléttaður. Á hæðinni gætu vel hafa staðið útihús en ekkert sést til slíks lengur. Fast norðan við hólinn er þó grasigróin þúst 007B sem hugsanlega gæti gefið til kynna gamlar rústir undir sverði og er hún mjög lík þústum 035, 038 og 039. Hóllinn og þúst B ná yfir svæði sem er um 40 X 30 m stórt og snýr norður-suður. Þúst B er um 12 X 12 m stór, 0,2-1 m á hæð og snýr norður-suður. Suðurhluti þústar liggur upp að hólnum en engin dæld er greinanleg í miðju hennar. Í NNA-brún hólsins sunnan við þúst B er óljós skærgræn dæld 007C sem er um 8 X 4 m að stærð og um 0,2 m á dýpt. Dældin snýr NNA-SSV. Norðvestan í hólnum er svo einnig mjög mosa- og grasigróið grjót 007D. Óljóst hvort um er að ræða náttúrulegt grjót eða gamlar signar hleðslur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Endurminningar Björns Bjarnarsonar handrit í vörslu Sigurðar Sigurðssonar



Smiðjuhóll 144:008, horft til norðurs

Í Endurminningum Björns Bjarnarsonar (1859-1951) er húsum og túnum á seinni hluta 19. aldar lýst: "Grónar og jarðorpnar tóftir voru til og frá um túnið er ég man fyrst; [...] nokkrar samfelldar einnig austarlega í austurtúni við gamlan gróinn farveg austurlækjarins (þá orðinn í grónu túni)" Er líklegt að Bjarni hafi átt við fornleifar 006 og 007. Á öðrum stað segir hann: "Kofi í austurtúninu efst," og á þá líklega við þústina sem skráð er undir þessu númer. Bjarni segir föður sinn hafa sléttað úr tóftinni og segir að efnið úr henni hafi verið nýtt í Miðhús 002. Þústin er um 135 m ASA við bæ 001,


Í Endurminningum Björns Bjarnarsonar (1856-1951) segir: "Smiðja var vestan í Smiðjuhól, gegnt austurhorni sáðgarðs [019]". Samkvæmt Birni sléttaði faðir hans úr rústinni. "Austan við Bæjarlæk norður af bænum er hóll sem heitir Smiðjuhóll," segir í örnefnaskrá. Smiðjuhóll er fast austan við Bæjarlæk um 45 m austan við bæjarhól 001. Hóllinn er í þýfðu grasigrónu túni sem hallar 2-5° í NNA.

Aðspurð um smiðju á Smiðjuhóli segir Sigríður

Höskuldsdóttir: "Þar var tóft. Þar höfðu verið tveir kofar, kartöflukofi og smiðja. Þeir voru fallnir þegar fólkið kemur aftur að Vatnshorni 1933." Sigríður man eftir tóft og að það var bannað að fara í hana. Hún féll um 1935-6, en þá var hún ekki lengur nýtt sem smiðja. Samkvæmt Sigríði var faðir hennar, Höskuldur Einarsson ögn að smíða skeifur meðan enn var verið í gamla bæ en Sigríður man eftir honum útvið við þá iðju þó hann hafi síðar haft smiðju í hrútakofanum. Smiðjuhóll er gríðarmikill hóll og líkist helst bæjarhól að umfangi. Hann vel grasgróinn og þýfður, um 40 X 30 m stór, um 2-4 m á hæð og snýr NNA-SSV. Ein tvískipt tóft er greinileg á hólnum austanverðum en ógreinileg þúst á honum vestast, mögulega sú smiðja sem Bjarni Bjarnason getur um í lýsingu sinni. Ekki er ólíklegt er að fleiri fornleifar finnist undir sverði þó búið sé að slétta úr þeim. Tóftin sem nú sést er vel grasgróin, um 16 X 9 m stór og snýr NNA-SSV. Hólf A er um 3 x 3 m að innanmáli, 0,2-0,5 m á dýpt og snýr NNA-SSV. Í hólfinu er ryðguð olútunna, í norðausturhorni þess. Enginn greinilegur inngangur er í hólfið og engar grjóthleðslur sjáanlegar. Hólf B er um 4 m NNA við hól A. Hólf B er um 3 X 2 m að innanmáli, 0,2-1 m á dýpt og snýr norður-suður. Greinilegur inngangur er í hólfið að austanverðu. Engar grjóthleðslur eru greinilegar. Veggheðslur eru signar. Um 2 m VNV við tóftina er mjög þýfð og grasgróin þúst C. Þústin er um 14 X 12 m stór en 0,2-1 m á hæð og er samsíða tóftinni austar. Engar dældir eða hólf eru greinanleg í þústinni. Á milli þústar og tóftar er 2 m breiður og 0,2-0,5 m djúpur slóði eða gata sem liggur norðaustur-suðvestur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vatnshorn, 3; Svipþing, 10, Viðtal Huldu Guðmundsdóttur við Sigríði Höskuldsdóttur, Endurminningar Björns Bjarnarsonar handrit í vörslu Sigurðar Sigurðssonar



BO-144:009 Réttarholt örnefni rétt

A: 388372 N: 443309



Réttarholt BO-144:009, horft til NNA

"Upp af túninu ofan við Kastalann er holt, sem heitir Réttarholt, það nær inn að Bæjargili ..." Réttarholt er um 250 m ofan eða suðvestan við bæjarhól 001 og um 60 m suðvestan við vörðu 045. Samkvæmt Sigríði Höskuldsdóttir var rétt á Réttarholti, en hún var síðar færð niður að ánni (sjá 036). Réttin á holtinu var því horfin þegar Sigríður fór að muna eftir sér.

Réttarholt er mosa- og lyngi gróið malarholt ofan við vegarslóðann. Brekka hallar 2-10° í NNA. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vatnshorn, 3 og Viðtal Huldu Guðmundsdóttur við Sigríði Höskuldsdóttur

BO-144:010 *Kvíastallar* heimild um kvíar A: 388541 N: 443327

"Grasbörðin frá Bæjargili inn að Skútagili heita Kvíastallar, þar voru áður færivíar." segir í örnefnaskrá. Óljóst er hvar kvíarnar hafa staðið nákvæmlega en þær voru á stöllum austan við Bæjargil þar sem þeir eru enn vel grónir og nokkuð flatlendir um 170 m ofan og SSA við bæ 001 og um 120 m austan við vörðu 045. Samkvæmt Sigríði Höskuldsdóttur voru færivíar þarna í búskapartíð "afa Bjarna", í byrjun 20. aldar. Þá var enn verið með færivíar. Eftir að Sigríður Jónsdóttir, eiginkona Bjarna, varð húsfreyja var hætt að færa frá.

Stallarnir eru mosa- og lyngi grónir hjallar sunnan og ofan við þjóðveg. Nokkuð er um moldar- og malarbörð á hjallanum þá helst næst Bæjargili og Skútagili. Ekkert sést til fornleifa enda ekki mikilla leifa að vænta eftir færivíar. Lækur liggur úr suðvestri niður á miðjan hjallann og beygir þar í NNV niður í Bæjargil. Þar hefur verið hægt að brynna skepnunum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vatnshorn, 3 og Viðtal Huldu Guðmundsdóttur við Sigríði Höskuldsdóttur

BO-144:011 *Lambabyrgisklettur* hleðsla fjárskýli A: 388838 N: 443333



Hleðsla BO-144:011, horft til suðvesturs

"[Á]s í hlíðinni [upp af Bakkakotssíki] heitir Lambabyrgisás, og framan í ásnum er stakur klettur, Lambabyrgisklettur," segir í örnefnaskrá. Byrgi sem Lambabyrgisklettur dregur væntanlega nafn sitt af er rétt vestan við merki Vatnshorns og Bakkakots, um 350 m suðaustur af bæ 001, um 40 m ofan við veginn eftir dalnum. Byrgið sést frá vegi.

Í Lambabyrgisás eru lynggrónar hlíðar með dreifðu birkikjarri. Mosa og skófum vaxnir klettur eru framan í ásnum. Ofarlega í klettunum er lítil hleðsla milli tveggja kletta, um 70 cm

löng, 40 cm breið og 50 cm há. Hleðslan fellur inn í hólinn að suðvestanverðu og myndar með klettunum U-laga skjól. Grjót í hleðslunni er lítillaga mosa og skófum vaxið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vatnshorn, 3

BO-144:012 *Selhóll* örnefni sel A: 386720 N: 442901

"Suður af [Borgarflóahæðum] er svo hól, sem heitir Selhóll. Hann er á brún að sunnanverðu en austur af honum er flóaflæmi, sem heitir Selflóí," segir í örnefnaskrá. Selörnefnin eru á svæði um 1,9 km vestur af bæ 001, um 960 m suðvestur af Tvívörðuborg 027.

Afgerandi hól er ekki augljós á svæðinu, sem er hæðóttur háls með mosa- og lyngbreiðum. Votlent er á milli hæða. Svæðið sem selörnefnin eru á var gengið en engar fornminjar sáust á yfirborði. Líklega er selið sem örnefnin vísa til í landi Grafardals, hinu megin við hálsinn, en við Draghálsá, suðvestur af Selhól, eru minjar sem taldar eru sel frá Vatnshorni (sjá BO-145:020).

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vatnshorn, 4




Beitarhúsatættur BO-144:013, horft til norðausturs

"Í brúninni ofan við skóginn vestan við Klausturskógargil má finna gamlar beitarhúsatættur, sem heita Beitarhúsatættur og eru á hól sem heitir Sauðhúshóll," segir í örnefnaskrá. Þetta virðast þó hafa verið tveir staðir sbr. það sem segir í grein Sveins Skorra Höskuldssonar í Árbók Ferðafélagsins 1977: "Vestast á Klausturskógareyrinni er melhóll nokkur og heitir Sauðhúshóll. Á honum eru rústir sauðahúss [031], en í skógarbrúninni beint upp af voru rústir beitarhúsa, sem höfðu aldrei verið notuð á búskaparárum afa míns [Bjarna Bjarnarsonar, f. 1869 í

Vatnshorni]. Upp af beitarhúsunum á hálsinum er Hrossasteinaflóinn, allgrösugt flæmi. Þar hafði verið heyjað til beitarhúsanna áður fyrr." Sigríður Höskuldsdóttir segir: "Bjarni upp byggði beitarhús úti í brúnum fyrir ofan Sauðhúshólinn, upp af Klausturskógareyrinni. Þau voru rifin vorið 1918. Þá voru svo miklir snjóar, frost og nauð í Grafardal að hann leyfði Beinteini að nota viðina úr beitarhúsunum til eldiviðar. Tveir samliggjandi kofar. Þarna voru bæði sauðir og ær. Þarna var opið og ef veður voru vond þá gátu ærnar leitað í skjól. Þarna var þrautarbeit, síðustu hálmstráin. Í norðanátt reif úr á þessu svæði. Hagsamt. Styttra á beitina heldur en að hafa þær heima við bæ. Fyrir húsunum sást árið 1988." Beitarhústóftir eru rétt neðan við efri skógarjaðar, um 2,9 km norðvestur af bæ og 450 m vestur af Sauðhúshól 031. Töluverður aldursmunur er á þeim beitarhúsum sem Sveinn Skorri og Sigríður lýsa. Mögulegt er að yngri húsin hafi verið reist á rústum þeirra eldri, en ef um tvo staði er að ræða eru eldri beitarhúsin týnd.

Tóftin er í grasi- og lynggróinni brekku með birkiskógi umhverfis. Skógarmörk eru litlu ofar og taka þá við lyngmóar og holt á hálsinum. Beitarhúsin eru hlaðin úr torfi og grjóti, um 11 m löng og 10,5 m breið að utanmáli. Hleðslur eru grasi- og mosavaxnar en sést í grjót á stöku stað. Tóftin snýr norðaustur-suðvestur og er grafin inn í brekkuna að suðvestanverðu, en inngangar að norðaustanverðu. Útveggir eru 2-2,5 m breiðir, 0,5-0,2 m háir að utanverðu og fara lækkandi frá norðaustri til suðvesturs eftir því sem tóftin er meira grafin inn í brekkuna. Að innanverðu eru veggirnir 0,5-1,3 m háir og fara hækkandi frá norðaustri til suðvesturs. Í tóftinni eru

tvö hólf, hvort um sig um 9 m á lengd og 2 m á breidd að innanmáli. Milli þeirra er um 2,5 m breiður og 1,3-1,4 m hár veggur. Nokkur birkitré vaxa á millivegg tóftarinnar og í norðvesturhluta hennar.



Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Vatnshorn, 4; Sveinn Skorri Höskuldsson, 179-180

BO-144:014 varða óþekkt

A: 387551 N: 443295



Vörður BO-144:014, horft til norðausturs

"Á brúninni vestan við Stöðulgil eru klettaborgir sem bera við himin og heita þær austan frá Austastaborg þá Tvívörðuborg [027] og sú vestasta Arnarborg," segir í örnefnaskrá. Tvær vörður eru á Arnarborg, um 1 km vestur af bæ 001.

Klettaborgirnar þrjár eru efst í hlíð og eru um 100 m á milli borga. Umhverfis eru holt og lymbreiður. Tvær vörður eru á Arnarborg. Eystri varðan (A) stendur fremst á klettabrún. Hún er ferhyrnd, um 1,4 m á hæð og 1 m í þvermál, með um 9 umförum. Um 20 m suðvestur af vörðu A er vörðubrot (B) sunnarlega á klettunum.

Vörðubrotið er um 50 cm hátt og 1 m í þvermál, með um 4 umförum. Grjót í báðum vörðum er lítillega skófum vaxið. Hlutverk varðanna er óþekkt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vatnshorn, 4

BO-144:015 *Skorrhólar* heimild um legstað

A: 385207 N: 446372

Kristian Kaalund segir árið 1877: "På grænsen mellem Vatnshorn og nabogården mod vest påvises tre Skorrhólar, I den ene af hvilke "Skorri" skal ligge." Í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1884 segir Sigurður Vigfússon: "Fyrir utan Vatnshorn eru þrjár hólar, sem heita Skorrhólar." Í örnefnaskrá segir: "Meðalfellsskógur nær ekki niður að vatni því hann er fyrir ofan og utan Skorrahól sem er stór skógivaxinn hóll efst á eyrinni, nú liggur vegurinn yfir hann ofanverðan." "Neðst og vestast í þessari tungu niðri við vatnið rís allmikill melhóll, vaxinn ákaflega þéttu og illfæru kjarri. Heitir hann Skorrhóll og þótti stundum óhreint á götunni [651:002] neðan við hólinn. Það var allra trú í Vatnshorni í minni bernsku að á hóli þessum hefði Skorri þræll, er dalinn nam, verið drepinn," segir í grein Sveins Skorra Höskuldssonar í Árbók Ferðafélagsins 1977 og síðar í sömu grein: "...ég man ennþá hneykslan hans [Bjarna í Vatnshorni] og reiði er honum barst í stríðsbyrjun bréf frá bróður sínum, Birni í Grafarholti, sem þar fór fram þeirri kenningu að nöfnin Skorradalur og Skorrhóll væri alls ekki af nafni Skorra dregin, heldur hétu hólarnir allir, sem Efrigötur [033] lágu eftir, Skorhólar og væru kenndir við skorninga og hvilftir, sem í þá væru." Skorrhóll eða Skorrhólar eru um 4,4 km norðvestur af bæ.

Skorrhóll er ávöl bunga, um 4 m há og vaxin þéttu birkikjarri gengur fram úr hlíðinni á Skorrhólseyri, um 4 m há. Smápýfð, grasi vaxin eyri er norðan og austan við hólinn. Samkvæmt Þórðarbók Landnámu (ÍF I) var Skorri þræll Gufu Ketilssonar, sem hljópst á brott og var um vetur í Skorraholti og annan í Skorradal en var að lokum drepinn í Skorraeyju fyrir Mýrum. Sú sögn virðist byggð á Egils sögu (ÍF II) en þar er Skorri ekki látinn vera í Skorradal. Samkvæmt Sturlubók Landnámu var Skorri leysingi Ketils gufu, sem nam Skorradal fyrir ofan vatn og var drepinn þar. Jón Jóhannesson taldi að sögnin um Skorra leysingja væri leif úr Styrmissbók en

að Sturla hefði að öðru leyti tekið frásögn Egils sögu framyfir. Ekki sjást ummerki um legstað á Skorrhól enda er hóllinn viði vaxinn.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: KK, 310; Árb. 1886, 22 nmgr 1, Ö-Vatnshorn, 1 og Sveinn Skorri Höskuldsson, 180-181; ÍF I, 66-67 nm; ÍF II, 240-41; Gerðir Landnámab, 82-84

BO-144:016 gripir

Í greininni Rannsókn í Borgarfirði 1884 sem birtist í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1886 segir í neðanmálgrein: "I Espólins Árb. er skýrsla um það 1823 [uppgr. í Krumskeldu] Espólín segir og, að í sama sinn grófu menn á tveim stöðum upp í Borgfirði, enn fundu ekkert, því það var eftir munnmælum tómunum, enn í Vatnshornslandi í Skorradal, þar í melarúst, fanst eitthvað af sverðshjöltum, að þeir álitu, sem var úr "látúnsblendingi". Engar frekari upplýsingar fengust um það hvar sverðshjöltin fundust og var því ekki hægt að staðsetja fundarstaðinn með innan við 50 m skekkju. Leit í Sarpi, menningarsögulegu gagnasafni, skilaði ekki niðurstöðum fyrir þennan fund.

Heimildir: Árb. 1886, 22 nmgr. 1.

BO-144:017 hleðsla kálgarður

A: 388422 N: 443514

Inn á túnakort frá 1918 er merktur kálgarður sem hefur verið fast norðan við útihús 002 en þó virðist gangvegur á milli. Í Svippingi Sveins Skorra segir: "Önnur nýjung í búskaparháttum [á Vatnshorni í tíð afa Sveins og ömmu, Bjarna Bjarnarsonar og Sigríðar Jónsdóttur í upphafi 20. aldar] var sú að hún tók að rækta kartöflur. Sagði hún seinna frá því að fram til þess hefði því verið trúað að kartöflur yxu ekki í Vatnshorni móti norðri og vegna loftkulda frá því mikla vatni sem dalinn fyllir. Gat hún brátt glatt augu sín við mikla garða, gróskuríka og næsta árvissa. Áfram hélt hún ræktun þeirra miklu gulrófna [...]. Líka kom hún upp stórum garði með vínrauðum rabarbara í sultur og grauta og tók hún að rækta alls konar káltegundir: grænkál, hvítkál, blómkál, auk hinnar miklu hollustujurtar graslauksins."

Sigríður Höskuldsdóttir getur um garðinn: "Svo var stunginn upp smá garður í fjárhúshlaðinu syðst, svona 3-4 lítil (stutt) beð (4 grasaraðir í beðinu, stunguskóflulengd + eitt fet er breidd á beði) . Stundum voru tveir smágarðar á fjárhúshlaðinu."

Kálgarðurinn hefur verið beint framan (norðan) við fjárhús 002 en hann er nú nærri því alveg horfinn. Einu leifarnar sem sjást af honum er um 6 m langur hryggur austur-vestur sem er um 3 m norðan við fjárhúsin. Umhverfis eru grösug tún í órækt sem hallar til norðurs, að Fitjaá. Mjög grösugt er framan við fjárhúsin í örlitlum, aflíðandi halla til norðurs. Gróskumeira er á þessu svæði en umhverfis. Kálgarðurinn er nú að mestu horfin en þó má gróflega átta sig á legu hans og hefur hann snúið austur-vestur. Einu leifarnar sem greinilega sjást eru um 6 m langur, fagurgrænn og gróinn hryggur sem er 2-3 m norðan við fjárhúsin.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Túnakort 1918, Svipping, 176-77 og Viðtal Huldu Guðmundsdóttur við Sigríður Höskuldsdóttir



Hleðsla BO-144:018, horft til norðurs

Inn á túnakort frá 1918 er merkt gata sem leið hefur úr suðri niður að bæ 001 austanverðum meðfram Bæjarlæk vestanverðum að norðausturhorni bæjar. Gatan sést ennþá mjög vel.

Gatan liggur meðfram Bæjarlæk vestanverðum en lækjarkinn er þar grasi- og lyngigróinn og 0,2-1 m á hæð. Brekkan niður að bæ hallar um 10-20° í NNA. Gatan frá bæ upp/suður að vegarslóða sem nú er, var um 100 m á lengd. Heima við bæ 001 hverfur gatan í gras og þúfur en efst við túngarð 024 í berjalyng og mosa. Gatan er einföld um 0,5 m breið göngu-/hestagata.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Túnakort 1918



Síðustu leifar kálgarðshleðslu BO-144:019, horft til norðvesturs

Inn á túnakort frá 1918 er merktur kálgarður fast norðan við bæ 001 og hefur einungis verið gangvegur á milli. Kálgarður hefur verið beint norðan við gamla bæinn í Vatnshorni 001. Stærstur hluti hans var þar sem steinsteypt íbúðarhús á jörðinni, byggt 1937, er nú en óljósar leifar sjást þó víða í grennd við íbúðarhúsið.

Umhverfis eru grösug tún í órækt sem hallar til norðurs, að Fitjaá. Svæðinu hallar til norðurs. Það er gróið og ræktarlegt og markar bæjarlækurinn það til austurs. Samkvæmt Sigríði Höskuldsdóttur var íbúðarhúsið byggt í austurhluta kálgarðsins svo þar tók af hálfan garðinn. Hún segir að garðurinn

hafi verið kallaður Heimagarður. Litlar leifar sjást nú eftir kálgarðinn. Hrygg eða garðleifar má þó sjá um 5 m austan við mitt íbúðarhúsið og liggur hann í um 20 m meðfram Bæjarlæknum til norðurs. Ekki er hægt að greina aðrar garðhleðslur. Hryggurinn endar þar sem gömul trébrú er á læknum og óljós slóði liggur að henni. Heimagarður var matjurtagarður, upphaflega aðallega fyrir kartöflur en þar voru ræktaðar gulrófur, grænkál, radísur, hvítkál og blómkál og salat og örlítið af gulrótum samkvæmt Sigríði Höskuldsdóttur. Hún man það að töluvert var sléttað úr bæjarhólnum þegar gamli bærinn var rifinn og segir hún að töluvert af grjóti úr fjósinu og hlóðaeiðhúsinu hafi verið grafið í kartöflugarðinum, þar á meðal steinn sem Bjarni Höskuldsson (1943-1979), bróðir hennar, hafði grafið kattarmynd á.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Túnakort 1918 og Viðtal Huldu Guðmundsdóttur við Sigríði Höskuldsdóttur

BO-144:020 gerði kartöflugarður

A: 388445 N: 443622



Kartöflugarður BO-144:020

Inn á túnakort frá 1918 er merktur kálgarður nyrst í túni. Garðurinn var kartöflugarður og sést enn vestan í nokkuð brattri brekku, vestarlega í túninu neðanverðu (norðanverðu), suðvestan í hól sem nefndur var Árhóll. Björn Bjarnarson [1856-1951] getur um kofa á þessum stað í Endurminningum sínum: "Kofi nyrzt á Árhóli" og segir að faðir sinn hafi sléttað

úr honum og hefur hann líklega verið á svipuðum slóðum og kálgarðurinn.

Í hárrí brekku, neðar er slétt engi eða mýri að Fitjaá, ofar (sunnar) eru tún. Garðurinn er í hól sem nefndur var Árhóll. Kartöflugarðurinn var fjögurra raða. Ummerkin um hann eru 22 x 14 m að stærð og snýr dældin austur-vestur. Ekki er hægt að tala um eiginleg garðlög umhverfis gerðið heldur er fremur eins og það hafi verið stungið út úr garðinum og hann því eins og niðurgröftur í brekkuna. Við kálgarðinn er dæld í sömu hæð. Hún er 2-3 m í þvermál en 0,3-0,5 m á dýpt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1918 og Endurminningar Björns Bjarnarsonar

BO-144:021 varða óþekkt

A: 387864 N: 443927



Varða BO-144:021, horft til suðvesturs

"Upp af Laugarhól [sjá 053] er annar melhóll með vörðu á, sá heitir Gvendarhóll," segir í örnefnaskrá. Vörðubrot er á Gvendarhól um 100 m ofan við veg eftir dalnum, um 800 m norðvestur af bæ 001.

Gvendarhóll er melhóll, mosagróinn á suðurhlið. Umhverfis er mólendi og lynggrónar hlíðar til suðurs. Efst á hólnum er vörðubrot, um 40 cm hátt og 1,3 m í þvermál, með um 2 umför. Ekki er vitað um hlutverk vörðunnar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vatnshorn, 2

BO-144:022 Torfmelur örnefni rista A: 388275 N: 443805

"Upp af Gunnunesi með ánni er melur sem heitir Torfmelur, þar sem torf var þurrkað. Þetta er hólmyndaður melur," segir í örnefnaskrá.

Smágrýttur, gróðurlítill melur er efst á hólnum en lynggróður neðar. Slétt hálfþurrt

mýrlendi er beint norður af hólnum. Merki um torfristu sjást ekki í mýrlendi norður af hólnum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vatnshorn, 2

BO-144:023 tóft hesthús


A: 388344 N: 443541



Hesthús BO-144:023. Á myndinni til vinstri sést tóftin, horft til austurs en til hægti sést vegghleðsla nálægt norðausturhorni tóftar

Á vesturbarmi Stöðulgils 052, um 190 m vestan við bæ og fast neðan við slóða sem liggur fast við Vatnshornstúnið, er tóft af hesthúsi. Tóftin er á lágrí hæð en 5-10 m austar er um 3 m bratti ofan í Stöðulgilsbotn. Víðar er þó gilið aflíðandi og fremur grunnt. Tóftin er á flata, grasi grónum, utan túns.

Hesthúsið var byggt á fyrri hluta 20. aldar (líklega rétt fyrir 1950). Samkvæmt Sigríði Höskuldsdóttur byggði Höskuldur Einarsson, faðir hennar húsinn en Þórður í Haga hjálpaði honum. Reftingin var úr "myndarlegum hríslum úr Vatnshornsskógi. Mænisásinn var hins vegar rekaviður sem fluttur var á 10 hjóla stríðstrukk sem notaður var til vöruflutninga í sveitinni. [...] Var hesthúsið um tíma vöruskemma þeirra framdælinga á haustin" Tóftin er mjög greinileg. Hún er 7,5 x 5 m stór og snýr austur-vestur. Hún er stæðileg en á kafi í grasi að utanverðu. Grjóthleðslur sjást að innan. Tóftin er einföld og op er á henni nyrst á vesturvegg. Austurveggur tóftarinnar er stæðilegastur en vesturveggur lægstur eða 0,6 m nyrst. Veggir eru að talsverðu leyti hrundið inn í tóftina og hrunið komið á kaf í gras og því erfitt að greina innri lögun. Samkvæmt Sigríði Höskuldsdóttur var stallur við suðurvegg og pláss fyrir 6 hross. Þrátt fyrir að tóftin sé of ung til að teljast til fornleifa samkvæmt skilgreiningu laganna byggir hún á fornri og hefðbundinni byggingarhefð og er því talin með í skrá fornleifa.



Hættumat: engin hætta

Heimildir: Viðtal Huldu Guðmundsdóttur við Sigríði Höskuldsdóttur



Túngarður BO-144:024. Á vinstri myndinni er horft til VNV en á þeirri hægri til suðurs

Í Sviþþingi Sveins Skorra segir: "Snemma á búskapar árum sínum hafði hann [Björn Eyvindsson 1825-1899, kom í Vatnshorn 1857] hlaðið mikinn grjóttgarð kringum tún sitt og holt og mela er hann síðan græddi upp einnig minni garð til vörslu hluta engjanna. Þessir garðar eru 1.376 metrar að lengd. Undir ævilokin iðjaði hann tíðum við að bæta garðana sína, fylla skörð og rétt af hlaup." Túngarðurinn umhverfis heimatún Vatnshorns sést ennþá mjög vel og umkringdi hann bæinn á allar hliðar nema að norðan vegna Fitjaár. Að sunnan er garðurinn 90-120 m frá bæ 001, að austan er það um 220 m frá bæ og að vestan er það um 170 m frá bæ.

Túngarðurinn umkringir vel grasgróið heimatúnið sem tekið er að hlaupa í þúfur en utan við það eru grasi- og mosagrónir móar og illa farinn syðri Skorradalsslóði. Túngarður Vatnshorns markar af svæði sem er 500 x 270 m stórt og eru tvö hólf byggð við hann. Garðurinn skiptist í raun í tvennt; túngarð austan við Bæjargil og túngarð vestan við það. Allur túngarðurinn er grjóthlaðinn, um 925 m á lengd, 0,5-1,2 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Grjótið í túngarðinum er mosa- og lyngi gróið hér og þar og við Fitjaá norðvestan og norðaustan við bæ hverfur það alveg í gras. Í norðaustri endar garðlagið um 290 m frá bæ á suðurbakka Fitjaár. Þaðan liggur garðurinn í suðvestur um 200 m áður en hann beygir í VNV. Á þessum hluta garðsins er 2-4 m skarð um 40 m suðvestan við norðausturenda túngarðsins vegna vegslóða sem liggur austur-vestur gegnum túnið norðan (neðan) við bæ meðfram Fitjaá. Í VNV heldur garðurinn um 170 m að Bæjargili. Þar beygir garðurinn niður með gilinu til norður og heldur áfram niður meðfram brún Bæjargilsins um 55 m áður en það hverfur í gras og þúfur um 35 m sunnan við bæ 001. Þar endar eystri hluti túngarðs en ekki er þó ólíklegt að hann hafi haldið áfram niður meðfram bæjargili þó ekki sjáist ummerki um það nú (2010). Angi túngarðsins liggur hins vegar einnig meðfram læk að vestan. Þar sjást greinilegar grjóthleðslur fyrst um 25 m SSV við bæ 001 (fast sunnan við bæjarhól) á vesturbakka Bæjargilsins. Garðurinn liggur upp meðfram gilinu í SSV um 70 m áður en hann kvíslast hornrétt í ASA og í suðvestur. Í ASA liggur smá garðtota um 13 m niður að Bæjarlæk á meðan megingarðurinn heldur áfram í suðvestur. Þeir angar túngarðsins sem liggja meðfram bæjarlæknum voru í raun varnargarðar, til að koma í veg fyrir að bæjarlækurinn ylli usla en meðfram þeim hluta sem var á vesturbakka hans lá einnig heimreiðin (sjá 018).

Í viðtali við Sigríði Höskuldsdóttur kemur eftirfarandi fram: "Björn Eyvindsson (1825-1899) og þrír sona hans og Solveigar Björnsdóttur (1825-1889) þeir Bjarni (afi), Björn (síðar


bóndi í Gröf/Grafarholti) og Eyvindur hlóðu skjólgarðinn til að verja húsið fyrir Bæjargilinu sem alltaf var að gera eitthvað af sér. Ömmu Sigríði (SJ) fannst vont þegar búfé traðkaði niður skjólgarðinn (þegar hann fór að lækka) og tröðina uppeftir og svo lækjarkakkann. Hún vissi að mikil vinna hafði verið lögð í hleðsluna." Túngarðurinn heldur áfram til vesturs, vestan við bæjarlækinn efst. Eftir um 40 m í suðvestur beygir garðurinn efst í brekkunni ofan við bæinn í VNV og heldur áfram í VNV um 130 m að Stöðulgili þar sem hann beygir í NNA niður með gilbarminum. Á þessum kafla, efst í brekkunni um 135 m suðvestan við bæ 001 og fast norðan við gamla slóðann, hefur garðurinn verið endurhlaðinn í um 0,5 m hæð og 1,2 m breidd á um 9 m löngum kafla. Meðfram Stöðulgili liggur garðurinn gróflega í norður niður að Fitjaá. Frá suðvesturhorninu liggur hann 30 m í NNA, þaðan um 130 m í norður. Þar beygir hann í norðvestur og heldur áfram um 55 m áður en hann beygir í síðasta sinn í NNA. Í NNA heldur garðurinn áfram um 35 m og endar þar um 270 m norðvestan við bæ 001 á suðurbakka Fitjaár. Samkvæmt Sveini Skorra var túngarðurinn eitt sinn um 1376 m á lengd svo að greinilega hefur eitthvað af garðinum horfið í seinni tíð. Helst er að gíska á að hleðslurnar sem hafa legið frá suðurhlið og niður túnið beggja vegna bæjarlækjar hafi upphaflega náð lengra niður eða alveg að Fitjaá.



Litligarður (Gerði B) sambyggt við túngarðinn utanverðan, horft til norður

gaddavírsstrengir ofaná." Gerði B er tvískipt, um 26 x 5 m stórt og snýr norður-suður. Öll austurhlið gerðis er í raun túngarður 024 en á þessum slóðum er hann í brún Stöðulgils og grasigróinn þó vel sjáist að hann er grjóthlaðinn. Veggir gerðisins eru einnig grjóthlaðnir og vel grónir, 1-1,5 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Hólf I er um 17 x 2 m að innanmáli. Veggir þess eru nokkuð óskýrir en hægt er að greina þá nokkuð vel á allar hliðar í grasinu ef vel er að gáð þó hólfid líkist meira hlaðinni upphækkun en eiginlegu hólfu. Hólf II er fast norðan við hólf I. Ekki er neinn greinilegur veggur á milli hólfanna en botn hólfis II er þó 0,3-0,4 m neðar en botn hólfis I. Veggir hólfis II eru greinilegir. Innanmál hólfis II er 4 x 2 m á breidd. Hólfið er opið til norðurs. Síðast var ræktað í þessum garði árið 1961. Gerði C telst ekki til fornleifa í lagalegum skilningi og sjást lítil ummerki eftir það en það var til móts við Litlagerði, innantúns. Þar ræktuðu Sigríður og Kristjana Höskuldsdætur kartöflur rétt fyrir

Tvö gerði, 024B og 024C eru áföst túngarðinum. Gerði B er vestan við túngarð við Stöðulgil fast sunnan (ofan) við vegslóða í túni um 170 m vestan við bæ 001. Það var kálgarður sem nefndur var Litligarður og getur Sigríður Höskuldsdóttir um hann: "Svo var lítill garður, Litligarður, utantúns og í kringum hann var hlaðinn grjótgarður og tveir



miðja 20. öld. Sigríður segir: "Svo var það "okkar garður" innan við túngirðinguna á móts við Litlagarð. Sjö alllöng beð. Það hét Hestshústunga austan við Stöðulgilið yst í túnhorninu á móts við Litlagarð. HE lét plægja þarna að haustlagi. Systurnar stungu upp okkar garð, spildu af því og ræktuðu þar bara kartöflur."

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vatnshorn, 3; Svipþing, 176 og Viðtal Huldu Guðmundsdóttur við Sigríði Höskuldsdóttur

BO-144:025 *Árhólshús* heimild um fjárhús

"Árhólshús enn neðar [en Miðhús 002] [...] eins var garðahús með heytóft við...og ærnar hafðar í þeim. Faðir minn breytti húsunum úr tvístæðu-jötukofum í garðahús," segir í Endurminningum Bjarnar Bjarnarsonar [1856-1951] þar sem hann lýsir útihúsum í túninu vestan við Bæjarlæk. Í þeim kemur fram að húsið var síðar "fellt". Ekki er ljóst hvar húsið var nákvæmlega en það hefur verið nálægt Árhólnum, einhvers staðar á svæðinu milli 002 og 020.

Heimildir: Endurminningar Bjarnar Bjarnarsonar handrit í vörslu Sigurðar Sigurðssonar

BO-144:026 *Kastalabrunnur* gryfja brunnur

A: 388509 N: 443431



Kastalabrunnur BO-144:026, horft til NNA

"Austan við garðinn, í Bæjarlæknum er djúpur pyttur sem nefndur er Kastalabrunnur. [...] Kastali er holt er liggur efst í túninu og upp af því," segir í örnefnaskrá. Kastalabrunnur er í Bæjarlæk um 70 m SSV (ofan) við bæ 001 um 20 m norðan (neðan) við túngarð 024. Bæjarlækurinn er lítil grýtt lækjarspræna í Bæjargili, 1-3 m á breidd og liggur NNA-SSV.

Kastalabrunnur er hringlaga hylur í læknum 2-5 m neðan við 1-1,5 m háa kletta. Grjót er allt í kring um hylinn en mold eða sandur í botni hans svo hann gæti hafa verið dýpri. Hylurinn er aðeins 0,2-0,3 m djúpur. Engar greinilegar hleðslur sjást en hylurinn er óvenju hringlaga.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vatnshorn, 3

BO-144:027 *Tvívörðuborg* varða óþekkt

A: 387619 N: 443247



Tvívörðuborg BO-144:027, horft til NNV. Röðin á vörðunum er 027B, 027A, 027C, 027D

"Á brúninni vestan við Stöðulgil [052] eru klettaborgir sem bera við himin og heita þær austan frá Austastaborg þá Tvívörðuborg og sú vestasta Arnarborg [014]," segir í örnefnaskrá. Fjórar vörður eru efst á Tvívörðuborg, um 950 m vestur af bæ 001 og um 90 m suðaustur af vörðum á Arnarborg.

Klettaborgirnar þrjár eru efst í hlíð og eru um 100 m á milli borga. Umhverfis eru holt og lyngbreiður. Vörðurnar fjórar eru á svæði sem er tæpir

4x1 m að stærð og snýr u.þ.b. vestur-austur. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu sem hefst vestast. Vörðurnar standa ekki alveg í beinni röð. Um 2 m eru á milli varða B og C, en 1 m á milli varða A og B, C og D. Grjót í öllum vörðum er lítillaga skófum vaxið. Varða A er um 80 cm há og 70 cm í þvermál, 6-7 umför. Varða B er lægst, um 60 cm há og 80 cm í þvermál, um 4 umför. Varða C er um 80 cm há og 1 m í þvermál, 4 umför. Varða D er hæst, um 90 cm á hæð og 70 cm í þvermál, 5 umför. Ekki er vitað í hvaða tilgangi vörðurnar voru hlaðnar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vatnshorn, 3

BO-144:028 *Ingutjarnir* þjóðsaga draugur A: 384060 N: 444617

"Nokkru vestar en Hríshólatjörn eru tvær tjarnir með grýttu holti hjá. Þessar tjarnir heita Ingutjarnir. Í sambandi við þær er útburðarsaga. Þessar tjarnir eru suður af Innrafesti og norðaustur af Vestar-Hrosshæð sem er hæð á merkjum," segir í örnefnaskrá. Í Athugasemdum við örnefnaskrá segir: "Sagt er, að Ingutjarnir beri nafn af konu, sem átti heima á Vatnshorni og bar út barn sitt. Drekkta hún því í tjörnum þessum, en seinna fyrirfór hún sér í kofa [035] á Vatnshornstúni. Tjarnirnar eru í flóa, sem nefndur er Ingutjarnarflói." Sigríður Höskuldsdóttir gat um tjarnirnar í viðtali: "Ingutjarnir úti á hálsi, út á milli Festa, þ.e. útundir merkjum Haga og Vatnshorns eru tjarnir sem heita Ingutjarnir, tvær eða þrjár. Sú þjóðsaga fylgdi nafninu að stúlka sem kölluð var Inga hafi setið lömb við fráfærur þarna á hálsinum og þar hafi hún fætt barn sitt og fleygt því í tjörnina. Fram úr því hafi hún svo hengt sig í gripahúsi [sjá 035] á hólnum heima á túni og verið grafin þar. Kofinn hafi verið felldur yfir hana og aldrei endurbyggður." Ingutjarnir eru uppi á hálsinum á milli Vatnshorns og Grafardals BO-145, um 4,5 km VNV við bæ 001 og 2,1 km suðvestan við Skorrhól(a) 015.

Heimildir: Ö-Vatnshorn, 4; Ö-Vatnshorn, aths. 1; Viðtal Huldu Guðmundsdóttur við Sigríði Höskuldsdóttur

BO-144:029 *Rauðavarða* varða

A: 385516 N: 445733



Rauðavarða BO-144:029, horft norðausturs

"Innrafesti er klettagangur er liggur niður hjá Svartagili, þar ofan við skóginn á festinni er varða, hlaðin úr rauðu grjóti, hálfvallin sem heitir Rauðavarða," segir í örnefnaskrá. "Framan í Innri-Festinni var reisuleg varða, sem nefndist Rauðavarða af rauðum steinum, er í henni voru. Hana hafði Björn í Grafarholti hlaðið á sínum smalaárum í Vatnshorni," segir í grein Sveins Skorra Höskuldssonar í Árbók Ferðafélagsins. Varðan er um 3,8 km norðvestur af bæ 001, ofarlega í hlíðinni, rétt neðan við efri skógarjaðar. Varðan sést illa neðan frá fyrir skógi.

Varðan stendur í hlíð sem vaxin er þéttum birkiskógi. Ofan við skóginn er

lynggróður og lágir klettastallar. Rauðavarða er ferstrend varða, um 1,2 m á hæð og 70 cm í þvermál með um 8 umförum. Varðan hefur verið endurhlaðin miðað við lýsingu örnefnaskrár og er enn reisuleg. Grjót í vörðunni er vel skófum vaxið en ekki áberandi rautt. Varðan er á grónum stalli og er skógur allt í kring, þó gisnari ofan við vörðuna.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Vatnshorn, 4; Sveinn Skorri Höskuldsson, 180

BO-144:030 heimild um kolagröf

A: 385571 N: 445790

Greinilegt er að mikið skógarhögg, ítök og kolagerð hefur verið á jörðinni. "Má heita að allur skógurinn hafi verið skiptur upp í ítök. Þegar ég [Sveinn Skorri Höskuldsson] var að alast upp í Vatnshorni voru þó öll þessi ítök fallin undir jörðina nema ítak Efstabæjar sem féll niður á uppvaxtarárum mínum. Fyrir því hef ég all-góðar heimildir að þegar langafi minn, Björn Eyvindarson, fluttist að Vatnshorni um miðja 19. öld hafi skógurinn verið orðinn mjög rýr og illa farinn af miklu höggi til kolagerðar. Á mínum uppvaxtarárum hafði hann náð sér og var þá, að ég held, stórvaxnast skógarsvæði í Skorradal," segir í grein Sveins Skorra Höskuldssonar í Árbók Ferðafélagsins. Mikill og allþéttur birkiskógur er í Vatnshornshlíð og mörg trjáanna orðin allhá með svera boli. Tungan neðan við Rauðuvörðu 029 var gengin og eins var farið í gegnum Klausturskóga og þar varð ekki vart við kolagrafir. Ekki er mögulegt að leita vel í skóginum vegna þéttleika hans en víst má telja að víða í honum hafi verið gert til kola. Eins má hugsa sér að kolagerð hafi farið fram niðri á eyrunum við vatnið eða á öðrum heppilegum stöðum þar sem ekki var eins bratt og víða er í hlíðinni.

Heimildir: Sveinn Skorri Höskuldsson, 179

BO-144:031 *Sauðhúshóll* heimild um beitarhús

A: 386560 N: 445141

"Í brúninni ofan við skóginn vestan við Klausturskógargil má finna gamlar beitarhúsatættur, sem heita Beitarhúsatættur [013] og eru á hól sem heitir Sauðhúshóll," segir í örnefnaskrá. Þetta virðast þó hafa verið tveir staðir sbr. grein Sveins Skorra Höskuldssonar í Árbók Ferðafélagsins 1977: "Vestast á Klausturskógareyrinni er melhóll nokkur og heitir Sauðhúshóll. Á honum eru rústir sauðahúss, en í skógarbrúninni beint upp af voru rústir beitarhúsa, sem höfðu aldrei verið notuð á búskaparárum afa míns [Bjarna Bjarnarsonar, f. 1869 í Vatnshorni]. Upp af beitarhúsunum á hálsinum er Hrossasteinaflóinn, allgrösugt flæmi. Þar hafði verið heyjað til beitarhúsanna áður fyrr." Beitarhús á Sauðhúshól voru á svæði sem er um 2,6 km norðvestur af bæ 001. Ekki sést til fornleifa.

Lækur rennur eftir smáþýfðri grasflöt við Skorradalsvatn. Birkiskógur er fyrir ofan og til beggja handa. Þýfðir hólar, lyng- og birkivaxnir, eru upp af flötinni, frá suðri til vesturs, beggja vegna lækjarins. Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði og er enginn melhóll sjáanlegur á svæðinu. Líklega eru minjar grónar og horfnar í skóg.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Vatnshorn, 4; Sveinn Skorri Höskuldsson, 179-180 og Viðtal Huldu Guðmundsdóttur við Sigríði Höskuldsdóttur

BO-144:032 heimild um kartöflugarður

A: 388271 N: 443759

"Upp af Gunnunesi með ánni er melur sem heitir Torfmelur, þar sem torf var þurrkað [sjá 022]. Þetta er hólmyndaður melur," segir í örnefnaskrá. Sigríður Höskuldsdóttir gat um staðinn í viðtali: "Svo var sandgarður út og niður á Torfmel eitt vor sem er austast og syðst í Gunnunesinu. Þangað var farið með það síðasta af útsæðinu. Algjör sandgarður, ekki mikil upp skera en kartöflur uxu ágætlega [þetta eina vor sem það var reynt]." Melhóll er um 390 m norðvestur af bæ 001, um 90 m neðan við veg eftir dalnum.

Smágrýttur, gróðurlítill melur er efst á hólnum en lynggróður neðar. Slétt hálfþurrt mýrlendi er beint norður af hólnum. Engin ummerki sáust um hlaðinn garð eða gerði umhverfis hólinn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vatnshorn, 2 og Viðtal Huldu Guðmundsdóttur við Sigríði Höskuldsdóttur

BO-144:033 *Efrigötur* heimild um leið

A: 385868 N: 445724

"Allt út fyrir Efstabæjartungu lá reiðgatan neðan skógar fram með vatninu. Var þar víða

stórgrýtt en annars staðar farið eftir lausum vatnsmalarhryggjum, sem ýst höfðu upp undan vetrum. Þegar kom vestur fyrir þessa tungu skiptust göturnar, og unnt var að fara Neðrigötur [651:002] með fram vatninu eða Efrigötur upp í skóginum á þurrum melhólum, nokkuð sléttum ofan og kjarri vöxnum, sem liggja með vatninu langleiðina út að Merkjum," segir í grein Sveins Skorra Höskuldssonar í Árbók Ferðafélagsins. Leiðir skiptast um 3,5 km norðvestur af bæ 001. Leiðin lá um birkivaxnar hlíðar. Þéttur skógur nær næstum að vatni og ofarlega upp í hlíðina.


Malarvegur liggur meðfram Skorradalsvatni vestur fyrir Efstabæjartungu en tekur þá stefnu upp í skóginn og liggur um 40-70 m fyrir ofan vatnið. Efrigötur lágu líklega á sama stað. Merkt gönguleið kemur niður á veginn úr suðaustri, um 20-30 m frá þeim stað þar sem hann beygir upp frá vatninu, líklega er þar um að ræða veg sem ruddur var gegnum skóginn vegna fyrirhugaðrar sumarbústaðabyggingar árið 1991.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Sveinn Skorri Höskuldsson, 180

BO-144:034 Pakkhús hús hjallur

A: 388539 N: 443487



Pakkhúsið BO-144:034 haustið 2010

grösug tún í órækt sem hallar til norðurs, að Fitjaá.

Sveinn Skorri Höskuldsson lýsir húsinu vel í bók sinni Svipþing: "Aldrei fyrr hafði ég hætt mér upp þennan stiga. Hann var í Pakkhúsinu, en svo nefndist dálítill skemma, gerð af timbri og stóð frítt ein sér rétt sunnan og austan við bæjarhúsin [001] nær hlíðarbrekkunni sem lá upp að Botnsheiði. Þetta var eina timburhúsið í Vatnshorni á þessum dögum og merkilegt í mínum augum. Undir vesturstafni þess var viðbyggður hjallur með skúrþaki. Milli borðanna í veggjum hans voru á að giska einnar tommu bil svo að þar léku vindar en regn barst ekki inn. Þar var þvottur hengdur til þerris á snúrur og reipi héngu á uglum. Þar var stundum harðfiskur í sekk og saltfiskbaggar. [...] Á hjallgólfinu stóðu líka saltketstunnur og á veturna var staflað þar reiðingum. Það var gengið inn í hjallann um norðurhlið og síðan inn Pakkhúsið um vesturgaflinn. Fyrir hurðinni þar var völdug skrá með stórum og þungum lykli. Hægt var að læsa henni bæði að utan og innan. Þetta var eina læsingin á bænum. [...] Undir fjalagólfi Pakkhússins var kjallari hlaðinn úr grjóti. Niður í hann lá stigi og yfir stigaopinu hleri á hjörum. Hann var þyngri en svo að ég megnaði að lyfta honum, enda hafði ég beyg af þessum kjallara. Á honum var enginn gluggi og þar niðri svartamyrkur. Þarna voru geymdar kartöflur. Á haustin var hann fullur en síðan tæmdist hann smátt og smátt. [...] Á jarðhæð Pakkhússins var ýmislegt sem mér þótti girnilegt til fróðleiks. Næst dyrunum undir norðurhliðinni var dálítið smíðaborð

Pakkhúsið, lítil timburbygging, stendur enn uppi á bæjarhólum og er um 16 m sunnan við íbúðarhúsið í Vatnshorni sem nú stendur. Húsið er norskt timbureiningahús og er elsta húsið í Skorradalshreppi, byggt á síðari hluta 19. aldar. Í Endurminningum Björns Bjarnarsonar (1856-1951) segir: "Hjallurinn var lélegur kofi fyrst, en eftir nokkur ár var hann hresstur við og gerður að mestu af timbri með lofti í, vóru hlerar settir fyrir rindana í göflunum er hríðarvon var. Á loftinu var geymsla góð." Umhverfis eru



Innviðir Pakkhússins haustið 2010

hugskotssjónum falletasta kistan. Hún var með kúptu loki og á henni blágrænt rósaflúr í bekkjum. Innan í laufakransi var málað í rauðbrúnum lit ártalið 1853. Þetta var kista móður minnar. Hún hafði erfð hana eftir nöfnu sína, langömmu mína Sólveigu Björnsdóttur frá Þingvöllum. [...] Þarna voru líka tvö rúmstæði, annað tvíbreitt undir norðurhliðinni, hitt einbreitt undir suðurhliðinni [fyrir kaupakonu og húsráðanda]. Yfir lofti þessa herbergis var geymsla undir súð Pakkhússins og í suðvesturhorninu lá þangað brattur stigi og yfir opi hans hleri á hjörum sem opnaðist upp. Þetta var alvörustigi með þrepum úr þykkum borum, en án handriðs. [...] Þarna blóstu við haugar af svartbrúnum, tjörguðum netjum og leifar af þétríðnum síldarnótum. Svo voru stórir strigapokar troðnir með ull. Þetta litla geymsluloft var nærri því fullt upp í þak af þessum varningi. Á vesturstafninum var lítill gluggi...[...]. [Við austurstafninn]..var skambiti þvert yfir og á honum léku geislar sólarinnar á því líkri dýrð lita sem ég hafði aldrei áður slíka séð. Þarna stóðu tómar flöskur með alls konar vaxtarlagi. Stuttar og gildar með langa, mjóa hálsa. Flatvaxnar flöskur, kuggslegar um herðar og hálsstuttar. Sumar voru þvengmjóar og axlalausar."

Sigríður Höskuldsdóttir getur einnig um húsið í viðtali og segir: "Vestasta hlutanum var bætt við pakkhúsið síðar, eða í búskapartíð ömmu og afa því þar vildi Sigríður Jónsdóttir þurrka þvott. Sá hluti var alltaf kallaður hjallur - það var bil á milli spýta í honum. Þar voru snúrur en Höskuldur Einarsson tók upp á að geyma eitt og annað í hjallinum; salt í tunnu, saltfisksbing, reiðing og amboðin. Amma var sárreið yfir að drasli væri komið þarna fyrir." Hjallurinn er úr timbri og hékk uppi þegar skráð var í Vatnshorni. Hann er 5 x 3 m að stærð og snýr austur-vestur með 1,5 m breiðu, yfirbyggðu porti að vestan. Hjallurinn er með trégólfi og undir því er kjallari. Frá jarðhæð er stigi uppá loft nálægt suðvesturhorni. Á jarðhæðinni hefur verið gluggi á austurhlið en hann er nú byrgður. Á loftinu var einnig lítill gluggi, á austurstafni. Pakkhúsið og hjallurinn er að hrúni kominn og gólf hans er að hluta brotið. Eftir að skráningu lauk var húsið tekið niður þar sem hætta þótti á að það fyki. Pakkhúsið var endurbyggt sumarið 2011 í samvinnu við Húsafriðunarnefnd. Notaðir voru viðir gamla hússins eins og hægt var en viðað upp með greni úr Stálpastaðaskógi sem unnið var af Stefáni Ólafssyni yfirmið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Svipþing, 180; Viðtal Huldu Guðmundsdóttur við Sigríði Höskuldsdóttur; Endurminningar Björns Bjarnarsonar handrit í vörslu Sigurðar Sigurðssonar

sem faðir minn hafði gert sér. Á borðröndinni var skrúfstykki borað fast og þar voru ýmis tæki og tengur, sporjárn og heflar sem mig fýsti að geta notað. Á loftbitunum héngu byssur hans, riffillinn og haglabýssan, en skotin í þessi vopn geymdi hann aldrei í sama húsi, heldur í læstu kofforti sínu inni í bæ. Innst í norðausturhorninu var kornbyrðan, geysistór kassi úr þykkum, breiðum borðum. Ofan í hana var allstórt op og hleri yfir. Þarna niður um var rúgmjöli sturtað. [...] Þarna voru líka þrjár stórar kistur, allar harðlæstar. [...] Ljósast stendur mér þó fyrir



Svæðið þar sem mannabein BO-144:035 fundust á Inguhóli, horft til suðurs

"Grónar og jarðorpnar tóftir voru til og frá um túnið er ég [Björn Bjarnarson 1856-1951] man fyrst; af þeim voru mestar: margar rústir austan bæjargilsins - gegnt bænum, [...] 2 kofar samstæðir á hólí nærri bænum, annar nefndist Langikofi, var lengi notaður og tók 30 (lömb?), bak við þá var hálfvallinn tóft tvístæð og sýndist hafa verið kumbl við (er fyrst ég man). Síðar byggði faðir minn þar hlöðu, og er grafið hafði verið fyrir henni, fannst í innanverðri hústóftinni, 2-3 fet undir skánarlagi mannabeinshrúga, og leit út sem líkið hefði verið sett þar niður kistulaust í hnipri. Voru beinin lögð í stokk og


grafin að Fitjum litlu síðar," segir í Endurminningum Bjarnar Bjarnarsonar og síðar í sömu heimild: "...lambhúsið [þ.e. 006] byggt úr Langakofa við hlöðuna" Í örnefnaskrá segir: "Þar austur í túninu [nál. Lambhúshól] er hóll, sem heitir Inguhóll, þar fundust eitt sinn um aldamót bein af ungum kvenmanni." Á svæðinu austan bæjarlækjar og ofar Smiðjuhóls gætu hafa verið nokkrar rústir. Tvær ógreinilegar þústir (sjá líka 038) fundust við skráningu en líklegt er að fleiri hafi verið á svæðinu. Grasigróin þúst er austan við Bæjargil um 30 m suðvestan við Smiðjuhól 008 og um 35 m suðaustan við bæ 001. Á þessu svæði er þýft graslendi á svolitlum flata í brekku sem hallar 2-5° í NNA.

Fjallkonan 11.12.1895: Fornt leiði fannst í sumar í túninu á Vatnshorni í Skorradal, er verið var að byggja þar hlöðu. Fundust þar mannsbein, sem virtust vera af unglingi, og var að sjá sem líkið hefði verið látið vera sitjandi. Beinín voru orðin mjög fúin, og lét bóndinn í Vatnshorni, Björn Eyvindsson, færa þau til kirkjugarðs. - Bein þessi geta verið frá heiðni, enn ekki er heldr ómögulegt, að þau séu frá kristnum tímum, því oft munu menn hafa verið grafnir heima framan af öldum og ekki fluttir til kirkju." Sigríður Höskuldsdóttir gat um Inguhól í viðtali 2010: "Sú þjóðsaga fylgdi Ingutjörnum að stúlka sem kölluð var Inga hafi setið lömb við fráfarur þarna á hálsinum og þar hafi hún fætt barn sitt og fleygt því í tjörnina. Fram úr því hafi hún svo hengt sig í gripahúsi á hólnum heima á túni og verið grafin þar. Kofinn hafi verið felldur yfir hana og aldrei endurbyggður." Sigríður sagði jafnframt: "Þegar Björn Eyvindsson kom að Vatnshorni 1857 (langafi Sigríðar) og ætlaði að reisa lambhús á Inguhóli þá komu upp smágerð kvenmannsbein sem grafin voru upp og flutt yfir í Fitjakirkjugarð og jarðsett þar eftir messu. Fer ekki sögum af því hvar þau liggja innan garðs. Ekkert var byggt á Inguhólnum eftir þetta en Lambhús voru reist á Lambhúshóli." Þústin er vel grasigróin, ávöl og ferköntuð, um 20 m á lengd, um 18 m á breidd og snýr NNA-SSV. Engin dæld er í miðju þústar en hún er 0,2-0,4 m á hæð. Af frásögn Björns að dæma virðist sem byggingar á hólnum hafi verið fullgerðar og notaðar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vatnshorn, 3; Fjallkonan 11. des 1895 og Viðtal við Huldu Guðmundsdóttur við Sigríði Höskuldsdóttur; Endurminningar Björns Bjarnarsonar handrit í vörslu Sigrúðar Sigurðssonar

Lítið gerði er á flötinni beint niður af (norður) af fjárhúsum úr blönduðu efni 042 sem enn standa. Gerðið er 10 m sunnan við Fitjaá en 280 VNV við bæ 001. Gerðið er fast vestan við þar sem lækur hefur runnið í Fitjaá og um 15 m vestan við vesturhlið túngarðs 024. Samkvæmt Sigríði Höskuldsdóttur var rétt sú sem áður var á Réttarholti 009 færð á þennan stað.



Gerðið BO-144:036, horft til NNA

Gerðið er fyrir neðan nokkuð bratta brekku, á flötum, grasivöxnum árbakka. Brekkan sunnan við er vaxin mosa, lyngi og grasi. Neðst í brekkunni er svolítill stallur, eins og stungið hafi verið út úr brekkunni. Neðar er deiglendi að á, vaxið sefgresi. Vestan við gerðið er deiglendi og þar eru stallar fram frá brekkurótum á 2-3 stöðum og má vera að þeir séu manngerðir. Gerðið er 11 x 17 m stórt og snýr norður-suður. Það er einfalt og vel greinilegt, mest tæpur 1 m á hæð. Engin ytri brún er á suðurvegg sem er alveg grafinn inn í brekkuna sunnan við og hefur hann einfaldlega verið gerður með því að stinga upp jarðveg í brekkurótum og hlaða svo fyrir. Á þessum stað er dýpt gerðisins 0,9 m en annars staðar er veggir víða 0,3-0,4 m. Veggir eru grónir en þó sér víða í grjóthleðslur. Gerðið er einfalt.


Samkvæmt Sigríði Höskuldsdóttur var hrís gjarnan sett á veggina til að lömbin stykkju ekki uppúr réttinni. Það var ekki til mikið af trégrindum til, svo hrísklyfjar voru notaðar til að styrkja aðrekstur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Viðtal Huldu Guðmundsdóttur við Sigríði Höskuldsdóttur

Tvískipt tóft, opin til norðurs, er um 220 m VNV við bæ 001. Tóftin er mitt á milli tóftar 023 og fjárhúsa sem enn standa 042. Hún var hesthús en stundum voru líka geymd hænsni þar. Tóftin er í aflíðandi halla til norðurs. Hún er í grasi vöxnum móa. Ofan (norðan) við veg hækkar land talsvert. Á þessum stað var hesthús samkvæmt Sigríði Höskuldsdóttur. Það var byggt 1943 en svo var byggt við það seinna (líklega 1952) samkvæmt henni. Annað hólf hússins var notað sem hæsnakofa síðar, en þá voru samt oftast einn eða tveir hestar framan við.

Tóftin er 10 x 6 m stór og snýr nálega austur-vestur. Hún var tvískipt og eru hólfín hlið



Hesthúsatóft BO-144:037, horft til norðurs

við hlið. Austara hólfið, A, er 4 x 3 m að innanmáli og það vestara, B, 3,5 x 2,5 m. Bæði snúa hólfin norður-suður. Hólf A, er alveg opið til norðurs en op er vestast á norðurvegg hólf B. Veggir eru að mestu hlaðnir úr grjóti, fremur stóru, en þeir eru alveg grónir að utan. Inni í tóftinni er hár grasvöxtur. Þar er svolítið af bárujárn. Talsvert af grjóti hefur hrunið inn í tóftina úr veggjum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Viðtal Huldu Guðmundsdóttur við Sigríður Höskuldsdóttur

BO-144:038 þúst útihús

A: 388586 N: 443478

"Grónar og jarðorpnar tóftir voru til og frá um túnið er ég [Björn Bjarnarson 1856-1951] man fyrst; af þeim voru mestar: margar rústir austan bæjargilsins - gegnt bænum, [...] Þegar bæjarlækjarbakkatóftirnar voru jafnaðar, og grjótið rífið upp, fannst þar járngjallmoli á stærð við mannshöfuð, er sýndi, að þar hefði verið rauðablástur í fornöld. Er líklegt að Smiðjuhóll (rétt hjá) [008], og e.t.v. Járnhryggur [039] beri nöfn af því", segir í Endurminningum Björns Bjarnarsonar." Hann segir jafnframt að þessar tóftir og fleiri hafi verið sléttaðar um leið og túnið. Lýsingin á gjallinu á við þetta svæði en gæti allt eins átt við fornleif 035 en þústirnar tvær eru skammt frá hvor annarri og líklegt er að fleiri rústir hafi verið á svæðinu Sú þúst sem hér er skráð er um 20 m SSA við Smiðjuhól 008 og um 55 m ASA við bæ 001.

Þýft graslendi í brekku sem hallar 2-5° í NNA. Hefur trúlega verið sléttað. Þústin er ávöl, sporöskjulaga og vel grasgróin. Hún er um 15 x 10 m stór og snýr NNV-SSA. Engin dæld sést í miðju þústar en hún er 0,2-0,5 m á hæð. Stígur hefur trúlega verið milli þústarinnar og Smiðjuhóls 008.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Endurminningar Björns Bjarnarsonar handrit í vörslu Sigurðar Sigurðssonar



Þúst BO-144:038, horft til VNV


0,2-1 m á hæð og snýr NNV-SSA. Engin greinileg dæld er í miðju þústar og engar grjóthleðslur eru sjáanlegar en rústin gæti að hluta hafa verið grafin niður í Járnhrygg að SSA verðu. Svæðið virðist hafa verið sléttað.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Endurminningar Björns Bjarnarsonar handrit í vörslu Sigurðar Sigurðssonar

Í Endurminningum Björns Bjarnarsonar (1869-1941) segir: "Kofi nyrzt á Járnhrygg, (hrútakofi?)." Grasigróin þúst er um 30 m ASA við Smiðjuhól 008 norðan undir vesturenda Járnhryggjar og er það líklega leifar þess kofa sem Björn gat um. Samkvæmt Birni sléttaði faðir hans úr rústinni.

Járnhryggur er 2-4 m hár náttúrulegur vel grasigróinn hryggur eða holt sem liggur ANA-VSV í túni austan við Smiðjuhól 008 og Bæjargil. Brekka hallar 2-10° í NNV. Þústin er ferköntuð, aflöng og vel grasi- og mosagróin. Hún er um 10 X 8 m stór og



Kálgarður BO-144:040, horft til austurs

Einföld þúst eða dæld er í túni, um 100 m VNV við bæ 001. Þústin er um 60 m sunnan við kálgarð 020, í sömu brekku. Framan í brekkubrún grasi gróinnar brekku. Þar sem niðurgrofturinn/dældin er er brekkan lág en hækkar til norðurs og er orðin umtalsverð þar sem kálgarðurinn er enda áin þá beint fram af henni. Svæðið var nefnt Túnhausinn.

Mannvirkið er í raun mjög umfangslítið og hefur verið stungin út úr brekkubrúninni. Það er 3,5 x 2,5 m að stærð og snýr norður-suður. Dældin er einföld og alveg opin til vesturs. Í raun er ekki um eiginlega vegg að ræða heldur virðist einungis hafa verið stungið út úr dældinni og því engin ytri brún veggja greinileg. Samkvæmt Sigríði Höskuldsdóttur voru þarna

tvö til þrjú lítil kartöflubeð. Ekki hlaðið garðar hlaðnir utan um samkvæmt henni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Viðtal Huldu Guðmundsdóttur við Sigríði Höskuldsdóttur

BO-144:041 tóft útihús

A: 388408 N: 443510



Niðurgrafin tóft BO-144:041, horft til VNV

Lítill, niðurgrafin tóft er 2 m vestan við fjárhús 002 og um 100 m vestan við bæ 001. Umhverfis eru grösug tún í órækt sem hallar til norðurs, að Fitjaá.

Í raun er ekki um eiginlega tóft að ræða heldur niðurgröft eða gryfju og gæti hún verið e.k. hlaða. Dældin/gryfjan er 5 x 1,5 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er nú á kafi í grasi en auk þess er hún full af timbri, gaddavír og öðru drasli og því er erfitt að greina innri lögun. Ekki er að sjá neitt op á dældinni sem er á að giska 0,8 m á dýpt.


Hættumat: engin hætta

BO-144:042 Nýju húsin hús fjárhús

A: 388269 N: 443648



Nýju húsin BO-144:042, horft til austurs



Um 280 m VNV við bæ 001 standa enn fjárhús úr blönduðum efnivið. Þau eru fast neðan (norðan) við slóða sem liggur inn Skorradal. Á hæð. Norðan við húsin tekur við brött brekka niður að árbakka Fitjaár.


Húsin er um 16 x 16 m stór og skiptast í fjárhús norðar og hlöðu að baki. Þau eru úr torfi, grjóti, timbri og bárujárnri voru byggð um miðbik 20. aldar og eru því of ung til að teljast til fornleifa samkvæmt skilningi laganna. Húsið byggir hins vegar að hluta á gamalli byggingarhefð og er því talið með í fornleifaskrá. Byggingin er algjörlega niðurgrafin að sunnan en ekkert að norðan þar sem timburpil er. Á timburpilinu eru tvær dyr og 5 gluggar. Fjárhúsin eru 9 x 9 m að innanmáli og í þeim eru tveir garðar. Greinilegt er að þil hefur skipt því upp í miðju en það hefur verið rífið. Garðar eru að talsverðu leyti á kafi í foki og uppsöfnun en þó má sjá að þeir hafa verið hlaðnir úr grjóti í grunninn. Hlaða snýr austur-vestur. Hún er stúkuð

af með timburþili. Hlaðan er 8 x 4,5 m að innanmáli og er mjög djúp eða 2,5 m að dýpt. Hún er að mestu grjóthlaðin. Þessi hús voru samkvæmt Sigríði Höskuldsdóttur byggð rétt eftir 1950 og voru í notkun fram að búskaparlokum 1960-61. Eftir það notaði Björn bóndi í Háafelli húsinn fram til 1968. Sigríður málaði þau að utan, græn þök og hvíta vegg og stafna. Húsin voru talin taka um 100 fjár.

Hættumat: engin hætta

BO-144:043 þúst óþekkt

A: 388601 N: 443546



Þúst BO-144:043, horft til austurs

Óljós þúst eða veggjabrot eru austan við Bæjargil um 50 m NNA við Smiðjuhól 008 og um 80 m norðaustan við bæjarhól 001. Þýft graslendi í brekku sem hallar 2-5° í NNA.

Þústin er mjög óljós og aðeins eru greinileg tvö hleðslubrot í norður- og suðurhlið hugsanlegrar tóftar. Ummerkin ná yfir svæði sem er 8 X 6 m stórt og snýr austur-vestur. Þar sem veggir sjást eru þeir um 2 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Veggubrot í norðurvegg er um 6 m á lengd á meðan veggjarbrot í suðurvegg er aðeins um 2 m á lengd. Innanmál tóftar gæti hafa verið um 4x2 m. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar en ekki er ólíklegt að fleiri fornleifar leynist undir sverði á svæðinu. Hlutverk er óþekkt.

Hættumat: engin hætta

BO-144:044 garðlag óþekkt

A: 388580 N: 443537

Garðlagsbrot er um 40 m norðan við Smiðjuhól 008 og 2-5 m austan við Bæjargil. Þýft graslendi í brekku sem hallar 2-5° í NNA.

Garðlagið er vel grasigróið, er um 10 m á lengd, um 1 m á breidd, 0,3-0,5 m á hæð og snýr norðaustur-suðvestur. Garðlagið kemur í ljós um 2 m austan við bæjarlæk í Bæjargili en hverfur um 10 m norðaustar í þúfur og sinu. Hugsanlega er hér um að ræða áframhaldandi leifar túngarðs 024.

Hættumat: engin hætta



Garðlag BO-144:044, horft til norðausturs

BO-144:045 heimild um landamerki

"Milli Vatnshorns og Grafardals: Úr Rauðufliðum í ánni í dalbotninum beint í þúfuna [055] á Sjónarhól, þaðan beint í vörðuna [056] á Há-Eystri-Hrosshæð sunnantil, og þaðan beint í vörðu þá á Vestri-Ytri-Hrosshæð, sem er hornamark milli jarðanna Grafardals, Dragháls, Svanga og Vatnshorns," segir í landamerkjaskrá frá 1886. Upplýsingum úr landamerkjaskránni var bætt inn í svæðisskráninguna eftir að vettvangsvinnu lauk 2016 og var vörðunnar á Vestri-Hrosshæð á merkjum milli Grafardals, Vatnshorns, Haga (Svanga) og Dragháls ekki leitað. Vestri-Hrosshæð er um 300 m vestan við Ingutjarnir 028 og 2,2 km suðvestan við Skorrhól/-a 015.

Heimildir: Landamerkjabók I, nr. 49

BO-144:046 *Nátthagi* garðlag nátthagi

A: 388768 N: 443522



Horft yfir Nátthaga BO-144:046, til norðurs um Mjóanes

"Þegar komið er austur fyrir Bæjarlækinn er þar lítill hóll sem nær frá læk og austur að Nátthaga, ..." segir í örnefnaskrá. Á öðrum stað segir: "Ofan við túnið er Nátthagi, austan við Bæjargil og nær að túngarðinum og vestanvert við hann er Járnhryggur í túninu. Þar voru kvíaær bældar að kvöldi. Utan um hagann voru grafnir skurðir og hlaðnir veggir/snidda

með torfinu upp úr þeim. Líklega gert eða stjórnað af Birni Bjarnarsyni (1956-1951), sem lauk búfræðinámi í Stend í Noregi 1880." Samkvæmt Sigríði Höskuldsdóttur voru gerðir skurðir/hlaðnir veggir til að afmarka nátthagann og sjást þeir enn í suðurenda Mjóaness um 230 m austan við bæ 001 fast norðvestan við túngarð 024.

Garðlögin eru í þýfðri og grasigróinni deigri mýri. Garðlögin/skurðirnir sjást enn á um 130 x 70 m stóru svæði VNV-ASA. Garðlögin eru torfhlaðin, um 2 m á breidd, 0,5-1 m á hæð og samtals um 200 m á lengd. Þau eru nokkuð rofin vegna ágangs búpenings. Meðfram lengsta garðlaginu að NNA-verðu er um 1 m breiður og 0,2-0,5 m djúpur skurður A. Lengsta garðlagið liggur VNV-ASA og tengist það túngarði 024 í austri um 25 m suðvestan við Fitjaá. Garðlagið liggur í VNV frá túngarði 024 um 130 m þar sem það stoppar við skurð B sem nær gróflega norður-suður um 60 m frá Fitjá að þjóðvegi sem liggur nú neðan við bæinn 001. Skurður B er um 1 m breiður og 0,2-1 m djúpur. Skurðirnir tveir tengjast um 10 m SSV við Fitjá. Um 80 m VNV við ASA enda lengsta garðlags er um 15 m breitt skarð. Frá VNV-enda garðlagsins halda minni garðlög áfram meðfram ASA-bakka skurðar B um 7 m í NNA að Fitjá og um 20 m í SSV þar sem það endar í mýrinni. Annar angi liggur út úr aðal garðlaginu um 40 m VNV við túngarð 024 í NNA. Þar beygir það í ASA og heldur áfram um 20 m áður en það hverfur í deiga mýri á vesturbakka Fitjaár í SSA-verðu Mjóanesi.

Hættumat: engin hætta

BO-144:047 heimild um kálgarð

Í viðtali Huldu Guðmundsdóttur við Sigríði Höskuldsdóttur segir Sigríður: "Þegar grafið var fyrir haughúsinu þá var moldin úr hlöðuhólnum keyrð norður fyrir fjóshaug sem var úti fyrir

við heimendann á Gunnuvellinum. Það hét Pétursgarður eftir Pétri Beinteinssyni frá Grafardal því hann jafnaði út og stakk upp þannig að hægt væri að nota hann. Hann bætti upp þann missi sem íbúðarhúsbyggingin olli." Sigríður segir að garðurinn hafi verið notaður alveg til síðustu búskaparáranna. Engin ummerki sjást um upphlaðinn garð um kálgerðið.

Á þessu svæði eru grösug tún í órækt sem hallar til norðurs, að Fitjaá.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Viðtal Huldu Guðmundsdóttur við Sigríði Höskuldsdóttur

BO-144:048 heimild um mógrafir A: 388526 N: 443523

Mógrafir voru samkvæmt Sigríði Höskuldsdóttur í laut milli Árhóls og Fagrahóls. Höskuldur Einarsson, faðir Sigríðar, lét herfa og slétta svæðið og þá hurfu dokkirnar þar sem höfðu verið grafir. Mótekja hafði verið léleg í Vatnshorni samkvæmt Sigríði. Enn sést greinileg og áberandi dokk í túnið á þeim stað sem grafirnar voru en svæðið er þó algróið.

Dokk í grasi gróið túnið, neðar tekur við bratti að árbakkanum. Mógrafirnar hafa nú verið sléttaðar og fylltar þó enn megi greina hvar þær voru.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Viðtal Huldu Guðmundsdóttur við Sigríði Höskuldsdóttur

BO-144:049 *Ferðamannavað* heimild um vað A: 388836 N: 443539

"Ferðamannavað beint norður undan túngarðinum, aðeins austar. Þarna var brot í ánni, en hún hefur breytt sér." segir Sigríður Höskuldsdóttir. Vaðið var fast undan austuhlið túngarðsins en ekki sjást þess merki lengur.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Viðtal Huldu Guðmundsdóttur við Sigríði Höskuldsdóttur

BO-144:050 *Lækjarkofinn* heimild um útihús

"Lækjarkofinn skammt upp frá bænum [001]", segir í Endurminningum Björns Bjarnarsonar þar sem hann lýsir útihúsum í túninu vestan við Bæjarlæk. Samkvæmt Birni notaði faðir hans húsið fyrir yngri sauði í nokkur ár og tók það um 20 skepnur en lagði það svo niður. Ekki er lengur vitað hvar Lækjarkofinn var en þó ljóst að hann hefur verið stutt SSV við bæjarþyrpinguna, við bæjarlækinn en neðan við Kastala. Ekki sjást lengur ummerki um húsið en samkvæmt Birni sléttaði faðir hans úr rústunum, þá líklega á síðari hluta 19. aldar.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Endurminningar Björns Bjarnarsonar handrit í vörslu Sigurðar Sigurðssonar

BO-144:051 *Kastalakofi* heimild um fjárhús

"Kastalakofi ofan við flötina," segir í Endurminningum Björns Bjarnarsonar [1856-1951] þar sem hann lýsir útihúsum í túninu vestan við Bæjarlæk. Samkvæmt Birni gerði faðir hans 50 sauða garðahús með heytóft við úr þeim kofa sem þarna stóð áður en þegar hætt var að hafa sauði var húsið gert að hesthúsi. Ekki er lengur vitað hvar Kastalakofinn var en þó ljóst að hann hefur verið stutt SSV við bæjarþyrpinguna, við bæjarlækinn en neðan við Kastala. Ekki sjást lengur ummerki um húsið.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Endurminningar Björns Bjarnarsonar handrit í vörslu Sigurðar Sigurðssonar

BO-144:052 *Stöðulgil* heimild um kvíar A: 388320 N: 443643

"Og næsta gil utan við túnið heitir Stöðulgil," segir í örnefnaskrá. Stöðulgil liggur niður (til norðurs) utan (vestan) við túnin og er vesturhlið túngarðsins í raun á austurbarmi hans. Það er 180 m vestan við bæ 001. Stöðullinn er frá því kvíær voru mjólkaðar á stöðli.

Gilið er utan við vesturmörk heimatúnsins, gróið en grjót í botni þess. Lækur rennur

eftir því í Skorradalsvatn. Gilið er víða fremur þröngt en sveigja er á því neðarlega þar sem er dálítill laut og kemur sá staður til greina sem stöðull. Ekki er ljóst nákvæmlega hvar kvíaærnar voru mjólkaðar og ekki fundust greinileg ummerki eða mannvirki sem gætu bent á staðinn.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Vatnshorn, 2

BO-144:053 *Laug* heimild um A: 387860 N: 443985

"Upp af Gunnunesi, beint suður af Árósum, er hóll, melhóll sem heitir Laugarhóll og norðan í honum er Laug, 20 stiga heit," segir í örnefnaskrá. Laugarhóll er 60 m norðan við vörðu 021 á Gvendarhóli og 840 m norðvestan við bæ 001.

Hóllinn er melhóll ofan við malarveg sem liggur meðfram Skorradalsvatni. Hann er að miklu leyti gróinn neðst. Engin ummerki sjást um manngerða laug eða heita uppsprettu á eða við hólinn og engar heimildir um að vatnið hafi verið nýtt til baða eða þvotta.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Vatnshorn, 2

BO-144:054 *Lambalind* heimild um vatnsból A: 388585 N: 443449

"Trúlegt að hann [Björn Eyvindsson (1825-1899)] hafi verið hvatamaður þess að Lambalindin, upp frá miðju austurstúninu, fyrir vestan Lambhúshólinn [006] var virkjuð með járnþípuleiðslu inn í bæ árið 1913," segir í viðtali Huldu Guðmundsdóttur við Sigríði Höskuldsdóttur. Í Austurtúninu sjást ekki ummerki um leiðslu úr Lambalindinni en hún var að líkindum á milli Lambhúshóls 006 og Langakofa 035. Sléttað tún í aflíðandi halla til norðurs.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Viðtal Huldu Guðmundsdóttur við Sigríði Höskuldsdóttur

BO-144:055 heimild um landamerki

"Milli Vatnshorns og Grafardals:

Úr Rauðflúðum í ánni í dalbotninum beint í þúfuna á Sjónarhól, þaðan beint í vörðuna [056] á Há-Eystri-Hrosshæð sunnantil, og þaðan beint í vörðu [057] þá á Vestri-Ytri-Hrosshæð, sem er hornamark milli jarðanna Grafardals, Dragháls, Svanga og Vatnshorns," segir í landamerkjaskrá frá 1886. Upplýsingum úr landamerkjaskránni var bætt inn í svæðisskráninguna eftir að vettvangsvinnu lauk 2016 og var þúfunnar á Sjónarhól á merkjum milli Grafardals og Vatnshorns ekki leitað. Gert er ráð fyrir að þúfan sé manngerð en hún kann að vera náttúrumyndun. Sjónarhóll er 1,1 km suðvestan við vörður 014 á Arnarborg og 900 m norðvestan við Veghrygg/Selflóahrygg, sjá 141:009

Heimildir: Landamerkjabók I, nr. 49

BO-144:056 heimild um landamerki

"Milli Vatnshorns og Grafardals:

Úr Rauðflúðum í ánni í dalbotninum beint í þúfuna [055] á Sjónarhól, þaðan beint í vörðuna á Há-Eystri-Hrosshæð sunnantil, og þaðan beint í vörðu [057] þá á Vestri-Ytri-Hrosshæð, sem er hornamark milli jarðanna Grafardals, Dragháls, Svanga og Vatnshorns," segir í landamerkjaskrá frá 1886. Upplýsingum úr landamerkjaskránni var bætt inn í svæðisskráninguna eftir að vettvangsvinnu lauk 2016 og var vörðunnar á Eystri-Hrosshæð á merkjum milli Grafardals og Vatnshorns ekki leitað. Eystri-Hrosshæð er 1,7 km vestan við vörður 014 á Arnarborg og 1,7 km sunnan við Beitarhúsátættur 013.

Heimildir: Landamerkjabók I, nr. 49

BO-146 Svangi/Hagi



Minjar í heimatúni Svanga/Haga BO-146. Mörk túna eins og þau voru samkvæmt túnakorti frá árinu 1918 eru sýnd með svartri línu.

10 hdr. 1707. Ýmsar kirkjur áttu hér ítök til skógarhöggs og beitar eða uppreksturs. "Fyrst finnst Svanga getið 1220 því þá á Garðakirkja þar afrétt öllum nautum,..." segir í örnefnaskrá. Leirárkirkja átti hálfu Svangajörð en þar mun ekki hafa verið byggð fyrir en um miðja 17. öld að því er talið var um 1700. Í skjali frá 1482 kemur fram að Leirárkirkja átti Svangakot í Skorradal. DI X, 33. Svangi/Svangakot er í eyði og er ekki getið á meðal jarða sem eru í Fitjasókn í handriti frá 1599. JS 143 4to, 218-220. Má ætla að Svangakot hafi verið á sama stað og Ytri-Svangi (sjá 001) byggðist upp á 17. öld. Þá var tvíbýli á jörðinni því þá byggðist einnig Eystri Svangi (sjá 005) og var hvort býli 5 hdr að dýrleika. Frá 1922 heitir jörðin Hagi.

1918: 17.469 m² = 5 1/2 dagsl. 3/4 þýft. Garðar 389 m². "undirlendi er hér mjög lítið og brattlent mjög fyrir framan bæinn. Út og upp frá bænum er hlíðin að mestu vaxin vallendis- og móagróðri, með mýrarteygingum á stöku stað. Töluverður skógur er í landi Haga vestanverðu. Er þar



Horft yfir vesturhluta heimatúns Svanga/Haga, til norðausturs

örnefnið Lurkabrekkur. Hinsvegar er skógur mjög lítill austan við bæinn." BB II, 228. Skógurinn austan við bæinn hefur orðið meiri að vöxtum á undanförunum áratugum. Í Samantekt Huldu Guðmundsdóttur vegna Húsakönnunar í Fitjasókn segir: "Að austan er land Vatnshorns; að sunnan Grafardalur. Stóra-Drageyri er að vestan (og Skorradals-vatn að norðan). 75 ha af landi Haga eru áformuð frístundabyggð."



Bátur Þórðar Runólfssonar, síðasta bóndans í Haga sem bjó þar til hundrað ára aldurs eða til 1996. Báturinn er enn að mestu óskemmdur og er austan við túnið í Haga. Áhugi er fyrir því meðal heimamanna að hann verði mældur og teiknaður upp og síðan endursmíðaður nákvæmlega. Myndina til hægri tók Þórhallur Teitsson 2011.

BO-146:001 Svangi/Ytri-Svangi bæjarhóll bústaður A: 383355 N: 447503
Bærinn í Svanga er merktur inn á túnakort frá 1918 og þá hafa verið kálgarðar byggðir við hann að norðvestan og að sunnan. "Í tíð Árna Oddssonar lögmanns [f. 1592, d. 1665] var farið að búa í Svanga, var þá tvíbyli - Eystri- [005] og Ytri-Svangi," segir í örnefnaskrá. Tún í Haga/Svanga eru nú mikið breytt. Gamli bærinn var 120 m SSA við það íbúðarhús sem byggt var árið 1927 og stendur enn á jörðinni. Bærinn fór í eyði árið 1996.

Á þessum slóðum eru tún í órækt sem hallar til norðurs. Ekki er hægt að tala um eiginlegan bæjarhól í túninu þar sem bærinn stóð en á því svæði eru gróska mun meiri en annars staðar. Ekki er hægt að greina eiginlegan bæjarhól.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1918

BO-146:002 þúst útihús A: 383298 N: 447573
Útihús er merkt inn á túnakort frá 1918 um 70 m suðvestan við yngsta íbúðarhúsið á Haga/Svanga og um 90 m norðvestan við eldra bæjarstæðið 001. Þar sem það stóð var byggt yngra hús sem enn stendur.

Vel gróinn, þýfður hóll er á þessum stað. Hóllinn er 0,2-1,5 m hár og nær til suðvesturs frá þeim fjárhúsum sem standa þarna nú (2010) og eru byggð úr timbri á grjóthlöðnum grunni. Í húsunum eru einnig grjóthlaðnar garða undirstöður. Húsin sem nú standa byggja eflaust á eldri grunni. Þau eru 21 x 12 m stór og snúa norðvestur-suðaustur. Norðvestar eru þrjú hólf, tvö fjárhús og mögulega hesthús norðvestast. Að baki (suðaustar) er hlaða og allra suðaustast er fimmta hólf sem kann að hafa verið hesthús. Í fjárhúsunum tveimur eru, eins og áður segir, garðar. Hóllinn er að mestu undir fjárhúsunum en teygir sig talsvert til suðvesturs og má vera að þar leynist líka eldri byggingar undir sverði. Samtals er uppsöfnun á svæði sem er 30 x 27 m stórt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1918

BO-146:003 heimild um útihús



Síðasta íbúðarhúsið í Haga/Svanga sem stendur nákvæmlega þar sem útihús BO-146:003 stóð áður samkvæmt túnakorti frá 1918

Það og aðrar leifar undir sverði að talsverðu leyti.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Túnakort 1918


A: 383337 N: 447631

Útihús er merkt inn á túnakort um 120 m NNV við bæ 001, á svipuðum stað og nýja íbúðarhúsið á jörðinni var byggt um 1927. Samkvæmt túnakortinu má ætla að íbúðarhúsið hafi verið byggt á sama stað og húsið en ekki er hægt að útiloka að útihúsið hafi staðið aðeins norðar, þar sem fjós 015 sést enn.

Íbúðarhús Haga er timburhús með risi og steinsteyptum kjallara sem stendur í grasi gróinni, aflíðandi brekku til norðurs, að Skorradalsvatni. Utan við fjósið sem skráð er undir 015 sjást ekki eldri leifar á svæðinu og hafi húsið staðið þar sem íbúðarhúsið var byggt er ljóst að bygging þess hefur skemmt

BO-146:004 Ytri Stekkur tóft stekkur

A: 382191 N: 447763



Ytri Stekkur BO-146:004, horft til vesturs

"Inn með hliðinni, þegar Lurkabrekkum sleppir, innantil, er gamall stekkur, nefndur Ytri-Stekkur," segir í örnefnaskrá. Stekkurinn er um 1,2 km VNV af bæ 001 og um 60 m ofan við veg, ofan við eyri milli Þófagils- og Skógargilseyra.

Stekkurinn er á þýfðri flöt, að mestu grasi- og mosavaxinni. Birkikjarr er í kringum flötina og hlið til norðurs. Stórgrýti er á stöku stað í hliðinni. Tóftin er um 12 m á lengd og 12 m á breidd, gerð úr torfi og grjóti. Birkikjarr er alveg upp við suðausturhlið tóftarinnar. Í henni er eitt heilt hól (I), um 2 m á hverja hlið að innanverðu. Veggir hóls I eru um 2 m breiðir,

hæstir um 1,2 m að utanverðu en 50-70 cm að innanverðu. Enginn inngangur er greinanlegur á hólfinu. Hólfið er grasi- og mosavaxið, örllítið grænna en gras umhverfis, en rétt glittir í grjót í suðurhorni. Frá suðurhorni hólsins liggur lægri veggur um 3 m áfram til suðausturs, 20-30 cm hár og um 1 m breiður. Veggurinn er mosavaxnari en veggir hóls I. Við enda hans liggur annar veggur (II) u.þ.b. hornrétt til suðvesturs sambærilegur að gerð en aðeins óskýrari. Veggurinn er um 5 m langur en líklega er rofið af enda hans, en um 1-1,5 m hátt hálfgróið rofabarð er vestan við tóftina. Til ANA, frá sama punkti og veggur II, gengur annar veggur, grjóthlaðinn. Veggurinn er um 5 m langur og sjást hleðslur vel á miðkafla hans en annars er veggurinn vaxinn mosa, lyngi og fjalldrapa. Endi veggjarins er óskýr og er ekki ljóst hvort hann beygi til norðausturs eða hvort að um náttúrulegt þýfi og grjót sé að ræða.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Hagi, 1

BO-146:005 *Eystri-Svangi* tóftir býli

A: 383961 N: 447249




Bæjartóft Eystri- Svanga BO-146:005A, horft til suðvesturs

"Nokkuð austan við Voteyrargil er annað gil, sem heitir Litlagil og á vesturbarmi þess er Gamlistekkur. Þar hefur bærinn í Eystri Svanga verið og Litlagil [013] verið bæjarlækurinn þaðan," segir í örnefnaskrá og á öðrum stað í sömu skrá segir: "Í tíð Árna Oddssonar lögmanns [f. 1592, d. 1665] var farið að búa í Svanga, var þá tvíbýli - Eystri- og Ytri-Svangi [001]." Minjar um býlið Eystri-Svanga eru um 650 m suðaustan við Ytri-Svanga 001.


Túnið er lítið og þröngt í halla til norðausturs. Norðvestan við túnið er mói en suðaustan við það er grasi gróin tunga, líklega einnig hluti af túninu. Enn lengra til suðausturs, austan við lítinn læk er allstórt sléttað svæði, véltækt tún, og nær það langleiðina að Stekkjargili. Þar sjást engar minjar. Gamla túnið er mjög þýft - einhver grænka er í því í kringum bæjartóftina en í meintu túni austan við Litlagil er sina og mosi og kjarrgróður farinn að vaxa þar. Mikið stórþýfi er í gamla túninu og eins á grasblettum vestan við það þar sem fleiri mannvirki gætu leynst þó að engin hafi fundist við leit.

Tvær tóftir og ein þúst sjást á svæði sem er um 65x40 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Minjarnar fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Bæjartóftin A er norðaustast á svæðinu. Hún er um 19x16 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Neðst í tóftinni, norðaustast, eru tvö hólfi (I-II) sem eru allgreinileg og kunna að vera hluti af Gamlastekk. Hólf I er í austurhorni tóftarinnar. Það er 3x1 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Óljóst op er á því til norðvesturs inn í hólfi II. Það er 2x1,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-



Þúst BO-146:005B, horft til norðausturs

suðaustur. Op er svo út úr hólfi II í norðurhorni. Óljóst hólfi III er sunnan við hólfi I. Það er um 2x2 m að innanmáli. Ekki sést skýrt op á því. Norðvestan við það er hólfi IV sem stendur lægra. Það er 4x3 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Norðvestan við það er hólfi V. Ekki er veggur á milli hólfa IV og V, aðeins lágur kantur. Hólfi V er um 3x3 m að innanmáli. Ekki er augljóst op á því en kann að vera í norðurhorni. Suðvestan við hólfi V er hólfi VI sem er 4x2 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Norðvestan við það er hólfi VII sem er samsíða og svipað stórt en ekki eins samansigið. Op virðist vera á því í norðurhorni. Ógreinilegur veggur er á milli hólfa VI og VII. Að lokum er óljóst hólfi VIII efst/suðvestast í tóftinni þar sem er flati



Útihústóft BO-146:005C, horft til suðausturs

en annars er öll tóftin í halla til norðausturs. Það er 3x2 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki sést skýrt op á því. Hólfi V, VI og VII eru alldjúp. Tóftin öll er mjög gengin í þúfur og er hún torf- og grjóthlaðin. Hvergi sést í grjóthleðslur en finnst fyrir því á stöku stað. Mesta hæð veggja utanmáls er 0,5-0,6 m. Lítil hólmyndun er undir tóftinni en þó allt að 0,5 m til norðausturs og suðausturs. Möguleg hætta er á því að lækur í Litlagili brjóti af tóft/bæjarhól en þar er ekki virkt rof. Þúst B er um 50 m sunnan við tóft A, efst í túninu austan við Litlagil. Hún er útflött og er minna þýfi í henni en í kringum hana og meiri grænka. Þústin er 4x6 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er 0,2 m á hæð og er í halla til norðausturs. Tóft C er 50 m suðvestan við tóft A og er 30 m suðvestan við þúst B. Hún er uppi á hól efst í þeim hluta

túnsins þar sem bærinn er. Þar mjókkar það í totu vestan við Litlagil. Tóftin er einföld, 7x5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er mosavaxin og virðist nokkuð gömul. Mesta hæð veggja er 0,4 m í suðausturenda. Mögulega er op í þeim enda en það er ekki skýrt. Stórþýft er suðvestan við tóftina. Þar kunna að vera mannvirkjaleifar sem tengjast tóftinni. Ekki sést í grjót í veggjum en líklegt er að í veggjum sé bæði torf og grjót. Ætla má að tóft C og þúst B séu leifar af útihúsum.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Hagi, 1-2

BO-146:006 *Vermundarkelda* þjóðsaga A: 383680 N: 447480

"Efst á Voteyrinni er kelda sem Vermundarkelda heitir. Um hana er til þjóðsaga að Vermundur bóndi í Svanga fyrirför sér í feni þessu þegar sending frá Oddi bónda á Draghálsi ærði hann. Í þessa keldu hefur farið fé þar til nú síðastliðinn vetur [líklega milli 1960-70] að kom mikil skriða er fyllti dýið þar sem það var verst, en um leið myndaðist annað austar," segir í örnefnalýsingu. Ætla má að Vermundarkelda sé um 330 m austan við bæ 001 í vestanverðri eyri, ofarlega í brekku neðan við holtamóa.

Svæðið er votlent, vaxið mosa, grasi og víði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hagi, 2

BO-146:007 *Brúarsund* heimild brú A: 382456 N: 447020

"[A]ustan við [Lurkabrekkumel] tekur við smámýrarsund, sem heitir Brúarsund. Þar hefur endur fyrir löngu verið gerð brú," segir í örnefnalýsingu. Brúin er norðarlega í sundinu þar sem leiðir 651:020 og 651:021 lágu yfir það. Sundið er um 170 m sunnan við vörður 011 og 890 m suðvestan við bæ 001. Blautt og gróið mýrarsund.

Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar segir: "Yfir Brúarsund var ekki brú í þeim skilningi að um brú væri að ræða, heldur var steinum raðað í forina svo fært var þar yfir." Engin ummerki sjást lengur um brúna í sundinu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hagi, 3; Ö-Hagi aths. og svör við sp., 2

BO-146:008 *Lón* stífla A: 383105 N: 447386

"Við brún upp af bænum hefur myndast örnefni þegar byggð var vatnsaflsstöð til heimilsnota og kallað Lón. Þar er smá uppistaða byggð úr steinsteypu, grjóti og torfi," segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Uppistaðan eða stíflan er ofarlega í hlíðinni, um 275 m suðvestur af bæ 001. Ekki er vitað hvenær vatnsaflsstöðin var reist og telst hún að öllum líkindum ekki til fornleifa. Rafstöðvarinnar er getið í grein Sveinbjarnar Beinteinssonar um Skorradal í Þjóðviljanum 2. október 1956 og því a.m.k. hægt að segja að hún sé frá því um miðja síðustu öld. Hún var tekin með í skráningu þar sem minjar um gamlar rafstöðvar eru sjaldséðar og eru þær jafnfram mikilvægur hluti af menningarsögu landsins.

Grýtt holt og mosagróður er ofan við hlíðina sem stíflan er í en grasi vaxnara er eftir því sem neðar dregur í hlíðinni. Slíflan er U-laga, um 10 m á lengd



Stífla BO-146:008, horft til austurs

og 5 m á breidd. Langhlið liggur norðvestur-suðaustur. Norðvesturhlið er steyp, töluvert mosavaxin, og er veggurinn um 25 cm breiður og 80 cm hár en fallinn á hliðina. Norðaustur- og suðausturhliðar eru úr torfi og grjóti, um 2-3 m að breidd og er að mestu gróið yfir grjóthleðslur. Hliðarnar falla saman við hliðina að utanverðu en eru að innanverðu 1-1,5 m á hæð. Í norður- og austurhornum eru leifar timburs og eftir norðausturhlið standa þrjár járnstaurar, afar ryðgaðir. Bárújárnsbrak er ofan í norðvesturenda lónsins. Bárújárns- og timburbrak er einnig á dreif bæði ofar og neðar í hliðinni. Niður í suðurhorn lónsins rennur lækur. Annar lækur rennur litlu neðan við lónið og rennur affall úr lóninu í hann, en ekki er þó greinilegur lækur úr lóninu. Um 12 m neðan við stífluna er grasi gróinn torfgarður, um 1 m breiður og 30-40 cm hár efst en lækur eftir því sem neðar dregur. Garðurinn liggur um 15 m NNA niður hliðina og hverfur þar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hagi aths. og svör við sp., 1; Sveinbjörn Beinteinsson sótt af: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=2775495

BO-146:009 heimild um leið

A: 383359 N: 447494

Inn á túnakort frá 1918 er sýnd gata sem legið hefur frá bænum í norðvestri meðfram bæði norðvestur og suðvesturhlið bæjar og svo til austurs túnið.

Á þessum slóðum eru tún í órækt sem hallar til norðurs. Ekki er hægt að tala um eiginlegan bæjarhól í túninu þar sem bærinn stóð en á því svæði eru gróska mun meiri en annars staðar. Engin ummerki sjást um götuna lengur en þar sem hún lá eru nú sléttuð tún í órækt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1918

BO-146:010 Óskarsvarða varða óþekkt

A: 382895 N: 447397



Vörður BO-146:010A og B, horft til vesturs

"Upp á brún hér upp af eyrinni og skóginum á hæð eru tvær vörður, sú neðri [024] er nafnlaus, en sú efri heitir Óskarsvarða, heitin eftir þeim sem hlóð hana en það var Óskar, sonur Þórðar," segir í örnefnaskrá. Þar sem Óskarsvarða er eru reyndar tvær vörður þétt saman og þriðja varðan eða vörðubrotið litlu vestar. Allar eru þær skráðar saman undir einu númeri. Vörðurnar eru um 470 m vestan við bæ 001 og 250 m sunnan við vörður 012. Þær eru á klettabrún í hliðinni, við leið 651:020 sem lá yfir í Svínadal. Óskar Þórðarson sem hlóð vörðuna var fæddur 1920 og nær varðan því ekki að teljast

fornleif. Að sögn Óskars var varðan hlaðin til gamans þegar hann var 12-15 ára gamall. Ekki er hins vegar útilokað að hún hafi verið hlaðin upp úr rústum eldri vörðu sem var við leiðina.

Mikið af eggjagrjóti og grjóthellum eru í brúninni (eða ásnum) og er hann mosavaxinn að nokkru leyti. Frá honum sést allvitt um sveitina. Vörðurnar eru á svæði sem er um 40 m á lengd og 1 m á breidd og snýr austur-vestur. Varða B er vestast. Hún er lítil um sig og virðist fremur ung. Hún er hlaðin úr hellugrjóti og lítið skófum vaxin. Varðan er 0,5 m í þvermál og hæð. Í henni sjást 8-10 umför. Varða A er um 6 m austan við vörðu B. Hún virðist eldri ef marka má skófir á grjóti í henni en hún er þó ekki forn. Ætla má að það sé hin eiginlega Óskarsvarða.

Varðan er 1 m í þvermál, um 1 m á hæð og sjást 10-12 umför í henni. Í henni er hellugrjót í bland við stærra grjót. Varða C er ekki annað en grjóthrúga. Mögulega hefur hún stutt við girðingarstaur. Grjóthrúgan er 0,7 m í þvermál og 0,2 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hagi, 2

BO-146:011 varða óþekkt

A: 382429 N: 447188



Vörður BO-146:011A og B, horft til norðausturs

sem er um 10x2 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Í norðausturenda svæðisins er varða A. Mosagróður og lyng er í kringum hana og er hún nokkuð gróin neðst. Hún virðist eldri en hin varðan. Varða A er 1,1-1,2 m í þvermál að grunnfleti og 0,6 m á hæð. Hún er hrunin að mestu leyti og því ekki hægt að meta fjölda umfara. Varðan er nokkuð skófum vaxin, þó lítið á suðausturhlið. Varða B er í suðvesturenda svæðisins, 8 m suðvestan við vörðu A. Hún er lítið gróin í botninn og grjótið í henni er minna skófum vaxið en í vörðu A. Talsvert hefur hrunið úr vörðunni og er grjóthrúgan 1,5x1,1 m að stærð, snýr nálega austur-vestur. Hún er 0,5 m á hæð. Ekki er hægt að sjá fjölda umfara. Hlutverk varðanna er ekki þekkt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hagi, 3

BO-146:012 varða óþekkt

A: 382911 N: 447642



Vörður BO-146:012A og B, horft til ANA

"Upp af Lurkabrekkum er hár melur með vörðubroti á sem heitir Lurkabrekkumelur," segir í örnefnaskrá. Tvær vörður eru á melnum um 170 m norðan við Brúarsund 007 og um 970 m suðvestan við bæ 001. Hlutverk varðanna er ekki þekkt en líklegt er að þær hafi verið við leið 651:021 sem lá upp með austanverðu Þófagili og á sameinaðist leið 651:020 norðan við Brúarsund og lá svo áfram til suðurs í Svínadal.

Melurinn er hár og ílangur. Lítil gróður er á honum, annar en svolítill mosi. Vörðurnar eru á svæði

Tvær vörður eru á klettabrún í halla mót norðvestri. Hlíðin er öll í stöllum þegar komið er niður fyrir hana miðja og skiptast á klappir og mýrarsund. Vörðurnar eru um 450 m VNV við bæ 001 og 240 m norðan við Óskarsvörðu 010.

Holtagróður er á klöppinni sem vörðurnar eru á sem og suðaustan við þær. Fyrir neðan, til norðvesturs, er þýft og grösugt sund með mýrarlækjum. Raflína liggur eftir sundinu. Vörðurnar eru á svæði sem er um 26x1 m að stærð og snýr austur-vestur. Á milli varðanna

eru 24 m. Austari varðan B er 0,8 m í þvermál og 0,5 m á hæð. Í henni sjást 5 umför hleðslu. Hún er nokkuð gróin í botninn og grjótið í henni er skófum vaxið en efstu tvær raðirnar þó með litlum skófum. Vestari varðan A er 1x0,8 m að grunnfleti, snýr austur-vestur. Hún er um 0,4 m á hæð. Smærra grjót er í henni en vörðu B og hún er ekki gróin í botninn enda á ógróinni klöpp. Grjótið er skófum vaxið neðst en minna efst. Smærra grjót er í þessari vörðu en í vörðu B. Hægt er að greina 5 umför í hleðslum en þær eru úr lagi gengnar að austanverðu. Hlutverk varðanna er óljóst en þær kunna að hafa varðað eina útgáfu af leið 651:020 þar sem hún lá upp frá bænum og upp fyrir Skógargil.

Hættumat: engin hætta

BO-146:013 Litlagil lind vatnsból

A: 383951 N: 447246



"Nokkuð austan við Voteyrargil er annað gil, sem heitir Litlagil og á vesturbarmi þess er Gamlastekkur [005]. Þar hefur bærin í Eystri Svanga verið og Litlagil verið bæjarlækurinn þaðan," segir í örnefnaskrá. Lækurinn rennur niður hlíðina, um 650 m suðaustur af bæ 001, rétt austan við Gamlastekk 005.

Litlagil er í grasi og lynggrónni hlíð, grýttara er ofar í hlíðinni en stórþýft neðar. Lítil brekka er niður að læknum frá Gamlastekk en smáflöt er við lækinn rétt suðvestan við býlið. Auðvelt aðgengi er að vatni af jafnsléttu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hagi, 2

Litlagil BO-146:013, vatnsból Eystri-Svanga BO-146:005, horft til norðausturs


BO-146:014 hús lambhús

A: 383254 N: 447504



Lambhús BO-146:014. Á myndinni til vinstri er horft til NNV en á þeirri hægri megin er horft til suðurs

Lítið lambhús er um 150 m suðvestan við yngsta íbúðarhús byggt 1927-28 og um 100 m vestan við bæjarhól 001. Húsið stendur í vel grasgróinni og þýfðri brekkubrún sem hallar um 5° í NNA. Brekkan framan við húsin hallar 10-20° í NNA. Um 5 m norðan við tóftina eru þrír stórir steinar í hnapp og eru þeir 0,4-1 m á hæð.



Húsið er hlaðið úr torfi og grjóti með timburgrind og bárujárnsþaki. Torfi og netadrasli hefur verið hlaðið á þakið til að varna því að það fjúki. Hugsanlega hefur verið túða í miðju þaki. Sjö sperrur og þverbitar í rjáfri halda þakinu uppi og ennþá sjást timburleifar jata hanga niður úr þakinu. Engin einangrun er sjáanleg. Þakið situr á áfellum ofan á hleðslunum. Tóftin er grafin inn í brekkuna að hluta. Hún er einföld, snýr NNA-SSV, er 7-8 X

6 m stór og um 2 m á hæð frá jörðu upp í rjáfur. Þakið og veggirnir hafa þó trúlega sigið eitthvað í seinni tíð og hefur hún áður hugsanlega verið 2,5-3 m á hæð undir ásnum. Veggir hússins eru um 1,2 m á hæð og 1,5-2 m á breidd. Hleðslurnar eru teknar að síga nokkuð og mikið hefur hrunið úr vestur- og austurvegg norðanverðum. Innanmál hússins er um 5 X 2 m. Hlaðnar undirstöður fyrir jötur virðast ekki hafa verið til staðar. Engin hlaða er í húsinu svo aðeins er lítill gluggi á þaki vestan við ásinn að sunnan. Gengið er inn í húsið um timburþil að norðan en á þilinu eru einar dyr austan megin við ásinn. Ekki er ljóst hvort gluggi var yfir dyrunum en þar vantar allt timbur. Enginn gluggi er á þili vestan við ásinn. Húsið hefur trúlega tekið um 20-30 lömb.

Hættumat: engin hættu

BO-146:015 tóft fjós

A: 383346 N: 447641



Fjóstóftin BO-146:015 sést á hólnum við hlið íbúðarhússins á myndinni til vinstri (horft til SA).


Á hægri mynd er horft til austurs

Fjós var fast norðan við yngsta íbúðarhúsið í Svanga/Haga 003 og var aðeins sund á milli. Mögulegt er að fjósið byggi á rústum þess útihús sem áður stóð á þessum slóðum og er skráð undir 003 en ekki verður um það fullyrt og fjósið er því skráð sérstaklega undir þessu númeri.

Fjósið er um 3 m norðan við yngsta íbúðarhúsið í Svanga/Haga í grasi gróinni, aflíðandi brekku. Fjósið er úr torfi og grjóti. Það er 10 X 6 m stórt og snýr austur-vestur. Tóftin er einföld og ekki er hægt að greina vegg að vestan og kann að hafa verið timburþil þar. Aðrir veggir eru

greinilegir þó að suðurbrún norðurveggjar (innri brúnin) sé ógreinileg og lítið hærrí en botn tóftar af því er virðist. Norðurbrún (ytri brún) sama veggjar er hins vegar skýr og allt að 0,7 m hærrí en umhverfið. Botn tóftarinnar er um 1,2 m lægri en yfirborð hólans en hæð suðurveggjar mæld innanfrá er 1,4 m. Suðurveggur og hluti austurveggjar eru grjóthlaðnir en aðrir veggir eru á kafi í grasi og ekki sést í grjóthleðslur þar. Fjósið er á kafi í gróðri og veggir þess eru talsvert hrundir. Tóftin hallar á þverveginn, norður-suður en lítill halli er út úr því, til vesturs.

Hættumat: engin hætta



BO-146:016 tóft hlaða



Hlöðutóft BO-146:016, horft til norðausturs


þeir um 2-3 m á breidd, 0,5-1,5 m á hæð og eru 1-4 umför hleðslu greinanleg. Tóftin er vel grasgróin að utan. Gríðarleg björg eru í grunni veggjanna, sérstaklega að vestan. Innmál tóftar er um 8 X 4 m. Gengið var inn í hlöðuna í gegn um 1 m breiðan, grjóthlaðinn inngang í vesturhorni á suðurvegg. Trúlega hefur verið hlöðugat eða göt á þaki þar sem heyi var hent inn.

Hættumat: engin hætta

A: 383336 N: 447667

Tóft fjóshlöðu er um 160 m NNV við bæjarhól 001 og um 35 m norðan við yngsta íbúðarhús byggt 1927-28. Á þessu svæði er grasigróin og stórþýfð brekka sem hallar 5-10° í NNA. Fast norðaustan (neðan) við tóftina er syðri Skorradalsslóði.

Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti, um 13 X 8 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Þak hennar fauk af í heilu lagi í kring um árið 1991. Nú er tóftin full af hjólbörðum, þakjárnri og öðru drasli. Veggir tóftarinnar standa ennþá og eru



BO-146:017 hús skemma

A: 383310 N: 447674

Um 40 m VNV (utar og neðan) við yngsta íbúðarhúsið í Svangi/Haga 003 er tóft af kartöflugeymslu. Geymslan er um 5 m neðan (norðan) við heimreiðina að bænum og 2-3 m ofan (sunnan) við veginn inn Skorradal, á e.k. tungu á milli vega.




Í brekku sem hallar til norðurs að Skorradalsvatni. Fast vestan við geymsluna vaxa nokkrar birkihríslur. Kartöflugeymslan er að hluta grafinn inn í brekkuna. Á henni er e.k. loftgat/strompur og dyr voru á henni

Skemma BO-146:017, horft til norðvesturs


austanverðri. Kofinn stendur enn undir þaki en talsvert hefur greinilega hrunið saman af honum, svo mjög að ekki er hægt að opna dyrnar inn í hann. Í gegnum lítið gat á hurðinni má þó sjá leifar af uppistandandi timburgrind innandyra og mikið að bárujárnni úr þaki sem hrunið hefur inn í kofann. Hann hefur vafalaust verið notaður allt fram á síðustu áratugi 20. aldar. Sökum þess að húsið er byggt inn í brekkuna er það alveg niðurgrafið og erfitt að meta stærð þess og nákvæmt lag. Það er þó um 6 X 5-6 m að stærð.

Hættumat: engin hætta



BO-146:018 tóft

A: 383240 N: 447634



Tóft heimarafstöðvar BO-146:018, horft til vesturs


Tóft úr torfi, grjóti og steypu er um 100 m vestan við yngsta íbúðarhúsið í Svanga/Haga 003 en um 175 m norðvestan við gamla bæinn 001. Í grasi gróinni brekku sem hallar til norðurs. Leifarnar eru vestan við og yfir litla lækjarsprænu sem rennur niður hlíðina á þessum slóðum.

Á þessum stað var heimarafstöð. Tóftin er á kafi í grasi og því illgreinanleg. Hún snýr norður-suður og er um 5 X 4,5 m að stærð. Tóftin er opin til norðurs en aðrir veggir eru fremur stæðilegir þó þeir séu nú á kafi í gróðri. Austurveggur hússins hefur verið steypdur og er mögulegt að svo hafi verið með fleiri veggum þó ekki sé hægt að greina það nú sökum gróðurs. Ofan við tóftina er rás sem liggur frá læknum og að henni. Rásinni er veitt í gegnum tóftina og sameinast hún svo læknum aftur skammt neðan (norðan við tóftina). Þar, við enda tóftar, liggur bárujárnsprammi sem hvílir á timburramma og grjóti. Þessi prammi er 5-6 m langur og um 80 cm breiður þar sem hann rís hæst frá jörðu. Beint yfir læknum er hann um 30 cm hár. Ekki er ljóst hvaða hlutverki pramminn gegndi. Um 2 m vestan við tóft er dæld, mögulega þar sem torf í hleðslur var skorið. Dældin er um 4 X 2 m stór og snýr norður-suður.

Hættumat: engin hætta

BO-146:019 tóft útihús

A: 383424 N: 447633



Tóft BO-146:019, horft til norðurs

Einföld tóft er um 150 m NNA við bæjarhól 001, um 90 m austan við yngsta íbúðarhúsið í Svanga/Haga 003 og um 5 m SSV við syðri Skorradalsslóða.

Tóftin er norðaustan í grasigrónum, ávöllum hól sem er 2-3 m á hæð í brekku sem hallar um 5° í norðaustur. Tóftin er einföld, um 6 X 5 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir hennar eru signir og hlaupnir í þúfur, 0,2-0,5 m á hæð og 1-2 m á breidd. Engar grjóthleðslur eru greinanlegar. Innanmál tóftar er 2x2 m. Nákvæmt hlutverk hennar er óþekkt en hér er líklega um að ræða lítinn útihúskofa.

Hættumat: engin hætta

BO-146:020 gerði kálgarður



Á myndinni sést óljóst móta fyrir gerði BO-146:020, horft til suðvesturs

um 1 m á breidd og 0,2-1 m á hæð. Veggirnir eru vel grasgróinir og greinilegastir að suðaustan og suðvestan. Fast upp við smíðaskúrinn er garðlagið nokkuð lágt og óljóst og að norðaustanverðu er það svo til alveg horfið. Í norðvesturenda gerðis eru tvö stór tré, eitt lauftré og eitt barrtré. Gerðið gæti hafa verið umhverfis kálgarð en nákvæmt hlutverk er óþekkt.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

BO-146:021 þúst óþekkt



Þúst BO-146:021, horft til norðurs


Óljós þúst er tæpum 200 m vestan við bæjarhól 001 og um 230 m suðvestan við yngsta íbúðarhúsið í Svanga/Haga, fast ASA við litla lækjarsprænu sem rennur í NNA í Skorradalsvatn vestan við Smíðaskúrinn og gerði 020.

Á þessu svæði er grasgróin þýfð brekkubrún sem hallar um 5° í NNA. Brekkan NNA og neðan við þústina hallar um 10° í NNA. Lækjarsprænur og mýrlendi eru beggja megin við


A: 383286 N: 447661

Einfalt, lítið gerði er um 170 m norðaustan við bæjarhól 001, um 60 m VNV við yngsta íbúðarhús í Svanga/Haga 003 og um 5 m suðvestan við heimreiðina að íbúðarhúsinu fast suðaustan við lítinn bárujárnsklæddan smíðaskúr.

Á þessu svæði er þýft graslendi. Sunnan og suðvestan (ofan) við gerðið er stórgrýtt grasgróin brekka sem hallar um 10° í NNA. Gerðið er einfalt, um 10 m á lengd, um 9 m á breidd og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir gerðisins eru torfhlaðnir,



A: 383158 N: 447488




hana. Þústin er grasigróin og þýfð, um 8 X 5 m stór og snýr NNA-SSV. Hugsanlegur inngangur er í norðausturhorni hennar á austurvegg. Veggir eru óljósir og ekki mjög sannfærandi, 0,2-0,5 m á hæð og 0,5-2 m á breidd. Engar grjóthleðslur eru greinanlegar. Hlutverk þústarinnar er óþekkt og í raun ekki fulljóst að þústin sé eiginlegt mannvirki fremur en náttúrusmíði. Um 15 m ASA við þústina gætu hugsanlega hafa verið fleiri tóftir. Svæðið er mjög grasigróið og þýft en þar eru tvær djúpar holur í grasinu á brekkubrúninni sem hugsanlega gætu verið hluti af gömlum signum tóftum. Til að skera úr um það þyrftu frekari rannsóknir að fara fram.

Hættumat: engin hætta

BO-146:022 þúst óþekkt

A: 383248 N: 447470



Þúst BO-146:122, horft til norðurs

Óljós þúst er um 100 m VSV við bæjarhól 001 og um 185 m SSV við yngsta íbúðarhúsið í Svanga/Haga 003.

Á þessu svæði er grasi- og lyngigróinn mói á fyrsta hjalla SSV (ofan) við heimatún og girðingu. Brekkan hallar 2-5° í NNA. Þústin er um 6 X 4 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er á rima sem er um 10 X 2-4 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Þústin er grasi- og lyngigróin og mjög óljós. Veggir eru 1,5-2 m á breidd og <0,4 m á hæð. Innanmál er 1,5x1 m. Hugsanlegt er að inngangur hafi verið á norðvesturhlið. Stórt grjót er í miðri þúst. Ekki er fullvíst að um eiginlegt mannvirki að ræða.

Hættumat: engin hætta

BO-146:023 þúst óþekkt

A: 383280 N: 447636



Óljós þúst BO-146:023, mögulega mannvirki, horft til norðvesturs

Ógreinileg hæð, mögulega með mannvistarleifum undir sverði, er um 60 m vestan við yngsta íbúðarhúsið í Svanga/Haga 003 og 40 m austan við heimarafstöð 018. Staðurinn er um 150 m norðvestan við bæ 001 en 25 m ofar (sunnan) við smíðaskúrinn sem hangir enn uppi. Grasi vaxið svæði í halla til norðurs.

Á þessum stað er e.k. upphækkun eða stallur í landslaginu sem virðist helst til of reglulegur til að vera náttúrulegur. Talsvert af jarðföstu stórgrýti er á þessum slóðum og staðurinn er ekki sérstaklega hentugur fyrir

mannvirki. Stallurinn er 6 X 5 m stór og stendur um 0,5 m hærra en umhverfið. Ekki er ljóst hvers lags minjar kunna að leynast þarna.

Hættumat: engin hættu

BO-146:024 varða óþekkt

A: 382790 N: 447452



Varða BO-146:024, horft til VNV

forn en aldur og hlutverk hennar eru ekki þekkt. Varðan er tæpur 1 m í þvermál og 0,8 m á hæð. Í henni sjást 3-4 umföer en hleðslan er ekki vönduð. Lítið hefur hrunið úr vörðunni.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Hagi, 2

"Upp á brún hér upp af eyrinni [Skógargilseyri] og skóginum á hæð eru tvær vörður, sú neðri er nafnlaus, en sú efri heitir Óskarsvarða [010]," segir í örnefnaskrá. Neðri varðan sem nefnd er í örnefnaskrá er um 120 m norðvestan við Óskarsvörðu 010 og 225 m suðvestan við vörðu 012, en 560 m vestan við bæ 001.

Varðan er á klettabrún á stelli í brekku mót norðaustri í hlíðinni upp af bænum. Svæðið er grýtt en mosagróið. Varðan er hlaðin úr stóru holtagrjóti en smærra grjóti hefur verið bætt í hana á síðustu árum. Varðan er lítillega skófum vaxin og virðist ekki mjög

BO-651 Fl. á fleiri en einni jörð

BO-651:001 vegur leið

A: 393944 N: 441947



Alfaraleið BO-651:001. Á myndinni til vinstri sést hún í landi Fitja BO-140, horft til suðausturs. Á hægri myndinni sést hún í landi Efstabæjar BO-143, horft til norðvesturs

Alfaraleiðin um norðanverðan Skorradal lá niður með vatninu og er hún sýnd á Herforingjaráðskorti 36 NV frá 1911. Hún liggur af leið 007 vestan við Hálsa BO-133 og til suðausturs að Eiríkselfelli og áfram að Gilstreymi BO-186, efsta bæ í Lundarreykjadal. Í örnefnalýsingu Háafells segir: "Frá fornu hefir verið talað um þrjár götur út í gegnum skóginn, en skógurinn frá Blesagili út að næsta gili sem eitthvað markar, en það heitir Stekkjargil [139:007], skógurinn út að því heitir einu nafni Bót. Neðsta gatan sem lá um skóginn var nafnlaus en það var sú gata sem farin var með vatninu, alfaraleiðin." Gamla leiðin um dalinn að norðanverðu lá niður við vatnsborð þar sem greiðfærast var vegna skógar og bratta. Oft flæddi yfir hana um haust og vetur. Eftir að Andakílsvirkjun var gerð á árunum 1945-1947 og affall Skorradalsvatns í Andakílsá var stíflað, hefur vatnsborðið hækkað töluvert og fært gömlu leiðina í kaf þar sem hún lá næst vatninu. Hennar sér þó stað hér og hvar í Framdalnum þar sem fornleifaskráing fór fram árið 2016.

Meðfram vatninu eru víða allbrattar skógi vaxnar hlíðar en skóglaus svæði eru inn á milli. Austan við vatnið lá leiðin upp með Fitjaá, um mólendi þar sem kominn er talsverður skógur en austan við tún Efstabæjar er engin skógrækt.

Leiðin er í heild sinni um 31 km á lengd og liggur norðvestur-suðaustur. Meðfram vatninu er Skorradalsvegur (508) aðeins ofar í landinu en gamla leiðin en frá suðausturenda vatnsins liggur vegurinn á svipuðum slóðum og gamla leiðin allt að Hrísgili í landi Efstabæjar. Það sjást því í raun lítil ummerki um leiðina fyrr en kemur austur fyrir Hrísgil vegna hækkaðs vatnsborðs og vegagerðar. Í landi Fitja BO-140 sést slóði (B) á stuttum kafla á gömlu leiðinni frá Hvítalettseyri og upp á Skorradalsveg (508). Slóðinn er á lágum bakka niður við vatn, neðst í brattri brekku. Slóðinn er orðinn skógi vaxinn og illfær. Í honum vex einnig lúpína. Hann er 2-3 m á breidd og 230 m á lengd, liggur austur-vestur. Í Sarpi BO-142 sést ruddur vegur (C) á stuttum kafla á leiðinni á Skógareyri norðaustan við Skógarvað 142:010. Vegurinn liggur um lyngmóa ofan við lúpínubreiðu við árbakka. Hann sést á um 140 m löngum kafla og er 1,5-2 m breiður. Í Sarpi er Langavarða (D) sem var að öllum líkindum við leiðina. Um hana segir í örnefnalýsingu Sarps: "Réttin [142:006] sem fyrr var nefnd, var þar við ána. Þar upp af, ofan við götuna, var mjó og löng varða á klöpp, nefnd Langavarða." Varðan er um 825 m ASA af Sarpi 142:001 og sést vel af veginum. Klöppin sem varðan stendur á er mosa- og lyngvaxin og er í aflíðandi hlíð með lúpínubreiðu allt í kringum vörðuna. Skógur er einnig umhverfis svæðið, bæði náttúrulegt birki og plöntuð barrtré. Varðan er um 1,5 m há og um 1 m í þvermál. Í henni

eru um 12 umför og er grjót í vörðunni skófum vaxið. Um 20 m suðaustar er önnur varða, um 0,6 m há og 1 m í þvermál. Þriðja varðan er um 20 m suður af Lönguvörðu og er um 0,5 m há og um 0,5 m í þvermál. Báðar minni vörðurnar eru óvandaðri en sú stærsta og líklega yngri. Í landi Efstabæjar BO-143 sést leiðin vel á löngum kafla frá Hrísgili að Eiríksfelli. Þar liggur hún neðarlega í aflíðandi brekku. Lækjargil eru víða í brekkunni. Næst Hrísgilinu virðist vera ruddur vegur sem er 1-2 m á breidd. Leiðin var einnig skoðuð sunnan við Eiríksfell þar sem hún sést aðeins sem troðin gata.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Háafell, 2; Ö-Sarpur, 3

BO-651:002 *Neðrigötur* heimild um leið

A: 385920 N: 445709

Alfaraleið lá meðfram Skorradalsvatni sunnanverðu og var víðast farið niður við vatnið þar sem ekki var skógur. Leiðin er merkt inn á Herforingjaráðskort 36 NV og lá hún frá vesturenda vatnsins af leið 001 og meðfram öllu vatninu að Vatnshorni BO-144. Á kortinu endar leiðin við Vatnshorn en hefur haldið áfram að Bakkakoti og á leið 001 austan við vatnið á merkjum milli Fitja BO-140 og Sarps BO-142. Leiðinni er lýst þar sem hún lá um Vatnshornsland: "Allt út fyrir Efstabæjartungu lá reiðgatan neðan skógar fram með vatninu. Var þar víða stórgrýtt en annars staðar farið eftir lausum vatnsmalarhryggjum, sem ýst höfðu upp undan vetrum. Þegar kom vestur fyrir þessa tungu skiptust göturnar, og unnt var að fara Neðrigötur með fram vatninu eða Efrigötur [141:033]," segir í grein Sveins Skorra Höskuldssonar í Árbók Ferðafélagsins. Þar segir ennfremur: "Neðst og vestast í þessari tungu niðri við vatnið rís allmikill melhóll, vaxinn ákaflega þéttu og illfæru kjarri. Heitir hann Skorrhóll [144:015] og þótti stundum óhreint á götunni neðan við hólinn." Þar sem leiðin lá um land Svanga/Haga BO-146 var hún kölluð Vatnsgata eins og fram kemur í örnefnaskrá jarðarinnar. Austan við Stóru-Drageyri BO-147 liggur malarvegur eða vegarslóði á sama eða svipuðum stað og gamla leiðin en vestan við Stóru-Drageyri er akvegurinn víðast ofar í landinu en gamla leiðin. Niður við vatnið er grýtt fjara og nær birkiskógur víða alveg niður að henni. Í landi Indriðastaða BO-127 er sumarbústaðabyggð alveg niður að vatninu.

Leiðin var skoðuð á nokkrum stöðum, einkum í austanverðum dalnum, en engin skýr ummerki um hana fundust. Leiðin hefur horfið undir núverandi veg á löngum köflum. Vatnsborð í Skorradalsvatni hefur hækkað eftir að Andakílsvirkjun var gerð og stífla sett við affallið úr vatninu í Andakílsá og því hefur gamla leiðin víða farið undir vatn þar sem hún lá alveg við vatnsborðið.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Sveinn Skorri Höskuldsson, 179-180; Ö-Hagi, 2

BO-651:003 *Síldarmannagata* vegur leið

A: 387080 N: 440163

Kristian Kålund getur um Síldamannagötu árið 1877: "Fra gården Vatnshorn ligger ... Síldarmannagata over Botnsheide til Hvalfjorden (eller nøjere bestemt Botnsvåg); er man først kommen op på heden, frembryder sig som sædvanlig vide strækninger, I dette tilfælde mest moer (c: lyngflader) og mosestrækninger; fra den høje hede haves en udstrakt og ejendommelig udsigt til højlandet nord for Tingvoldsvejten med sine mange forskellige fjælde og jökler." Í Sýslu- og sóknalýsingum segir um alfaraleiðir um Lunds- og Fitjasóknir: "Því nærst liggur vegur yfir um miðjan Syðrareykjadal, ofan hálsinn hjá Lundi, suður yfir hálsinn hjá Snartastöðum [sjá Krosshólagötur 016], fram með norðanverðu Skoradalsvatni [sjá 001] og upp á Litlabotsheiði, milli Bakkakots og Vatnshorns. Hann kemur suður af heiðinni ofan í Hvalfjarðarbotn sem þar heitir Botnsvogur og kallast sá vegur yfir heiðina Síldarmannagata. Bæði Litlabotsheiði og hálsinn milli Skoradals og Syðrareykjadals hefur oft rutt verið



Endurhlaðin varða við Síldarmannagötu BO-651:003, horft til norðurs

Vegasund upp á milli Bakkakots og Vatnshorns (sjá 008) en í kringum 1850 færði Sigurður Helgason frá Jörfa (d. 1870), bóndi á Fitjum, leiðina til vesturs til að losna við umferð um Fitjaengjar á Stekkjarnesi og Bakkakotsnesi. Frá þessu segir í endurminningum Björns Bjarnarsonar [1856-1951] frá Vatnshorni. Síldarmannagata er fjölfarin og vinsæl leið hjá göngufólki og ferðamönnum og er hún mjög greinileg vegna þeirrar umferðar. Lítil hluti leiðarinnar var genginn þegar hún var skráð en ein varða var skráð við leiðina sem hefur verið endurhlaðin. Hún er 1 km norðan við Tvívörður 141:012. Um aldamótin 2000 var ákveðið af heimamönnum að endurvekja leiðina með því að endurhlaða vörður, hlaða nýjar og stíka leiðina. Síðari hluti þessa verks fór fram 2005. Árið 2010 var Síldarmannagata skráð undir númerinu 144:045 þar sem neðsta varðan er á leiðinni í landi Vatnshorns. Sú varða var hlaðin í fyrsta sinn árið 2005 og er ekki gömul í grunninn. Hún er því ekki fornleif og var tekin úr fornleifaskrá og leiðin færð undir fornleifar á fleiri en einni jörð.

Leiðin liggur yfir Botnsheiði um holt og yfir mýrar. Leiðin er orðin allbreiður troðningur af mikilli umferð. Frá Vatnshorni í Skorradal og yfir í Hvalfjörð eru um 12 km. Varðan sem skráð var er gömul og gróin og hefur verið hlaðin upp að hluta. Hún er um 1,5x1,2 m að grunnfleti og snýr austur-vestur. Hún er hæst syðst þar sem hún er endurhlaðin (0,7 m) en nyrst er hún gróin. Ekki er ljóst hvar leiðin lá upp á heiðina á milli Vatnshorns og Bakkakots áður en hún var færð til vesturs um 1850.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: KK, 310; SSMB, 272-273; Herföngingjaráðskort 36 NV; Endurminningar Björns Bjarnarsonar handrit í vörslu Sigurðar Sigurðssonar

BO-651:004 *Vegahryggur* varða leið

A: 390649 N: 442108



Varða BO-651:004A, horft til suðvesturs

Á korti sem er í mælikvarðanum 1:100 000 er sýnd leið upp á Botnsheiði vestan við Fálkagil sem sameinast Síldarmannagötu 003 yfir í Hvalfjörð en á Herföngingjaráðskorti af sama svæði er leiðin sýnd liggja upp vestan við Selgil. Gilið er rangnefnt á Herföngingjaráðskortinu. Leiðin lá eftir Vegahrygg eða Vegaási norðvestan við Fálkagil. Hrunin og

gróin varða er vestan við Fálkagil, neðan við gljúfur í því á mosavöxnum klettum og þrjár aðrar vörður voru skráðar við leiðina, þar á meðal Krístínarvarða/-vörður.



Vörður BO-651:004B, horft til norðvesturs og BO-651:004C, horft til vesturs

Leiðin liggur um gróðurlaus holt og mela og mýrar inn á milli þeirra. Ekki sáust greinilegar götur á leiðinni en henni var aðeins fylgt á stuttum kafla. Frá Fitjaá að Síldarmannagötum 003 er leiðin um 4,6 km og liggur norðaustur-suðvestur. Neðsta varðan sem er næst Fálkagili (A) er um 330 m norðaustan við mógrafir 140:042 sem eru austan við Fálkagil. Varðan er um 1,5x1 m að stærð með grjóthruni og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er um 0,3 m á hæð og í henni sjást 2-3 umför hleðslu. Næsta varða (B) er 2,6 km suðvestan við vörðu A og 225 m norðaustan við vörðu C. Hún hefur verið hlaðin upp nýlega. Varða B er um 1,1 m að grunnfleti og 1,1 m á hæð. Í henni eru 6 umför þar sem hún hefur verið endurhlaðin. Varða C er litlu ofan við línuveg um 370 m austan við meinta Krístínarvörðu (D). Hún er hlaðin á jarðfast bjarg og er skófum vaxin. Varðan er um 0,6 m í þvermál og 0,5 m á hæð. Eitthvað hefur hrunið úr henni en enn sjást fjögur umför. Varða D er líklega Krístínarvarða og er hún stór og stæðileg. Í örnefnalýsingu Fitja er talað um Krístínarvörðu beint suður frá Laugahól 140:025 en í örnefnalýsingu Bakkakots er talað um Krístínarvörður á sömu slóðum sem séu hrundar. Meint Krístínarvarða er í aflíðandi brekku mót norðri. Hún er 1,2-1,3 m í þvermál og 1,5 m á hæð. Í henni sjást 12-15 umför hleðslu. Hún hefur mögulega verið endurhlaðin.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: LMÍ Kort 36 1:100 000; Herforingjaráðskort 36 NA; Ö-Fitjar, 1; Ö-Bakkakot, 3

BO-651:008 *Efrisneið* heimild um leið

A: 390953 N: 442974

"Svokallaðar Sneiðar liggja utan og ofan við túnið. Þær eru tvær, Efrisneið og Neðrisneið, og Sneiðarklettur á milli [...]. Vegurinn til Lundarreykjadal liggur um Efrisneið," segir í örnefnalýsingu Sarps. Leiðin lá frá Sarpi að Iðunnarstöðum í Lundarreykjadal. Efrisneið er um 250 m norðan við Sátu 020 og 500 m norðan við bæ 001.

Sneiðin er stallur í allbrattri hlíð Skorradalsháls. Nyrst, næst brekkunni, er stallurinn gróinn og þýfður en holmói og klappir eru syðst, frammi á brún stallsins. Líklega var frekar farið eftir suðurbrún stallsins til að forðast bleytu úr uppsprettu og lækjum, a.m.k. þegar jörð var auð og þýð. Leiðin lá svo í beinu framhaldi yfir Sátugil og eftir melhryggjum ofar á hálsinn. Engin ummerki um götur sjást á leiðinni þar sem hún var skoðuð í Efrisneið og ekki sáust heldur vörður við leiðina á þeim kafla. Jónas Hannesson, heimildamaður, sagði að þessi leið hefði verið fjölfarin á hestum áður en vegasamband komst á og man hann eftir vörðum á leiðinni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Sarpur, 6

BO-651:009 *Englandsgata* gata leið

A: 392578 N: 443386



Englandsgata BO-651:009A, horft til suðurs

"Norðnorðaustur af Pyttahvolfi er melhryggur, sem heitir Vegás. Eftir honum er gatan yfir að Englandi [BO-187]," segir í örnefnaskrá Sarps. Vegás er vestan við merkin á mótí Efstabæ BO-143, 1,7 km norðaustan við bæ 001. Á honum sjást ummerki um leiðina frá Sarpi yfir að Englandi í Lundarreykjadal. Að sögn Jónasar Hannessonar, heimildamanns, var þetta greiðfær og fjölfarin leið en mikill samgangur var milli bæjanna í hans tíð. Taldi hann að það væri um klukkutíma gangur að fara þessa leið.

Vegás er smágrýttur og að mestu mosagróinn melhryggur. Stór björg eru á honum hér og hvar og blaut mýrarsund beggja vegna við hann. Á Vegási sést leiðin víðast sem ein mjó gata (kindagata). Hún er 0,2 m á breidd og



Vörður á Englandsgötu. Varða BO-651:009B til vinstri, horft til suðurs, og varða BO-651:009C til hægri, horft til vesturs

0,1 m á dýpt. Leiðinni var fylgt frá merkjum á mótí Iðunnarstöðum í Lundarreykjadal á ásnum á 360 m löngum kafla þar sem hún liggur norður-suður. Hún hverfur sunnan við ásin í gróður og mýrlendi. Sigin varða (B) er við leiðina á miðjum Vegási. Hún er mjög skófum vaxin og hlaðin utan í eða á litla klöpp sem er öll sprungin í hellur. Varðan er einmitt úr hellugrjóti og er um 1x1,3 m að stærð, snýr austur-vestur. Ekki er gott að sjá hvar hleðslum sleppir og klöppin tekur við. Varðan er 0,5 m á hæð og greinileg umför 4-5. Hleðslan hefur fallið inn og lítillaga hefur hrunið úr henni. Mögulega er önnur hrugin varða syðst á ásnum. Ekki er útilokað að hún sé náttúrumyndun, sprungið berg. Meint varða (C) er 180 m sunnan við vörðu B. Um er að ræða grjóthrógu sem er 1,5x1,2 m að stærð, snýr norður-suður. Hún er 0,2-0,3 m á hæð og mögulega eru 2-3 umför hleðslu í norðurenda.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Sarpur, 4



Vörðubrot BO-651:012, horft til austurs

ofarlega á henni eru skriður og grýtt. Ekki sjást eiginlegar götur eða ummerki um vegabætur en þó má sjá óljós ummerki um umferð þar sem komið er upp á brún norðvestan við Vegagilið. Þar hefur steinum verið rutt úr veginum og þar er einnig vörðubrot sem er í raun aðeins einn steinn sem settur hefur verið ofan á holtagrjót sem staflast hefur á náttúrulegan hátt. Saman myndar grjótið greinilegan vegvísi sem er um 1 m á hæð. Leiðinni var fylgt áleiðis frá vörðunni til vesturs en ekki sáust götur eða fleiri vörður.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Bakkakot,2

Vegagilsfoss er á Vegagili. Í örnefnaskrá segir: "Næst utan við túnið kemur niður gil sem heitir Vegagil og innan við túnið er gil sem heitir Bakkakotsgil." Vegagil liggur frá vesturjaðri túnsins í Bakkakoti til suðvesturs. Á norðvesturbrún þess lá leið yfir að Grafardal. Lítil ummerki sjást um leiðina en þó er eitt vörðubrot þar sem komið er upp úr Vegagili um 740 m suðvestan við bæ 001.

Leiðin lá upp brattar hlíðar upp með gilinu. Þær eru grónar neðst en eftir því sem ofar dregur minnkar gróðurinn og þar er mól og grjót. Leiðin upp með gilinu er brött og



Ummerki eftir veg BO-651:012, horft til ANA

Á Herforingjaráðskorti 36 NV frá 1911 er sýnd leið sem liggur af leið 005 sunnan við Hesthál til austurs að Grund og áfram að Vatnsenda BO-135. Aftur er sýnd leið frá Hvammi BO-136 að Dagverðarnesi BO-137 og áfram að Gunnarseyri, nærri merkjum milli Stálpastaða BO-138 og Dagverðarness, þar sem hún sameinaðist leið 001 meðfram Skorradalsvatni. eru þessir tveir bútar án efa hlutar af Efrileið sem legið hefur af leið 005 og alla leið að Stálpastöðum til austurs þó að hún sé ekki sýnd á Herforingjaráðskorti á milli Vatnshorns og Hvamms. Í viðbótum og athugasemdum við örnefnaskrá Hvamms segir: "Grániteigur er langt fyrir ofan Mýraskóg, uppi í Brekkunum. Hann var oft sleginn áður. Brekkurnar eru snarbrattar og skógi vaxnar; slóð lá undir þeim, nefnd Efrigata." Þar segir einnig: "Fyrir ofan Stekk [136:007] og austan við Ennin er helluhlaðin varða, nefnd Varða [136:009]. Efrigatan lá rétt hjá henni." Efrigata lá að öllum líkindum að miklu leyti á sama eða svipuðum stað og Skorradalsvegur 508 liggur. Sá hluti leiðarinnar sem lá á milli Dagverðarness og Stálpastaða var skráður árið 2003 undir sérnúmeri (137:009) í landi Dagverðarness.

Ágúst Árnason, heimildarmaður, nefndi að traðir hefðu verið milli Bæjarlækjar 136:013

og Eystrilækjar í Hvammi, nærri því svæði þar sem hann hafði kartöflugarð og voru þær einnig á þessari sömu leið, Efrigötu. Troðin gata er niður að og yfir Bæjarlæk í átt frá starfsmannabústað skógræktarinnar í Hvammi að gróðurhúsi. Rétt ofan við hana, austan við Bæjarlæk, um 95 m suðaustur af gamla bæinn í Hvammi mótar fyrir vegi yfir að Eystrilæk. Það eru einu sýnilegu ummerkin um Efrigötu í landi Hvamms, Dagverðarness og Stálpastaða.

Vegurinn er í grasi vaxinni brekku. Leifar kartöflugarðs, vaxnir runnagróðri, eru ofan við veg en gróðurhús litlu neðan við. Skógrækt er allt í kring: aspir og greni. Vegurinn liggur í stefnu norðvestur-suðaustur og er greinanlegur á um 37 m löngum kafla, grasi gróinn og að hluta genginn í þúfur. Vegurinn er um 2,5 m breiður og er hlaðið undir hann að sunnanverðu. Um 30-40 cm hár stallur er ofan við veginn. Næst Bæjarlæk hefur rifsberjarunnum verið plantað í veginn en austar hefur einnig verið plantað nokkrum aspar- og grenitjám. Ekki sést skýrt framhald leiðarinnar austan við Eystrilæk.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Hvammur viðb. og aths., 1, 2

BO-651:016 *Krosshólagötur* gata leið



Krosshólagötur 651:016, horft til norðurs

Krosshólagötur er mjög gömul leið sem lá yfir að Snartarstöðum BO-190 í Lundarreykjadal og áfram að Lundi BO-178. Þessi leið er einnig merkt inn á Herforingjaráðskort frá 1911. Leiðin var skoðuð þar sem hún liggur eftir malarási að merkjum Snartarstaða en hún liggur einnig um gróin svæði neðar í hlíðum Skorradalsháls.

Í riti Kristians Kaalund um sögustaði á Íslandi segir: "Fra Fitjars nabogård mod vest ligger en vej over den smalle og ikke særlig besværlige Skorradalshals ind til den indre del af Lundarreykjadal - denne vej valgtes, som det ses af Laxd., på toget mod Helge Hardebenssøn." Leiðin sést lítt þar sem hún var skoðuð á vettvangi. Þar sést móta fyrir götu í sandi og möl í gloppóttri mosapekju á 170 m löngum kafla. Aftur sést ógreinileg gata á 200 m löngum kafla á milli tveggja varða 139:025A-B nokkru norðar. Vörðurnar virðast vera þrjár í röð. Þær eru ekki skráðar með leiðinni þó að líklegt sé að þær hafi vísað á hana því þær kunna einnig að hafa haft annað hlutverk og er líklegt að þær hafi verið á landamerkjum þó að svo sé ekki lengur. Á loftmynd frá Loftmyndum ehf. sést gata liggja í gegnum birkiskóginn neðar í Skorradalshálsi sem liggur frá malarnámu niður við Skorradalsveg (508) til norðvesturs á 700 m löngum kafla. Á örnefnakorti Sigurgeirs Skúlasonar eru merktar Hólagötur á þessu svæði. Gata þessi er án efa hluti af Krosshólagötum og er á sama stað og leiðin sem er sýnd á Herforingjaráðskortinu. Á loftmyndinni er einnig hægt að rekja götu á köflum í landi Snartarstaða en leiðin milli Háafells og Snartarstaða er um 4,5 km að lengd.

A: 385391 N: 448411

"Frá fornu hefir verið talað um þrjár götur út í gegnum skóginn, [...]. Neðsta gatan sem lá um skóginn var nafnlaus en það var sú gata sem farin var með vatninu, alfaraleiðin [001]. Ofan við Bótina hét svo Krosshólagötur, hún skiptist um Krosshóla sem síðar verða taldir. [...] Ofan við Krosshólagötturnar tók við Kinn, það er brött hlíð, lítt skógivaxin, sem nær upp að Kinnargötu [017] sem er efsta gatan og þá er komið langleiðina upp á brún," segir í örnefnaskrá. Í svörum við spurningum um örnefni á jörðinni er það tekið fram að göturnar hafi heitið Krosshólagata eða -vegur, ekki götur í flt.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Háafell, 2; Ö-Háafell, svör við spurningum, 1; Herforingjaráðskort 36 NV; KK, 310

BO-651:017 *Kinnargata* vegur leið

A: 385924 N: 447164



Kinnargata BO-651:017, horft til suðausturs

"Frá fornu hefir verið talað um þrjár götur út í gegnum skóginn, [...]. Neðsta gatan sem lá um skóginn var nafnlaus en það var sú gata sem farin var með vatninu, alfaraleiðin [001]. [...] Ofan við Krosshólagötturnar [016] tók við Kinn, það er brött hlíð, lítt skógivaxin, sem nær svo upp að Kinnargötu sem er efsta gatan og er þá komið langleiðina upp í brún. Ofan við Kinnarveginn heitir svo brekkan Kinnarbrekka" segir í örnefnaskrá. Þessi leið er mun yngri en Presthólagata/Krosshólagötur og lá að Hóli BO-189 í Lundarreykjadal. Leiðin liggur frá

lækjargili í norðvesturhorni heimatúnsins í Háafelli og upp á efstu brún Skorradalsháls og svo yfir í Lundarreykjadal.

Leiðin liggur skáhallt upp bratta og gróna brekku. Birkikjarr vex í henni, sér lagi eftir því sem vestar dregur. Lækjargil spilla veginum í brekkunni. Ruddur vegur er þar sem Kinnargötur voru áður en gata sést ofan við veginn sumstaðar. Vegurinn er víðast 2 m á breidd en þar sem hann er breiðastur er hann allt að 4 m á breidd og mjóstur er hann 1-1,5 m á breidd. Af því að vegurinn er í halla myndast sneiðingur upp brekkuna og er stallur neðan við ytri brún 0,5-1 m á hæð. Vegurinn er gróinn neðst, næst bæ, og eftir honum liggja fjárgötur en hann verður grýttur þegar ofar dregur. Vegurinn stefnir norðvestur-suðaustur í brekkunni. Leiðinni var fylgt á um 1,1 km löngum kafla á gróðurlausa mela uppi á háhálsinum en þar hættir hún að sjást á kafla. Framhald leiðarinnar má rekja af loftmynd yfir að Hóli í Lundarreykjadal.



Kinnargata BO-651:017 ofar í hlíðinni, horft til suðausturs

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Háafell, 2

BO-651:018 heimild um leið

A: 392906 N: 440257

Á Herforingjaráðskorti frá 1911 og á korti 36 í mælikvarðanum 1:100 000 frá 1933 er sýnd leið meðfram vestanverðu Skúlagili í landi Efstabæjar í Skorradal yfir Botnsheiði í Hvalfjarðarbotn. Ekki var gengið eftir gilinu en á loftmynd sjást götur meðfram því austanverðu þar sem leiðin liggur yfir gilið, sunnan við gljúfrið í því. Þar eru margar götur saman, eflaust bæði götur eftir sauðfé og ríðandi og gangandi fólk. Leiðin er í heild sinni um 10 km á lengd og liggur í sveig frá norðri til suðvesturs. Að sögn Huldu Guðmundsdóttur, heimildamanns á Fitjum, var talað um Grillira(r)leið, farið var um Grillirarhygg.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Herforingjaráðskort 36 NA; LMÍ Kort 36 1:100 000

BO-651:019 Sökkugarða varða leið

A: 394128 N: 442530



Sökkugarða BO-651:019A til vinstri, horft til vesturs, og varða BO-651:019B til hægri, horft til vesturs

Á Herforingjaráðskort frá 1911 er merkt óviss leið upp með vestanverðu Hrísgili austan við Efstabæ, yfir í Lundarreykjadal, niður með austanverðu Skorragili vestan við bæinn Gilstreymi BO-186. Í örnefnaskrá Efstabæjar segir: "Grasbrekkan vestan við Hrísgilið er nefnd Neðri-Sökkubrekkur, og skáinn, sem gatan liggur um upp á brúnina, heitir (Sökku)Sneið. Þar vestan í brúninni er Ásgeirsvarða [líklega varða C], kennd við Ásgeir Torfason, sem bjó á Englandi, d. um 1857. Fyrir ofan brúnina fyrir vestan Hrísgilið eru Sökkubrekkur. Þar fyrir ofan rétt við gilsupptökin, er Sökkugarða [A], hlaðin á klett. [...] Vestast í Sökkubrekkum er varða [D], ekki mjög gömul, sem ég er ekki alveg viss um nafn á, en mætti nefna Sökkubrekkugarða." Í örnefnaskránni er getið um þrjár vörður sem allar eru á leiðinni frá Efstabæ yfir í Lundarreykjadal. Að auki er fjórða varðan (B) á milli Sökkuvörðu og Ásgeirsvörðu. Þessar vörður eru í röð og stefna frá Efstabæ að upptökum Hrísgils. Leiðin sem sýnd er á kortinu fer hins vegar upp með gilinu, austar er vörðurnar eru. Líklegt er að farið hafi verið upp á tveimur stöðum, annars vegar frá Efstabæ 143:001 og hins vegar af leið 001. Engar götur sáust á leiðinni þar sem hún var skoðuð vestan við Hrísgilið.



Ásgeirsvarða BO-651:019C til vinstri, horft til vesturs, og varða BO-651:019D til hægri, horft til suðvesturs

Leiðin var skoðuð þar sem hún liggur um holtamóa sem er grýttur á köflum. Leiðin er í heild sinni um 4 km á lengd og liggur norðaustur-suðvestur. Vörðurnar eru suðvestast á leiðinni og varða 520 m langan kafla. Lýsingin á vörðunum hefst norðaustast við Hrísgilið á Sökkuvörðu A, en allar fá þær bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Sökkugarða er á grónum grjóthól. Hún er hrunin að hluta og hefur hrunið úr henni til NNA. Varðan er nokkuð ferköntuð í grunninn, er um 1 m á kant og 1,1 m á hæð. 6-7 umför sjást í henni. Varða B er um 110 m vestan við Sökkuvörðu A á grýttu svæði þar sem mikið er af hellugrjóti, mosavöxnu. Varðan er gróin og mosavaxin og hefur lagst utan í mosavaxinn aflíðandi halla til norðurs. Varðan er um 1 m á kant og 0,5-0,6 m á hæð. Í henni sjást 6-7 umför. Ásgeirsvarða C er 220 m vestan við B. Hún er hlaðin á sprungna klöpp sem er um 1 m á hæð. Varðan er stæðileg og er um 0,8 m í þvermál, mjókkar lítið upp, er um 1 m á hæð og sjást 10 umför í henni. Sökkubrekkugarða D er um 200 m vestan við Ásgeirsvörðu C. Hún er hlaðin á klöpp í hlíðinni inni í skógræktargirðingu. Varðan er 0,9 m í þvermál, vandlega hlaðin og stendur enn. Hún er um 1 m á hæð og í henni sjást 6-7 umför.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Herforingjaráðskort 36 NA; Ö-Efstibær ÞS, 6

BO-651:020 Vegahæð gata leið

A: 382576 N: 447152



Gata BO-651:020. Á myndinni til vinstri er horft til ANA og á þeirri hægri er horft til austurs

"Austan við Þófadallinn er hæð sem heitir Vegahæð. Utan í henni vestanverðri hefir verið farið yfir hálsinn," segir í örnefnaskrá Haga. Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar segir Óskar Þórðarson: "Ég vil geta þess að venjulegasta leið frá Haga yfir Hálsinn til Svínadals var um Þófadallinn, austan eða vestan Þófadallstjarnar." Götur á leiðinni sjást fyrst á austurbrún Skógargils í landi Haga en henni var fylgt þaðan og heim að túni í Haga. Leiðin er sýnd á Herforingjaráðskorti frá 1911 þar sem hún lá frá Haga og yfir í Grafardal rétt austan við Dragháls BO-027.

Leiðin liggur um holt og hæðir, efst í Skógargili er mosi og lyng og gras (lítið) en eftir því sem ofar og sunnar dregur verður minna um gróður og meira um mela. Leiðin sést sem ein gata, 0,2 m á breidd og 0,1 m á dýpt. Hún er gróin að miklu leyti og er hægt að rekja hana á löngum köflum frá túni og upp fyrir Skógargil á um 860 m löngum kafla. Þar sem leiðin liggur yfir efstu drög Skógargils er sneiðingur ofan í það um 1 m á breidd, allgróinn. Þegar kemur upp úr gilinu hverfur leiðin fljótlega á Lurkabrekkumel.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hagi, 3; Ö-Hagi viðb, 2; Herforingjaráðskort 36 NV

BO-651:021 heimild um leið

A: 382210 N: 447321

Samkvæmt Herforingjaráðskorti frá 1911 lá leið upp af leið 002 austan við Þófagil í landi Haga, upp í Lurkabrekkur og yfir Brúarsund 146:007 þar sem hún sameinast leið 020 og liggur á sama stað yfir í Svínadal.

Leiðin lá upp kjarri vaxnar brekkur en eftir því sem ofar dregur minnkar gróðurinn og þegar komið er upp úr kjarrinu taka við melar og klappir en mýrarsund inn á milli. Engin ummerki um leiðina sjást á melunum ofan við Lurkabrekkur þar sem hennar var leitað. Ekki sjást heldur götur á þessu svæði á loftmyndum. Líklegt er að vörður 146:011 í Lurkabrekkum hafi verið við leiðina.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Herforingjaráðskort 36 NV

5. Samantekt og niðurstöður

Byggðasaga framdalsins

Landslagi er þannig háttað í Skorradal að ræktunarland er fyrst og fremst í hlíðum og fjallsrótum en undirlendi lítið. Mestur hluti dalsins hefur verið skógi vaxinn við landnám og héldust allmiklir skógar lengi. Enn er talsverður birkiskógur meðfram Skorradalsvatni. Engar engjar eru í framdalnum nema í landi Fitja og Vatnshorns, við austurenda Skorradalsvatns þar sem Fitjaá rennur í það. Landslagið hefur ráðið miklu um það að jarðirnar í Skorradal eru flestar litlar eða meðalstórar. Byggðin í dalnum hefur verið nokkuð stöðug í gegnum aldirnar og lítið um hjáleigubbyggð en helst hefur hún verið þar sem eitthvert undirlendi er að finna, líkt og á Fitjum og í Vatnshorni en einnig á Dagverðarnesi.

Þegar þróun byggðar er skoðuð er lítið til margra þátta. Fyrst er kannað hvernig greint er frá landnámi á svæðinu í Landnámabók og reynt að geta sér til um það hvaða jarðir byggðust fyrst á grunni þess en ekki síður út frá staðsetningu kumla, kirkna og annarra fornleifa, jarðarheita, dýrleika jarða, landgæða og landamerkja. Kuml eru sjálfstæð heimild um byggð fyrir árið 1000 en staðsetning kirkna og bænhúsa gefur einnig vísbendingu um forna byggð þar sem þau eru yfirleitt talin reist skömmu eftir kristnitöku. Aðrar ritaðar heimildir um forna byggð eru í fornbréfum og í Íslendingasögum en atburðir í Laxdælu og Harðar sögu og Hólmverja eiga sér stað í Skorradal. Laxdæla er talin rituð um miðja 13. öld en Harðar saga er talin rituð snemma á 14. öld.

Það eina sem sagt er í Landnámu um landnám í Skorradal er að Skorri leysingi Ketils gufu (réttara líklega Gufu Ketilssonar)⁸ hafi numið dalinn fyrir ofan vatn og verið drepinn þar.⁹ Ekki er þess getið hvað bær Skorra hét en hann hefur að öllum líkindum verið á sömu slóðum og Vatnshorn eða Fitjar. Vatnshorns er getið í Laxdælu¹⁰ en ekki er minnst einu orði á Fitjar í sama riti. Mögulega gefur það til kynna að mikilvægi Vatnshorns hafi verið meira en Fitja á ritunartíma Laxdælu um miðja 13. öld. Ekki eru heimildir um að í Vatnshorni hafi verið kirkja. Þar hafa hins vegar komið upp mannabein við Smiðjuhól skammt frá bænum. Líklegra er að það sé vísbending um að þar hafi verið kirkjugarður og kirkja eða bænhús frekar en kuml. Kuml hafa yfirleitt ekki verið að finnast nærri bæ, inni í miðjum túnum, en það er einmitt dæmigerð staðsetning kirkna. Einnig er þekkt að smiðjur hafi verið reistar á rústum kirkna¹¹

⁸ Sbr. Jón Jóhannesson. Gerðir Landnámabókar, 82-84.

⁹ Íslensk fornrit I, 71 (hér eftir ÍF).

¹⁰ Íslensk fornrit V, 184.

¹¹ Dæmi um það er á Neðri Ási í Hjaltadal í Skagafirði þar sem rannsókn leiddi í ljós minjar um járnvinnslu og járnsmíðar á rústum lítillar kirkju, sjá: Orri Vésteinsson, 1998.

sem styður tilgátu um að beinin hafi komið úr kirkjugarði frekar en kumli. Sögn er um að Skorri landnámsmaður sé heygður í landi jarðarinnar. Einnig er heimild um sverðsfund í landi Vatnshorns¹² sem gæti verið vísbending um kumlfund. Kirkja hefur verið um aldir á Fitjum og er það sterk vísbending um að byggð hafi snemma hafist á jörðinni. Ekki hafa fundist kuml á jörðinni eða gripir eða bein sem gætu verið vísbending um heiðna gröf og fært þannig byggð á jörðinni aftur fyrir kristnitöku um árið 1000. Þó hefur fundist lítið sverð af óþekktri gerð á Sjónarhóli á Litlu-Botnsheiði sem er í landi Fitja, sunnan við Fitjaá. Ofangreindar heimildir benda til þess elsta byggð í framdali Skorradals sé í Vatnshorni og/eða Fitjum. Landshættir á þessum jörðum og dýrleiki jarðanna styðja það einnig (sjá töflu 1). Ekki eru sambærilegar heimildir til sem styðja það að aðrar jarðir í framdalnum hafi verið frumbýli.

Lítið undirlendi er meðfram Skorradalsvatni og má ætla að menn hafi fyrst sest að þar sem undirlendi var og ekki farið að ryðja skóg meðfram vatninu fyrir en seinna. Þær vísbendingar sem eru fyrir hendi gefa sterklega til kynna að byggð í framdali Skorradals hafi fyrst hafist við austurenda Skorradalsvatns þar sem er undirlendi og engjar en aðrir hlutar framdalsins hafi byggst seinna og byggð haldist nokkuð stöðug. Líklegt er að dalurinn hafi verið fullnuminn þegar á 10. öld (fyrir utan Svanga) en frekari rannsóknar er þörf til að fá nákvæmari mynd af byggðapróuninni á svæðinu.

Sjá má fyrir sér að þróunin hafi verið sú að fyrst hafi verið sett niður bú í Vatnshorni og því landnámi hafi tilheyrt það svæði sem Fitjar, Sarpur, Efstibær, Bakkakot og Grafardalur byggðust úr. Það kann að hafa verið enn stærra og náð lengra til vesturs. Á eftir Vatnshorni byggðist býli á Fitjum og þar var snemma komin kirkja. Sel frá Vatnshorni var í Sarpi sem síðar varð sjálfstætt býli og þar var komið bænhús ekki seinna en 1397.¹³ Í Grafardal var sel frá Vatnshorni og má geta sér til um að það hafi verið tekið í gagnið eftir að Sarpur var orðið sjálfstætt býli, mögulega á 14. öld en gæti hafa verið fyrir. Elsta þekkta heimild um byggð í Efstabæ er frá 1599 og Bakkakot byggist ekki fyrir en á seinni hluta 17. aldar.

Í máldaga kirkjunnar á Fitjum frá 1358 kemur fram að sjö bæir greiði tíund og lýsistoll til kirkjunnar.¹⁴ Í svokallaðri Garðabók kemur fram að þeir bæir sem tilheyra Fitjakirkjusókn 1599 séu Efstibær, Sarpur, Vatnshorn, Háafell, Stálpastaðir, Digranes (Dagverðarnes) og Hvammur.¹⁵ Mögulega var Svangi inni í tölunni í eldri heimildinni en Efstibær ekki kominn í byggð þá. Heimild er um að Svagakot hafi tilheyrt Leirárkirkju í skjali frá 1482.¹⁶ Það bendir

¹²Sigurður Vigfússon, 1887, bls. 22 (nmgr. 1).

¹³Diplomatarium Islandicum IV, 119 (hér eftir DI).

¹⁴DI III, 124.

¹⁵JS 143 4to, 218-220.

¹⁶DI X, 33

til þess að þá þegar hafi verið byggð á jörðinni og líklega að þar hafi byggð hafist fyrr en á Efstabæ en jörðin svo farið í eyði fyrir 1599. Þá var Efstibær kominn í byggð. Í töflu 1 eru upplýsingar um elstu heimildir sem geta lögbýlanna í Skorradal (að undanskildum Grafardal), dýrleika í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 1707, stærð túna 1918 og hvenær jarðirnar fóru í eyði.

Bæjarheiti	Elsta heimild	Dýrleiki 1707	Stærð túna um 1918 í m ²	Fór í eyði
Hvammur	Harðar saga og Hólmverja (f.hl. 14. aldar) ¹⁷	20 hdr	36.826	Fór úr ábúð 1958 þegar Skógræktin fékk landið á leigu til skógræktar
Dagverðarnes (Digranes)	Máldagi 1397 ¹⁸	16 hdr	32.170	Ekki hefur verið heilsársbúseta á gamla bæjarstæðinu frá upphafi 21. aldar. Á jörðinni eru bæði sumarhús og heilsárshús.
Stálpastaðir	Handrit 1599 ¹⁹	8 hdr	27.961	Búskap var hætt 1946 og hefur jörðin verið ríkiseign í umsjá Skógræktar ríkisins (nú Skógræktarinnar) frá 1951.
Háafell	Handrit 1599 ²⁰	12 hdr	37.492	1968
Fitjar	Kirknaskrá Páls Jónssonar biskups um 1200 ²¹	30 hdr	63.243	Fastri búsetu lauk 1981 en skógarbúskapur hófst 1988.
Bakkakot	Jarðabók 1707 ²²	10 hdr	39.084	1964
Sarpur	Laxdæla saga (ca 1250 - þar sel). ²³ Bænhúss í Sarpi getið í máldaga frá 1397 ²⁴	16 hdr	28.622	1970
Efstibær	Handrit 1599 ²⁵	16 hdr	76.088	1947

¹⁷ ÍF XIII.

¹⁸ DI IV, 119.

¹⁹ JS 143 4to, 218-220.

²⁰ JS 143 4to, 218-220.

²¹ DI XII, 10. Orri Vésteinsson (2012) hefur bent á að þessi skrá sé líklega í raun frá 14. öld eins og hún er komin til okkar.

²² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IV, 163.

²³ ÍF V.

²⁴ DI IV, 119.

²⁵ JS 143 4to, 218-220.

Vatnshorn	Laxdæla saga (ca 1250) ²⁶	20 hdr	74.569	1961
	Svanga er getið sem afréttar Garðakirkju 1220 ²⁷ og Svangakots er getið sem eignar Leirárkirkju í			
Svangi/Hagi	skjali frá 1482 ²⁸	14 hdr	17.469	1996

Tafla 1. Lögbylí í framdál Skorradals

Lítil hjáleigubýggð var í framdál Skorradals en heimildir eru um þrjú býli sem byggjast upp á 17. öld og leggjast fljótlega aftur í eyði. Aftur byggjast upp tvö býli um miðja 19. öld og um aldamótin 1900 en byggð á þeim varir ekki lengi. Örnefni benda á tvö býli til viðbótar í landi Dagverðarness en ekki er ljóst hvar þau voru eða hvenær þau voru í byggð, sjá töflu 2.

Samtala	Sérheiti	Sérheiti 2	tegund	hlutverk	hlutverk 2	í byggð
BO-137:014	Gunnarshús	Gunnarseyri	heimild	bústaður		1890-1912
BO-137:019	Snorrastaðir		örnefni	bústaður		?
BO-137:020	Kotamýri		örnefni	bústaður		?
BO-140:024	Fitjakot	Tunga	bæjarstæði	býli		1660-1695
BO-140:033	Fitjakot/ Narfakot	Stekkur	bæjarstæði	býli	stekkur/ fjárhús	1852- 1855/ 1884-1917
BO-144:003	Ásahús	Sauðhús	heimild	býli		ca 1680 varði stutt
BO-146:005	Eystri-Svangi	Gamlistekkur	tóftir	býli	stekkur	17. öld

Tafla 2. Hjáleigur í framdál Skorradals.

²⁶ ÍF V.

²⁷ DI I, 418.

²⁸ DI X, 33

Minjaflokkar

Bæjarhólar og bæjarstæði

Yfirleitt hafa bæir staðið á sama stað öldum saman, og jafnvel allt frá landnámsöld til þessarar og hafa þá myndast bæjarhólar sem eru samsettir úr byggingarleifum og mannvistarlögum. Í bæjarhólum er mikilla og fölbreytilegra fornminja að vænta. Í þeim er geymd saga daglegs lífs kynslóðar á kynslóð ofan og í þeim er flesta forngrípi að finna. Bæjarhólar eru því langmikilvægasta tegund fornleifastaða og brýnt að koma í veg fyrir að þeir verði eyðileggingu að bráð. Vandinn við bæjarhóla er að í meirihluta tilfella er enn búið á þeim og víða hafa steypuhús með djúpum kjöllum verið byggð á þeim og skemmt þá að talsverðu leyti. Þar sem enn er búið á bæjarhólum er hæpið að réttlæt看legt eða raunhæft sé að friða þá fyrir frekara raski, en þó að einhverjar skemmdir hafi orðið á bæjarhólum geta þeir verið markverð rannsóknarefni og er mikilvægt að reynt verið að finna leiðir til að fylgjast með framkvæmdum á bæjarhólum. Mikilvægastir eru þó bæjarhólar sem ekki hefur verið byggt á eða orðið fyrir raski.

Þar sem ítarleg umfjöllun um fornleifar í heimatúnum allra jarðanna á skráningarsvæðinu nema Fitja, Hvamms og Stálpastaða er í skýrslu sem kom út 2012 verður hér eingöngu fjallað um bæjarhóla í þeim tünnum sem skráð voru árið 2016. Sumarið 2016 voru bæjarhólar skráðir á jörðunum Fitjum, Stálpastöðum og Hvammi. Bæjarhóllinn á Hvammi BO-136:001 er illa farinn vegna bygginga sem á honum eru og jarðrasks. Ekki er lengur hægt að greina mörk hans. Bæjarhóllinn á Stálpastöðum BO-138:001 er lítið raskaður og er yngsta bæjartóftin enn sýnileg á honum. Steypt hlaða er austast á bæjarhólnum. Mikil skógrækt ógnar minjunum sem annars eru heillegar. Á Fitjum er einnig heillegur bæjarhóll BO-140:001 en núverandi íbúðarhús stendur sunnan við hann og hafa byggingaframkvæmdir 20. aldar lítið raskað honum. Smiðjuhóll er í norðvesturenda bæjarhólsins, þar var smiðja sem skráð var með bæjarhólnum. Sá hluti hólsins er raskaður vegna súrheysgryfju.

Sjö býli, önnur en lögbýli, voru skráð í framdálum. Á Fitjum er heimild um býli sem hét Fitjakot eða Tunga BO-140:024 og var í byggð frá um 1660 til 1695. Sléttað hefur verið yfir minjar um býlið og sjást engin ummerki um það á yfirborði. Vestan við Fitjar var annað býli sem hét Fitjakot eða Narfakot BO-140:033. Þar hét áður Stekkur og bendir nafnið til þess að þar hafi verið stekkur áður en komið var upp býli á staðnum. Bæjartóft, kálgarður og útihústóft sjást enn á bæjarstæðinu en fjárhús hafa verið byggð ofan í tóftina eftir að hætt var að búa þar. Einnig eru ummerki á svæðinu um útihús eða mannvirki sem hefur verið ýtt út. Í

Vatnshorni er heimild um býlið Ásahús BO-144:003 sem byggðist fyrst á ofanverðri 17. öld og varði byggð þar í skamman tíma. Býlið var að öllum líkindum á sama stað og Sauðhúshóll BO-144:031, á eyri niður við Skorradalsvatn. Þar fundust engin ummerki um mannvirki á yfirborði, hvorki af bæjarhúsum né beitarhúsum eins og örnefnið Sauðhúshóll bendir til.

Byggð hófst líklega snemma í Svanga/Haga. Þess er getið í máldögum að jarðir og kirkjur hafi átt ítök (beit og skógarhögg) þar og heimildir geta um Svangakot á 15. öld en jörðin er komin í eyði undir lok 16. aldar og er hennar ekki getið með öðrum jörðum í Fitjasókn. Um miðja 17. öld voru byggð tvö býli í Svanga/Haga og hafði jörðin þá legið í eyði í nokkuð langan tíma. Byggð hélst á Ytri-Svanga BO-146:001 fram til 1996 en Eystri-Svangi BO-146:005 fór í eyði. Ekki er vitað hversu lengi byggð hélst á Eystri-Svanga en þar sést enn stór bæjartóft og með býlinu voru einnig skráðar tvær útihúsatóftir. Gamlistekkur var í bæjartóftinni og hefur hann verið byggður ofan í hana eða hólf í henni endurnýtt. Býlið var farið í eyði fyrir miðja 19. öld þegar Jarðabók Johnsens var tekin saman 1847 og virðist hafa farið í eyði allnokkru fyrir þann tíma. Það styður örnefnið Gamlistekkur sem bendir til þess að svæðið hafi verið nýtt frá Ytri-Svanga um nokkurt skeið.

Fjallað hefur verið um fornleifar í Dagverðarnesi í skýrslu FS224-03131 sem kom út 2003 en á þeirri jörð eru heimildir um býlið Gunnarshús BO-137:014. Minjar um það eru horfnar vegna vegagerðar og túnasléttunar. Að auki benda örnefnin Snorrastaðir BO-137:019 og Kotamýri BO-137:020 í landi Dagverðarness til þess að þar hafi verið býli. Þar sjást þó engar minjar sem styðja það.

Kirkjur og legstaðir

Sóknarkirkja Fitjasóknar BO-140:002 er á Fitjum, í bændaeign. Unnið hefur verið að umfangsmiklum endurbótum á henni og er mikil prýði að kirkjunni sem er lítil timburkirkja án klukkuturns. Bænhús BO-142:019 var í Sarpi og eru elstu heimildir um það frá lokum 14. aldar. Ekki er vitað hvar bænhúsið var en líkum hefur verið leitt að því að það gæti hafa verið á hóli í túni rétt vestan við bæjarhól Sarps. Einnig eru sagnir um bænhús á Dagverðarnesi BO-137:022 en staðsetning þess er ekki þekkt og engar minjar um það sjást á yfirborði. Kirkjur og bænhús stóðu yfirleitt framan við bæjarhlað öðru hvoru megin við bæjarhúsin.

Engin þekkt kuml eru á skráningarsvæðinu í framdál Skorradals en sagnir eru um fornmannahauga og vísbendingar um heiðnar grafir eru á nokkrum stöðum. Í landi Efstabæjar var Brandsdys BO-143:012 suðaustan við Eiríksfell, á merkjum móti Gilstreymi í Lundarreykjadal. Þar á að vera steinahrúga á merkjum en hún fannst ekki við leit á vettvangi.

Nafnið bendir til þess að þar hafi verið heiðin gröf. Getið er um sverðfund á Sjónarhóli BO-140:028 í Fitjaannál frá 1695. Sjónarhóll er í Litlu-Botnsheiði í landi Fitja sunnan Fitjaár. Þar er grjótpúst sem ætla má að sé leifar af hruninni vörðu (eyktamarki) eða smalakofa. Mannvirkið er ekki mjög fornt en kann að hafa verið hlaðið upp úr eldri minjum. Engar frekari heimildir hafa fundist um sverðið en fundur þess gæti verið vísbending um að heiðin gröf hafi verið á Sjónarhóli. Sverðfundir eru ekki óþekktir á heiðum og er allt eins líklegt eða líklegra að eigandi sverðsins hafi týnt því á leið sinni yfir Botnsheiði.

Í Vatnshorni er heimild um beinafund BO-144:007 í Inguhóli. Þessi beinafundur er mjög nærri bæ og nærri Smiðjuhól, miklum rústahól. Beininn gætu verið úr heiðinni gröf en líklegra er að þau séu úr kirkjugarði og að kirkja hafi verið þar sem smiðja og fleiri hús voru byggð síðar. Dæmi eru til um það að smiðjur hafi verið byggðar ofan á kirkjur sem voru komnar út notkun (sjá kafla um byggðasögu hér fyrir ofan).

Sögn er til um að haugur Skorra sem nam Skorradal (BO-144:015) sé í Skorrhól/-um í Vatnshornslandi, nærri merkjum á mótí Svanga/Haga. Þar er birkivaxinn, lágur hóll niðri við Skorradalsvatn. Engin ummerki eru sýnileg á honum sem gætu gefið til kynna heiðna gröf en ekki er hægt að útiloka sannleiksgildi sagnarinnar án frekari rannsóknar. Alfaraleið um sunnanverðan dalinn BO-651:002 lá á milli vatnsins og hólsins en nokkuð algengt er að finna kuml hjá fornum leiðum, nærri landamerkjum. Að lokum er svo heimild um sverðfund BO-144:016 í landi Vatnshorns sem gæti bent til heiðinnar grafar en sverð voru algengt haugfé. Ekki er vitað hvar sverðið fannst og því lítið hægt að segja um það.

Útihús og túngarðar

Þar sem ítarleg umfjöllun um fornleifar í heimatúnum allra jarðanna á skráningarsvæðinu nema Fitja, Hvamms og Stálpastaða er í skýrslu sem kom út 2012 verður hér eingöngu fjallað um útihús og túngarða í þeim túnum sem skráð voru árið 2016. Túnin í Hvammi og á Fitjum hafa verið sléttuð og sjást lítil sem engin ummerki um túngarða og útihúsin sem þar stóðu og teiknuð eru á túnakort frá 1918. Í heimatúni Fitja er Fjósaberg þar sem heimild er um að hafi verið fjós BO-140:010 í eina tíð. Þar sjást engar minjar um fjós en í rofsári aftan við fjós og hlöðu sem byggð voru 1968 (og síðar breytt í gestahús) sést í torf og hleðslugrjót sem líklegt er að sé úr gömlu fjósi eða öðrum fornum byggingum. Minjar í túni Stálpastaða hafa ekki verið sléttuðar út svo nokkru nemi en þær hafa stórskemmst af mikilli skógrækt sem er í nánast öllu heimatúninu. Fjánhús BO-138:003 voru rifin þegar vegur inn Skorradal var lagður. Enn sjást tóftir tveggja útihúsa (BO-138:002 og 020), þúst BO-138:022 þar sem útihús var og illa farinn

túngarður á tveimur stöðum (BO-138:010 og 017) en óvíst er að þeir hafi tengst. Allar eru þessar minjar í þéttum barrskógi.

KvÍar og stekkir

Stekkir voru mjög algengir í sveitum landsins og voru notaðir á meðan fráfarur voru enn stundaðar en þær lögðust víðast af í upphafi 20. aldar. Stekkir voru litlar réttir sem oft skiptust í tvö hólf, annað minna en hitt. Minna hólfið var lambakró sem stundum virðist hafa verið undir þaki og voru lömbin byrgð þar yfir nóttina. Stekkir eru algengar minjar í framdali Skorradals en þar voru skráðir 12 stekkir á öllum tíu jörðunum. Á fjórum stöðum til viðbótar er heimild um að stekkur hafi verið þar sem minjar höfðu einnig annað hlutverk. Umfjöllunin um stekkina hefst á þeim. Á Efstabæ heitir Stekkur BO-143:016 þar sem er lítill gróinn hóll. Á hólnum er hlaðið gerði í kringum lítið tún og innan þess eru beðasléttur. Engin ummerki sjást um stekkin en ætla má að sléttað hafi verið úr honum og ræktað tún á blettinum þegar fráfarur var hætt. Á Fitjum var býlið Fitjakot/Narfakot sem einnig gekk undir nafninu Stekkur BO-140:033. Þar er bæjartóft og yngri fjárhús byggð þar ofan í. Þess má geta að stutt frá þessu býli, um 120 m suðaustar, er tvískipt tóft BO-140:054 sem hefur mögulega gegnt hlutverki stekkjara. Hún er allstór og óvenjumikill munur er á stærðum hólfa. Hún gæti því einnig hafa verið heimarétt. Þessi tóft er ekki inni í tölunni um skráða stekki. Í Svanga/Haga er Gamlistekkur á sama stað og býlið Eystri-Svangi BO-146:005. Svo virðist sem að tvískiptur stekkurinn hafi verið byggður inn í bæjartóftina eða tvö hólf í henni verið endurnýtt. Þau eru nyrst í tóftinni og er innanmál þeirra greinilegra en annarra hólfa í tóftinni. Í Hvammi er stór fjárhústóft BO-136:007 þar sem heitir Stekkur. Þar hefur án efa verið stekkur áður en fjárhús voru reist á staðnum.

Aðrar stekkjartóftir sjást á fimm stöðum í framdali og ein þúst að auki þar sem heimild er um hafi verið stekkur. Tvær stekkjartóftir eru í landi Dagverðariness, annars vegar Ytristekkur BO-137:008 og hins vegar Fornistekkur BO-137:006. Ytristekkur er fremur ungleg, torfhlaðin tóft sem skiptist í tvö hólf. Fornistekkur er mjög ógreinilegur en hann er inni í þéttum plöntuðum skógi. Á Stálpastöðum er Gamlistekkur BO-138:005 enn greinilegur en hann er í stórhættu vegna trjáræktar. Stekkurinn er tvískiptur en hefur skemmst í vesturhorni vegna vegagerðar í skóginum. Einnig liggur gönguleið yfir tóftina. Grisja þyrfti skóginn rækilega í kringum tóftina og merkja hana þannig að ekki verið unnin frekari spjöll á henni. Litlistekkur BO-138:006 á sömu jörð fannst ekki vegna trjágróðurs og ekki er vitað nákvæmlega hvar hann var.

Í Vatnshorni er stekkjartóft BO-144:004 á Stekkjareyri. Hún er illa farin af vatnsaga úr

mýrlendi en stekkurinn virðist hafa verið tvískiptur og að mestu torfhlaðinn. Að lokum er stekkjartóft í Svanga/Haga þar sem heitir Ytri Stekkur BO-146:004. Sú tóft er einnig tvískipt en er torf- og grjóthlaðin. Í Sarpi er heimild um stekk BO-142:008. Nokkuð afgerandi þúst sést þar sem ætla má að stekkurinn hafi verið en búið er að slétta hann og rækta tún á því svæði og neðan við það.

Heimildir eru um sex stekki sem ekki fundust eða eru horfnir. Áður hefur Litlistekkur á Stálpastöðum verið nefndur. Í Bakkakoti er örnefnið Fornistekkur BO-141:014 á hjalla vestan við Vegagilsfoss. Þar fannst enginn stekkur og lýsing á staðsetningu heldur ósennileg fyrir stekk. Hann kann að hafa verið neðar í hlíðinni en þar er kominn þéttur skógur og engin leið að leita að stekknunum þar. Á Fitjum er heimild um að stekkur hafi verið á Stekkjarnesi 140:023 á bökkum Fitjaár. Þar fundust engar minjar um stekk. Ekki er útilokað að Stekkjarnes dragi nafn sitt af stekk þar sem býli Fitjakot/Narfakot 140:033 byggðist undir lok 19. aldar. Einnig getur verið að stekkjartóftin hafi verið á nesinu en horfið vegna landbrots á árbakkanum. Tvö örnefni í landi Háafells benda til að þar hafi verið stekkur. Annars vegar er Gamlistekkur BO-139:007 vestarlega á jörðinni þar sem er lítill túnblettur og hins vegar er Stekkjareyri BO-139:017 austarlega á jörðinni. Engin ummerki um stekkjartóftir sjást á þessum stöðum. Gamlistekkur hefur líklega horfið vegna sléttunar og stekkur á Stekkjareyri vegna vegagerðar. Enn hefur ekki verið nefnt að í Hvammi er Stekkatún BO-136:006. Þar fundust engar minjar um stekk en mikið rask hefur orðið á því svæði vegna sléttunar, sumarhúsabyggðar og trjáræktar.

Kvíar voru yfirleitt nær bæ en stekkirnir og oft í túnjaðri. Ekki hafa það alltaf verið hlaðnar kvíar, heldur aðeins ákveðinn staður þar sem ær voru mjaltaðar og sumsstaðar voru færirkvíar notaðar. Kvíar voru skráðar á 12 stöðum á öllum jörðum í framdalnum nema Hvammi, Háafelli og Svanga. Aðeins voru minjar sýnilegar á tveimur stöðum. Tóft BO-142:006 er við Kvíafoss í Fitjaá í landi Sarps. Aðeins sést einn grjótveggur sem hlaðinn er undir klettavegg. Aðrir hlutar tóftarinnar eru horfnir vegna landbrots af völdum Fitjaár. Heimildir herma einnig að þarna á sama stað hafi verið rétt og fjárhús og virðist hlutverk minjanna hafa breyst frekar en að öll þessi mannvirki hafi staðið saman og verið í notkun á sama tíma. Í landi Efstabæjar sjást hleðsluleifar við Kvíaeeyri BO-143:036 niður við Fitjaá. Í hinum tíu tilvikunum eru örnefni og eða heimildir sem benda á kvíar. Ekki er allsstaðar ljóst af hverju minjar um kvíar sjást ekki og kann skýringin sumsstaðar að vera að þar hafi verið færirkvíar sem ekki skilja eftir sig nein ummerki. Til dæmis voru færirkvíar BO-144:010 í landi Vatnshorns. Í landi Stálpastaða hafa minjar um kvíar (BO-138:008/BO-138:024) horfið vegna trjáræktar og vegagerðar. Í landi Dagverðarness (BO-137:011) hafa þær líklega horfið vegna túnasléttunar, mögulega einnig í

landi Fitja (BO-140:009). Kvíafoss er í Fitjaá á milli Bakkakots og Fitja. Líklega á nafnið við um kvíar BO-141:004 í landi Bakkakots þar sem heimildir geta um kvíar þar en örnefnið er einnig skráð í landi Fitja (BO-140:018). Á hvorugri jörðinni sjást minjar við Kvíafoss á þessu svæði. Á Fitjum er heimild um kvíar í Stöðulgili BO-140:049 en þar sjást engar mannvistarleifar. Í Vatnshorni er einnig heimild um kvíar í Stöðulgili BO-144:052. Sennilegt er að á þessum stöðum hafi ekki verið hlaðnar kvíar en náttúrulegar aðstæður þótt henta til að mjólka á stöðli. Í landi Efstabæjar er örnefnið Kvíatunga BO-143:031 en í henni sjást engin ummerki um kvíar. Þar er sléttur flötur sem búið er að plægja rásir í og planta trjám.

Beitarhús og sel

Beitarhús eru fjárhús í úthaga þar sem fé var hýst á veturna. Dæmi eru um að beitarhús hafi verið notuð sem sel á sumrin en ekki eru vísbendingar um að það hafi tíðkast í Skorradal. Aðeins voru skráð þrjú beitarhús á skráningarsvæðinu. Í Háafelli bendir örnefni til þess að þar hafi verið beitarhús BO-139:016 en ekki sáust greinileg ummerki um þau á vettvangi. Í Vatnshorni er stór beitarhúsatóft BO-144:013 vel greinileg en hún er í efri jaðri birkiskógarins vestan við bæinn og mun hætta að sjást innan fárra ára vegna trjágróðurs. Tóftin skiptist í tvö greinileg hólf. Mögulega hefur verið heystæði ofan við tóftina en ekki var hlaða í henni. Í Vatnshorni er einnig örnefnið Sauðhúshóll BO-144:031 sem bendir til þess að þar hafi verið beitarhús. Engin ummerki um það sáust á vettvangi.

Skráð voru níu sel í framdalnum og sáust ummerki um fjögur þeirra. Í lýsingu Lunds- og Fitjasókna sem rituð var 1840 voru Fitjar eina jörðin í Fitjasókn (framdalnum) sem átti selstöðu. Þess er getið í lýsingunni að seltóftir kunni að finnast víðar en að selstöður í Fitjasókn væru ekki lengur notaðar og hafi ekki verið það heilan mannsaldur eða lengur.²⁹ Í Fitjahlíð sem er í landi Fitja norðan við Skorradalsvatn er örnefnið Selhóll BO-140:016. Á síðari hluta 20. aldar stóð hóllinn upp úr birkiskóginum í hlíðinni og var skóglaus. Ítarleg leit á svæðinu skilaði ekki árangri og fannst hvorki hóllinn né minjar um sel. Nærri svæðinu er komin sumarhúsabyggð og skógurinn hefur þéttst mikið svo að leit bar ekki árangur. Fitjasel BO-140:013 er í landi Fitja í sunnanverðum dalnum. Þar er sigin en greinileg tvískipt tóft við volga laug BO-140:025. Ekki er vitað hvort þetta sel sé það sem síðast var í notkun á Fitjum en það verður að teljast líklegt. Það hlýtur að hafa þótt mikill kostur að komast í volgt vatn fyrir öll þrif á áhöldum sem notuð voru við vinnslu mjólkur í selinu. Sarpasel BO-140:027 er einnig í landi Fitja í sunnanverðum dalnum en nafnið bendir til þess að það hafi verið selstaða frá Sarpi.

²⁹ Sýslu- og sóknalýsingar. Mýra- og Borgarfjarðarsýslur, 271.

Í Sarpaseli sést ein nokkuð stór tóft sem skiptist í fimm hólf.

Þriðja greinilega seltóftin á svæðinu sem skráð var 2016-17 er í Sæmundarhólsseli BO-143:015 í landi Efstabæjar inn við Eiríksvatn. Þar er ein þrískipt tóft. Í Efstabæ er einnig heimild um sel BO-143:013 í Selslakka við Selgil en engar leifar fundust af því og er það líklega horfið vegna rofs. Í landi Vatnshorns er örnefnið Selhóll BO-144:012 nærri merkjum á móti Grafardal. Stórt svæði var gengið í leit að seli á þessum slóðum en án árangurs. Líklegt er að selörnefnin tengist selminjum BO-145:020 sem skráðar eru í landi Grafardals. Það sel er talið vera frá Vatnshorni. Vatnshorn átti samkvæmt Laxdælu selstöðu til forna í Sarpi og einnig átti jörðin selstöðu þar sem býlið Grafardalur BO-145:001 byggðist upp á 17. öld, eins og áður hefur komið fram.

Ekki eru þekktar minjar um sel í landi Svanga/Haga, Hvamms eða Dagverðarness. Á Stálpastöðum bendir örnefnið Selslakki BO-138:009 til þess að þar hafi verið sel. Á því svæði, eins og á jörðinni allri, er mikil skógrækt og ekki hægt að leita af sér grun um að minjar um sel leynist þar. Í landi Háafells er einnig örnefnið Sel BO-139:005. Þar eru óljósar mannvistarleifar á tveimur stöðum á talsvert stóru svæði ofan við birkiskóg. Ekki er hægt að greina útlínur mannvirkja en ljóst að um uppsöfnuð mannvistarlög er að ræða. Að lokum er svo að nefna að selörnefni eru á stóru svæði á Botnsheiði sem tilheyrir Vatnshorni, Bakkakoti og Fitjum. Engar þekktar selminjar eru á svæðinu og við leit fundust engar minjar en við yfirferð loftmynda á úrvinnslustigi fannst líklegur staður sem lendir innan landamerkjá Bakkakots BO-141:007.

Í framdali Skorradals hafa selin færst ofar og innar í landið eftir því sem byggðin þéttist. Þegar föst ábúð hefst á gömlum selstæðum í Sarpi og Grafardal færast selin lengra út á jaðar byggðarinnar. Það kemur á óvart að það hafi verið sel á Stálpastöðum og Háafelli en í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1707 hafa þær lægst jarðamat í framdalnum – Stálpastaðir voru metnir á 8 hundruð og Háafell á 12 hundruð. Hvammur og Dagverðarnes voru 20 og 16 hundraða jarðir 1707 en ekki eru heimildir um að sel hafi verið innan þeirra jarða. Þetta er ef til vill hægt að skýra með því að selstöðurnar á Háafelli og Stálpastöðum hafi verið frá öðrum jörðum, jafnvel jörðum í Lundarreykjadal.

Minjar um eldsneytisöflun

Nokkur örnefni benda til kolagerðar í Skorradal og þar var nægur efniviður í birkiskóginum. Heimildir benda til kolagrafa á þremur stöðum í framdalnum, í Vatnshorni BO-144:030, á Fitjum BO-140:017 og á Stálpastöðum BO-138:007. Engar kolagrafir fundust hins vegar á vettvangi. Þar sem skógurinn er hvað þéttastur er nær ómögulegt að komast um hann og því að

sama skapi erfitt að leita að kolagröfum innan hans. Þar sem heimildir bentu til kolagerðar var leitað í skóginum en ekki þar fyrir utan og því stærstur hluti skógarins sem enn er ókannaður í þessu tilliti. Á Stálpastöðum bendir örnefnið Koleyri til þess að þar hafi verið gert til kola. Það vekur upp spurningar um það hvort það hafi tíðkast víðar í dalnum að hafa kolagrafir á eyrum niður við vatnið í staðinn fyrir eða jafnhliða gröfum inni í skóginum.

Litlar heimildir og ummerki eru um mógrafir í framdalnum en þær voru skráðar á níu stöðum. Mógrafir sjást á sex stöðum innst í dalnum, á Fitjum, í Sarpi og Efstabæ. Heimildir eða frásagnir eru um mógrafir í landi Hvamms, Dagverðarness og Vatnshorns. Benda mógrafirnar líklega til þess að þar sem þær voru hafi skógurinn farið þverrandi en mögulega tíðkaðist að brenna mó samhliða viði. Birkiskógur var nánast allur eyddur í landi Efstabæjar, Sarps og Bakkakots og í Fitjalandi fram að Fitjahlíð upp úr miðri 20. öld en hann hefur verið farinn að láta á sjá mun fyrr. Vísbendingar um þetta má reyndar fá miklu fyrr eða í upphafi 18. aldar en í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín er þess getið að þá sé lítið eftir af skóglendi í Efstabæ.

Samgönguminjar

Fjöldi leiða var skráður í Framdalnum en flestar þeirra liggja á milli Skorradals og Lundarreykjadals annars vegar og Hvalfjarðar hins vegar. Tvær alfaraleiðir lágu eftir endilöngum Skorradal, sitthvoru megin við Skorradalsvatn (BO-651:001 og BO-651:002). Þessar leiðir lágu í báðum tilfellum víðast hvar alveg niðri við vatnið því skógurinn var illfær í hlíðunum ofan við það. Nyrðri leiðin BO-651:001 lá áfram upp með Fitjaánni og sést hún á löngum kafla þegar komið er upp fyrir Hrísgil í landi Efstabæjar. Langavarða í landi Sarps er líklega við leiðina og er skráð undir henni. Lítil sem engin merki sjást um leiðirnar þar sem þær liggja meðfram Skorradalsvatni vegna vegagerðar og hækkaðs vatnsborðs í Skorradalsvatni.

Alls voru skráðar 28 leiðir á því svæði sem hér er til umfjöllunar. Af þeim eru 14 leiðir sem liggja yfir fleiri en eina jörð og eru því skráðar undir sérstöku númeri sem gert er fyrir slíkar minjar (BO-651). Á þeim leiðum sem skráðar voru mátti víða aðeins sjá eina til tvær götur og sumsstaðar sáust engin merki um umferð. Síldarmannagata BO-651:003 er ein þeirra leiða sem lágu úr Skorradal yfir í Hvalfjörð. Leiðin er rótgróin og er nafngreind í Harðar sögu og Hólmverja. Hún er talin draga nafn sitt af því að hún var farin til síldveiða í Hvalfirði. Leiðin er orðin vinsæl hjá göngufólki og fjölfarin. Vörður við Síldarmannagötu voru endurhlaðnar þegar heimamenn ákváðu að endurvekja leiðina árið 2000 og lauk því verki árið 2005.

Aðrar samgönguminjar eru vöð, brýr og samgöngubætur. Skráðar voru sjö

samgöngubætur, sex vörður og ein hleðsla. Heimild er um brú BO-146:007 í landi Haga þar sem leiðir BO-651:020 og BO-651:021 lágu yfir Brúarsund. Engin ummerki sáust um brúna á vettvangi enda er hún sokkin í mýrarsundið. Skráð voru átta nafngreind vöð á Fitjaá. Af þessum átta vöðum voru sex í landi Efstabæjar á leiðum innan jarðarinnar sem höfðu ekki ákveðinn upphafs- eða endapunkt. Ferðamannaáð BO-144:049 sem lá yfir Fitjaá á milli Fitja og Vatnshorns var m.a. farið á leiðinni upp á Botnsheiði um Síldarmannagötu. Skógarvað BO-142:010 var á Fitjaánni á milli Bakkakots og Sarps þar sem leið BO-651:002 sameinaðist leið BO-651:001 norðan árinna. Lítil sem engin ummerki sjást um þessi vöð.

Laugar og heitar uppsprettur

Víða í Borgarfirði eru að finna heita hvergi og uppsprettur. Ekki er mikill jarðhiti í Skorradal en þó eru þar volgar uppsprettur og dæmi um að þær hafi verið nýttar til þvotta og jafnvel lækninga. Skráðar voru fjórar laugar í framdalnum. Í Vatnshorni er heimild um að laug BO-144:053 hafi verið í Laugarhóli vestan við heimatúnið. Leit að lauginni skilaði ekki árangri og ekki er ljóst hvort eða til hvers vatnið í lauginni var notað. Í landi Fitja sunnan Fitjaár, við Fitjasel, er sundlaug BO-140:025 þar sem heit uppspretta er við Laugahól. Þar er laug sem hlaðin var aftur upp snemma á 20. öld en ekki er vitað hvenær hún var fyrst hlaðin. Laugin er um 2 m í þvermál og því lítið hægt að synda í henni. Enn kemur volgt vatn úr uppsprettunni í laugina. Líklegt er að það hafi haft eitthvað að segja um staðarval fyrir Fitjasel að þessi heita uppspretta var á staðnum sem m.a. var hægt nýta til þvotta á áhöldum sem notuð voru við mjólkurvinnslu í selinu.

Í Sarpi eru örnefni Laugamói og Laugavarða (sjá BO-142:031). Samkvæmt heimildamanni var hiti á vatni úr uppsprettu á þeim slóðum um 40°C heitt og taldi hann líklegt að þvottar hefðu verið þvegnir þar. Lítil ferköntuð gryfja BO-142:028 er í lækjarfarvegi sem ætla má að sé laugin sem notuð var til þvotta. Vatnið í henni var kalt þegar vettvangskönnun fór fram.

Að lokum er að nefna laug BO-139:006 á Háafelli sem Guðmundur Þorvaldsson bóndi á jörðinni notaði til gigtarlækninga á 19. öld. Laugin er fast ofan við Skorradalsveg og sést orðið illa. Hún er grjóthlaðin og er um 2 m á kant en hleðslur hennar eru að mestu samfallnar og laugin full af grjóti. Guðmundur var með kofa BO-139:027 fyrir lækningar sínar við laugina. Ekki sjást leifar af honum en ekki er óhugsandi að hann hafi verið byggður yfir laugina og að hleðslurnar sem sjást í kringum hana séu að hluta leifar af kofanum. Ekki er lengur velgja í lauginni.

Fyrir utan þá minjaflokka sem hér hefur verið fjallað sérstaklega um eru margir aðrir minjaflokkar á svæðin og í töflu 3 má sjá hlutverk og fjölda allra minja.

Hlutverk	Fjöldi				
áveita	4	huldufólksbústaður	2	sel	9
beitarhús	3	hænsnakofi	1	skemma	3
brunnur	9	kartöflugarður	2	skotbyrgi	5
brú	1	kálgarður	17	skrímsli	1
bústaður	13	kirkja	1	smalakofi	4
býli	4	kolagröf	3	smiðja	1
bænhús	2	kvíar	12	stekkur	12
draugur	1	lambhús	5	sundlaug	1
eyktamark	5	landamerki	12	tjaldstæði	3
fjánhús	17	legstaður	4	traðir	3
fjárskýli	1	leið	28	túngarður	8
fjós	6	mógrafir	9	útihús	23
geitakofi	1	nátthagi	1	vað	8
hesthús	9	óskilgreint	29	varnargarður	2
heygarður	2	óþekkt	51	vatnsból	5
hjallur	1	refagildra	1	þvottalaug	1
hlaða	2	rétt	8	þvottastaður	1
hrútakofi	1	rista	5	Alls	370
		samgöngubót	7		

Tafla 3. Hlutverk skráðra minja

6. Verndun og kynning minja

Um dreifingu minjastaða í framdalnum gildir sú meginregla að flestar fornleifarnar eru í heimatúnum og við bæi. Því fækkar fornleifum að jafnaði eftir því sem fjær dregur bæ. Á bæjum sem búið hefur verið á alla 20. öld hafa undantekningalítið átt sér stað gagngerar breytingar, ný íbúðarhús hafa verið byggð og útihús endurnýjuð eða byggð frá grunni. Sömuleiðis hafa tún verið sléttuð, skurðir grafnir, vegir heim að bæ lagfærðir o.s.frv. Það er því algengt að lítið sem ekkert eimi eftir af þeim fornleifum sem voru sýnilegar heim við bæi í upphafi 20. aldar. Af þessum sökum er algengt að talsvert hlutfall fornminja á hverri jörð sé horfið af yfirborði. Þær minjar sem skráðar voru í framdali Skorradal voru í mjög mismunandi ástandi. Ástand fornleifa var metið á hverjum minjastað og skiptist það í sex mismunandi flokka:

a) *Ekki sést til fornleifar. Rústin er horfin, byggt hefur verið á henni eða henni rutt burt.*

b) *Hleðslur signar. Hleðslur hrundar að því marki að lögun tófta er orðin ógreinileg og gjarnan hlaupnar í þúfur. Hleðsluhæð 20-80 cm en getur verið hærri þar sem rústir eru afmyndaðar af stórþýfi.*

c) *Hleðslur standa grónar. Hleðslur byrjaðar að renna í sundur en standa enn að mestu leyti þannig að lögun og herbergjaskipun tófta er greinileg, gróið yfir grjóti í veggjum og gólfu. Hleðsluhæð 80-150 cm.*

d) *Hleðslur standa. Þök hrunin en hleðslur standa enn þannig að greina má einstök umför af torfi/grjóti. Hleðsluhæð 150 cm +*

e) *Undir þaki. Húsið er enn undir þaki. Miðað er við að þakið sé allt uppistandandi.*

f) *Sést til fornleifar. Þar sem ekki er um eiginlega tóft að ræða en leifarnar sjást hinsvegar, t.d. mógrafir, áletranir og lendingar.*

Ástand minja á skráningarsvæðinu í framdali Skorradals var nokkuð gott og sjást ummerki um 218 minjar af þeim 370 sem skráðar voru eða 59% þeirra. Ekki sést til 36% minja og ekki reyndist unnt að staðsetja 5% minjanna. Landslagið í framdali Skorradals og sú staðreynd að margar jarðir fóru tiltölulega snemma í eyði á stóran þátt í því að ástand minja er almennt nokkuð gott og mikið af minjum sem enn sjást á yfirborði. Vegna þeirra aðstæðna sem eru á svæðinu hefur jarðrækt og túnasléttun ekki verið mikil og hefur það haft mest að segja um varðveislu minjanna.

Hættumat var gert fyrir allar minjar sem hægt var að staðsetja á vettvangi. Hættustigin eru þrjú: *engin hætta, hætta og stórhætta*. Af þeim fornleifum sem hættumat var gert fyrir voru

41% í hættu eða stórhættu. Engin hætta steðjar að 52% minjanna. Þar sem fornleifar voru taldar í hættu var það í langflestum tilvikum vegna trjáræktar en 93 fornleifar teljast í hættu (44) eða stórhættu (49) af þeim sökum. Það eru 25% allra skráðra minja á svæðinu og 62% fornleifa sem hættumat var gert fyrir. Þetta er óvenjuhátt hlutfall og algengara er að flestar minjar séu í hættu vegna ábúðar. Á eftir trjárækt stendur fornminjum mest ógn af ábúð eða 17% þeirra sem skilgreindar eru í hættu. Þó að hefðbundnum búskap sé allsstaðar hætt í framdalnum og margar jarðirnar komnar í eyði er ábúð enn á nokkrum þeirra. Af þeim 53 fornleifum sem taldar eru í stórhættu eru 49 fornleifar í stórhættu vegna trjáræktar. Einhverjum minjum stafar ógn af náttúrulegum birkiskógi sem vex hægt og nær ekki mikilli hæð. Mesta ógnin stafar hins vegar af skógrækt þar sem plægðar eru samsíða rásir á stórum svæðum til að planta í. Bæði skemmir plógurinn minjarnar sem hann fer yfir og rætur trjánna sem vaxa upp valda einnig gríðarmiklu tjóni á minjunum.

Allar minjar á skráningarsvæðinu njóta verndar samkvæmt lögum um menningarminjar og eru því jafn hátt settar í lögunum. Hins vegar eru minjarnar eins misjafnar og þær eru margar. Sumir minjastaðanna kunna að vera frá fyrstu öldum byggðar á svæðinu en aðrir eru frá því um aldamótin 1900, sumar minjanna eru alveg horfnar á meðan aðrar standa enn undir þaki eða eru greinilegar rústir. Útbreidd skógrækt og frístundabyggð í framdalnum er orðið nokkuð einkennandi fyrir svæðið og er hvort tveggja talsverð ógn við fornminjar. Mikilvægt er að unnin sé aðgerðaáætlun í samráði við Minjastofnun Íslands um verndun minja sem þegar eru í hættu og stuðla að því að öðrum minjum verði forðað frá hvers kyns raski.

Skorradalur hefur lítið verið rannsakaður í fornleifafraeðilegu tilliti en rannsóknarefnin eru margvísleg. Fornleifaskráning er allsstaðar nauðsynleg grunnrannsókn sem þarf að fara fram áður en ráðist er í frekari rannsóknir ef vel á að vera. Í stærra samhengi hafa fornleifarannsóknir í Skorradal mikið gildi fyrir skilning okkar á því hvernig landnám þróast út frá „bestu“ svæðunum inn í afdali og hversu langan tíma það tók að fullnema svæði eins og Skorradal.

Engar friðlýstar fornminjar eru í Skorradal en í framdalnum eru margir áhugaverðir en lítt þekktir minjastaðir og er hér vakin athygli á nokkrum þeirra sem taldir eru hafa mikið varðveislu og/eða rannsóknargildi eða gætu hentað vel til kynningar fyrir almenning.

- 1) Mikið varðveislu- og kynningargildi hafa **Fitjasel BO-140:013** og volga **laugin BO-140:025** þar hjá. Minjarnar mynda skemmtilega heild og eru við **leið BO-140:021** eftir Löngugötugili sem lá að selinu og áfram upp á Botnsheiði. Leiðin hefur verið stikuð og aðgengi að minjunum nokkuð gott.

- 2) **Tvívörður BO-141:012** eru uppi á Botnsheiði þar sem vatnaskil eru á milli Skorradals og Hvalfjarðar. Vörðurnar eru stór og mikil mannvirki, hlaðnar úr þunnu hellugrjóti. Þær eru bæði gamlar landamerkjavörður á hreppamörkum en einnig eru þær við **Síldarmannagötu BO-651:003** og má segja að þær varði einnig þá leið. Vörðurnar hafa mikið varðveislu- og kynningargildi. Nú þegar er talsverð umferð göngufólks um Síldarmannagötu sem er stikuð leið og aðgengi að minjunum því gott.
- 3) **Heimatúnið í Vatnshorni** er merkilegt að því leyti að þeim fer fækkandi heimatúnunum sem enn eru óröskuð að svo miklu leyti sem þar er raunin. Þar sést enn fjöldi minja í túninu, garðar, tóftir og hús undir þaki. Í túninu er falleg minjaheild sem hefur mikið varðveislu- og kynningargildi. Innan þess er elsta hús í Skorradal, **Pakkhúsið BO-144:034**, sem endurbyggt var árið 2011 úr íslenskum viði. Einnig hefur Bjarnabrunnur verið grafinn upp að hluta á bæjarhólnum.
- 4) **Bæjartóftin á Efstabæ BO-143:001** er merkilegur minnisvarði um íslensk bæjarhús frá byrjun 20. aldar. Síðasta íbúðarhúsið í Efstabæ var bárujárnsklætt timburhús en hlaðinn kjallari var undir því. Í bæjarröðinni eru svo önnur grjót- og torfhlaðin hús. Tóftin hefur mikið varðveislu- og kynningargildi.
- 5) **Fitjakirkja BO-140:002** er ein af fáum bændakirkjum á landinu, byggð 1897. Kirkjan hefur verið gerð upp á vandaðan hátt. Kirkjan er friðuð og hefur mikið kynningar- og varðveislugildi.
- 6) Minjar um býlið **Eystri-Svanga BO-146:005** hafa mikið rannsóknargildi. Heimildir herma að býlið hafi byggst um miðja 17. öld en ekki er ljóst hvenær það fór í eyði. Býli frá 17. og 18. öld hafa verið lítið rannsökuð í íslenskri fornleifafræði. Fornleifarannsókn í Eystri-Svanga mun geta varpað ljósi á umfang og eðli býlisins, efnahag og mataræði svo fátt eitt sé nefnt.
- 7) **Beitarhúsatóft BO-144:013** í Vatnshorni er heilleg tóft og gott dæmi um þessa gerð fjárhúsa í úthögum. Fá dæmi eru um beitarhús í framdali Skorradals og aðeins þessi eina tóft hefur varðveist. Hún hefur því mikið varðveislugildi og mikilvægt að huga að því að höggva trjágróður í kringum tóftina áður en hún hverfur í skóg.
- 8) Á Háafelli eru óljósar **mannvistarleifar BO-139:005** þar sem örnefnin Sel og Selgil benda til að hafi verið haft í seli. Margt er á huldu um það hvernig seljabúskapur þróaðist í framdalnum og hvernig hann tengist þróun byggðar á svæðinu. Meintar minjar um sel á Háafelli hafa mikið rannsóknargildi og mun fornleifarannsókn á þeim geta leitt í ljós mikilvægar upplýsingar um seljabúskap fyrir svæðið og notkunartíma sem tengist rannsóknum á byggðapróun í Skorradal.

Eins og sjá má hér að ofan eru fjölmargir staðir í framdal Skorradals gætu hentað vel til kynningar og rannsókna. Frekari yfirlit um áhugaverða staði í Skorradal fæst þegar skráningarvinnu lýkur í hreppnum og skýrsla um skráningu á ytri hluta dalsins kemur út, vorið 2018. Í framhaldi af því mætti huga að framtíðarnýtingu á menningarminjum í dalnum, í samráði við heimamenn og fagfólk.

Heimildir

Aðalheiður Jónsdóttir. 1990. *Jólablað Borgfirðings*. 21. tbl. 13. des 1990.

Annálar II: *Annálar 1400-1800. Annales islandici posteriorum sæculorum*. II. bindi. 1927-1932. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.

Árb. 1884-85: Sigurður Vigfússon. 1885. “Rannsókn í Borgarfirði 1884”. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1884-1885*: 61-138.

Árb. 1886: Sigurður Vigfússon . 1887. “Rannsókn í Borgarfirði 1884”. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1886*: 1-51.

Birna Lárusdóttir o.fl. 2003. *Fornleifaskráning í Hvalfjarðarstrandarhreppi*. FS214-00034. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Birna Lárusdóttir. 2014. *Fornleifaskráning á Litlu-Drageyri. Aðalskráning og deiliskráning vegna sumarbústaðarbyggðar*. FS546-14061. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

BB II: *Byggðir Borgarfjarðar II: Borgarfjarðarsýsla og Akranes*. 1989. [án útgáfustaðar].

DI: *Íslenskt fornbréfasafn I-XVI*. 1857-1976. Kaupmannahöfn/Reykjavík.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2003. *Fornleifaskráning á Dagverðarnesi*. FS224-03131. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir (ritstjóri). 2012. *Í túninu heima: skráning fornleifa í heimatúnum á Háafelli, Bakkakoti, Sarpi, Efstabæ, Vatnshorni og Haga í Skorradal*. FS483-10021. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Fjallkonan 50. tbl. 11. des 1895, bls. 203. “Um beinafund í Vatnshorni”.

Gerðir Landnámab: Jón Jóhannesson. 1941. *Gerðir Landnámabókar*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.

ÍF: *Íslensk fornrit I-*, Reykjavík 1933 - .

ÍV: *Íslenskt vættatal*. Árni Björnsson tók saman. 1990. Mál og menning, Reykjavík.

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IV*. 1925-27. 1990. Kaupmannahöfn. Reykjavík.

JJ: *Jarðatal á Íslandi, eð brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi af búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. 1847. Gefið út af J. Johnsen. Kaupmannahöfn.

Jón Jóhannesson. 1941. *Gerðir Landnámabókar*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.

Kirkjur Íslands 13: *Friðaðar kirkjur í Borgarfjarðarprófastsdæmi*. Kirkjur Íslands 13. 2009. Jón Torfason og Þorsteinn Gunnarsson, ritstj. Þjóðminjasafn Íslands, Húsafriðunarnefnd, Biskupsstofa, Borgarfjarðarprófastsdæmi, Reykjavík.

KK: Kaalund, Kristian. 1877-1882. *Bidrag til en historisk -topografisk Beskrivelse af Island I-II*. Kjøbenhavn.

Kristborg Þórsdóttir. 2017. *Uppmæling fornminja í Skorradal*. Greinargerð. FS657-17031. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

MAS 10/2001: Magnús A. Sigurðsson. *Stálpastaðir, Skorradalshrepp*. Fornleifaskráning. 2001. Rannsóknarskýrslur Þjóðminjasafns 2001/10. Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík.

Oddgeir Isaksen og Stefán Ólafsson. 2011. *Uppgröftur á Bjarnabrunni í Vatnshorni, Skorradal: Greinargerð*. FS465-11081. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Orri Vésteinsson. 1996. *Meningarminjar í Borgarfirði, norðan Skarðsheiðar*. FS016-95033. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Orri Vésteinsson. 1998. *Fornleifarannsókn á Neðra Ási í Hjaltadal 1998*. FS068-98173. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Orri Vésteinsson. 2012. Upphaf máldagabóka og stjórnsýslu biskupa. *Gripla XXIII*: 53-92.

PP: *Prestatal og prófasta á Íslandi*. 1949-1951. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.

SSMB: *Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873*. 2005. Guðrún Ása Grímsdóttir og Björk Ingimundardóttir sáu um útgáfuna. Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Reykjavík.

Sveinbjörn Beinteinsson. “Þáttur um Skorradal”. *Þjóðviljinn* 2. október 1956, bls. 6; 10. Sótt af: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=2775495

Sveinn Skorri Höskuldsson. 1977. “Vatnið og skógurinn”. *Árbók Ferðafélags Íslands 1977: 174-189*.

Svipþing: Sveinn Skorri Höskuldsson. 1998. *Svipþing: minningaþættir*. Mál og menning. Reykjavík.

Kortagögn

Herforingjaráðskort 36 NA: *Botnsheiði – Ok* 1:50000. Útgáfuár 1911.

Herforingjaráðskort 36 NV: *Botnsheiði – Skarðsheiði* 1:50000. Útgáfuár 1911.

LMÍ Kort 36 1:100 000: Kort Landmælinga Íslands 36 – *Botnsheiði* 1:100 000. Útgáfuár 1933.

Óprentaðar heimildir

Endurminningar Björns Bjarnarsonar í Vatnshorni handrit í vörslu Sigurðar Sigurðssonar.

<http://framdalur.is>: Framdalur – Vefur Fitjasóknar sótt af: <http://framdalur.is>

JS 143 4to= Handrit JS 143 4to úr handritasafni Jóns Sigurðssonar í vörslu Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, Reykjavík.

Landamerkjabók I: *Landamerkjabók I. Mýra- og Borgarfjarðarsýslur*. Sótt á Jarðavef Þjóðskjalasafns Íslands:

<https://myndir.handrit.is/doShowDocument.jsp?lang=is&source=ICDB&sourceId=Landa merkjab%F3k+I.+M%FDra- +og+Borgafjar%F0ars%FDslur&style=&navpanes=0&view=Fit>

Ljósmynd af Efstabæ frá því um 1930. Myndin er í eigu Eiríks Blöndal og er birt með leyfi.

Túnakort frá 1918 í Skorradalshreppi. Kortin eru varðveitt á Þjóðskjalasafni Íslands.

Viðtal Huldu Guðmundsdóttur við Sigríði Höskuldsdóttur frá Vatnshorni. Veturinn 2010-2011. Varðveitt hjá Huldu Guðmundsdóttur.

Örnefnakort SS: Örnefnakort af Skorradal unnið af Sigurgeir Skúlasyni.

Gögn frá Örnefnasviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Ö-Bakkakot, aths. og viðb.: Örnefnaskrá Bakkakots. Athugasemdir og viðbætur. Guðmundur og Stefán Stefánssynir rituðu 1971.

Ö-Bakkakot: Örnefnaskrá Bakkakots. Upplýsingar veittu Guðmundur Ólafsson og Guðmundur og Stefán Stefánssynir. Ari Gíslason skráði.

Ö-Dagverðarnes AG: Örnefnaskrá Dagverðarness. Ari Gíslason skráði.

Ö-Dagverðarnes viðb. og aths.: Örnefnaskrá Dagverðarness. Viðbætur, athugasemdir og svör við spurningum Örnefnastofnunar. Jón Þórisson skráði eftir Sigríði Skarphéðinsdóttur.

Ö-Dagverðarnes viðbætur: Örnefnaskrá Dagverðarness. Viðbætur. Skráð af Skarphéðni Magnússyni 1971.

Ö-Efstibær JS: Örnefnaskrá Efstabæjar. J. S. skráði.

Ö-Efstibær ÞS: Örnefnaskrá Efstabæjar. Þorgeir Sveinbjarnarson skráði.

Ö-Efstibær, svör við spurningum Örnefnastofnunar: Örnefnaskrá Efstabæjar. Svör við spurningum Örnefnastofnunar. Úr bréfi Kristínar Sveinbjarnardóttir, Nýjabæ dags. 27. sept. 1979.

Ö-Fitjar aths. og viðb.: Örnefnaskrá Fitja. Athugasemdir og viðbætur. Upplýsingar veittu Guðmundur Ólafsson og Guðmundur og Stefán Stefánssynir. Skráð af Steinari Matthíassyni.

Ö-Fitjar HB: Örnefnaskrá Fitja. Helgi Benónýsson skráði.

Ö-Fitjar: Örnefnaskrá Fitja. Upplýsingar veittu Guðmundur Ólafsson og Guðmundur og

Stefán Stefánssynir auk Guðmundar Ólafssonar frá Sarpi .Ari Gíslason skráði.

Ö-Fitjar-Kirkjulandið (svör og uppdráttur): Örnefnaskrá Fitja, Kirkjulandið. Svör við spurningum Örnefnastofnunar og uppdráttur. Helgi Benónýsson gerði (líklega 1979).

Ö-Háafell, svör við spurningum: Örnefnaskrá Háafells. Svör við spurningum. Skráð eftir Helga Benónýssyni 1979 af Sigríði Jóhannsdóttur.

Ö-Háafell, viðb.: Örnefnaskrá Háafells, viðbætur. Bréf frá Helga Benónýssyni 10. sept 1979.

Ö-Háafell: Örnefnaskrá Háafells. Upplýsingar veittu Benóný Helgason og Eggert Benónýson. Ari Gíslason skráði.

Ö-Hagi viðb.: Örnefnaskrá Haga. Viðbætur. Óskar Þórðarson skráði 1979.

Ö-Hagi, aths. og svör við sp.: Örnefnaskrá Haga. Athugasemdir (frá 1979) og svör Þórðar Runólfssonar við spurningum Örnefnastofnunar.

Ö-Hagi: Örnefnaskrá Haga. Upplýsingar frá Þórði Runólfssyni bónda. Ari Gíslason skráði.

Ö-Hvammur viðb. og aths.: Örnefnaskrá Hvamms. Viðbætur og athugasemdir eftir Krístrúnu Bjarnadóttur árið 1971.

Ö-Hvammur: Örnefnaskrá Hvamms. Bjarni Jónsson veitti upplýsingar. Ari Gíslason skráði.

Örnefnauppdráttur HB: Örnefnauppdráttur af Stálpastaðum eftir Helga Benónýsson.

Ö-Sarpur, aths. og viðb.: Örnefnaskrá Sarps. Athugasemdir og viðbætur. Jóhann Ólafsson frá 1971.

Ö-Sarpur: Örnefnaskrá Sarps. Byggð á upplýsingum frá Guðmundi Ólafssyni og Hannesi Vilhjálmsyni með viðbótum frá Jóhanni Ólafssyni. Sigríður Jóhannsdóttir tók saman.

Ö-Stálpastaðir höf. óþ.: Örnefnaskrá Stálpastaða. Höfundur óþekktur.

Ö-Stálpastaðir KÁ: Örnefnaskrá Stálpastaða. Kristján Árnason skráði.

Ö-Stálpastaðir svör: Örnefnaskrá Stálpastaða. Svör við spurningum.

Ö-Stálpastaðir, aths. og viðb.: Örnefnaskrá Stálpastaða. Athugasemdir og viðbætur.

Upplýsingar veittu Kristján Árnason og Elín Kristjánsdóttir 1971. Steinar Matthíasson skráði.

Ö-Stálpastaðir: Örnefnaskrá Stálpastaða. Upplýsingar veittu Árni Kristjánsson og Þrúður Gísladóttir. Ari Gíslason skráði.

Ö-Vatnshorn, aths. og viðb.: Örnefnaskrá Vatnshorns. Athugasemdir og viðbætur. Sveinbjörn Beinteinsson gerði 1979.

Ö-Vatnshorn: Örnefnaskrá Vatnshorns. Upplýsingar veitti Sólveig Bjarnardóttir, Þórður Runólfsson og Guðmundur Ólafsson. Ari Gíslason skráði.

Heimildamenn

Ágúst Árnason 03.08. 1930 um Hvamm og Stálpastaði.

Georg Ágúst Eiríksson 23.02.1935 las yfir skráningu um Bakkakot.

Guðrún Hannesdóttir 14.02. 1929 veitti upplýsingar um Háafell, Efstabæ og Sarp.

Hulda Guðmundsdóttir 04.05.1960 um Fitjar og almennt um svæðið.

Ingibjörg Björnsdóttir 27.06. 1959 las yfir skráninguna.

Jónas Hannesson 11.04. 1945 um Sarp og Efstabæ.

Lárus Lárusson 17.01. 1942 um Háafell.

Óskar Þórðarson 05.06.1920 um Haga.

Sigríður Einarsdóttir 19. 05. 1933um Vatnshorn.

Sæbjörg Eiríksdóttir 12.08.1936 um Bakkakot.

Viðauki I – Hnitaskrá í landshnitakerfi (ISN93)

Samtala	Austur	Norður
BO-136:001	379432	450062
BO-136:002	379446	450038
BO-136:003	379375	450085
BO-136:004	379300	450061
BO-136:005	379388	449950
BO-136:006	378571	450899
BO-136:007	379008	450418
BO-136:008	379528	450129
BO-136:010	379184	449948
BO-136:011	378337	450737
BO-136:012	380168	450069
BO-136:013	379482	450006
BO-136:014	379419	450054
BO-136:015	379448	450019
BO-136:016	379521	450091
BO-136:017	379348	450083
BO-136:018	379386	450129
BO-137:001	380770	449713
BO-137:002	380764	449710
BO-137:003	380754	449711
BO-137:004	380751	449708
BO-137:005	380699	449767
BO-137:006	381758	449159
BO-137:007	381539	449061
BO-137:008	381525	449231
BO-137:009	381069	449457
BO-137:010	380693	449560
BO-137:011	380832	449760
BO-137:012	380812	449720
BO-137:013	380770	449680
BO-137:014	381893	448922
BO-137:015	380742	449690
BO-137:016	380653	449762
BO-137:017	380526	449704
BO-137:018	381355	449005
BO-137:019	381397	449109
BO-137:020	380356	449631
BO-137:021	380416	448707
BO-137:023	380845	450116
BO-138:001	382737	448893
BO-138:002	382776	448930

BO-138:003	382848	448817
BO-138:004	384302	448009
BO-138:005	383948	448507
BO-138:007	383207	448631
BO-138:008	382927	448822
BO-138:009	383871	448879
BO-138:010	382787	448897
BO-138:011	382726	448906
BO-138:012	382807	448951
BO-138:013	383861	448349
BO-138:014	382676	448943
BO-138:015A	382726	448862
BO-138:015B	382740	448860
BO-138:017A	382747	448921
BO-138:017B	382727	448938
BO-138:018	382485	449061
BO-138:019	382730	448878
BO-138:020	382864	448881
BO-138:021	382793	448960
BO-138:022	382828	448974
BO-138:023	382742	448883
BO-138:024	382898	448801
BO-139:001	386061	446676
BO-139:002	386173	446697
BO-139:003	386128	446812
BO-139:004A	386166	446601
BO-139:004B	386223	446671
BO-139:004C	386180	446726
BO-139:004D	386132	446783
BO-139:004E	386127	446790
BO-139:004F	386107	446808
BO-139:004G	386058	446775
BO-139:004H	386038	446760
BO-139:005A	385205	447926
BO-139:005B	385211	447899
BO-139:006	384652	447801
BO-139:007	385275	447452
BO-139:008	386057	446767
BO-139:009	386172	446627
BO-139:010	386058	446685
BO-139:011	386075	446673
BO-139:012	386178	446662

BO-139:013	386133	446791
BO-139:014	385959	446761
BO-139:015A	386120	446843
BO-139:015B	386169	446819
BO-139:016A	384885	447706
BO-139:016B	384911	447703
BO-139:017	386529	446188
BO-139:018	386061	446665
BO-139:019	385925	446725
BO-139:020A	386055	446677
BO-139:020B	386141	446617
BO-139:020C	386037	446697
BO-139:020E	385877	446859
BO-139:021	385077	448698
BO-139:022	386672	446971
BO-139:023	386111	446723
BO-139:024	385121	448398
BO-139:025A	385522	448801
BO-139:025B	385440	448880
BO-139:025C	385352	448955
BO-139:026	386794	447008
BO-139:027	384654	447803
BO-140:001	389873	443277
BO-140:002	389888	443245
BO-140:003	389845	443254
BO-140:004	389875	443210
BO-140:005	390279	442866
BO-140:006	390012	443279
BO-140:007	389852	443413
BO-140:008	389908	443114
BO-140:009	389897	443102
BO-140:010A	389898	443183
BO-140:010B	389899	443205
BO-140:011	389907	443220
BO-140:012	388272	444663
BO-140:013	389563	441279
BO-140:014	389920	443277
BO-140:015	389812	443422
BO-140:016	388113	444945
BO-140:017	388121	444965
BO-140:018	390172	442822
BO-140:019	388005	445267
BO-140:020	387845	445057
BO-140:021A	390048	441915
BO-140:021B	389619	441342

BO-140:022	389859	443269
BO-140:023	388944	443444
BO-140:024	390484	442775
BO-140:025	389572	441282
BO-140:026	390908	441937
BO-140:027	391161	441720
BO-140:028	390326	441349
BO-140:029A	390783	440163
BO-140:029B	390786	440164
BO-140:029C	390782	440160
BO-140:030	389834	443210
BO-140:031	388578	443757
BO-140:032A	388550	443743
BO-140:032B	388572	443723
BO-140:033A	389346	443877
BO-140:033B	389302	443858
BO-140:033C	389326	443839
BO-140:033D	389348	443850
BO-140:033E	389327	443862
BO-140:034	389993	443869
BO-140:035A	391044	442151
BO-140:035B	391016	442091
BO-140:035C	390989	442071
BO-140:035D	390953	441878
BO-140:036	390200	441124
BO-140:037	389784	440192
BO-140:038	389204	441015
BO-140:039A	389689	438764
BO-140:039B	389690	438753
BO-140:040	389970	440848
BO-140:042	390518	441797
BO-140:043A	389771	438871
BO-140:043B	389764	438862
BO-140:044	390812	439660
BO-140:045	389539	441316
BO-140:046	389171	443546
BO-140:047	389847	443641
BO-140:048	389293	443942
BO-140:049	389687	443479
BO-140:050	389702	444113
BO-140:051	389502	444329
BO-140:052	390752	443100
BO-140:053	389963	443986
BO-140:054	389436	443799
BO-140:055	389952	443245

BO-140:056	386866	445835
BO-141:001	389548	442778
BO-141:002	389455	442737
BO-141:003	389616	442686
BO-141:004	390193	442756
BO-141:005	390096	442782
BO-141:006	389743	442735
BO-141:007	387488	441413
BO-141:008	387125	439250
BO-141:009	387417	441470
BO-141:010	389554	442865
BO-141:011A	389430	442744
BO-141:011B	389442	442841
BO-141:012A	387047	439115
BO-141:012B	387038	439125
BO-141:013	389550	442701
BO-141:014	389100	442638
BO-141:015	389545	442770
BO-141:016	389537	442735
BO-141:017	389540	442761
BO-141:018	389598	442670
BO-141:019	389657	442707
BO-141:020	389548	442220
BO-142:001	391109	442450
BO-142:002	391091	442474
BO-142:003	390943	442463
BO-142:004	391958	441981
BO-142:005	391791	442168
BO-142:006	391024	442276
BO-142:007	390870	442361
BO-142:008	391555	442214
BO-142:009	391209	442316
BO-142:010	390493	442597
BO-142:011	391172	442629
BO-142:012	391748	442668
BO-142:013	391234	442675
BO-142:014	392496	443140
BO-142:015	392314	443024
BO-142:016	391430	443216
BO-142:017	392080	443557
BO-142:018	391112	443204
BO-142:019	391098	442455
BO-142:020A	390862	442739
BO-142:020B	390860	442756
BO-142:020C	390877	442759

BO-142:021	391096	442434
BO-142:022	390985	442439
BO-142:023	390966	442456
BO-142:024	390945	442452
BO-142:025	390975	442359
BO-142:026	390850	442343
BO-142:027	392258	442432
BO-142:028	391974	442686
BO-142:029	391082	442337
BO-142:030	391127	442461
BO-142:031	391939	442685
BO-142:032	390968	442512
BO-142:033	390946	442418
BO-142:034	390918	442490
BO-142:035	391129	442439
BO-142:036	391658	442557
BO-142:037A	391379	442331
BO-142:037B	391373	442326
BO-142:037C	391369	442317
BO-142:038	391422	442424
BO-142:039	391947	443120
BO-142:040	391802	442035
BO-142:041	391882	442851
BO-142:042	391427	442272
BO-142:043	391730	442561
BO-142:044	391522	442478
BO-143:001A	393083	442150
BO-143:001B	393084	442153
BO-143:001C	393085	442161
BO-143:001D	393087	442148
BO-143:002	393094	442146
BO-143:003	393116	442143
BO-143:004	393117	442151
BO-143:005	393042	442112
BO-143:006	393055	442225
BO-143:007A	392092	441701
BO-143:007B	392121	441713
BO-143:008	392653	442004
BO-143:009	392705	441978
BO-143:010	393448	441939
BO-143:011	393515	441967
BO-143:012	396475	441022
BO-143:013	395289	441663
BO-143:014A	395371	441434
BO-143:014B	395301	441457

BO-143:015	395965	440401
BO-143:016	394240	441851
BO-143:017	394602	441877
BO-143:018A	393579	441280
BO-143:018B	393671	441280
BO-143:018C	393805	441240
BO-143:022A	393818	441816
BO-143:022B	393832	441831
BO-143:023	395831	440490
BO-143:024A	393307	442981
BO-143:024B	393300	442974
BO-143:025	393037	443138
BO-143:026	392511	442084
BO-143:027	392437	442347
BO-143:028	393356	442177
BO-143:029	393348	441998
BO-143:030	393233	442107
BO-143:031	393218	442189
BO-143:032	393096	442206
BO-143:033	393029	442052
BO-143:034	393198	442094
BO-143:035	393071	442050
BO-143:036A	393097	442040
BO-143:036B	393096	442036
BO-143:037	393145	442099
BO-143:038	396555	437092
BO-143:040	393083	442129
BO-143:041	393025	442222
BO-143:042A	393082	442140
BO-143:042B	393057	442134
BO-143:043	393892	440447
BO-143:044	392255	439077
BO-143:045	393830	441939
BO-143:046	396105	441868
BO-143:046B	396201	441877
BO-143:046C	396156	441823
BO-143:046D	395978	442007
BO-143:047	392801	442182
BO-143:048A	394879	442149
BO-143:048B	394871	442160
BO-143:049A	395818	441323
BO-143:049B	395809	441315
BO-143:049C	395830	441313
BO-143:049D	395840	441359
BO-143:050	392083	442086


BO-143:051	392380	441969
BO-143:052	392934	442256
BO-143:053	393395	441920
BO-143:054	395940	441506
BO-143:055	393412	442131
BO-143:056A	392287	440968
BO-143:056B	392291	440967
BO-143:056C	392299	440968
BO-143:057	392991	442176
BO-143:058	394804	441518
BO-143:059	392833	442028
BO-143:060	395272	441414
BO-143:061	392973	441977
BO-143:062	394371	442326
BO-143:063	394401	442195
BO-143:064	394184	442220
BO-144:001A	388536	443496
BO-144:001B	388539	443510
BO-144:002	388425	443505
BO-144:004	387330	444443
BO-144:005	388412	443465
BO-144:006A	388609	443435
BO-144:006B	388620	443449
BO-144:007A	388641	443412
BO-144:007B	388642	443432
BO-144:007C	388639	443420
BO-144:007D	388632	443418
BO-144:008	388583	443500
BO-144:009	388372	443309
BO-144:010	388541	443327
BO-144:011	388838	443333
BO-144:012	386720	442901
BO-144:013	386115	445049
BO-144:014A	387551	443295
BO-144:014B	387532	443292
BO-144:015	385207	446371
BO-144:017	388422	443514
BO-144:018A	388498	443415
BO-144:018B	388490	443402
BO-144:019	388546	443514
BO-144:020A	388445	443622
BO-144:020B	388452	443630
BO-144:021	387864	443927
BO-144:022	388276	443805
BO-144:023	388344	443541

BO-144:024	388563	443399
BO-144:026	388509	443431
BO-144:027	387619	443247
BO-144:028	384060	444617
BO-144:029	385516	445733
BO-144:030	385571	445790
BO-144:031	386560	445141
BO-144:032	388271	443759
BO-144:033	385868	445724
BO-144:034	388539	443487
BO-144:035	388566	443477
BO-144:036	388313	443678
BO-144:037	388310	443586
BO-144:038	388586	443478
BO-144:039	388613	443494
BO-144:040	388440	443555
BO-144:041	388408	443510
BO-144:042	388269	443648
BO-144:043	388601	443546
BO-144:044A	388580	443537
BO-144:044B	388589	443542
BO-144:046A	388768	443522
BO-144:046B	388682	443543
BO-144:048	388526	443523
BO-144:049	388836	443539
BO-144:052	388320	443643
BO-144:053	387860	443985
BO-144:054	388586	443449
BO-146:001	383355	447503
BO-146:002	383298	447573
BO-146:003	383337	447631
BO-146:004	382191	447763
BO-146:005A	383961	447249
BO-146:005B	383939	447204
BO-146:005C	383913	447219
BO-146:006	383680	447479
BO-146:007	382456	447021
BO-146:008	383105	447386
BO-146:009	383359	447494
BO-146:010A	382895	447396
BO-146:010B	382888	447397
BO-146:010C	382928	447408

BO-146:011A	382429	447188
BO-146:011B	382422	447181
BO-146:012A	382911	447642
BO-146:012B	382937	447640
BO-146:013	383951	447246
BO-146:014	383254	447504
BO-146:015	383346	447641
BO-146:016	383336	447667
BO-146:017	383310	447674
BO-146:018	383240	447634
BO-146:019	383424	447633
BO-146:020	383286	447661
BO-146:021	383158	447488
BO-146:022	383248	447470
BO-146:023	383280	447636
BO-146:024	382790	447452
BO-651:001A	385347	447369
BO-651:001B	388412	444559
BO-651:001C	390525	442615
BO-651:001D	391877	442153
BO-651:001E	393944	441947
BO-651:002	385920	445709
BO-651:003A	387080	440163
BO-651:004A	390649	442108
BO-651:004B	388701	440441
BO-651:004C	388559	440265
BO-651:004D	388192	440216
BO-651:008	390953	442974
BO-651:009A	392578	443386
BO-651:009B	392536	443285
BO-651:009C	392498	443106
BO-651:012	388873	442473
BO-651:015	379258	450080
BO-651:016	385391	448411
BO-651:017	385924	447164
BO-651:018	392907	440257
BO-651:019A	394128	442530
BO-651:019B	394016	442541
BO-651:019C	393800	442488
BO-651:019D	393616	442419
BO-651:020	382576	447152
BO-651:021	382210	447321

Viðauki II: Minjakort

Yfirlitskort



- Fornleifar
- Uppmælingar (línur)
- Uppmælingar (flákar)
- Landamerkjalinur

Landamerkjalinur eru til viðmiðunar en sýna ekki nákvæm landamerki



BO-136 Hvammur



BO-136:006

BO-136:011

BO-136:007

BO-136:018

BO-136:008

BO-136:017

BO-136:003

BO-136:016

BO-136:004

BO-136:014

BO-136:001

BO-136:012

BO-136:015

BO-136:002

BO-136:015

BO-136:013

BO-136:010

BO-136:005

0 100 200 300 400 500 m



Landamerkjálfnur eru til vðmiðunar en sýna ekki nákvæm landamerki


BO-137 Dagverðarnes



Landamerkjalinur eru til viðmiðunar en sýna ekki nákvæm landamerki

BO-137:021

BO-138 Stálpastaðir



BO-138:018

BO-138:022

BO-138:014

BO-138:021

BO-138:012

BO-138:017A

BO-138:011

BO-138:001

BO-138:020

BO-138:023

BO-138:015B

BO-138:015A

BO-138:003

BO-138:008

BO-138:024

BO-138:009


BO-138:007

BO-138:005

BO-138:013

BO-138:004

0 100 200 300 400 500 m




Landamerkjalinur eru til vðmiðunar en sýna ekki nákvæm landamerki

BO-139 Háafell



0 250 500 750 1000 m



Landamerkjalinur eru til vörðunar en sýna ekki nákvæm landamerki

BO-140 Fitjar - Yfirlitskort

BO-140:056

Kort 1

Kort 2

BO-140:019

BO-140:020

BO-140:016 BO-140:017

BO-140:012

BO-140:051

BO-140:050

BO-140:053

BO-140:034

BO-140:048

BO-140:033C

BO-140:033A

BO-140:054

BO-140:047

BO-140:046

BO-140:023

BO-140:049

BO-140:015

BO-140:007

BO-140:002

BO-140:006

BO-140:010B

BO-140:055

BO-140:009

BO-140:008

BO-140:018

BO-140:005

BO-140:024

BO-140:052

BO-140:035A

BO-140:035B

BO-140:035C

BO-140:026

BO-140:021A

BO-140:042

BO-140:035D

BO-140:027

BO-140:028

BO-140:036

BO-140:040

BO-140:045

BO-140:021B

BO-140:013

BO-140:025

BO-140:038

BO-140:037

BO-140:029C

BO-140:029A

BO-140:044

0

500


1000

1500

2000 m

Landamerkjálinur eru til viðmiðunar en svína ekkí
nákvæm landamerki

BO-140 Fitjar - kort 1



BO-140:019

BO-140:020

BO-140:017

BO-140:016

BO-140:012

BO-140:051

BO-140:050

BO-140:053

BO-140:034

BO-140:048

BO-140:033B
BO-140:033C

BO-140:033A
BO-140:033D

BO-140:054

BO-140:032A

BO-140:031
BO-140:032B

BO-140:047

BO-140:046

BO-140:049

BO-140:015

BO-140:007

BO-140:023

BO-140:022

BO-140:006

BO-140:030

BO-140:011

BO-140:010A

BO-140:009

BO-140:008

BO-140:052

BO-140:005


BO-140:018

BO-140:024

0 250 500 750 1000 m

Landamerkjalinur eru til vísindunar en sýna ekki nákvæm landamerki

BO-140 Fítjar - kort 2



BO-140:005
BO-140:018
BO-140:024

BO-140:035A
BO-140:035B
BO-140:035C

BO-140:026
BO-140:035D

BO-140:027

BO-140:042

BO-140:028

BO-140:036

BO-140:021A

BO-140:040

BO-140:021B

BO-140:025

BO-140:045
BO-140:013

BO-140:038

BO-140:037

BO-140:029C
BO-140:029B

BO-140:044

BO-140:043A

BO-140:043B

BO-140:039A

BO-140:039B

1000 m

750

500

250
0

Landamerkjálinur eru til vöndunar en sýna ekki nákvæm landamætti

BO-141 Bakkakot - yfirlitsskort



Kort 1

BO-141:014
BO-141:011A
BO-141:011B
BO-141:001
BO-141:005
BO-141:019
BO-141:013
BO-141:018
BO-141:020

BO-141:009
BO-141:007


BO-141:008
BO-141:012B
BO-141:12A

0 500 1000 1500 2000 m



Landamerkjallnir eru til viðmiðunar en sýna ekki nákvæm landamerki

BO-141 Bakkakot - kort 1



BO-141:014

BO-141:011A

BO-141:011B

BO-141:010

BO-141:001
BO-141:015

BO-141:017

BO-141:002

BO-141:016

BO-141:006

BO-141:013

BO-141:019

BO-141:003

BO-141:018

BO-141:005


BO-141:004

BO-141:020

0 100 200 300 400 m

Landamerkjalinur eru til viðmiðunar en sýna ekki nákvæm landamerki

BO-142 Sarpur



BO-142:017

BO-142:018

BO-142:016

BO-142:039

BO-142:014

BO-142:015

BO-142:041

BO-142:020B
BO-142:020C
BO-142:020A

BO-142:013

BO-142:012

BO-142:031

BO-142:028

BO-142:010

BO-142:011

BO-142:036

BO-142:043

BO-142:034

BO-142:032

BO-142:044

BO-142:024

BO-142:023

BO-142:030

BO-142:038

BO-142:027

BO-142:033

BO-142:021

BO-142:035

BO-142:007

BO-142:025

BO-142:029

BO-142:009

BO-142:037A

BO-142:037C

BO-142:042

BO-142:026

BO-142:006

BO-142:008

BO-142:005

0

200

400

600

800 m


Landamerkjálinnur eru til biðmiðunar en sýna ekki nákvæm landamerki

BO-142:040

BO-142:004

BO-143 Efstibær - yfirlitskort

Kort 1




0 500 1000 1500 2000 m



Landamerkjalinur eru til viðmiðunar en
sýna ekki nákvæm landamerki

BO-143 Efstibær - kort 1



BO-143:025

BO-143:024B BO-143:024A

BO-143:062

BO-143:064

BO-143:063

BO-143:048B BO-143:048A

BO-143:052

BO-143:006

BO-143:028

BO-143:041

BO-143:031

BO-143:055

BO-143:001B BO-143:002

BO-143:030

BO-143:042A

BO-143:037

BO-143:034

BO-143:033

BO-143:036B

BO-143:029

BO-143:011

BO-143:061

BO-143:010

BO-143:016

BO-143:045

BO-143:053

BO-143:022A

BO-143:022B

BO-143:017

BO-143:013

BO-143:058

BO-143:014B

BO-143:060

BO-143:014A

BO-143:018A

BO-143:018B


BO-143:018C

BO-143:049B


BO-143:049D

BO-143:049C

Landamerkjálfnur eru til viðmiðunar en sýna ekki nákvæm landamerki



BO-144 Vatnshorn - yfirlitskort



BO-144:015

BO-144:029

BO-144:030

BO-144:033

BO-144:013

BO-144:031

BO-144:028

BO-144:004

BO-144:053

BO-144:021

BO-144:022

BO-144:032

BO-144:042

BO-144:037

BO-144:048

BO-144:005

BO-144:018B

BO-144:009

BO-144:020B

BO-144:039

BO-144:007A

BO-144:010

BO-144:011

BO-144:049

BO-144:014B

BO-144:014A


BO-144:027

BO-144:012

0 500 1000 1500 2000 m

Landamerkjálínur eru til viðmiðunar en sýna ekki nákvæm landamerki

BO-144 Vatnshorn - kort 1



Landamerkjálmur er viðmiðunar en sýna ekki nákvæm landamerki

BO-146 Svangi



BO-146:004

BO-146:012A BO-146:012B

BO-146:020 BO-146:016
BO-146:018 BO-146:015
BO-146:003

BO-146:002

BO-146:024

BO-146:014 BO-146:001
BO-146:021 BO-146:022

BO-146:006

BO-146:010B BO-146:010C


BO-146:008

BO-146:013 BO-146:005A
BO-146:005C BO-146:005B

BO-146:011B BO-146:011A

BO-146:007

0 100 200 300 400 m



Landamerkjálfnur eru til viðmiðunar en sýna ekki nákvæm landamerki

BO-651 Fornleifar á fleiri en einni jörð

